Selfoss, aðalskipulag, augl., 135; bæjarmálefni, sþ., 1002—1012; hitaveita, gjsk., br., 58, 189, 441, 533—534, 746—747, 875—876, 1132—1133, 1279—1280; rafveita, gjsk., br., 59, 226—228, 442, 570—572, 747—748, 912—914, 1133—1134, 1316—1318.
Seltjarnarnes, bæjarmálefni, augl., 983—984; hitaveita, gjsk., br., 58, 171, 441, 515, 746—747, 849—850, 1132—1133, 1251—1252; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438; vatnsból, augl., 87.
Sement, flutningsjöfnunargjald, augl., 602, rg., 500—502.
Senanayake, Robert P., 1618.
Sendiherrar og ræðismenn, 1622—1623.

Seyðisfjörður, gatnagerðargjöld, rg., 709—711; hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 392—393, 448—449, 676—677, 751—752, 1102—1103, 1222—1223; heimilishjálp, gjsk., 71—72; hitaveita, gjsk., br., 58, 180—182, 441, 527—528, 746—747, 869—870, 1023, 1135—1136, 1272—1273; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438; umferð, augl., 768.
Sérlyf, merking, rg., 1027—1057; skráningargjald og árgjald, rg., 1346—1347.
Shannon, Philip Charles, 1642.
Sheldon, Philip, 1642.
Sigfús Haraldsson, 1617.
Siglingalög, upphæð bóta, augl., 154, 964.
Siglufjörður, aðalskipulag, augl., 331; forkaupsréttur, sþ., 1128—1129; hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 376—377, 492—493, 659—660, 751—752, 1102—1103, 1205—1206; hitaveita, gjsk., br., 58, 177, 441, 523, 746—747, 857—859, 1132—1133, 1260—1261; rafveita, gjsk., br., 59, 211—212, 442, 558—559, 747—748, 900—901, 1023, 1135—1136, 1304—1306 sjúkrasamlag, rg., 1437—1438; vatnsveita, rg., 322—327; gjsk., 327—329.
Sigmund Jóhannsson, 1423.
Sigríður P. Friðriksdóttir, 1612.
Sigríður Sverrisdóttir, 1621.
Sigríður Thorlacius, 1619.
Sigríður Briem Thorsteinsson, 1424.
Sigurbergur Guðjónsson, 1615.
Sigurbjörn Björnsson, 1610.
Sigurborg Hilmarsdóttir, 1613.
Sigurður Ágústsson, 1424.
Sigurður Baldursson, 1620.
Sigurður J. Bjarklind, 1611.
Sigurður Bjarnason, 1617.
Sigurður G. Guðjónsson, 1611.
Sigurður I. Halldórsson, 1618.
Sigurður E. Jónsson, 1618.
Sigurður Kristjónsson, 1423.
Sigurður K. Pétursson, 1615.
Sigurður Ingi Sigurðsson, 1612.
Sigurður Skúlason, 1423.
Sigurður G. Thoroddsen, 1610.
Sigurður Þórarinsson, 1619.
Sigurgeir Ingvarsson, 1610.
Sigurjón Nielsen, 1618.
Sigurjón Ólafsson, 1423.
Sigurjón Sigurðsson, 1614.
Sigurjón B. Stefánsson, 1610.
Sigurjón Sæmundsson, 1623.
Sik, Om Yong, 1623.
Singh, Raj Kumar Dorendra, 1622.
Símaþjónusta, gjsk., r., 7—31, 417—440, 722—745, 1078—1101.
Sími, eftirgjöf hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, rg., 485—486.
Sjúklingar, ferðakostnaður, r., 138—140.
Sjúkrasamlög, rg., Akranes, Akureyri, Austur-Barðastrandarsýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Árnessýsla, Bolungarvík, Dalasýsla, Dalvík, Eyjafjarðarsýsla, Garðabær, Grindavík, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Húsavík, Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður, Keflavík, Kjósarsýsla, Kópavogur, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Neskaupstaður, Njarðvík, Norður-Múlasýsla, Ólafsfjörður, Rangárvallasýsla, Reykjavík, Sauðárkrókur, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagafjarðarsýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Strandasýsla, Suður-Múlasýsla, Vestmannaeyjar, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Þingeyjarsýsla, 1437—1438.
Sjúkratryggðir, greiðslur til samlagslækna, rg., 155; greiðslur á sérfræðingshjálp, rg., 155—156.
Sjöfn Kristjánsdóttir, 1617.
Skagafjarðarsýsla, fjallskilarg., 941—950; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Skagaströnd, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 372—373, 448—449, 656—657, 827—828, 1102—1103, 1202—1203.
Skattamál, samkomulag Norðurlanda, augl., 1121—1125.
Skattur, afdráttur, samkomulag Norðurlanda, augl., 1126—1128.
Skeiðarsvampar, smásöluálagning, augl., 1346.
Skip, gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu, rg., 1376—1379; smíði og búnaður, r., 786—805, 978—980.
Skipaskoðunarmenn, rg., 1375.
Skipasmíðar, skipaviðgerðir, endurgreiðslur tolla, r., br., 607.
Skipstjórnarmenn, sjón og heyrn, rg., br., 621—622.
Skipulagsmál, varnarsvæði, rg., 146.

Skipulagsskrár: Dvalarheimili aldraðra, Austur-Barðastrandarsýsla, 331—333; Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur, 1347—1348; Kirkjusjóður Mjóafjarðarkirkju, 715—716; Leiklistarsjóður Þorsteins Ö. Stephensen, 84; Líknarsjóður Ögnu og Halldórs Jónssonar, 826; Minningarsjóður um dr. Jón Gíslason, 1344—1346; Minningarsjóður Víkings, 716—717; Sjóðurinn Hjálp, 83—84; Verðlaunasjóður frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, 504—505.
Skipulagsuppdráttur, Reykjavík, augl., 330; Vestmannaeyjar, augl., 120.
Skrabec, Edward E., 1623.
Skúli Bjarnason, 1616.
Skúli Halldórsson, 1617.
Skúli G. Johnsen, 1614.
Sláturafurðir, heilbrigðisskoðun, rg., br., 1157.
Smári Þ. Sigurðsson, 1613.
Snorri Ólafsson, 1423.
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, lögregluþ., 985—996; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Sorphreinsun, Grundarfjörður, þ., 1170—1171; Þingeyrarhr., þ., 494—495.
Sóknarmörk, Eyjafjarðarsýsla, stj.br., 607.
Stabel, Ernst, 1611.
Starfsmannabústaðir, starfsmannaíbúðir, rg., 157—161.
Starfsmannaráð, ríkisstofnanir, r., 140—143.
Stefán Björnsson, 1616, 1617.
Stefán Bogason, 1613.
Stefán Finnsson, 1617.
Stefán Gylfi Gunnarsson, 1611.
Stefán Hreiðarsson, 1608.
Stefán Íslandi, 1423.
Stefán Jóhannsson, 1623.
Stefán Karlsson, 1620.
Stefán B. Matthíasson, 1617.
Stefán Ólafsson, 1613.
Stefán Skarphéðinsson, 1615.
Stefán Stefánsson, 1424.
Stefán Þórarinsson, 1614.
Steingrímur Björnsson, 1612.
Steingrímur Hermannsson, 1616.
Steingrímur Sigurðsson, 1642.
Steingrímur Þormóðsson, 1617.
Steinunn Finnbogadóttir, 1424.
Stenbäck, Per, 1424.
Stofnlánadeild landbúnaðarins, innheimta gjalda, rg., 1154—1156.
Stokkseyri, hitaveita, gjsk., br., 58; rafveita, gjsk., br., 59, 228—231, 442, 572—575, 747—748, 914—917, 1133—1134, 1318—1321.
Storaci, Giuseppi, 1609.
Strandasýsla, sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Sturla Stefánsson, 1609.
Sturlaugur Björnsson, 1619.
Stykkishólmur, gatnagerðargjöld, sþ., 705—706; hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 359—360, 492—493, 641—642, 751—752, 1102—1103, 1187—1188.
Styrktarsjóður Christians konungs X og Alexandrine drottningar, rkn., 619.
Styrktarsjóður Gísla Jóns Nikulássonar, rkn., 618.
Styrktarsjóður vegna jarðelda, rkn., 615.
Styrktarsjóður W. Fischers, rkn. 616.
Styrktarsjóður Þórarins Tulinius, rkn, 616—617.
Stöðvarfjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 396—397, 492—493, 683, 827—828, 1102—1103, 1229.
Suðureyrarhr., hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 366, 492—493, 648—649, 751—752, 1102—1103, 1194—1195; hitaveita, gjsk., br., 441, 519, 750, 854, 1132—1133, 1256.
Suðureyri, prestssetur, augl., 489.
Suður-Múlasýsla, sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Suðurnes, hitaveita, gjsk., br., 58, 191—192, 441, 536—537, 746—747, 878—879, 1132—1133, 1282—1283.
Suður-Þingeyjarsýsla, vörubifreiðar, rg., 154—155.
Sundlaug, Akureyri, augl., 477.
Sundstaðir, Reykjavík, gjsk., 65.
Sutka, Stefan, 1622.
Súðavík, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 369—370, 492—493, 652—653, 827—878, 1102—1103, 1198—1199.
Svalbarðseyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 381—382, 492—493, 667—668, 827—828, 1102—1103, 1212—1213.

Svanhvít Friðriksdóttir, 1615.
Svanur Eiríksson, 1623.
Svavar Haraldsson, 1620.
Svavar Sigmundsson, 1613.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, 1608.
Sveinn Skúlason, 1613.
Sveitarstjórnarmál, Eyrarsveit, sþ., 1105.
Sveitarstjóri sþ., Hríseyjarhr., 1104; Tálknafjarðarhr., 714—715.
Swell, George Gilbert, 1622.
Sýsluvegasjóðir: Austur-Húnavatnssýsla, sþ., br., 482; Vestur-Húnavatnssýsla, sþ., 1144—1149.
Söderholm, Henry, 1425.
Sören Sörensson, 1423.
Söluskattur, rg., 829—846, rg., br., 1107, 1373.

T.

Tanner, Arto, 1624.
Tapanien, Mika, 1425.
Tálknafjarðarhr., hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 362—363, 448—449, 644—645, 751—752, 1102—1103, 1190—1191; sveitarstjóri, sþ., 714—715. en
Thanh, Nguyen Dinh, 1622.
Thomas, Richard, 1623.
Togveiðar, bann, Hornbanka og Reykjafjarðarál, rg, 625, 749; Þverál, Strandagrunni, rg., 1241, rg., br., 1246.
Tollafgreiðsla, bráðabirgða, gegn fjártryggingu, r., 63—64.,
Tollafgreiðslugengi, augl. 4, 773, 969.
Tollafgreiðslugjald, rg., 98—99, br. 100, rg., 452—454, br., 968.
Tollfrjáls farangur, ferðamenn, farmenn, rg., 318—321, 626—630, br., 982—983, 1389—1390.
Tollmeðferð, búr fyrir loðdýr, augl., 1052.
Tollskjöl, meðferð augl., 774.
Tómas Karlsson, 1424.
Tómas Steingrímsson, 1424.
Tómas Á. Tómasson, 1619, (3) 1620,
Tómas Zoëga, 1611.
Tryggvi Ólafsson, 1423.
Trausti Pétursson, 1614.
Tryggvi Gunnarsson, 1621.
Tryggvi Stefánsson, 1610.
Tuovinen, Matti, 1424.
Turki, Brahmin, 1622.

U, Ú.

Uggeldahl, Kurt, 1424.
Umferð, augl.: Akranes, 1157, Akureyri, 600, 1067, 1157; Breiðdalsvík, 760; Eskifjörður, 808; Hafnarfjörður, 1178; Hvolhr., 624, 1065; Keflavík, 1150, 1368; Kópavogur, 168; Njarðvík, 623—624; Patrekshr., 1386; Rangárvallahr., 334—335, 632; Reykjavík, 334, 760, 769, 1171, 1352; Seyðisfjörður, 768; Vesturlandsvegur, 1400; Vogar, 88.
Úlfar Bragason, 1612.
Úlfur Gunnarsson, 1623.
Úlfur Sigurmundsson, 1423.
Útvegsbanki Íslands, rkn., 822—825.

V, W.

Vala Ásgeirsdóttir, 1423.
Valborg Bentsdóttir, 1423.
Valgeir Ársælsson, 1424.
Valgerður Baldursdóttir, 1609.
Valtýr Sigurðsson, 1611.
Varnarsvæði, skipulagsmál, rg., 146.
Varningur, hættulegur flutningur, r., 1420—1423.
Vatnsból, verndun, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellssveit, Reykjavík, Seltjarnarnes, augl., 87.
Vatnsleysustrandarhr., rafveita, gjsk., br., 59, 240—242, 442, 590—593, 747—748, 932—934, 1133—1143, 1336—1338.
Vatnsveita, gjsk.: Básar, Hrunamannahr., 1112; Bíldudalur, 73; Eskifjörður, rg., 1405—1408; Hafnarhr., gjsk., 94—95; Hrísey, rg., br., 1399; Höfn, rg., 121—124; Sauðárkrókur, rg., br., 760; 760; Siglufjörður, rg., 322—327, gjsk., Vestmannaeyjar, gjsk., 74—75, br., 771, augl., 1108.
Vegabréf, Keflavíkurflugvöllur, rg, 147—148.
Vegáætlun, augl., 498—499.
Veiðibann: niðurfelling rg., 703, 1246; togveiðar, Hornbanki, Reykjafjarðaráll, rg., 625, 749; Þveráll, Strandagrunn, rg., 1241, rg., br., 1245; þorskveiðar, rg., 713—714, rg., br., 721, rg., 1174, rg., 1244.

Veiðifélög: Andakílsár, arðskrá, 136; Brynjudalsár, sþ., 496—497; Hörgár, arðskrá, 137—138.
Veitingar, áfengi, rg., br., 490.
Verðgrundvöllur, augl.: freðfiskur, 762—764, 1062—1064, 1350—1351; fryst rækja, 612—613, 1109, 1351; frystur hörpudiskur, 81, 612, 1349—1350; óverkaður saltfiskur, 481, 1107, 1350; söltuð ufsaflök, 481—482, 1108, 1350; söltuð þorskflök, 480, 1109—1110, 1348, 1349.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rkn., 47—52, 1055—1061.
Verslanir, afgr.tími: Reykjavík, sþ., br., 71, augl., 415, 1151; Vestmannaeyjar, sþ., 819—821.
Vestmannaeyjar, bæjarmálefni, sþ., 951—961; fjarhitun, gjsk., br., 58, 183—184, 441, 530—531, 746—747, 873, 1132—1133, 1276; hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 400—401, 492—493, 686—687, 827—828, 1102—1103, 1232—1233; lögreglusþ., br., 162—163; rafveita, gjsk., br., 59, 223—225, 442, 567—570, 747—748, 909—912, 1133—1134, 1313—1316; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438; skipulagsuppdráttur, augl., 120; vatnsveitu, gjsk., 74—75, br, 771, augl, 1108; verslunir, afgreiðslutími, sþ., 819—821.
Vestur-Barðastrandarsýsla, fjallskilarg., 465—472; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Vestur-Húnavatnssýsla, manntalsþing, stj.bréf, 970; sjúkrasamlag, rg., 1437—1438; sýsluvegasjóður, sþ., 1144—1149.
Vesturlandsvegur, umferð, augl., 1400.
Vestur-Skaftafellssýsla, sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Vélstjóranám, rg., 33—41.
Vésteinn Jónsson, 1617.
Viðar Már Matthíasson, 1613.
Viðlagatrygging Íslands, rg., 1359—1364.
Vigdís Grímsdóttir, 1620.
Vigfús Magnússon, 1609.
Vilhjálmur Lúðvíksson, 1620.
Vilhjálmur Rafnsson, 1611.
Villemoes, Svend Aage, 1611.
Vilpas, Pekka, 1425.
Vinnueftirlit ríkisins, gjsk., 613—615.
Vinnustaðir, aðbúnaður, hollustuhættir, öryggi, iðgjöld, rg., 502—503.
Vitagjald, rg., br., 1178.
Vogar, hafnarsjóður, gjsk., br., 406, 448—449, 692—693, 751—752, 1102—1103, 1238—1239; rafveita, gjsk., br., 59, 240—242, 442, 590—593, 747—748, 932—934, 1133—1134, 1336—1338; umferð, augl., 88.
Vopnafjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 389—390, 448—449, 674—675, 827—828, 1102—1103, 1220—1221.
Vörugjald, rg., br., 61, 304, rg., 449, rg., br., 772, rg., 776, rg., br., 785, 965.
Vöruhappdrætti SÍBS, rg., br., 708.
Vörumerki, rg., 1169; augl., 1441—1606.
Wächter, Lane, 1424.
Wendrowski, Henryk, 1622.
Winberg, Henrik Adolf, 1424.
Winchcombe, Raymond, 1642.
Witikka, Jack, 1424.

Z.

Zabkar, Joseph, 1622.

Þ.

Þingeyjarsýsla, sjúkrasamlag, rg., 1437—1438.
Þingeyrarhr., búfjárhald, rg., 472—473; sorphreinsun, sþ., 494—495.
Þingeyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 364—365, 448—449, 647—648, 751—752, 1102—1103, 1192—1193.
Þinggjöld, innheimta, rg., 2—4, rg., br., 613, 702, rg., 1357—1358.
Þjóðhátíðarsjóður, rkn., 767.
Þjóðleikhús, rg., 973—978.
Þorbjörn Hlynur Árnason, 1610.
Þorbjörn Brynjólfsson, 1618.
Þorgils Baldursson, 1615.
Þorlákshöfn, hitaveita, gjsk., br., 58, 190—191, 441, 535—536, 746—747, 877—878, 1132—1133, 1281—1282; landshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 401—402, 448—449, 687—688, 827—828, 1102—1103, 1233—1234.
Þorlákur B. Helgason, 1612.
Þorskfisknet, rg., 443, rg., br., 457, 1399—1400.
Þorskveiðar, bann rg., 713—714, rg., br., 721; takmörkun, rg., 167—168, 349—350, rg., br., 457—458, 1025, rg., 1174.

Þorsteinn Blöndal, 1619.
Þorsteinn Davíðsson, 1424.
Þorsteinn Gylfason, 1621.
Þorsteinn A. Jónsson, 1618.
Þór Vilhjálmsson, 1621.
Þóra Ákadóttir, 1615.
Þórarinn Arnórsson, 1615.
Þórarinn Baldursson, 1620.
Þórarinn S. Sveinsson, 1609.
Þórðarson, Barbro S., 1425.
Þórður S. Gunnarsson, 1620.
Þórður Jóhannesson, 1613.
Þórður Sverrisson, 1610.
Þórður Theódórsson, 1610.
Þórhallur Halldórsson, 1612.
Þórshafnarhr., gatnagerðargjöld, rg., 483—484, br., 504.
Þórshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 54—55, 387—388, 448—449, 672, 827—828, 1102—1103, 1218.
Þóroddur Oddsson, 1615.
Þórunn Friðriksdóttir, 1612.
Þráinn Hallgrímsson, 1615.
Þráinn Löve, 1613.
Þroskaheftir, framfærsluaðstoð, rg., 486—487.
Þungaskattur, bifreiðar, rg., 462—464.
Þuríður Pálsdóttir, 1423.
Þýðingarsjóður, rg., 1172.

Æ.

Ægir Sigurðsson, 1612.

Ö.

Ökutæki, ábyrgðartryggingar, augl., 335, 447; skoðunargjald, rg., 1385.
Ölfushr., heimilis- og öldrunarþjónusta, rg., 1106.
Önundur Björnsson, 1615.
Örn Bjarnason, 1610.
Örn Óskarsson, 1612.
Örorkustyrkur, uppbót, rg., br., 91, 631; úthlutun, r., br., 765.

Skammstafanir í efnisyfirliti, B-deild.

augl. = auglýsing.
br. = breyting.
gjsk. = gjaldskrá.
r. = reglur.
rg. = reglugerð.
rkn. = reikningur.
stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
sþ. = samþykkt.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1982.

B 1, nr.	1	8. jan.
B 2, nr.	2–3	14. jan.
B 3, nr.	4	19. jan.
B 4, nr.	5–6	30. jan.
B 5, nr.	7–13	5. febr.
B 6, nr.	14–18	5. febr.
B 7, nr.	19–20	11. febr.
B 8, nr.	21–53	26, febr.
B 9, nr.	54–55	25. febr.
B 10, nr.	56	27. febr.
B 11, nr.	57	4. mars
B 12, nr.	58–73	16. mars
B 13, nr.	74	12. mars
B 14, nr.	75	15. mars
B 15, nr.	76	18. mars
B 16, nr.	77–93	29. mars
B 17, nr.	94–138	31. mars
B 18, nr.	139–141	26. mars
B 19, nr.	142–144	31. mars
B 20, nr.	145	7. apríl
B 21, nr.	146	16. apríl
B 22, nr.	147–220	30. apríl
B 23, nr.	221–224	29. apríl
B 24, nr.	225–226	30. apríl
B 25, nr.	227–229	3. maí
B 26, nr.	230–231	5. maí
B 27, nr.	232–235	13. maí
B 28, nr.	236	19. maí
B 29, nr.	237–238	21. maí
B 30, nr.	239–260	28. maí
B 31, nr.	261	28. maí
B 32, nr.	262	4. júní
B 33, nr.	263	11. júní
B 34, nr.	264	16. júní
B 35, nr.	265–280	24. júní
B 36, nr.	281–326	25. júní
B 37, nr.	327–328	29. júní
B 38, nr.	329–330	30. júní
B 39, nr.	331–332	2. júlí
B 40, nr.	333–354	14. júlí
B 41, nr.	355	7. júlí
B 42, nr.	356–360	14. júlí
B 43, nr.	361–415	29. júlí
B 44, nr.	416–418	20. júlí
B 45, nr.	419	23. júlí
B 46, nr.	420–433	29. júlí

B 47, nr.	434–439	30. júlí
B 48, nr.	440	30. júlí
B 49, nr.	441–442	4. ágúst
B 50, nr.	443	5. ágúst
B 51, nr.	444–463	19. ágúst
B 52, nr.	464–466	21. ágúst
B 53, nr.	467–468	24. ágúst
B 54, nr.	469–485	31. ágúst
B 55, nr.	486–534	7. sept.
B 56, nr.	535–539	16. sept.
B 57, nr.	540–542	17. sept.
B 58, nr.	543–555	23. sept.
B 59, nr.	556–563	30. sept.
B 60, nr.	564–565	30. sept.
B 61, nr.	566–578	21. okt.
B 62, nr.	579	20. okt.
B 63, nr.	580–597	1. nóv.
B 64, nr.	598–612	5. nóv.
B 65, nr.	613	12. nóv.
B 66, nr.	614	15. nóv.
B 67, nr.	615–631	24. nóv.
B 68, nr.	632–634	26. nóv.
B 69, nr.	635–702	10. des.
B 70, nr.	703	7. des.
B 71, nr.	704	13. des.
B 72, nr.	705–706	15. des.
B 73, nr.	707	17. des.
B 74, nr.	708–768	23. des.
B 75, nr.	769–794	31. des.
B 76, nr.	795–806	14. jan 1983
B 77, nr.	807–814	26. sept. 1983

Leiðréttingar:

Bls. 83, sjá fyrirsögn, styrktarsjóður, les styrktarsjóð.
Bls. 125, sjá í II. kafla, 3. gr., 2. línu, Þetta aukaverk sitt, les Þetta hlutverk sitt.
Bls. 209, sjá 2. línu að ofan, fastviksstuðull, les fasviksstuðull.
Bls. 611, í Ákvæði til bráðabirgða, 2. línu, sjá gildistöku, les gildistölu.
Bls. 713, sjá fyrirsögn, þoskveiðibann, les þorskveiðibann.
Bls. 746, 23. línu, pentun, les prentun.
Bls. 826, sjá 6. gr. 2. línu, Reykjvík, les Reykjavík.
Bls. 940, sjá undirskrift, Flygering, les Flygenring.
Bls. 1175, sjá fyrirsögn, Reyholtsdalshreppi, les Reykholtsdalshreppi.
Bls. 1277, Nr. 732, Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151, 14. mars 1977, með síðari breytingum, er ranglega birt. Rétt birting er á bls. 1142, Nr. 617.
Bls. 1423, sjá 5. línu að neðan, Sigmundsson, les Sigurmundsson.
Bls. 1424, sjá 18. línu að ofan, Ingvason, les Ingvarsson.
Bls. 1437, 2. gr., 4. línu, Kjósarsýlsu, les Kjósarsýslu, 8. línu, Austur-Barðastrandarsýlsu, les Austur-Barðastrandarsýslu.
Bls. 1438 í Bæjanöfn o. fl., 1. línu, sjá bæjarnöfn, les bæjanöfn.
Bls. 1440, sjá 6. línu, séðu, les téðu.
Bls. 1440, sjá 4. línu, séðu, les téðu.

Endurprentuð blöð:

Bls. 87—88.
Bls. 89—90.
Bls. 125—126.
Bls. 137—138.
Bls. 415—416.
Bls. 463—464.
Bls. 719—720.
Bls. 767—768.
Bls. 985—986.
Bls. 1121—1122.
Bls. 1123—1124.
Bls. 1159—1160.
Bls. 1353—1354.
Bls. 1355—1356.
Bls. 1389—1390.

Ath.: Tilkynning frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins nr. 762 9. desember 1982 bls. 1348 var birt í B-deild Stjórnartíðinda af misgáningi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1982

6. janúar 1982. 1 Nr. 1.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum, nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 1. júní 1982 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

2. gr.

Fiskiskip allt að 55 metrum að skrásetningarlengd fá frest til að koma upp stuttbylgjutalstöðvum til 1. júní 1982.

3. gr.

Skip með allt að 16 metra skrásetningarlengd mega vera búin metrabylgjustöð (V.H.F.) í stað millibylgjustöðva samkvæmt 6. gr. 6.4.1 og 6.5.1.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 1, nr. 1. Útgáfudagur 8. janúar 1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

B 1

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1982

Nr. 2. 2 11. janúar 1982.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1982 o.fl.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1982. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 14% — fjórtán af hundraði — þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1981.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1982 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1980 og 1981 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1981 sé meiri en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1980, eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1982 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Þeir gjaldendur sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1982 geta sótt um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1982, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 3 000 kr. eftir að barnabótum sínum

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

vegna ársins 1981, þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1982 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981. Framangreint lágmark gildir sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að útborgun til þeirra fer því aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja nemi a.m.k. 3 000 kr. hærri fjárhæð en þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981.

Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir 1 500 kr. kemur ekki til útborgunar fyrirfram.

8. gr.

Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í umdæmi sínu.

Ef um er að ræða sambýli fólks, sem rétt hefur til samsköttunar, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 1982.

9. gr.

Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar á barnabótum árið 1982. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 7. gr. og að umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.

10. gr.

Útborgun fyrirframgreiddra barnabóta skv. 7.—9. gr. fer fram í apríl 1982.

Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1982 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur barnabætur fyrirframgreiddar, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum þegar að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

11. gr.

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 7.—10. gr. skal skipt í fjórar sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar hinn 1. hvers mánaðar frá september til desember 1982.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 2 400 kr. skal þeim þó skipt niður á færri en fjóra útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 1 200 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 600 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

12. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1982 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv. og 20. des. 1982 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 3. 14. janúar 1982.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum á hádegi hinn 14. janúar 1982 (gengisskráning nr. 1) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir niðurfellingu gengisskráningar hinn 5. janúar 1982.

Hafi innflytjandi lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og jafnframt greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir 5. janúar 1982 er tollstjóra heimilt til 21. janúar 1982 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendingu á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gilti fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1982

19. janúar 1982. 5 Nr. 4.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

c- og d-liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,52	15,0—15,9	1,11
5,0— 5,9	0,56	16,0—16,9	1,20
6,0— 6,9	0,60	17,0—17,9	1,29
7,0— 7,9	0,63	18,0—18,9	1,37
8,0— 8,9	0,66	19,0—19,9	1,47
9,0— 9,9	0,69	20,0—20,9	1,55
10,0—10,9	0,73	21,0—21,9	1,64
11,0—11,9	0,76	22,0—22,9	1,74
12,0—12,9	0,85	23,0—23,9	1,82
13,0—13,9	0,93	24,0—24,9	1,91
14,0—14,9	1,03	25,0—25,9	2,00

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 0,52 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað og tekur til aksturs, sem á sér stað eftir að 1. álestrartímabili 1982 lýkur, en því lýkur á tímabilinu 20. janúar 1982 til 10. febrúar 1982. Hafi ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 1. álestrartímabils 1982 á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1982

30. janúar 1982. 7 Nr. 5.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. febrúar 1982.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 1 308.00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 211,75 að viðbættum kr. 0,50 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 70,75 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr. 55,40
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr. 83,10
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr. 138,45
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr. 332,30
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 443,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1.	Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	640,00	64,60
3.2.	Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		66,15
3.3.	Vatnsþétt talfæri		76,90
3.4.	Hátalarasími		264,55
3.5.	2ja línu talfæri Siemens	1 598,40[2]	136,85
3.6.	2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	804,55[2]	109,10
3.7.	Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		113,85[3][4][5]
3.8.	Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	1 429,25[2][3]	123,00[3]

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Verð pr. talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.9.	Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	3 893,55[2]	327,65
3.10.	Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	684,65[2][3]	72,25[3]
3.11.	Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		120,00[3][4][5]
3.12.	Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		143,10[3][4][5]
3.13.	Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		187,70[3][4][5]
3.14.	Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		230,80[3][4][5]
3.15.	Raðsímar, Reiha 1/2, 1 lína, 2 til 3 talfæri	2 722,95[2][3]	233,60[3]
3.16.	Raðsímar, Reiha 1/5, 1 lína, 3 til 6 talfæri	1 973,40[2][3]	167,75[3]
3.17.	Raðsímar, Reipos 2/5, 2 línur, 3 til 6 talfæri	1 845,95[2][3]	163,20[3]
3.18.	Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri	2 833,70[2][3]	246,00[3]
3.19.	Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		410,80[3]
3.20.	Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	984,50[2]	109,10
3.21.	Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 046,00[2]	238,35
3.22.	Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 046,00[2]	1 410,65
3.23.	Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	800,00[2]	100,00
3.24.	Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	2 046,00	580,00
3.25.	Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	2 046,00	1 749,20
3.26.	Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 1 865,00.		
3.27.	Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 2 719,00.		
3.28.	Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 57,00.		
3.29.	Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 280,00.		
3.30.	Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	6 138,00	123,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	9 860,00	246,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	14 552,00	369,00

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
3) Verð pr. talfæri.
4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16	22 937,00	615,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	23 475,00	1 076,00
4.1.6. L.M.E. 6+40	26 045,00	1 415,00
4.1.7. E.B. 6+30	23 920,00	1 107,00
4.1.8. ADG 101 8+40	55 904,00	1 476,00
4.1.9. ADG 101 16+80	73 565,00	2 952,00
4.2. **Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).** Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		86,20
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum. Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, 1/3 þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		172,40
4.3. **Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.**		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið		30,80
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið	359,90	44,70
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið	1 421,40	179,95
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	1 421,40	1 352,25
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	1 421,40	1 932,20
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	1 421,40	1 173,70
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	1 421,40	1 932,20
4.3.8. Þverlínusamband milli einkastöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	1 421,40	2 521,35

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris ..... kr. 1 063,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota ..... kr. 106,30
Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.

6. Flutningsgjald.

6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 654,00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
6.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... kr. 883,00
Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 335,35 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 416,10 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 730,70.

Viðtökugjald lækkar í kr. 130,70 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 261,40.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 1 031,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	kr.	2—3 notendur á sömu línu kr.	Yfir 3 notendur á sömu línu kr.
2 std.	96,90	77,50	58,15
4 —	127,70	102,15	76,60
6 —	144,60	115,70	86,75
8 —	161,55	129,25	96,95
10 —	178,40	142,70	107,05
12 —	181,50	145,20	108,90
14 —	184,60	147,70	110,75
16 —	187,70	150,15	112,60
24 —	221,60	177,30	132,95

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja 1/2 klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað	kr. 515,55
3.2.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 713,85
3.3.	Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1. niður í allt að kr. 261,45.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 566.15.

Viðtökugjald lækkar í kr. 130,70 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 261,45.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af Póst- og símamálastofnuninni með tillit til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 694,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 50,75
4 —	.....	— 56,65
6 —	.....	— 73,70
8 —	.....	— 86,35
10 —	.....	— 94,75
12 —	.....	— 96,80
14 —	.....	— 98,95
16 —	.....	— 103,05
24 —	.....	— 109,35

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða

afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t<s \\ 1,2,3 \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	360 sek.
1		60 sek.
2		18 sek.
3		12 sek.

1.2. Nætur- og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	Ót. tími
1		120 sek.
2		36 sek.
3		24 sek.

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um	0— 10 km línulengd	kr. 3,30	kr.1,10
—	10— 25 — —	— 5,40	— 1,80
—	25—100 — —	— 7,29	— 2,43
Yfir	100 — —	— 8,79	— 2,93

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 4,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 9,95 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
2.6. Boðsending: kr. 6,45 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 6,45 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og millilríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:
4.1. Línugjald kr. 5,40 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 1,80 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 11,25 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 15,45 fyrstu 3 mín. og kr. 3,75 eða kr. 5,15 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 9,95 og kr. 0,60 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 5,55 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 5,55 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 9,95. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 6,45 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt

sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 9,95.
b. Línugjald kr. 0,60 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 0,75 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 5,55 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 3,75.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI
Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1. 1.	Númer í telexstöð	kr. 5 767,00
1. 2.	Bæjarlína	— 1 433,00
1. 3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	— 8 552,00
1. 4.	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði.	
1. 5.	Innbyggður endurgati af eldri gerð	kr. 1 522,00
1. 6.	Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 1 522,00
1. 7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 4 231,00
1. 8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 5 354,00
1. 9.	Vélsendir	— 2 046,00
1.10.	Vélgatari	— 4 231,00
1.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 3 508,00
1.12.	Afriðill	— 755,00

1.13.	Tengipúlt	— 1 122,00
1.14.	Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.15.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	— 755,00
1.16.	Breyting á telexheiti	— 400,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	— 2 077,00
2.2.	Bæjarlína	— 400,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	— 3 354,00
2.4.	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrargjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrargjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	
2.5.	Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 492,00
2.6.	Innbyggður vélsendir af eldri gerð	492,00
2.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 1 798,00
2.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 2 061,00
2.9.	Vélsendir	— 830,00
2.10.	Vélgatari	— 1 538,00
2.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 1 798,00
2.12.	Afriðill	— 400,00
2.13.	Tengipúlt	— 507,00
2.14.	Fjölsendir (2 vélsendar—1 númerasendir)	— 2 570,00
2.15.	Fjölsendir (1 vélsendir—1 númerasendir)	— 1 798,00
2.16.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.17.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.18.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	— 1 430,00
3.2.	Innanhúss	— 723,00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 2 154,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,50 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 1,25 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, 1/3 þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 6 200,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.

2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur

30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.

2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.

2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:

2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið.

Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.

2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.

2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu — og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:

2.2.1.	Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi	kr. 89,90
	Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi	kr. 143,90
2.2.2.	Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi	kr. 113,85
	Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi	kr. 182,15
2.2.3.	Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi	kr. 126,95
	Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi	kr. 203,10
2.2.4.	Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi	kr. 160,70
	Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi	kr. 257,10
2.2.5.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	kr. 47,70

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 119,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 23,80 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 30,75. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 58,45 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 57,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 55,35
3.2.	Aukanafn í skrá	— 58,45
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 30,75
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 55,35+58,45	— 113,80

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 58,45 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 30,75. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 55,35. Auglýsingalína kostar kr. 30,75.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 143,10
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 315,10
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 67,75
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 207,75
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 67,75
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 86,10
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 157,00
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 126,10
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 106,10
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 73,80
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 106,10
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 133,80
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörsstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 67,75
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 56,85
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 30,75
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 110,75
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 55,35
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 73,80
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 147,65
1.4.9.	Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins	— 110,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt	kr. 1 063,00
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna	— 531,50

2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.

2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.

2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.

2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta	kr.	30,75
Fyrir 6—15 báta	—	56,85
Fyrir 16—30 báta	—	80,00
Fyrir 31 bát og fleiri	—	106,10

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 55,35 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 106,10.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 15,40.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr.	56,85
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	—	84,65
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	—	113,85
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	—	152,30

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki		1 503,00	304,55
5.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki		1 503,00	440,00
5.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki		1 178,40	304,55
5.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki		1 087,60	304,55
5.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki		1 178,40	323,00
5.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki		1 849,00	486,15
5.7.	FT	Talsendir		1 730,50	486,15
5.8.	VFT	Viðtæki	4 061,00	555,40	243,00
5.9.	VKT	Viðtæki	2 539,00	347,70	150,70
5.10.	VKT—74	Viðtæki	1 607,00	220,00	96,85
5.11.	VTS—12	.....	4 400,00	601,50	300,00

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radíótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og

símamálastofnunin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.

6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.

6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.

6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu á undangenginnar innsiglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er

honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

7.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

7.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

7.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

8.2. Ekki er heimiilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

8.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist 1/5 venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI.

1. Almennir skilmálar.

1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.

a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áðurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í sambandi við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi síman, ef ástæða þykir til.

1.7. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum..

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.

1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 75,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 32,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símtæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og

gengur í gildi 1. febrúar 1982. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. febrúar 1982 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 614 30. október 1981.

Samgönguráðuneytið, 27. janúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. mars 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi út punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

A. 64°04'9 N, 23°45'0 V
B. 64°04'9 N, 23°42'0 V
C. 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

3. gr.

Á tímbilinu frá og með 20. mars til og með 15. maí 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

A. 63°10'0 N, 22°00'0 V
B. 63°25'3 N, 22°00'0 V
C. 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 10. febrúar 1982, fellur úr gildi reglugerð nr. 599 20. október 1981, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. janúar 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1982

6. janúar 1982. 33 Nr. 7.

REGLUGERÐ
um vélstjóranám.

I. KAFLI
Markmið vélstjóranáms.

1. gr.

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Það skal fara fram á vegum Vélskóla Íslands í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu, ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjóranáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem geri þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

3. gr.

Þegar kennsla til 1. og 2. stigs vélstjóranáms fer fram utan Vélskóla Íslands í Reykjavík, skal samræma námsefni, kennslu og lokapróf, því sem er í Vélskóla Íslands.

4. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa 5 manna nefnd til þess að sjá um sérmálefni vélskóladeildar, sem stofnuð er utan Reykjavíkur. Í nefndina skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: sveitarstjórn, Vélstjórafélag Íslands, kennarar deildarinnar og nemendur deildarinnar. Ráðuneytið skipar fimmta manninn í nefndina, án tilnefningar og skal hann vera formaður hennar.

5. gr.

Vélstjóranám er jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um skólastjórn og kennara.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara, forstöðumenn deilda, skólanefnd og prófdómara. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Við skólann starfa 7 manna skólnefnd, sem ráðherra skipar með þessum hætti. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun á sviði menntunar vélstjóra erlendis, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólastjóra- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með skólastjórn. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni, ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða forstöðumaður deildar æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar. Hann skal leggja fyrir skólanefnd skrá yfir skólahald og námsefni, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við þróun í verkmenntun vélstjóra. Þá skal skólanefnd stuðla að nánum tengslum við verkmenntunarskóla og aðra skóla eftir því sem ástæða þykir til.

8. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Skólastjóri ræður með samþykki ráðuneytisins starfsfólk skólans, annað en fastráðna kennara.

9. gr.

Skólastjórn er til ráðuneytis skólastjóra, um starfsemi skólans. Hún er þannig skipuð: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða áfangastjóri, 2 fulltrúar kennara kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar nemenda og hafa þeir allir jöfn réttindi. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn. Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi. Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar. Skólastjórn getur, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki, falið skólastjóra að annast afgreiðslu mála er undir skólastjórn falla.

10. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólastjórnar eða deildarstjórafundar. Kennarafundur kýs við upphaf hverrar haustannar 2 fulltrúa til setu í skólastjórn og eru kjörtímabil þeirra tvær annir í senn. Endurkjör er heimilt. Skólastjóri boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skylt er að halda kennarafund er þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólastjórn. Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausu, enda séu fundirnir haldnir í eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi ef skólastjóri óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt. Rétt til að sitja kennarafundi hafa, auk kennara, námsráðgjafi, félagsmálastjóri og bókavörður séu þeir starfandi við skólann. Skólastjóri undirbýr að jafnaði mál er fyrir kennarafund koma en öllum, sem setu rétt eiga á fundinum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólastjóri sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

11. gr.

Þeir einir geta fengið skipun í kennarastöðu við skólann, sem hafa:

a) háskólapróf í kennslugrein sinni eða
b) tæknifræðipróf frá viðurkenndum tækniskóla eða
c) öðlast starfsheitið vélfræðingur, auk starfsreynslu og/eða meistararéttindi.
d) lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngilda a. m. k. 30 námseiningum.

12. gr.

Heimilt er að ráða aðstoðarskólastjóra, áfangastjóra, námsráðgjafa og deildarstjóra með kennsluafslætti vegna stjórnunarstarfa.

13. gr.

Aðstoðarskólastjóri — áfangastjóri aðstoðar við daglega stjórn og rekstur áfangakerfis, skýrsluhald, gerð stundaskráa og próftöflu. Hann annast námsferilsskráningu, eftirlit með framkvæmd námsvals og úrvinnslu einkunna. Hann annast ásamt skrifstofu skólans tölvuvinnslu, námsferilsskrár og stundaskrár. Aðstoðarskólastjóri — áfangastjóri hefur fastan viðtalstíma á starfstíma skólans.

14. gr.

Deildarstjóri skal ráðinn í greinum eða greinaflokkum og skal þess gætt að allar kennslugreinar skólans falli undir einhvern deildarstjóra. Deildarstjóri skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Skólastjóri ræður deildarstjóra með samþykki menntamálaráðuneytis og skólanefndar. Leita má umsagnar kennara viðkomandi deilda. Deildarstjóri skal hafa umsjón með kennslu námsefnis og kennsluaðferðum í þeim greinum sem undir deildarstjórn hans falla. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsefnis í hverjum námsáfanga í samráði við aðra kennara og sker úr ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluaðferðir við aðra deildarstjóra skólans og við deildarstjóra skólans og við deildarstjóra í hliðstæðum greinum í öðrum framhaldsskólum. Deildarstjóri skal ásamt kennurum fylgjast með nýjungum í kennslu-

grein sinni og gera tillögur um breytingar á námsskrá. Deildarstjóri skal vera skólastjóra til ráðuneytis við ráðningu kennara til deildarinnar og við verkefnaskiptingu milli þeirra. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum. Deildarstjóri skal halda reglulega fundi með kennurum sínum og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti. Deildarstjórar skulu hafa fastan viðtalstíma á starfstíma skólans.

15. gr.

Umsjónarkennara skal skólastjóri ákveða í upphafi skólaárs til þess að hafa umsjón með hópi 20—26 nemenda og er öllum kennurum skólans er gegna fullu starfi skylt að taka þessa umsjón að sér. Aðalmarkmið með starfi umsjónarkennara er að veita nemendum aðstoð í daglegu starfi þeirra og er umsjónarkennari trúnaðarmaður þeirra nemenda sem hann hefur umsjón með. Umsjónarkennari annast upplýsingamiðlun til nemenda, skýrir rækilega þær reglur sem gilda um skólastarfið, hefur milligöngu um þjónustu við nemendur og aðstoðar við lausn vandamála sem snúa að námi eða einkahögum. Umsjónarkennari er talsmaður nemenda sinna gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu yfirleitt gera sér far um að efla félagsleg tengsl innan nemendahópsins og stuðla að samstöðu hans. Umsjónarkennarar hafa til ráðstöfunar 2 stundir á viku til þess að sinna þessu hlutverki. Halda skal reglulega umsjónarfundi með nemendum.

16. gr.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

17. gr.

Nú hefur kennari gengt embætti í 10 ár og óskar eftir að hverfa frá starfi í hálft eða heilt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst verja orlofi sínu. Ef ráðuneytið telur greinargerð umsækjanda fullnægjandi, getur það veitt honum orlof á fullum launum. Beiðni um orlof skal senda ráðuneytinu fyrir áramót næsta skólaárs á undan.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum er þess óska, leiðbeiningar um hvernig orlofi skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi.

18. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennara leyfi frá kennslu á fullum launum, til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

Umsókn um slíkt leyfi skal berast með minnst hálfs árs fyrirvara og studd meðmælum skólastjórnar og skólanefndar. Umsóknir skulu að jafnaði afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

III. KAFLI

Innritun nemenda.

19. gr.

Innritun nemenda er í höndum skólastjóra Vélskóla Íslands. Auglýsa skal innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti. Í auglýsingunni skal getið um inntökuskilyrði eins og þau eru tilgreind í lögum og þau gögn, sem fylgja þurfa

umsókn. Sækja skal um skólann á þar til gerðum eyðublöðum. Jafnframt skal skólastjóri auglýsa valdag, þ. e. þann dag sem nemendum er ætlað að velja áfanga fyrir næstu önn.

Skólastjóri og forstöðumenn deilda geta vísað inntökubeiðni til úrskurðar skólanefndar, ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI
Um kennslu og námsefni.

20. gr.

Kennsluár skólans skal vera frá 1. september til 31. maí. Á starfstíma skólans skulu próf fara fram.

21. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

22. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum og að vinnutími nemenda og kennara sé samfelldur, eftir því sem unnt er.

23. gr.

Námið skal skipulagt sem fjögur prófstig er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda, svo sem mælt er fyrir um í lögum. Skal val námsefnis í hverju stigi miðast við, að námið nýtist nemendum sem best við störf í atvinnulífinu.

Markmið kennslunnar er meðal annars, að vekja skilning nemenda á gildi ríkrar ábyrgðartilfinningar og samviskusemi gagnvart sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild. Lögð skal áhersla á, að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu. Kynna skal nemendum mikilvægi þess að nota handbækur og fagtímarit, til að geta brugðist skynsamlega við tæknilegum nýjungum í starfi.

24. gr.

Kennslan fer fram á grundvelli námsskrár, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er kveður á um kennslugreinar og námsefni.

Í upphafi skólaárs skal skólastjóri láta kennara og nemendur fá vinnuáætlun vetrarins.

Heimilt er að taka upp áfangakerfi við skólann frá upphafi skólaárs 1981—1982 og skal það þá taka til 1. stigs nemenda. 1982 tekur það til 2. stigs og síðan áfram uns það hefur tekið til allra stiga.

Þeir nemendur sem hófu nám við skólann eftir eldra skipulagi skulu ljúka námi eftir því.

25. gr.

Efla skal tengsl skólans við atvinnulífið sem frekast er unnt, m. a. með því að gefa nemendum kost á því að heimsækja stofnanir, vinnustaði og sýningar undir leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna. Til að efla verklega þjálfun vélstjóranema, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið, er heimilt að fella niður kennslu í allt að vikutíma á vetri hverjum og fái þeir þá verklega þjálfun undir umsjón skólans.

V. KAFLI
Próf og mat á námsárangri.

26. gr.

Námsárangur nemenda í Vélskóla Íslands skal metinn á grundvelli prófa eða annars konar námsmats við lok námsáfanga eða námsannar.

Geti nemandi ekki mætt til prófs sökum veikinda skal hann leggja fram læknisvottorð og hefur skólinn heimild til að gefa honum kost á að ganga undir veikindapróf.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10 og skal vitnisburður miðast við áfanga einvörðungu. Einkunnagjöf skal miðuð við skilgreind námsmarkmið. Ekki skal reikna meðaleinkunn.

Lágmarkseinkunn í áfanga er 4 og heimilar hún framhald náms í næsta áfanga.

Um nemendur sem stunda nám í 2., 3. og 4. stigi vélstjóranáms skólaárið 1981—82 skulu gilda ákvæði um próf og námsmat samkvæmt reglugerð nr. 200/1974 þar til þeir hafa lokið námi sínu.

Að öðru leyti skulu gilda almennar reglur um próf og námsmat sem ráðuneytið gefur út um áfangaskóla.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við skólann í einstakar námsgreinar til lokaprófs, ef skólastjóri óskar sérstaklega. Í þeim prófum, sem ekki eru skipaðir prófdómarar, skal kennari meta árangur nemenda.

Þegar prófum og mati á þeim er lokið, skal skólinn gefa nemendum kost á að skoða prófúrlausnir og einkunnagjöf kennara. Komi fram skekkja í einkunnagjöf eða mati skal slíkt leiðrétt.

Ef nemandi eða forráðamaður nemanda sættir sig ekki við mat og einkunnagjöf skal viðkomandi kæra slíkt til skólastjóra innan þriggja daga frá prófsýnidegi. Skólastjóri hlutast þá til um að skipaður verði prófdómari er endurmetur prófúrlausnir nemandans. Prófdómari skal eiga aðgang að prófúrlausnum annarra nemenda er tóku prófið á sama tíma í skólnum.

28. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með prófum og sér um framkvæmd þeirra ásamt deildarstjórum og prófstjóra er hann kann að ákveða að setja. Kennarar skulu hver í sinni kennslugrein sjá um gerð prófverkefna.

29. gr.

Þegar próf er tekið, skal þess gætt, að svo rúmt sé um prófstaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli prófstaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en prófstakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði prófstaki uppvís að óleyfilegu framferði í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi í greininni í það sinn og skal vísa honum tafarlaust frá prófi.

Þyki prófstaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

30. gr.

Heimilt er að veita utanskólanemanda leyfi til að ganga undir próf. Skal þá viðkomandi senda skriflega umsókn um það til skólastjóra með minnst eins mánaðar fyrirvara. Skólastjóri skal að höfðu samráði við skólanefnd úrskurða, hvort umsækjanda er heimilað að ganga til prófs.

Skal hann þá ganga undir sömu próf og fastir nemendur skólans.

Þó skal prófa utanskólanemendur verklega í verklegum greinum, þó heimilt sé að prófa fasta nemendur með skriflegu prófi úr verklegum greinum.

31. gr.

Heimilt er að meta próf frá öðrum skólum fullnægjandi í einstökum greinum, ef sannreynt er að prófkröfur eru eigi minni í viðkomandi grein en í Vélskóla Íslands.

32. gr.

Nemandi, sem staðist hefur lokapróf 1., 2., 3. og 4. stigs vélstjóranáms, skal fá prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

33. gr.

Hafi nemandi lokið prófi frá Vélskóla Íslands og vilji síðar taka sveinspróf, gilda eftirfarandi reglur um styttingu námstíma hans:

1) Meta skal verknám vélstjóra til styttingar iðnnáms sem hér segir:
   a) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 1. stigi um 6 mánuði í málmiðngreinum.
   b) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 2., 3. og 4. stigi um 3 mánuði fyrir hvert stig, ef þeir hefja nám í bifvélavirkjun, rennismíði eða vélsmíði.
   c) Þeir, sem ljúka vélstjóranámi skv. áfangakerfi, en hafa ekki lokið verknámsskóla skulu fá styttingu á námstíma sínum um 3 mánuði fyrir hvert stig vélstjóranáms. Sá, sem hefur lokið 4. stigs vélstjóraprófi, skal auk þess fá eins árs styttingu til viðbótar vegna bóknáms. Þeir, sem hefja iðnnám að loknu 1., 2. eða 3. stigi vélstjóranáms, skulu fá nám sitt metið hjá iðnfræðsluskóla til styttingar í samræmi við námsáfanga sem lokið er.

      Þeir, sem lokið hafa verknámsskóla málmiðnaðarins, skulu fá nám sitt metið skv. styttingarreglum Iðnfræðsluráðs.
   d) Á prófskírteinum Vélskóla Íslands skulu koma fram einkunnir í öllum kennslugreinum skólans, sem snerta iðnnám. Teljist bóknám vélstjóraprófs eigi fullnægjandi, skal viðkomandi ljúka prófi í þeim greinum við iðnfræðsluskóla. Sá tími sem fer í þetta nám, telst til iðnnáms, en að öðru leyti dregst bóknám Vélskólans frá iðnnámstímanum.
2) Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar vélsmiðanáms þannig, að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararskírteini iðnfræðsluskóla í vélsmíði og rennismíði fyrir þá, sem staðist hafa öll prófin.

VI. KAFLI
Um heilsuvernd.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við skólastjóra og skólanefnd skólalækni og skólahjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðiseftirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI
Um reglur og aga.

35. gr.

Regla og agi skal miða að því að gera skólann að þægilegum vinnustað. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

36. gr.

Um skólasókn nemenda gilda eftirfarandi reglur:

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa valið sér og koma stundvíslega til kennslu.
2. Sé nemandi fjarverandi úr kennslustund hlýtur hann tvö fjarvistarstig. Komi nemandi of seint til kennslu hlýtur hann eitt fjarvistarstig fyrir.
3. Langvarandi og þrálát veikindi skal staðfesta með læknisvottorði.
4. Niðurfelling fjarvistarstiga vegna veikinda eða annarra forfalla getur ekki breytt skólasóknarreglum á þann veg að nemandi hljóti einingu fyrir.
5. Heimilt er að vísa nemanda frá námi og prófum í áfanga ef fjarvistarstig hans eru fleiri en 10 í einnar námseiningar áfanga, fleiri en 20 í tveggja eininga áfanga og fleiri en 30 í þriggja eininga áfanga.
6. Fjarvistarstig nemenda í fullu námi ráða skólasóknareinkunn sem hér segir:

0— 50 fjarvistarstig	einkunn	10	1 eining
51—100 fjarvistarstig	einkunn	9	0 einingar
101—150 fjarvistarstig	einkunn	7	÷1 eining
151—200 fjarvistarstig	einkunn	5	÷2 einingar
201 fjarvistarstig	einkunn	3	Nemandi er fallinn á önninni.

37. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

38. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, ber honum þá að bæta það fullum bótum.

39. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mega ekki við störf skólans hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd, né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Brot gegn þessu getur valdið stöðumissi eða brottvísun úr skóla.

Ber skólastjóra að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Á skemmtunum skólans gilda þær reglur, er skólastjórn setur, og eru í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins.

40. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn telur að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á nánari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

41. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vélskóla Íslands nr. 200/1974.

Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

21. janúar 1982. Nr. 8.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af þeim vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

Tollskrárnr.	Vöruheiti
27.10.81	Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurningsolía.
27.10.89	Háþrýstivökvi.
28.35.00	Mólýbden disúlfíð duft.
28.54.00	Tvíildi.
29.02.20	Arklone P, L og E. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmnistæki flugvéla, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum.
29.04.20	Ísóprópylalkóhól (ísvarnarvökvi).
29.04.50	Etylenglykol (ísvarnarvökvi).
32.12.00	Súrþéttiefni; þéttiefni, t. d. Epocast og kísilefnablanda.
34.02.05—09	Yfirborðsvirk hreinsiefni, t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee Bee.
34.05.01	Flugvélabón, t. d. Jove Wadpol.
35.06.01	Lím til flugvélaviðgerða.
36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
37.01.01	Röntgenfilmur (Crystallex Films, Microtex Films).
38.17.00	Slökkviefni.

Tollskrárnr.	Vöruheiti
38.19.10	Hvatar.
38.19.31	Háþrýstivökvi, t. d. Skydrol.
38.19.36	Herðar.
38.19.49	Framkallari vegna röntgenskoðunar.
	Rakasalt.
	Magnaglo efni (Dry Concentrate) til notkunar við leit að sprungum með seguláhrifum.
39.01.29	Fenóplast (Phenolic Microballons).
39.01.61	Pólyúretan.
39.02.13	Teflonpípur.
39.07.35	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim, t. d. Boeing o. s. frv.
39.07.47	Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar.
39.07.63	Plastrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
39.07.76	Plastvörur til tækninota í flugvélum.
39.07.99	Plötur úr plasti með áletrun, t. d. upplýsingum um hvar neyðarútgangur sé.
40.09.09	Slöngur úr gúmmíi.
40.11.30	Hjólbarðar fyrir flugvélar, nýir.
40.11.50	Slöngur fyrir flugvélahjólbarða.
40.11.69	Sólaðir hjólbarðar fyrir flugvélar.
40.14.04	Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla, fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum.
40.14.05	Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum.
42.02.49	Plastpokar til hlífðar björgunarvestum í flugvélum, enda sérstaklega auðkenndir, t. d. með áletruninni „LIFE VEST“.
42.04.00	Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum.
45.04.03	Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum.
48.18.00	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim.
	Áprentaðar farmiðakápur (Ticket Covers).
	Flugvéladagbækur (Aircraft Log).
48.19.09	Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage Tags).
	Áprentaðir merkimiðar fyrir gáma og fleiri tegundir flutningsumbúða.
49.06.00	Tæknilegir uppdrættir.
49.11.11	Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (Service Bulletins).
49.11.29	Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar.
58.02.40	Gólfteppi, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum.
58.02.60	Gólfteppi, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum.
62.02.89	Gluggatjöld, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum.
62.05.02	Björgunarvesti.
	Björgunarrennur (Chutes), viðurkenndar sem slíkar fyrir flugvélar.
62.05.19	Viðvörunarborðar.
	Öryggisbelti.
	Sætahlífar (Seats Covers) úr eldþolnu efni til notkunar á sætum ákveðinna tegunda flugvéla.
68.06.00	Hálkuvari (Safety Walk).
	Trefjaull (Scotchbrite) með slípiefni.
68.13.01	Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla.

Tollskrárnr.	Vöruheiti
68.13.09	Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélum.
68.14.00	Bremsuborðar fyrir flugvélar.
70.08.00	Glerrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
73.14.02	Öryggisbindivír.
73.20.01	Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum.
73.24.00	Súrefnisflöskur.
73.29.03	Keðjur, notaðar í stjórnkerfum flugvéla.
73.32.00	Boltar, rær og skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum; ennfremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl.
73.35.09	Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl.
73.40.56	Slönguklemmur.
73.40.59	Baulur. Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingabönd í flugvélum.
74.03.02	Öryggisbindivír.
74.08.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
74.15.00	Boltar, rær, skrúfur, skífur og hnoð, t. d. notað við festingar flugmælitækja.
76.02.01	Prófílar úr áli.
76.03.09	Álplötur.
76.04.00	Álborðar.
76.06.01	Prófílpípur úr áli.
76.06.09	Álpípur.
76.07.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
76.16.04	Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla.
82.03.10—30	Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum.
82.04.00	Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (Pullers), sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
82.05.00	Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
83.01.09	Lásar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
83.02.01	Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur; stangarlamir.
83.02.09	Öskubakkar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
83.07.02	Siglingaljós.
83.09.00	Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum.
83.14.00	Plötur með áletrun, m. a. í mælaborð flugvéla, t. d. metacal.
84.06.10—20	Flugvélahreyflar og hlutar til þeirra.
84.08.10—20	Þotuhreyflar og skrúfuþotuhreyflar.
84.08.50	Hlutar til flugvélahreyfla í tnr. 84.08.10—20.
84.10.20 84.10.39 84.10.41 84.10.49	Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar.
84.11.12 84.11.30 84.11.49	Sogdælur og þjöppur í flugvélar.

Tollskrárnr.	Vöruheiti
84.17.23	Rafmagnskaffivélar og hitunarofnar, fyrir straum og spennu sem notað er í flugvélum.
84.17.29	Olíukælar í flugvélar.
84.18.22	Loftsíur í flugvélar.
84.18.29	Olíusíur í flugvélahreyfla.
	Síur með ávirka eiginleika (Alumina).
84.21.00	Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk.
	Blásturshreinsitæki.
84.22.13—19	Hlaupakettir og talíur til að lyfta stórum hlutum flugvéla.
84.22.69	Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra.
	Sérhannaðir vinnupallar til viðhalds á flugvélum.
84.49.10	Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni.
84.59.89	Loftknúinn ræsibúnaður (Auxiliary Power Units), notaður við ræsingu þotuhreyfla.
	Rúðuþurrkur fyrir flugvélar.
	Hreyfar (Actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólabúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv.
84.61.01—19	Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og eldsneytiskerfi flugvéla.
84.62.00	Kúlu-, kefla- og nálalegur, notaðar víða í flugvélum, t. d. hjólalegur og legur í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum.
84.63.01	Drifásar, tannhjól, tannhjólasamstæður og áslegur fyrir flugvélar.
84.64.00	Þéttingar úr málmplötum í sambandi við önnur efni og samstæður af þéttingum úr ýmsum efnum, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar eða flugvélahreyfla.
85.01.10—29	Rafhreyflar með spennu og/eða tíðni sem hæfir flugvélum.
85.01.59	Hreyfilraflar til nota við ræsingu flugvélahreyfla.
85.01.79	Spennar til notkunar í flugvélum.
	Spennar til nota við ræsingu flugvélahreyfla.
85.01.80	Afriðlar.
85.03.09	Rafhlöður fyrir flugvélar.
85.04.10	Rafgeymar með spennu sem hæfir flugvélum.
85.08.00	Rafbúnaður, t. d. rafkerfi o. fl. fyrir flugvélahreyfla.
85.12.69	Rafmagnshitaelement, t. d. til varnar gegn ísmyndun svo og til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl.
85.13.20	Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar fyrir flugáhafnir (Headset).
85.14.10	Eyrnaskjól með heyrnartæki.
	Hljóðnemar.
85.15.11—19	Radíósendi- og móttökutæki (þ. m. t. neyðarsendar), fyrir flugvélar.
85.15.51—59	Radíóviðtæki fyrir flugvélar.
85.15.71	Ratsjár og loftskeytamiðunartæki í flugvélar.
85.15.83—89	Loftnet fyrir fjarskiptatæki í flugvélum.
85.17.01	Rafmagnsbrunaaðvörunarkerfi í flugvélar.
85.17.09	Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki fyrir flugvélar, t. d. blikkandi ljós.
85.18.00	Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki flugvéla.
85.19.11	Rofar allt að 5 og yfir 30 amper; skiptar og liðar.
85.19.12	Aðrir rofar fyrir flugvélar, ót. a.

Tollskrárnr.	Vöruheiti
85.19.13	Vör til og með 5 amper.
85.19.16	Falir, tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30—200 amper.
85.19.18	Annar tengibúnaður fyrir flugvélar, ót. a.
85.19.19	Tengikassar.
85.19.40	Viðnám.
85.20.10	Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum.
85.21.10—20	Rafeindalampar í ratsjár og radíótæki í flugvélum.
85.21.31	Ljósnemar.
85.21.32	Transistorar og díóður.
85.21.40	Rafeindadvergrásir.
85.21.50	Uppsettir þrýstirafmagnskristallar.
85.22.20	Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrktæki fyrir rúður í flugvélum.
85.23.09	Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum.
85.24.00	Burstakol til notkunar í ýmis rafmagnstæki fyrir flugvélar.
85.25.10—30	Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet.
87.14.29	Farangursvagnar.
87.14.39	Farþegatröppur byggðar á vagn.
87.14.49	Hjól fyrir hreyfilstól.
88.03.01	Hlutar þeir til flugvéla sem samkvæmt athugasemdum við XVII. flokk tollskrár geta fallið undir 88. kafla og teljast ekki til annarra tollskrárnúmera.
89.01.61	Björgunarbátar, viðurkenndir sem slíkir fyrir flugvélar.
90.02.09	Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álesturs á lóran og fleiri tæki í flugvélum.
90.14.10	Áttavitar, sjálfstýritæki, hæðarmælar, lofthraðamælar, stig- og fallmælar, snúðuhallamælar (Artifisical Horizons), beygju- og hallamælar, Mach-mælar, hraðabreytimælar (Accelerometers), allt til nota í flugvélum.
90.16.10—20	Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, notaðir sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla.
90.18.09	Súrefnisöndunartæki til nota í flugvélum.
90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða.
90.23.02	Hitamælar, sérstaklega ætlaðir til notkunar í flugvélum.
90.24.01	Hitastillar, t. d. til nota í hitakerfi flugvéla.
90.24.09	Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla.
90.26.09	Mælar sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
90.27.01	Snúningshraðamælar fyrir flugvélar.
90.27.09	Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum.
90.28.10	Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum.
90.28.39	Rafeindamælar fyrir stjórnborð flugvéla.
90.28.50	Amper- og voltmælar; einnig aðrir rafmagnsmælar fyrir stjórnborð flugvéla, þó ekki rafeindamælar.

Tollskrárnr.	Vöruheiti
90.29.09	Varahlutir í mælitæki sem njóta undanþágu í vöruliðum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
91.11.00	Varahlutir í klukkur sem flokkast í tnr. 91.03.00.
92.11.40	Síritar (Flight Data Recorders) til notkunar í flugvélum.
92.12.19	Miðlar fyrir sírita til notkunar í flugvélum.
94.01.13	Sæti í flugvélar.

2. gr.

Vörur þær sem undanþegnar verða tolli og sérstöku tímabundnu vörugjaldi skv. 1. gr. skulu einnig vera undanþegnar sölugjaldi við innflutning.

3. gr.

Niðurfelling gjalda skv. 1. og 2. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Innflytjandi stundi rekstur, viðgerðir eða framleiðslu á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meirihluta atvinnutekna sinna af slíkri starfsemi næstliðið skattár.
b) Innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að hin innflutta vara verði eingöngu notuð í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.
c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

4. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

5. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 143 1. mars 1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1982.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Greiðsluyfirlit ársins 1980 (allar upphæðir í gkr.).

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands	kr.	135 953 534
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	77 077 000
Vaxtatekjur	—	22 223 459
Stjórnarlaun flutt á undirreikning	—	83 700
	Kr.	235 337 693

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	48 500
Auglýsingar- og áskriftakostnaður	—	18 760
Opinber gjöld (óflutt á undirreikn.)	—	133 969
Gengismunur v/gengisbreytingar í febr. 1978 ráðstafað	—	20 889 179
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35209	—	214 247 285
	Kr.	235 337 693

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Freðfiskur:

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:			
Innstæða á hlr. 35217, í Seðlabanka Íslands		kr.	1 961 744 935
Innborgað upp í hlut freðfisks í gengishagnaði v/gengisbreytingar í september 1978		—	500 000 000
Uppfærsla v/gengisbreytinga		—	796 972 000
Vaxtatekjur		—	261 418 338
		Kr.	3 520 135 273

Gjöld:

Stjórnarlaun		kr.	2 930 538
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna		—	257 900
Opinber gjöld		—	102 571
Auglýsingakostnaður		—	321 930
Greitt v/verðlækkana á freðfiski:			
v/framl. frá 1. júní til 30. sept. 1979	kr. 164 863 000		
v/framl. frá 1. okt. til 31. des. 1979	— 443 180 000		
v/framl. 1. jan. til 31. maí 1980	— 1 550 415 000		
v/framl. 1. júní til 30. sept. 1980	— 800 000 000		
		—	2 958 458 000

Greiddar uppbætur (kr. 20 pr. lb. á þorskblokk framl. frá 1. júní til 30. sept. 1980) gert skv. sérst. ákvörðun sjóðsstjórnar	—	242 500 000
Ofreiknaður gengishagnaður v/gengisbreytingar í febr. 1978 færður til baka	—	37 300 224
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35217	—	278 264 110
	Kr.	**3 520 135 273**

Rækja.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35276 í Seðlabanka Íslands	kr.	526 711 153
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	5 825 999
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	305 484 000
Vaxtatekjur	—	87 639 447
	Kr.	**925 660 599**

Gjöld:

Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	kr.	107 205
Auglýsingakostnaður	—	48 220
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35276	—	925 505 174
	Kr.	**925 660 599**

Humar.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35292 í Seðlabanka Íslands	kr.	669 037 001
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	385 148 000
Vaxtatekjur	—	110 611 951
	Kr.	**1 164 796 952**

Gjöld:

Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	kr.	32 300
Auglýsingakostnaður	—	51 040
Endurgr. ofreiknaðar verðhækkanatekjur v/framl. humars á árinu 1979	—	4 413 000
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35292	—	1 160 300 612
	Kr.	**1 164 796 952**

Hörpudiskur.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands	kr.	189 047 703
Innborgaðar verðhækkanatekjur v/framl. áranna 1979 og 1980	—	261 498 131
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	179 941 000
Vaxtatekjur	—	48 524 064
	Kr.	**679 010 898**

Gjöld:

Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	kr.	74 902
Auglýsingakostnaður	—	36 360
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35314	—	678 899 636
	Kr.	679 010 898

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Loðnumjöl.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35225 í Seðlabanka Íslands	kr.	1 762 812 530
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	37 440 099
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	306 992 000
Vaxtatekjur	—	116 376 336
	Kr.	2 223 620 965

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	837 857
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	50 292
Opinber gjöld	—	29 324
Auglýsingakostnaður	—	37 390
Greitt v/verðlækkana á loðnumjöli:		
v/framl. ársins 1979	—	561 200 000
v/framl. á vetrarvertíð 1980	—	1 078 754 000
Millifærð inneign fiskmjöls	—	14 590 206
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35225	—	568 121 896
	Kr.	2 223 620 965

Loðnulýsi.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands	kr.	1 625 448 698
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	10 987 797
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	523 801 000
Vaxtatekjur	—	169 252 776
	Kr.	2 329 490 271

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	837 857
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	14 742
Opinber gjöld	—	29 323
Greitt v/verðlækkana á loðnulýsi:		
v/framl. ársins 1979	—	684 749 610
v/framl. á vetrarvertíð 1980	—	378 308 000
v/framl. á sumar- og haustvertíð 1980	—	248 119 000
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35233	—	1 017 431 739
	Kr.	2 329 490 271

Fiskmjöl.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35268 í Seðlabanka Íslands	kr.	494 662 933
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	7 267 935
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	197 883 000
Vaxtatekjur	—	61 024 039
Inneign hjá loðnumjöli millifærð	—	14 590 206
	Kr.	775 428 113

Gjöld:

Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	kr.	61 991
Auglýsingakostnaður	—	34 000
Greitt v/verðlækkana á fiskmjöli:		
v/framl. ársins 1979	—	170 026 953
v/framl. ársins 1980	—	169 545 532
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35268	—	435 759 637
	Kr.	775 428 113

Kolmuna- og spærlingsmjöl.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35330 í Seðlabanka Íslands	kr.	12 953 567
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	1 495 753
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	6 976 000
Vaxtatekjur	—	2 176 258
	Kr.	23 601 578

Gjöld:

Auglýsingakostnaður	kr.	21 505
Greitt v/verðlækkana á kolmunna- og spærlingsmjöli framl. á árinu 1980	—	16 324 000
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35330	—	7 256 073
	Kr.	23 601 578

Deild fyrir saltsíldarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands	kr.	167 262 487
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytinga í febr. 1978	—	11 487 152
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	56 476 000
Vaxtatekjur	—	17 869 004
	Kr.	253 094 643

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	1 352 252
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	52 000
Opinber gjöld	—	47 337
Auglýsingakostnaður	—	12 840
Greitt v/verðlækkana á saltsíld framl. á árinu 1979	—	105 327 949
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35306	—	146 302 265
	Kr.	253 094 643

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Óverkaður saltfiskur og söltuð ufsaflök.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands	kr.	3 248 013 554
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum framl. á árinu 1979	—	916 769
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	118 274 471
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	1 240 224 000
Vaxtatekjur	—	391 464 586
	Kr.	4 998 893 380

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	1 715 938
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	119 202
Opinber gjöld	—	60 054
Auglýsingakostnaður	—	120 720
Greitt v/verðlækkana á óverkuðum saltfiski framl. á árunum 1977 og 1978	—	28 993 125
Greitt v/verðlækkana á óverkuðum saltfiski framl. á árinu 1979	—	720 970 197
Greitt v/verðlækkana á óverkuðum saltfiski framl. á árinu 1980	—	2 274 859 522
Greitt v/verklækkana á söltuðum ufsaflökum framl. á árinu 1980	—	12 100 000
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978, eign verkaðs saltfisks millifærð	—	29 633 914
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í sept. 1978, eign verkaðs saltfisks millifærð	—	72 998 195
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35241	—	1 857 322 513
	Kr.	4 998 893 380

Verkaður saltfiskur.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35322 í Seðlabanka Íslands	kr.	4 870 526
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	29 633 914
Hlutur (endanl.) verkaðs saltfisks í gengismuni v/gengisbreytingar í sept. 1978	—	72 998 195
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	4 467 000
Vaxtatekjur	—	664 608
	Kr.	**112 634 243**

Gjöld:

Auglýsingakostnaður	kr.	14 980
Greitt v/verðlækkana á verkuðum saltfiski:		
v/framleiðslu ársins 1978	—	15 965 243
v/framleiðslu ársins 1979	—	95 900 000
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35322	—	754 020
	Kr.	**112 634 243**

Deild fyrir skreiðarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1980:		
Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands	kr.	899 053 199
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	520 302 000
Vaxtatekjur	—	149 319 540
	Kr.	**1 568 674 739**

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	1 484 658
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	35 766
Opinber gjöld	—	51 961
Auglýsingakostnaður	—	85 540
Eignir 31. desember 1980:		
Innstæða á hlr. 35284	—	1 567 016 814
	Kr.	**1 568 674 739**

Reykjavík, 4. janúar 1982.

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS

Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit 1980 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1980 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi kjörinn
af bankaráði Seðlabanka Íslands.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Arnarstapahafnar í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, nr. 332 25. júní 1979.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, 400 brúttórúmlestir eða stærri, skulu greiða lestagjald, kr. 0,47 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,24 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0,47 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 31,00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 156,00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,24 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 25,00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 8,50 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 18,00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 49,50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 4,85 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4,10.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 15% hækkun á gildandi gjaldskrám eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og 701/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og nr. 702/1981.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 703/1981.
4. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 704/1981.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 705/1981.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 706/1981.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 707/1981.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 708/1981.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 709/1981.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 710/1981.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 712/1981.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkur, nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 713/1981.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 714/1981.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 715/1981.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 717/1981.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 719/1981.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 720/1981.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 721/1981.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 722/1981.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 723/1981.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 724/1981.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 725/1981.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981, sbr. reglugerð nr. 726/1981.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 727/1981.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 729/1981.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 731/1981.

27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 732/1981.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 733/1981.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 734/1981.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 735/1981.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 736/1981.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 737/1981.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 740/1981.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 741/1981.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 743/1981.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 744/1981.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og nr. 745/1981.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 746/1981.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 747/1981.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 748/1981.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 750/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1982.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

21. janúar 1982. Nr. 12.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á viðmiðunarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 30. apríl 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðmiðunarverð á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 30. apríl 1982:

Loðnumjöl, $ 8,15 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 445,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði af mjöli en 50% af lýsi.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllurinn miðast við allt að 20 000 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. janúar 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 13. 26. janúar 1982.

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. **Hljóðvarp** (miðað er við krónur fyrir hvert orð):

Flokkur 1.
Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað-fundið. Góðgerðarstarfsemi ..... kr. **11,00**

Flokkur 2.
Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00 ..... — 18,00

Flokkur 3.
Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir ..... — **22,00**

Flokkur 4.
Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir ..... — **44,00**

II. **Sjónvarp** (miðað er við krónur fyrir sekúndur):

7 sek.	kr.	1 500,00
10 sek.	—	2 320,00
15 sek.	—	2 910,00
20 sek.	—	3 610,00
25 sek.	—	4 070,00
30 sek.	—	4 530,00
35 sek.	—	5 350,00
40 sek.	—	5 770,00
45 sek.	—	6 180,00
50 sek.	—	6 870,00
55 sek.	—	7 550,00
60 sek.	—	8 250,00

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. febrúar 1982 og þar til öðruvísi kann að vera ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

Stjórnartíðindi B 5, nr. 7—13. Útgáfudagur 5. febrúar 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1982

4. febrúar 1982. 57 Nr. 14.

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 6. febrúar 1982 nema kr. 2,09 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 6. febrúar 1982. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 478/1981 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 6. febrúar 1982, skal greiða kr. 0,39 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 6. febrúar 1982, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 6. febrúar 1982.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 478/1981 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gildandi gjaldskrám hitaveitna, er gilda frá og með 5. febrúar 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis hækkar um	14%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks hækki um	13%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar hækki um	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Vestmannaeyja hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar hækki um	19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 16. 4. febrúar 1982.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 5. febrúar 1982:

A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 806 13. nóv. 1981:

I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	19%
II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	14%
III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um	19%

B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarðar, fyrir raforku, nr. 791 24. nóv. 1981:
Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%
Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 766 24. nóv. 1981:
Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. febrúar 1982. Nr. 17.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 5. febrúar 1982:
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 794 24. nóv. 1981:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 19%
Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af viðkomandi sveitarstjórnum og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur um verndun vatnsbóla sem staðfestur var af félagsmálaráðherra 28. febrúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 5. febrúar 1982 staðfest uppdrátt af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Fellahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 46. 28. janúar 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968. eru settar eftirgreindar reglur um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu:

Einstefnuakstur skal vera um Heiðargerði frá suðri til norðurs á milli Hafnargötu og Tjarnargötu.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 28. janúar 1982.

Ingi H. Sigurðsson.
e. u.

Nr. 47. 5. febrúar 1982.

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglustjóra.

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sektargerð kærur, er þeim berast, um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt. Nú hefur slíkt brot upptöku eignar í för með sér og má þá lögreglustjóri með sama hætti ákveða eignaupptöku.

Sektarheimild samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði að lögreglustjóri telji að sekt við brotinu eða verðmæti þess, sem gera skal upptækt, fari eigi fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 2. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Nú er brot þess eðlis, að vænta má, að það geti varðað varðhaldi eða fangelsi eða ökuleyfissviptingu ásamt sekt og má þá ekki afgreiða mál með sektargerð.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skulu vera leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota.

3. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra fyrir brot þau, er um ræðir í 2. gr. og má hann þá, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefa sökunaut kost á því að ljúka málinu innan tveggja vikna með greiðslu hæfilegrar sektar.

4. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur ákveðið að beita sektargerðarheimild, sendir hann sökunaut bréflega tilkynningu um þá ákvörðun. Í tilkynningunni skal fram tekið í stuttu máli, fyrir hvaða brot sökunautur er kærður. Skal þar m.a. koma fram, eftir því sem við á, hvar og hvenær brot var framið. Einnig skal þess getið, hvaða refsiákvæði brot varðar við.

Greint skal frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar til lögreglustjóra innan tveggja vikna. Taka skal ennfremur fram, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunautur sektarboð lögreglustjóra, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningarbréf það, sem um ræðir í 4. gr. og kemur því síðan til skila, ásamt sektargreiðslu, í skrifstofu lögreglustjóra.

Nú synjar sökunautur sektarboði lögreglustjóra eða greiðir eigi sekt innan tilskilins frests og vísar lögreglustjóri þá máli til ríkissaksóknara eða dómara, eftir því sem við á, með venjulegum hætti.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir þá, sem sektaðir eru samkvæmt framangreindum reglum. Skal þar skráð afgreiðsla hvers einstaks máls.

7. gr.

Bréf þau, sem lögreglustjóri sendir sökunautum, sbr. 4. gr., skulu gerð í frumriti og tveimur afritum. Skulu bréfin tölusett í framhaldandi röð með númerum og ártali. Frumrit skal senda sökunaut, en afrit geymd í réttri töluröð í bréfabindi. Á bæði afritin skal skráð dagsetning sektargreiðslu, hvort og hvenær mál er sent ríkissaksóknara eða dómara eða aðrar málalyktir. Nú er kæra send ríkissaksóknara eða dómara samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og skal þá annað afrit sektarboðs lögreglustjóra fylgja með. Ella skal annað afritið sent ríkissaksóknara, eftir reglum, er hann ákveður. Frumrit sektargerðar, sem samþykkt er, skal varðveitt sem fylgiskjal með sjóðbók.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sektargerðir lögreglustjóra, nr. 272 18. nóvember 1966, sbr. reglugerð nr. 203 24. júlí 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

B 12

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 3. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykkta, er varða umferð.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupphæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána; er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr.

3. gr.

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Greiði sökunautur sektina innan þess tíma og fallist á þau málalok, verður eigi frekar aðhafst í máli hans.

Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri þá, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

4. gr.

Þegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningareyðublaðinu skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotsins og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Ennfremur skal þar greina, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 4. gr. og skilar því í skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan hins tilskilda frests og skal þá senda kæru til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

6. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

7. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublöð, sbr. 4. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi töluröð.

Kostnaður við eyðublöð og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð, sem afhent eru lögreglumönnum. Á afrit sektargerðar skal færa innborgunardag sektar. Ef sektargerð er felld úr

gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða kæra er send dómara, sbr. 5. gr., skal rita athugasemd um það á afritið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sektargerðir lögreglumanna, nr. 107 12. júlí 1967, sbr. reglugerð nr. 204 24. júní 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

19. janúar 1982. Nr. 49.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980, með síðari breytingum, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Uppbót skal á fyrri helmingi ársins 1982 nema kr. 2 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

15. febrúar 1982. Nr. 50.

GJALDSKRÁ

fyrir heyrnarmælingar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands á vinnustöðum.

1. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarmælingu á vinnustöðum, sem unnin er á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, skal vera kr. 52.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Framangreind gjaldtaka, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. mars 1982 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.
Gildir frá 1. mars 1982.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innan-lands Burðar-gj. aur.	Norðurlönd Alm. burðar-gj. aur.	Norðurlönd [1] Flug-burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.
Bréf.	20	250	250	[2]	310	[2]	310	540
Hámarksstærð:	100	500	500		740		740	1500
Lengd + breidd	250	1000	1000		1480		1480	4050
+ þykkt 900 mm.	500	2000	2000		2820		2820	7530
Mesta lengd 600 mm.	1000	3000	3950		4900		4900	14550
Í ströngum:	2000	7980	7980		7980		7980	27850
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm		220	220		220		220	270
Minnst 90 × 140 mm								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	220	220	240	220	240	220	270
(Prentkort, sama stærð	100	320	320	380	340	380	340	690
og póstkort).	250	520	520	690	610	690	610	1460
Hámarksþyngd 2 kg.	500	900	900	1560	1100	1560	1100	2910
Bækur þó 5 kg.	1000	1450	1450	2870	1840	2870	1840	5510
Burðargjald fyrir prent	2000	2080	2580	5050	2580	5050	2580	11200
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	3190	3870	8030	3870	8030	3870	14320
er sama og fyrir	4000	4160	5160	11010	5160	11010	5160	17440
„Önnur lönd“	5000	5180	6450	13990	6450	13990	6450	20560
Smápakkar.	100	320	320	380	340	380	340	690
Stærð sama og bréfa.	250	520	520	690	610	690	610	1460
Hámarksþyngd 1 kg.	500	900	900	1560	1100	1560	1100	2910
	1000	1450	1450	2870	1840	2870	1480	5510
Innritað blöð og tímarit.			**Um afslátt af**					
Innritunargjald 1455,00 nýkr.			**burðargjaldi fyrir**					
Stærð sama og bréfa.			**dagblöð, landsmála-**					
a) Til umboðsm.	hver		**blöð og tímarit**					
(minnst 50 eintök	500	132	**landssamtaka**					
til hvers í einu).			**stéttarfélaga vísast**					
Hámarksþ. 20 kg.			**til reglugerðar fyrir**					
			póstþjónustu nr.					
b) Til áskrifenda.			**337/1976, grein**					
Minnsta gjald: 200 eint.			**14.4.1. sbr. breyt-**					
Hámarksþyngd			**ingu á þeirri reglu-**					
500 g hvert eintak.	100	52	**gerð nr. 356**					
	200	103	**14. ágúst 1979**					
	300	150						
	400	258						
	500	337						

[1] Samanlagt flugg jald og alm. burðargjald.

[2] Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks flugg jalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	330
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 15 000 nýkr.	
Burðargjald a). almenn póstávísun	580
b). símapóstávísun	2720
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	800
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (15 000 nýkr.) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Með póstávísun	1100
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	780
b. Til annarra landa	
Burðargjald	1230

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar		
Almennir bögglar (innanlands):	Þyngdarmörk kg.	Alm. bögglar aurar	Rúmfr. broth. aurar
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir bögglа til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	1200	1800
	3	1500	2200
	5	2300	3400
	10	3600	5400
	15	5200	7800
	20	5800	11800

Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	aurar
Skrásetningargjald	570
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 500 nýkr. eða minna	570

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema flugg j. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (310 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... 570 aurar

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu 520 aurar

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um bögglа með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... 1230 aurar

Móttökukvittun ..... 320 aurar

Talning í verðbréfi innanlands: 570 aurar hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 550 aurar
Skiptiverð í frímerkjum 310 aurar

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 520 aurar

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 500 aurar

Tollmeðferð bögglа: 700 aurar

Gjald fyrir að búa um bögglа á ný: 320 aurar

Geymslugjald bögglа: 700 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 320 aurar

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og bögglа innanlands er sem hér segir:
1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 157 nýkr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 790 nýkr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 30, 48, 58, 75, 89 nýkr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. mars 1982. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 634 frá 6. nóvember 1981.

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Hafnarhreppi, sem tengdar eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0,30% af heildarfasteignamati eignar, þ.e.a.s. af mati mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 300,00 á hverja fasteign. Sé fasteign eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvörðun þessarar greinar.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum skal greiða aukavatnsskatt.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsskattur skal vera kr. 1,05 á hvern m^3 vatns.

3. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta skal vera kr. 10,00 á hvern m^3 vatns. Þá skal vatnsveitunni heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Höfn í Hornafirði.

Hafnarsjóður sér um afgreiðslu vatns til skipa og báta í höfninni. Tekjur af þeirri vatnssölu skiptast til helminga milli Hafnarhrepps og Hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu 626 stig, en hreppsnefnd er heimilt að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts ár hvert er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

Aukavatnsskattur samkvæmt 2. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega, eða við aflestur mælis. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns vegna skips.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps nr. 45 16. febrúar 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. febrúar 1982. Nr. 53.

REGLUGERÐ

um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem til er stofnað samkvæmt lögum nr. 49/1981, skal stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

2. gr.

Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögu um úthlutun úr sjóðnum. Þá skal hún og gera tillögu til ráðherra um 5 ára framkvæmdaáætlun, sbr. 1. gr.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal mánaðarlega gefa sjóðsstjórn yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana. Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu sjóðsstjórnar skulu reikningarnir birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Skattstjórar skulu leggja gjaldið á einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn, sem hafa tekjuskattsstofn undir ákveðnu marki, ákveðnu af Alþingi. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, ¼ af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

6. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða samkvæmt reglugerð þessari eru:

a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

7. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafliði a), b) og d).
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafliði c) og d).
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafliði a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 5. gr.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafliði a), b), c) og d).

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til sveitarfélaga og annarra aðila, skulu óháð lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 3. tl. 11. gr. laga nr. 51/1980.

Skv. ákvörðun ráðherra má greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra kostnað vegna reksturs sjóðsins auk annars kostnaðar vegna málefna aldraðra, sem tengist sjóðnum.

8. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis og stjórn sjóðsins 5 ára framkvæmdaáætlun samkvæmt 1. gr.

Um framkvæmdir skv. 7. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 93/1981 um breytingu á l. nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 21—53. Útgáfudagur 26. febrúar 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1982

24. febrúar 1982. 97 Nr. 54.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 150 frá 25. febr. 1982 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.

23. febrúar 1982. Nr. 55.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri gjalddaga ársins 1982 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 705
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	kr. 560
Hljóðvarpsgjald (þ.e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	kr. 180

Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 54—55. Útgáfudagur 25. febrúar 1982.

B. 13

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1982

Nr. 56. 98 27. febrúar 1982.

REGLUGERÐ
um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Gjaldið skal fyrir hverja tollafgreiðslu annað hvort vera

1. hlutfall af tollverði innfluttrar vöru skv. 2. gr. eða
2. tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu skv. 3. gr.

Vörur sem tilgreindar eru í 4. gr. eru undanþegnar tollafgreiðslugjaldi.

2. gr.

Af öllum innfluttum vörum, öðrum en þeim sem um ræðir í 3. gr. eða undanþegnar eru tollafgreiðslugjaldi skv. 4. gr., skal greiða 1% tollafgreiðslugjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttrar vöru og gilda um ákvörðun tollverðs þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 1. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 3. gr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af vörum sem tilgreindar eru í aðflutningsskýrslu eða úttektarbeiðni, hafi vara verið sett í tollvörugeymslu samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Séu vörur sem tollafgreiða skal samkvæmt aðflutningsskýrslu eða úttektarbeiðni ýmist gjaldskyldar skv. 2. eða 3. gr. skal 1% tollafgreiðslugjald skv. 1. mgr. þessarar greinar greitt af tollverði þeirra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt þessari grein, enda nái tollafgreiðslugjald þannig ákveðið lágmarksfjárhæð tollafgreiðslugjalds eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 3. gr. Að öðrum kosti skal tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 3. gr.

3. gr.

Af eftirtöldum vörum sem tilgreindar eru í aðflutningsskýrslu eða úttektarbeiðni skal við tollafgreiðslu greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð í aðflutningsskýrslu eða úttektarbeiðni samtals innan við 5 000 kr. skal greiða af þeim 50 kr., sbr. þó 3. mgr. 2. gr.:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og ætlaðar eru til manneldis.
2. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna og ekki eru vörugjaldsskyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.
3. Vörur sem flokkast undir tnr. 27.10.60 og 27.10.70.
4. Vörur sem við innflutning eru undanþegnar tolli og/eða sérstöku tímabundnu vörugjaldi skv. 11., 12., 17. og 21. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1980 um breyting á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar eru eftirtaldar vörur:

1. Vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr., 1.—5. tl. og 42. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.
2. Vörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalagi Evrópu og við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt E-dálki 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum eða undanþegnar eru tolli skv. 13. tl. 3. gr. sömu laga, enda séu við tollafgreiðslu vara þessara uppfyllt skilyrði auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.
3. Vörur sem tollmeðferð hljóta samkvæmt ákvæðum II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl.
4. Sendingar sem póststofnanir hafa heimild til að afhenda viðtakendum, án útgáfu aðflutningsskýrslu, sbr. 15. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl.

5. gr.

Tollafgreiðslugjald samkvæmt reglugerð þessari skal ekki teljast gjaldstofn við útreikning á sérstöku vörugjaldi sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, en það myndar hins vegar stofn til söluskatts.

6. gr.

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, áður en reglugerð þessi öðlast gildi, skal varan tollafgreidd án greiðslu tollafgreiðslugjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. mars 1982.

Tollafgreiðslugjald skal einnig greiða af vörum þeim sem gjaldskyldar verða samkvæmt reglugerð þessari og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m.a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. maí 1982.

7. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess, ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, öðlast gildi frá og með 1. mars 1982.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1982.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 56. Útgáfudagur 27. febrúar 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1982

Nr. 57. 100 2. mars 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 27. febrúar 1982 um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Hafi vörusending verið sett í tollvörugeymslu skal 1% tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 2. gr., eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvörugeymslu, en ekkert tollafgreiðslugjald skal innheimt af þeim vörum úr sömu vörusendingu sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. Hafi tollafgreiðslugjald af vörusendingu sem sett er í tollvörugeymslu hins vegar verið ákveðið skv. 3. gr. skal það greitt við tollafgreiðslu úttektar hverju sinni í hlutfalli við verðmæti úttektar af gjaldskyldri vöru úr sendingunni.

2. gr.

Orðin „eða úttektarbeiðni, hafi vara verið sett í tollvörugeymslu“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar og orðin „eða úttektarbeiðni“ í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

1. málsliður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af eftirtöldum vörum skal við tollafgreiðslu greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð þeirra samtals innan við 5 000 kr. skal greiða af þeim 50 kr., sbr. þó 3. mgr. 1. gr. að því er varðar vörusendingar sem settar hafa verið í tollvörugeymslu.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt I kafla laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum skal þegar öðlast gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. mars 1982.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 57. Útgáfudagur 4. mars 1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1982

27. febrúar 1982. 101 Nr. 58.

AUGLÝSING

um náttúruminjaskrá.

Í 34. gr. náttúruverndarlaga nr. 47, 16. apríl 1971, er mælt svo fyrir að ríkissjóður skuli eiga forkaupsrétt að jörðum eða jarðarhlutum, sem settir eru á náttúruminjaskrá, skv. 28. gr. sömu laga, að frágengnum þeim aðilum, sem forkaupsrétt eiga samkvæmt lögum nr. 40, 5. apríl 1948 (nú lög nr. 65, 31. maí 1976).

Samkvæmt náttúruminjaskrá, sem Náttúruverndarráð hefur gefið út 28. mars 1981, nær forkaupsréttur samkvæmt þessu til þeirra staða, sem hér verða greindir og út frá þeim röksemdum, sem tilgreindar eru um hvern stað um sig:

1. **Eldborgir undir Geitahlíð,** Grindavík. (1) Stóra- og Litla-Eldborg ásamt hrauntröðum og hrauni Stóru-Eldborgar norðan vegar. (2) Sérstæðar eldstöðvar frá nútíma. Stóra-Eldborg er af dæmigerðri eldborgargerð og á hún fáa sína líka. (3) Brýnt er að stöðva efnisnám í Litlu-Eldborg. Friðlýsist sem náttúruvætti innan Reykjanesfólkvangs.

2. **Sprengigígasvæði við Krísuvík,** Hafnarfirði. (1) Grænavatn og Gestsstaðavatn ásamt s. k. Augum og öðrum sprengigígum. Hverir í nágrenni gíganna, Engjahver og Nýihver, ásamt hverasvæði við Seltún. (2) Merkilegt sprengigígasvæði. Gróskumikill vatnagróður í Augum. Grænavatn er um 300 m í þvermál og um 45 m djúpt. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti innan Reykjanesfólkvangs.

3. **Gígasvæði vestan í Vesturhálsi,** Vatnsleysustrandarhr., Gull., Grindavík. (1) Um 1 km breitt gígasvæði á vestanverðum hálsinum liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Tröllladyngju til Selsvalla. (2) Mikið gígasvæði, a. m. k. 4 gígaraðir og stórir, fallegir gjallgígar klæddir mosakápu, þ. á. m. Melhóll. Norðan við Selsvelli er Hverinn eini. Við Sogalækinn eru merkilegar selsrústir. (3) Æskilegt að gígarnir og umhverfi þeirra verði sameinað Reykjanesfólkvangi.

4. **Drykkjarsteinn,** Grindavík. (1) Stakur hraunklettur í skarðinu milli Slögu og Langahryggs ofan Ísólfsskála. (2) Tengdur fornum sögnum um ferðir vermanna til Grindavíkur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

5. **Hraunsvík,** Grindavík. (1) Hraunsvík, austan Grindavíkur og Festarfjall. (2) Snotrir sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall, fjölbreytt sjávarlíf. Vinsæll útivistar- og náttúruskoðunarstaður. (3) Landslagsvernd æskileg.

6. **Strandsvæði vestan Grindavíkur,** Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, snotur hraunkantur með sjávartjörnum. (3) Verndun landslags og lífríkis æskileg.

7. **Reykjanestá og umhverfi,** Hafnahr., Gull., Grindavík. (1) Svæðið afmarkast af ströndinni frá Lendingarmel norðan Stóru-Sandvíkur suður fyrir Reykjanestá og þaðan austur á móts við Mölvík, síðan um Sýrfell með norðurjaðri Stampahrauns yngra til sjávar. (2) Sjávarhamrar með fuglalífi, sérkennileg volg sjávartjörn, allmikið hverasvæði og snotrar gígaraðir, Stampar. Vinsælt útivistarsvæði.. (3) Æskilegt að fyrirhuguð mannvirkjagerð og iðnrekstur á svæðinu falli vel að umhverfi og að náttúruverðmætum sé hlíft.

8. **Ósar,** Hafnahr., Miðneshr., Gull. (1) Fjörðurinn með fjörum frá Höfnum norður að Þórshöfn. (2) Grunnsævi með sérstæðu og gróskumiklu botndýralífi. Fjölbreyttar fjörur. Vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda. (3) Forðast ber röskun á lífríki fjarðarins.

9. **Fjörur á Garðskaga,** Miðneshr., Gull. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Hvalsnesi að Útskálum. (2) Fjölbreyttur strandgróður og margs konar fjörur. Lífauðugar sjávartjarnir. Mikið fuglalíf. (3) Verndun landslags og lífríkis æskileg.

10. **Látrar við Hvassahraun,** Vatnsleysustrandarhr., Gull. (1) Ströndin frá Fögruvík að Stekkjarnesi ásamt landsvæði skammt suður fyrir þjóðveginn. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Sjávartjarnir með mismikilli seltu. (3) Friðlýsing æskileg í þágu rannsókna, fræðslu og útivistar.

11. **Straumsvík,** Hafnarfirði. (1) Tjarnir við innanverða Straumsvík og innsti hluti víkurinnar. (2) Ferskar og ísaltar tjarnir í fallegu umhverfi, allmikið fuglalíf. (3) Vernd æskileg gegn frekari röskun.

12. **Hvaleyrarlón,** Hafnarfirði. (1) Hvaleyrarlón og nálæg strandlengja. (2) Leirur. Mjög mikil umferð vaðfugla. (3) Æskilegt er að vernda hinn óspillta hluta lónsins vegna fuglalífs.

13. **Hamarinn,** Hafnarfirði. (1) Hamarinn ofan við miðbæ Hafnarfjarðar. (2) Svipmikil klettaborg í miðjum bæ. Fallegt útsýni. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

14. **Urriðakotsvatn,** Garðabæ. (1) Urriðakotsvatn ásamt hraunræmu norðan vatnsins og mýrlendi sunnan þess. (2) Mýrlendi og gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli. (3) Friðlýsing æskileg.

15. **Búrfell og Búrfellsgjá,** Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin ásamt næsta nágrenni. (2) Eldstöð frá nútíma. Ein sérstæðasta hrauntröð landsins. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti innan Reykjanesfólkvangs.

16. **Tröllabörn við Lækjarbotna,** Kópavogi. (1) Tröllabörn og hraunið næst þeim. (2) Mjög fallegar og reglulegar hraunkúpur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

17. **Bessastaðanes og fjörur á Álftanesi,** Bessastaðahr., Gull., Garðabæ, Hafnarfirði. (1) Strandlengjan frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes og allar tjarnir. (2) Fjölbreyttar fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Friðlýsing æskileg.

18. **Fossvogsbakkar,** Reykjavík. (1) Strandlengja og fjörur í innanverðum Fossvogi. (2) Setlög með skeljum frá síðasta hlýskeiði ísaldar. Leirur með fjölbreyttu lífi. (3) Friðlýsing æskileg.

19. **Öskjuhlíð,** Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegar, Hlíðarfótar og Heyrnleysingjaskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum. (3) Stofnun fólkvangs æskileg.

20. **Tjörnin og Vatnsmýrin,** Reykjavík. (1) Tjarnirnar allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar. (2) Vinsælt útivistarsvæði. Mikið fuglalíf og varpland í miðri borg. (3) Varast ber að raska vatns- og næringarefnabúskap Tjarnarinnar með framkvæmdum á vatnasviði hennar. Vernda ber fuglalíf, m. a. með takmörkun á umferð um Vatnsmýrina um varptímann.

21. **Valhúsahæð, Seltjarnarnesi.** (1) Kollur Valhúsahæðar ofan Skjólbrautar og Stranda. (2) Útsýnishæð í þéttbýli. (3) Landslagsvernd æskileg.

22. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes,** Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggarði. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum. Ríkulegt fuglalíf. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Landslagsvernd æskileg.

23. **Laugarnes,** Reykjavík. (1) Vesturhorn Laugarness. (2) Óröskuð strandlengja með sérkennilegum klettamyndunum. Vinsæll útsýnisstaður. (3) Verndun landslags æskileg.

24. **Laugarás,** Reykjavík. (1) Kollur Laugaráss. (2) Holt með jökulsorfnum grágrýtisklöppum. Útsýnisstaður í þéttbýli. (3) Unnið er að friðlýsingu.

25. **Háubakkar,** Reykjavík. (1) Háubakkar við innanverðan Elliðaárvog að vestan. (2) Setlagaopna með steingerðum skeljum og frjókornum, sem bendir til myndunar á næstsíðasta hlýskeiði. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

26. **Grafarvogur,** Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Mikilvægur viðkomustaður farfugla. (3) Vernd lífríkis æskileg.

27. **Viðey,** Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Vinsælt útivistarsvæði. Söguminjar. (3) Landslagsvernd æskileg.

28. **Eyjar í Kollafirði,** Seltjarnarnes, Kjalarneshr., Kjós. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágar, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda. (3) Vernda ber fuglalíf, m. a. með takmörkun á umferð um varptímann.

29. **Leiruvogur og Varmá,** Mosfellshr., Kjós. (1) Óshólmar Leirvogsár, strandlengja, fjörur og grunnsævi út að Geldinganesi að sunnan og Gunnunesi að norðan. Varmá með bökkum. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, fjörur og mikið fuglalíf. Fundarstaður fágætra plöntutegunda. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi. (3) Friðlýsing æskileg. Hluti svæðisins er þegar friðlýstur (Friðland við Varmárósa).

30. **Tröllafoss,** Mosfellshr., Kjalarneshr., Kjós. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Snotur foss í fallegu gljúfri á vinsælli gönguleið. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

31. **Laxárvogur,** Kjósarhr., Kjós. (1) Vogurinn frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar. (2) Grunnsævi og víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. (3) Fyrirbyggja verður röskun á lífríki vogsins.

32. **Brynjudalur og Botnsdalur,** Kjósarhr., Kjós, Hvalfjarðarstrandarhr., Borg. (1) Svæðið tekur yfir Brynjudal og Botnsdal allt upp fyrir Hvalvatn, fjörur og leirur. Lönd Litla- og Stórabotns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Hæsti foss landsins, Glymur, er í Botnsá. Fjörur og leirur mjög lífauðugar. Mikið fuglalíf. (3) Forðast ber röskun lífríkis og landslags.

33. **Leirárvogur,** Borg. (1) Grunnsævi og leirur frá ósum Leirár að Sléttunesi og Hvítanesi. (2) Víðáttumiklar lífríkar leirur með auðugu smádýralífi. Mikið af vaðfuglum. (3) Forðast ber aðgerðir er breytt geta lífsskilyrðum í voginum.

34. **Reykjadalsá,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Reykjadalsá frá Velli (Árhver) að mótum árinnar við Hvítá. (2) Lygn og gróðurmikil á, sem helst auð að vetrinum vegna frárennslis hvera. Vetrarstöðvar andfugla. Svigðumyndun árinnar er óvenju falleg. (3) Forðast ber mengun, breytingar á hitastigi og landslagsspjöll.

35. **Jarðhitasvæði í Deildartungu,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hvera- og laugasvæði, sem nær frá Kársnesi norður fyrir Deildartunguhver. Tilheyrir landi Deildartungu. (2) Samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum. Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Athyglisverður gróður og dýralíf. (3) Æskilegt að fyrirhuguð mannvirkjagerð á svæðinu falli vel að umhverfi sínu og náttúruverðmætum sé hlíft.

36. **Vellir (Árhver),** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hverinn og nánasta umhverfi. Er á jarðamörkum Sturlureykja og Kjalvararstaða. (2) Goshver í miðri Reykjadalsá. Einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. (3) Nauðsynlegt er að fyrirbyggja röskun á hvernum, og er friðlýsing hans í undirbúningi.

37. **Sudda,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum dýjum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósködduðum laugum í Borgarfirði. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

38. **Hægindakotshver,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hver við bæinn Hægindi. (2) Hver í alfaraleið, dýralíf allfjölbreytt. Nýttur til upphitunar íbúðarhúss en er þó óskemmdur. (3) Forðast ber röskun á hvernum.

39. **Húsafell,** Hálsahr., Borg. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur. Laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs (Friðland í Húsafellsskógi). Landslagsvernd æskileg.

40. **Borgarfjörður utanverður,** Borg., Mýr. (1) Ytri hluti Borgarfjarðar við Faxaflóa frá línu milli Rauðaness og Straumeyrar, suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þormóðssker að Álftanesi á Mýrum. (2) Grunnsævissvæði, sem hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl seinni hluta sumars. (3) Gæta þarf ýtrustu varkárni í meðferð mengandi efna á firðinum og nærliggjandi svæðum.

41. **Langárós,** Borgarhr., Álftaneshr., Mýr. (1) Langárós frá Skuggafossi og Landdeildarhöfða. (2) Einn lengsti og frjósamasti árós landsins. Víðáttumiklar leirur og fitjar með miklu fuglalífi. (3) Forðast ber röskun lífríkis.

42. **Borgarvogur,** Borgarneshr., Mýr. (1) Leirur og fitjar í Borgarvogi norðan Borgarness. (2) Leirusvæði með miklu fuglalífi í næsta nágrenni kaupstaðar. (3) Æskilegt er að tryggja óheft sjávarföll í voginum og koma í veg fyrir mengun og annað sem rýrt getur umhverfið.

43. **Barnafoss-Hraunfossar,** Hálsahr., Borg., Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Fossarnir svo og nánasta nágrenni þeirri í löndum Gilsbakka og Hraunsáss. (2) Hraunfossar spretta fram úr hrauninu í norðurbakka Hvítár á alllöngum kafla neðan við Barnafoss. Mjög sérkennilegir og fagrir fossar. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

44. **Hellar í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Surtshellir, Stefánshellir og Víðgelmir, svo og hraunið hið næsta þeim, Kalmanstungu. (2) Stórir hraunhellar. Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella. (3) Fyrirbyggja þarf bílaumferð á hellisþökunum, svo og annað er getur valdið raski.

45. **Grábrókarhraun og Hreðavatn,** Norðurárdalshr., Mýr. (1) Grábrókarhraun og svæði umhverfis Hreðavatn, tilheyrir Brekku og Hreðavatni. (2) Fagurt umhverfi, enda fjölsótt útivistarsvæði. Grábrókargígar eru friðlýst náttúruvætti. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg og að tryggð sé óheft för gangandi fólks.

46. **Ferjubakkaflói — Hólmavað,** Borgarhr., Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Ferjubakkaflói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum, Ystatunga sunnan Sólheimatungu. . (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis. (3) Æskilegt er, að flóarnir verði ekki ræstir fram.

47. **Hjörsey — Straumfjörður,** Álftaneshr., Hraunhr., Mýr. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur, grunnsævi, fjörur og eyjar að Straumfirði. (2) Leirur og leðjufjörur með miklum gróðri og dýralífi, mikið ber á marhálmi á grunnsævi, mýrlendi og sjávartjarnir. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf. (3) Forðast ber röskun á lífríki.

48. **Löngufjörur,** Mýr., Hnapp. (1) Strandlengjan frá Ökrum í Hraunhr., Mýr., að Sauratjörn í Miklaholtshr., Hnapp. Svæðið nær yfir Hvalseyjar, Akranes, Akraós, Hítarnes, Kaldárós, Melabakka, Löngufjörur, Skógarnes, Tjaldurseyjar, Laxárbakkaflóa, Glámsflóa og Sauratjörn. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur og sandfjörur. Mörg sker og eyjar. Blautir brokflóar. Mjög mikilvægt svæði fyrir fuglalíf, einkum æðarfugl. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

49. **Gerðuberg,** Eyjahr., Hnapp. (1) Stuðlaberg suðvestur af Ytri-Rauðamel. (2) Snoturt stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

50. **Gullborg og Gullborgarhellar,** Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Gullborg ásamt hrauni, sem í eru Borgarhellir, Vegghellir, Flórhellir, auk tveggja nafnlausra hella. Í landi Syðri-Rauðamels, Heggstaða og Hraunholta. (2) Gígur og sérkennilegir hraunhellar með töluverðum dropsteinsmyndunum. (3) Friðlýsing æskileg.

51. **Rauðamelsölkelda,** Eyjahr., Hnapp. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum á landinu. (3) Forðast ber röskun á ölkeldunni og nágrenni hennar.

52. **Ölkelda,** Staðarsveit, Snæf. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, snotur ölkelda. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

53. **Tjörn við Ytri-Garða,** Staðarsveit, Snæf. (1) Tjörnin og votlendi við hana sunnan við bæinn. (2) Mikill gróður er í tjörninni og umhverfis hana, og finnast þar sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf. (3) Æskilegt að tjörnin fái að haldast í núverandi mynd.

54. **Lýsuhóll,** Staðarsveit, Snæf. (1) Hallamýri, laug og kalkútfellingar við Lýsuhól. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina. (3) Friðlýsing æskileg.

55. **Undir Jökli,** Breiðuvíkurhr., Snæf. (1) Lönd allmargra býla vestan Snæfellsjökuls frá Skarðsvík að norðan að Dagverðará að sunnan. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag við rætur tignarlegs eldfjalls. (3) Undirbúningur er hafinn að friðlýsingu svæðisins.

56. **Kerlingarfoss,** Neshr., Snæf. (1) Kerlingarfoss suðaustur af Ingjaldshóli og umgjörð hans. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergsþili til beggja handa. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

57. **Búlandshöfði,** Fróðárhr., Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í Búlandshöfða. (2) Af jarðlögum þessum varð fyrst ráðið, að ísöldin var ekki samfelldur fimbulvetur. Töluvert er þar af steingerðum skeljum. (3) Forðast ber að raska þessum jarðlögum.

58. **Stöð (Brimlárhöfði),** Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Setlög með skeljum og blaðförum, sem myndast hafa á hlýskeiði á ísöld. (3) Forðast ber hverskonar rask.

59. **Kvernárkampur,** Eyrarsveit, Snæf. (1) Kvernárkampur (Grundarkampur) fyrir botni Grundarfjarðar. (2) Fallegur malarkambur, hindrar landbrot í landareign Kvernár. (3) Æskilegt að efnistaka spilli ekki heildarsvip kambsins.

60. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn,** Helgafellssveit, Snæf. (1) Berserkjahraun og Hraunsfjörður ásamt Hraunsfjarðarvatni, Baulárvallavatni, Selsvatni og Hraunsholtsvatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Veiðivötn. Svæðið er í heild kjörið til útivistar. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg. Efnistöku úr gíghólum í hrauninu þarf að binda við ákveðna staði.

61. **Helgafell,** Helgafellssveit, Snæf. (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennilegt klettaholt, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

62. **Fjörur í Álftafirði, Vigrafirði og Hofsstaðavogi,** Helgafellssveit, Skógarstrandarhr., Snæf. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði á móts við Helgafellseyjar og í Hofsstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla. (3) Forðast ber röskun lífríkis.

63. **Breiðafjarðareyjar,** Snæf., Dal., A.- og V.-Barð. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, selalátur, auðugar fjörur. (3) Æskilegt að settar séu reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis, bæði frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, búsetu og hlunninda.

64. **Saltadý,** Haukadalshr., Dal. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug og óvenjulegt gróðurfar, sjávarfitjungar inni í landi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

65. **Tungustapi,** Hvammshr., Dal. (1) Stapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum. (3) Forðast ber hverskonar rask á stapanum og næsta nágrenni hans.

66. **Ásmóðarey,** Skarðshr., Dal. (1) Ásmóðarey, ásamt Svartbakaskeri um 5 km út af Skarðsströnd. (2) Eyjar með fjölskrúðugu fuglalífi. (3) Friðlýsing æskileg.

67. **Skeljaleifar í Kaldrana,** Saurbæjarhr., Dal. (1) Fundarstaðir skeljaleifa í Kaldrana og á ströndinni austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar. Einn af fáum fundarstöðum jökultoddu hér á landi. (3) Æskilegt að sem minnst verði hróflað við þessum jarðlögum.

68. **Borgarland,** Reykhólahr., A.-Barð. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi. (3) Landslagsvernd æskileg.

69. **Fjörur í Berufirði,** Reykhólahr., A.-Barð. (1) Fjörur í Berufirði öllum út að Bjartmarssteini að austan og Börmum að vestan. (2) Miklar leirur og þangfjörur með löndum. Leirurnar eru meðal hinna lífmestu við norðanverðan Breiðafjörð. (3) Æskilegt er að stefna að varðveislu Berufjarðar í núverandi mynd.

70. **Norðurströnd Þorskafjarðar,** Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir við norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Miklar fjörur og fjölbreytt landslag. Ofan strandar tekur við skógur. Svæðið er mjög gott sýnishorn af þeirri landslagsgerð, þar sem skiptast á þangivaxnir klettagangar og leirur. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

71. **Fjörur í Djúpafirði,** Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur í Djúpafirði öllum út að Grónesi og Hallsteinsnesi. (2) Mjög víðlendar, fjölbreytilegar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. (3) Forðast ber röskun lífríkis.

72. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes,** Múlahr., A.-Barð., Barðastr.hr., V.-Barð. (1) Svæðið milli Hjarðarness og Vattarfjarðar. Að norðan liggja mörkin um Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum og fuglabjarg í Múlanesi. (3) Æskilegt að landslag og lífríki njóti verndar.

73. **Oddbjarnarsker,** Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Lítil eyja um 11 km VSV af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki og minjar um horfna útgerð. (3) Friðlýsing æskileg.

74. **Sauðeyjar,** Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Eyjaklasi undan Vatnsfirði, í eigu Haga. (2) Fagrar og sérstæðar eyjar, bæði hvað varðar landslag og lífríki. (3) Friðlýsing æskileg.

75. **Bæjarvaðall,** Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Leirur í Bæjarvaðli, Rif og Melanesrif. (2) Víðáttumiklar, sléttar, rauðleitar skeljasandsfjörur með fjölbreyttu dýralífi. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

76. **Látrabjarg,** Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Sjávarbjörgin frá Bjargtöngum allt austur að Brimnesi, svo og landspilda ofan þeirra. (2) Há, þverhnípt björg. Mesta fuglabjarg við Norður-Atlantshaf. (3) Forðast ber hverskonar röskun í bjarginu eða við það.

77. **Þórishlíðarfjall,** Ketildalahr., V.-Barð. (1) Jarðlög með blaðförum í Þórishlíðarfjalli við Selárdal. (2) Einna elstu minjar um gróðurfar hérlendis. (3) Forðast ber hverskonar rask og brottflutning steingervinga.

78. **Geirþjófsfjörður,** Suðurfjarðarhr., V.-Barð. (1) Geirþjófsfjörður austan Krosseyrartanga og Ófæruness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður og skóglendi. Frægar söguslóðir. (3) Gróður- og landslagsvernd æskileg.

79. **Holtsengi og Vöð,** Önundarfirði, V.-Ís. (1) Innsti hluti Önundarfjarðar, fyrir innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og Bjarnardalsóss. (2) Fjölbreytilegt landslag og lífríki. (3) Landslagsvernd æskileg.

80. **Botn í Súgandafirði,** Suðureyrarhr., V.-Ís. (1) Ysti hluti Botnslands inn að Gyltuskarði, ásamt hlíðum. (2) Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra plöntuleifa. Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis. (3) Forðast ber töku surtarbrands og steingervinga. Stofnun fólkvangs æskileg.

81. **Seljalandsdalur og Tungudalur,** Skutulsfirði, N.-Ís. (1) Dalirnir frá eggjum Eyrarfjalls, að hreppamörkum á Botnsheiði, um Austmannafall og Hnífa yfir Tunguá við Tunguskóg og þaðan á Skíðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, skógur, gil, ár og fossar. Ákjósanlegt útivistarsvæði. (3) Stofnun fólkvangs er í undirbúningi.

82. **Arnarnes,** N.-Ís. (1) Ströndin við Arnarnes frá Stóra-Bás í Skutulsfirði, fyrir nesið um Vébjarnareyri inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf. Leifar gamalla verbúða. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

83. **Botn Ísafjarðar,** Reykjarfjarðarhr., N-Ís. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Gróskumiklar brekkur. Einn helsti vaxtarstaður þyrnirósar hér á landi. (3) Gróðurvernd æskileg.

84. **Reykjanes við Ísafjörð,** Reykjarfjarðarhr., N-Ís. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir og fjölskrúðugt fuglalíf. Sögulegar minjar. (3) Landslagsvernd æskileg.

85. **Kaldalón,** Snæfjallahr., N-Ís. (1) Allt undirlendið norðan akvegar með hlíðum upp að fjallsbrúnum. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. (3) Friðlýsing æskileg.

86. **Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps,** N.-Ís. (1) Svæðið sunnan Skorarheiðar að mörkum hins forna Grunnavíkurhrepps frá Geirólfsnúp að vesturjaðri Drangajökuls. Að vestan ræður jökuljaðar og síðan Jökulsá til sjávar í Leirufirði. (2) Hrikaleg fjöll og sérstæð náttúrufegurð ásamt fjölskrúðugu lífi. (3) Í athugun er að friðlýsa þetta svæði og stækka þannig Hornstrandafriðland.

87. **Tröllatunga,** Kirkjubólshr., Strand. (1) Steingervingalög við Grýlufoss í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Fundarstaður steingerðra plantna frá tertíer. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

88. **Húsavíkurkleif,** Kirkjubólshr., Strand. (1) Opna í millilag í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Einn helsti fundarstaður tertíersteingervinga hér á landi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

89. **Mókollsdalur,** Óspakseyrarhr., Strand. (1) Steingervingalög í Mókollsdal og Hrútagili í landi Þrúðardals. (2) Fundarstaður steingerðra plantna og skordýra frá tertíer. (3) Forðast ber hverskonar rask og brottflutning steingervinga.

90. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrútafirði,** Bæjarhr., Strand. (1)Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Fundarstaður nákuðungs og annarra skeljaleifa frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu fyrir 4—5000 árum. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

91. **Hindisvík,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta selalátur á Norðurlandi. (3) Nauðsynlegt er að viðhalda þeirri vernd, sem eigendur hafa veitt þessu svæði.

92. **Hvítserkur,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Hvítserkur og næsta umhverfi. (2) Sérkennilegur berggangur í sjó. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

93. **Björg,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Svæðið milli Vesturhópsvatns og Sigríðarstaðavatns að vestan og Hóps og Víðidalsár að austan. Tilheyrir jörðunum Litlu- og Stóru-Borg, Ásbjarnarnesi, Vatnsenda, Þorfinnsstöðum og Sigríðarstöðum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, björg, stöðuvötn, sandar og mýrlendi. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, svo sem Borgarvirki. (3) Friðlýsing æskileg.

94. **Kerafossar,** Þorkelshólshr., V-Hún. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjaá í Víðidal. (2) Fríðir fossar og flúðir. Skessukatlamyndanir. (3) Forðast ber breytingar á vatnasviði árinnar.

95. **Kolugil,** Þorkelshólshr., V-Hún. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá, Víðidal. (2) Þröngt og djúpt gljúfur víða gróðurríkt með fallegum fossum, Kolugilsfossum. Efsti fossinn er meðal stærstu fossa Húnaþings. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

96. **Bakkabrúnir,** Víðidal, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þykkt setlag með steingervingum frá einu af hlýskeiðum ísaldar. Mikilvægt svæði fyrir jarðfræðirannsóknir. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum.

97. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará,** Áshr., A.-Hún. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss, í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum. Surtarbrandur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

98. **Vatnsdalshólar,** Sveinsstaðahr., A.-Hún. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Ótölulegur fjöldi framhlaupshóla auk flæðiengja og nokkurra tjarna. (3) Friðlýsing æskileg.

99. **Eylendið,** Sveinsstaðahr., Torfalækjarhr., A.-Hún. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum, flæðimýrar frá Giljáreyrum suður undir Hnausa, Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar með fjölbreyttu lífi. (3) Stofnun friðlands æskileg.

100. **Kálfshamarsvík á Skaga,** Skagahr., A.-Hún. (1) Nesin Framnes og Kálfshamarsnes, ásamt strandlengju Kálfshamarsvíkur suður fyrir Kálfshamar. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum. Inn af víkinni er lón með varphólma. (3) Forðast ber rask á jarðmyndunum.

101. **Blöndugil og Rugludalur,** Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Árgljúfur Blöndu frá Galtabólstungu niður undir Þröm ásamt Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

102. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara,** Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Vötnin ásamt hólmum og nánasta umhverfi. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í eyjum. (3) Vernd lífríkis æskileg.

103. **Botn Hofsárdals,** Skag. (1) Innsti hluti Hofsárdals (Vesturdals) innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilega gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá. Umhverfi Hraunþúfuklausturs. (3) Landslagsvernd æskileg.

104. **Kotagil og Skeljungssteinn,** Akrahr., Skag. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur allangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi, sem þar kemur í ljós, svo og Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

105. **Austara-Eylendið,** Rípurhr., Viðvíkurhr., Skag. (1) Garðsvatn, Garðsengi, Ásvatn og mýrlendi austur af Ríp. Hrísey, Úlfsnes og fleiri eyjar í Austari-Héraðsvötnum. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður. (3) Friðlýsing æskileg og hefting sandfoks við ósa Austari-Héraðsvatna.

106. **Ketubjörg á Skaga,** Skefilsstaðahr., Skag. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá kvarter. (3) Vernd landslags æskileg.

107. **Drangey,** Skag. (1) Drangey ásamt Kerlingu og næsta nágrenni. (2) Há, þverhnípt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

108. **Höfðavatn og Þórðarhöfði,** Hofshr., Skag. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn við sjó, seltuáhrif. Fjölbreytt og auðugt lífríki. (3) Vernd lífríkis æskileg.

109. **Reykjarhóll á Bökkum,** Haganeshr., Skag. (1) Hóll í landi Reykjarhóls og nánasta umhverfi. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

110. **Hraunsvatn og umhverfi,** Öxnadalshr., Eyf. (1) Hraunsvatn, Vatnsdalur, Háafjall, Hraunshraun og Hólahólar. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, Hraundrangar. (3) Landslagsvernd æskileg.

111. **Leyningshólar og Hólahólar,** Saurbæjarhr., Eyf. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingsdals í innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og stöðuvötnum. Skógarleifar. Fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

112. **Hólmarnir,** Akureyri, Öngulsstaðahr., Eyf. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár og flæðimýrar sitt hvoru megin árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf. (3) Friðlýsing æskileg.

113. **Glerárgil,** Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Árgil Glerár frá stíflu Glerárvirkjunar upp á móts við Hlífá á Glerárdal. Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

114. **Skipalón,** Glæsibæjarhr., Arnarneshr., Eyf. (1) Mýri og tjörn við Skipalón, ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. (2) Flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar. (3) Forðast ber röskun á lífríki og fornminjum.

115. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda,** S.-Þing. (1) Látraströnd, Í Fjörðum, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk hugsast dregin um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. (3) Stofnun friðlands æskileg, einkum vegna útivistar og náttúruskoðunar.

116. **Ljósavatn og umhverfi,** Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Ljósavatn ásamt fjallshlíðum sitt hvoru megin, milli Merkjárgils og Kross að austan, en Kambs og Geitár að vestan. (2) Fjölbreytt landslag; stöðuvatn, stórt framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

117. **Þingey og umhverfi,** Ljósavatnshr., Reykdælahr., S.-Þing. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey og ofangreindar eyjar. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, og gróðurríkar eyjar. Söguhelgi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

118. **Goðafoss,** Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Fossinn og gljúfrið þar neðan við, svo og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn fegursti foss landsins. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

119. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss,** Bárðdælahr., S.-Þing. (1) Fossasyrpa í Skjálfandafljóti og umhverfi. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið. (3) Friðlýsing æskileg.

120. **Varastaðaskógur,** Reykdælahr., S.-Þing. (1) Skógur í landi Ljótsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur nokkru fyrir innan bæinn. (3) Svæðið er að hluta friðlýst, skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár og er æskilegt að skógurinn verði allur friðlýstur.

121. **Halldórsstaðir,** Reykdælahr., S.-Þing. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt, lítt raskað landslag neðan frá Laxá og upp í heiði. (3) Stefnt er að friðun, m. a. í þágu rannsókna.

122. **Gervigígaþyrpingar í Aðaldal,** Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlstaði, Tjörn og Knútsstaði. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra. (3) Knútsstaðaborgir friðlýsist sem náttúruvætti og annars staðar þarf að binda efnistöku við ákveðna staði.

123. **Votlendi á Sandi og Sílalæk,** Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn og víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

124. **Tjörneslögin,** Tjörneshr., S.-Þing. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir Breiðuvík. (2) Í sjávarbökkunum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld. Eru þar bæði skeljar og surtarbrandur. (3) Æskilegt er, að sem minnst verði hróflað við þessum jarðlögum.

125. **Voladalur,** Tjörneshr., S.-Þing. (1) Nesið milli Sandvíkur og Breiðuvíkur. (2) Lundabyggð og sérkennileg móbergshamraströnd. (3) Gera þarf ráðstafanir til verndar lundabyggðinni.

126. **Tungnafellsjökull og umhverfi.** (1)Jökullinn og svæðið umhverfis, með Nýjadal (Jökuldal), Tómasarhaga svo og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. (3) Stofnun friðlands æskileg m. a. vegna útivistar og náttúruskoðunar.

127. **Laufrönd og Neðri-Botnar,** S.-Þing. (1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns. (2) Gróðursælt umhverfi lindavatna í 7—800 m y. s. (3) Gróðurvernd æskileg.

128. **Gæsavötn við Gæsahnjúk,** S.-Þing. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns norðvestan Vatnajökuls og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin í um 920 m y. s. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

129. **Jökulsárgljúfur, austan ár,** Öxarfjarðarhr., N.-Þing. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Dettifossi í suðri, og norður að brú við Ferjubakka, austurmörk um Litla-Byrgi, Kjalarás, Sauðafell og Rauðhól. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. (3) Æskilegt að þetta landsvæði verði hluti af þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

130. **Votlendi við Öxarfjörð,** Kelduneshr., N.-Þing. (1) Lón, Víkingavatn, Arnarneslón, Litlaá (Stórá), Skógakíll og Skógalón, ásamt nálægum mýrum. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Starengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

131. **Röndin við Kópasker,** Presthólahr., N.-Þing. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum og jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum.

132. **Kverkfjöll — Krepputunga,** N.-Múl. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu og suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum. Jarðhitasvæði í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar. (3) Friðlýsing í undirbúningi til viðbótar friðlandi í Hvannalindum.

133. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall,** Skeggjastaðahr., N.-Múl. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert svæði með tilliti til gróðurfars. (3) Landslagsvernd æskileg.

134. **Fuglabjarganes,** Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Strönd Fuglabjarganess í Vopnafirði. Nær frá Litlutá í norðri að Hámundarstöðum í suðri. (2) Fögur og fjölbreytt strönd. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags- og lífríkis æskileg.

135. **Nípslón og Skógalón,** Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Leirur og grunnsævi í Nípslóni og Skógalóni inn af Nípsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni. (3) Æskilegt er að vernda lónin í núverandi mynd og forðast aðgerðir, er hefta kynnu vatnsskipti milli Skógalóns og sjávar.

136. **Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa,** Vopnafjarðarhr., Hlíðarhr., N.-Múl. (1) Skaginn utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá frá og með Fagradal og Landsenda, Bjarnarey. (2) Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Gróður með útnesjasvip. Í Bjarnarey dvaldi um skeið Jón Guðmundsson lærði. (3) Landslagsvernd æskileg.

137. **Stuðlafoss,** Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Stuðlafoss hjá samnefndum bæ á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

138. **Hafrahvammagljúfur,** Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Gljúfur Jökulsár á Brú við Hafrahvamma frá Dysjará (Desjará) að Tröllagili og gljúfur Dysjarár upp fyrir foss. (2) Eitt hrikalegasta gljúfur landsins og gróðursælir hvammar meðfram því, Hafrahvammar, Drangahvammar og Glámshvammar með Magnahelli og Sauðárgígar. (3) Landslagsvernd æskileg.

139. **Eyjabakkar,** Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Upptakasvæði Jökulsár í Fljótsdal frá Eyjabakkafossi inn að Eyjabakkajökli. (2) Óvenjugrösugt votlendi í um 650 m hæð með fjölda tjarna á hólmum milli kvísla Jökulsár og beggja vegna árinnar. Jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Svipmikið landslag við rætur Snæfells. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

140. **Ranaskógur og Gilsárgil,** Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gilsárgil og Ranaskógur frá brekkurótum ofan við Gilsáreyri upp í mynni Gilsárdals. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur. (3) Friðlýsing æskileg, en hefðbundnar nytjar, svo sem hófleg beit, haldist óskertar.

141. **Hengifossárgljúfur,** Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi ásamt 50 m breiðri spildu meðfram því. Tilheyrir Melum og Hjarðarbóli. (2) Þriðji hæsti foss landsins. Sérstæð umgerð og setlög með plöntusteingervingum. Stuðlabergið við Litlanesfoss er óvenjufagurt. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

142. **Votlendi í Hjaltastaðaþinghá,** Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Flóar (blár), með vötnum og tjörnum fram með Selfljóti beggja vegna frá Hjaltastað og Bóndastöðum út að Klúku og Sandbrekku. Einnig tjarnaland austan við Gagnstöð sunnan þjóðvegar og Nýjagras í landi Hólsbæja austan við ós Lagarfljóts. (2) Víðáttumikil votlendissvæði, marflatir og mjög blautir flóar með kílum og tjörnum, mikið til óframræst. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

143. **Hrafnabjörg,** Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stórurð og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup og fjölbreytt og sérstætt landslag fram með Selfljóti. (3) Æskilegt að landslagi verði ekki raskað.

144. **Loðmundarfjörður og Víkur,** Borgarfjarðarhr., N.-Múl. (1) Svæðið frá Hafnarbjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar. Til landsins ráða vatnaskil. (2) Víðlendar og fjölbreytilegar eyðibyggðir með litríkum bergmyndunum (líparíti) og kjarnmiklum og fjölskrúðugum gróðri. (3) Landslagsvernd æskileg.

145. **Vestdalur og Vestdalseyri,** Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vestdalur ásamt Vestdalseyri frá Háubökkum að Innri-Grýtuá. (2) Grösugt dalverpi norðan undir Bjólfi og eyri með minjum um byggð. (3) Æskilegt útivistarsvæði fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Stofnun fólkvangs í athugun.

146. **Austdalur,** Seyðisfjarðarhr., N.-Múl. (1) Dalurinn beggja vegna Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals, að vatnaskilum. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum. Gott berjaland. (3) Verndun landslags og hlífð við gróður æskileg.

147. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil,** Egilsstaðahr., S.-Múl. (1) Eyvindarárgil ofan brúar á Úthéraðsvegi. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfhóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. (3) Vernd landslags æskileg.

148. **Fjarðardalur,** Mjóafjarðarhr., S.-Múl. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum (í eyði) í botni Mjóafjarðar, að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar (Klifbrekkufossar) í Fjarðará. (3) Verndun landslags og gróðurs æskileg.

149. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir,** Norðfjarðarhr., S.-Múl. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máríánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarrivaxnar hlíðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. (3) Gott land til útivistar. Verndun landslags æskileg svo og gróðurfriðun á hluta landsins.

150. **Þingmúli í Skriðdal,** Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá jarðamörkum við Birkihlíð og Hátún að innan, út að ármótum. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar. Þjóðminjar sumpart friðlýstar innan túns í Þingmúla. (3) Vernd landslags æskileg.

151. **Vatnsskógar, Skriðuvatn og Haugahólar,** Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Skriðuvatn og umhverfi þess, í landi Vatnsskóga og Hauga. (2) Stórbrotið framhlaup, lífríkt vatn með gróðursælu umhverfi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

152. **Skrúður,** Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Eyjan er í landi Vattarness. (2) Klettaeyja með kjarnmiklum gróðri og miklu fuglalífi. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

153. **Sandfell í Fáskrúðsfirði,** Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis með næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, sem er hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

154. **Blábjörg við Berufjörð,** Beruneshr., S.-Múl. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann, og tveimur hólmum utar, Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikrubergslagi og mynda með tanga og hólmum fallega heild. (3) Friðlýsing æskileg.

155. **Hálsar og Hálsarætur** við Djúpavog, Búlandshr., S.-Múl. (1) Hálsar og svæðið ofan þjóðvegar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með að norðan á móts við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum kömbum (berggöngum) skógarreit og góðum gróðurskilyrðum mót suðri. (3) Fyrirhugað útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs. Gróðurvernd æskileg.

156. **Papey,** Búlandshr., S.-Múl. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi. (3) Friðlýsing æskileg.

157. **Álftafjörður,** Geithellnahr., S.-Múl. (1) Syðri hluti Álftafjarðar sunnan Brimilsness. (2) Víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. (3) Forðast ber röskun á lífríki.

158. **Hofsdalur og Tunga (Hofstunga),** Geithellnahr., S.-Múl. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Suðurár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir snotrir fossar, einkum í Hofsá og tvö vötn inn undir Hofsjökli. (3) Vernd landslags og hlíð við skóglendi æskileg.

159. **Hvalnes,** Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Jörðin Hvalnes í Lóni. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi. (3) Landslagsvernd æskileg.

160. **Lónsfjörður,** A.-Skaft. (1) Fjörðurinn og strandlengjan við hann, svo og Fen við Hraunkot. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. (3) Æskilegt er, að svæðið fái að haldast í núverandi mynd.

161. **Þórisdalur,** Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni, vestan þjóðvegar milli Laxár, Jökulsár og Skyndidalsár. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Skóglendi (Dalsskógur) í norðanverðum Laxárdal. (3) Friðlýsing æskileg vegna útivistar og tengsla við friðlandið á Lónsöræfum.

162. **Laxárdalur,** Nesjahr., A.-Skaft. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og tveimur vötnum. Talsvert fuglalíf. (3) Friðlýsing æskileg.

163. **Skarðsfjörður,** A.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Skarðsfirði öllum. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. (3) Æskilegt er að halda svæðinu í núverandi mynd.

164. **Álaugareyjarþúfa,** Hafnarhr., A-Skaft. (1) Kletthöfði, gróinn hið efra, í Álaugarey við höfnina á Höfn. (2) Sunnan í höfðanum er gangur (eldrás), sem virðist tengjast hraunlagi í kolli höfðans. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

165. **Ósland,** Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Vesturhluti samnefnds tanga inn af Hornafjarðarósi. (2) Höfði sunnan hans og tjörn með votlendiskraga og fuglalífi. Á tanganum finnast för eftir trjáboli. (3) Stefnt er að friðlýsingu innan ramma skipulags Hafnar.

166. **Baulutjörn,** Mýrahr., A.-Skaft. (1) Baulutjörn á Mýrum, Hornafirði, ásamt nánasta umhverfi. (2) Óvenju lífrík tjörn í votlendi. Mikið fuglalíf. (3) Æskilegt að lífríki fái að haldast í núverandi mynd.

167. **Viðborðsdalur,** Mýrahr., A.-Skaft. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkisheiði frá Selhvammi að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2) Stórbrotið landslag með kjarrlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum. (3) Landslagsvernd æskileg.

168. **Steinadalur og Staðarfjall,** Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum (Þverártindsegg), hrikalegu gljúfri (Klukkugili) og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli. (3) Vernd landslags og gróðurs æskileg.

169. **Breiðamerkursandur,** Borgarhafnarhr., Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandurinn milli Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til ystu fjörumarka. Tilheyrir Felli, Breiðá, Fjalli og Kvískerjum. (2) Jökulsáraurar og ýmsar jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Mikið skúmsvarp, en einnig er mikið um aðra fugla, og sel við fjörur. (3) Friðlýsing æskileg.

170. **Hamrar milli Gljúfursár og Hnappavalla,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri og austur undir Hnappavelli. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar með grónum syllum. (3) Landslagsvernd æskileg.

171. **Stóralda,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Aldan sjálf, svo og næsta umhverfi hennar. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

172. **Svínafellslögin,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Setlög með blaðförum neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Sandsteinslög frá hlýskeiði á ísöld með blaðförum margra tegunda. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

173. **Núpsstaðarskógur og Grænalón,** Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Svæði milli Skeiðarárjökuls og Núpsár frá Skeiðarársandi norður í Grænafjall. (2) Sérstætt svæði um náttúrufar og fegurð. (3) Æskilegt er að friðlýsa þetta svæði og tengja þjóðgarðinum í Skaftafelli.

174. **Dverghamrar,** Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Hamrarnir og nágrenni þeirra í landi Foss. (2) Mjög sérkennilegir stuðlabergshamrar. Fornt brimklif. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

175. **Kirkjugólf,** Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Kirkjugólfið við Kirkjubæjarklaustur og næsta nágrenni þess. (2) Sérkennilegur sléttur stuðlabergsfláki í túni. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

176. **Fjaðrárgljúfur,** Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Gljúfrið og nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

177. **Steinsmýrarflóð,** Leiðvallahr., V.-Skaft. (1) Krókssef og votlendi við Steinsmýri, Fljótakrók og Fljóta, ásamt jaðri Eldhrauns. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf, m. a. aðalvarpstöðvar keldusvíns hérlendis. (3) Friðlýsing æskileg.

178. **Syðsti hluti Reynisfjalls, Reynisdrangar og Hellnaskagi,** Hvammshr., V.-Skaft.(1) Reynisfjall upp að efstu brúnum, uppyfir bænum Garðar að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Á Hellnaskaga eru gamlar bæjarrústir og hellir Jóns Steingrímssonar. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags- og lífríkis æskileg.

179. **Skammadalskambar í Mýrdal,** Hvammshr., V.-Skaft. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshól, þar sem skeljaleifar er að finna. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum (hnyðlingum) á dreif um móbergið. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum og brottflutning steingervinga.

180. **Eyjarhóll,** Dyrhólahr., V.-Skaft. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið jarðsilsbrekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur Keilulaga blágrýtishóll. Í suðurhlíð Péturseyjar er afar sérstætt stallalandslag vegna jarðsils (solifluction). (3)Landslagsvernd æskileg.

181. **Eldgjá,** V.-Skaft. (1) Norðurhluti Eldgjár á Skaftártunguafrétti milli Gjátinds og Móraúðavatnshnjúka. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot. Landslag hrikafagurt og fjölbreytilegt, og er þar mörg merkileg náttúrusmíð. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

182. **Kvernugil,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Gljúfur með fögrum fossi, Kvernufossi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

183. **Skógafoss,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossinn og næsta nágrenni hans. Er í landi Skóga. (2) Fossinn, sem er um 60 m hár, er meðal fegurstu fossa landsins. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

184. **Drangurinn í Drangshlíð,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, setur mikinn svip á umhverfið. Fjárhús og hlaða eru byggð inn í dranginn og er æskilegt að hús þessi komist undir vernd Þjóðminjasafns. (3) Friðlýsing æskileg.

185. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi,** V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossarnir tveir, svo og næsta umhverfi þeirra. (2) Fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

186. **Litli- og Stóri-Dímon,** V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Höfðarnir Litli- og Stóri-Dímon í landi Eyvindarkots. (2) Stakir móbergshöfðar, svipmiklir landslagsþættir. (3) Landslagsvernd æskileg.

187. **Þórsmörk,** Rang. (1) Þórsmörk, almenningar og afréttirnir sunnan Krossár, vestur að Jökultungum. (2) Vinsælt útivistarsvæði. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla. (3) Friðlýsing æskileg.

188. **Bleiksárgljúfur,** Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Gljúfrið ásamt fossum og nánasta umhverfi. (2) Þröngt og djúpt gljúfur. Skógur í gljúfurbrúnum og fjölbreyttur gróður. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

189. **Merkjárfoss (Gluggafoss),** Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Merkjárfoss í Merkjá rétt vestan við Múlakot, ásamt nánasta umhverfi. (2) Hár og fríður foss í fögru umhverfi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

190. **Skúmsstaðavatn,** V.-Landeyjahr., Rang. (1) Skúmsstaðavatn, votlendi sunnan þess og vestan, ofan Rangársands milli Grímsstaða og Klaufar, Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf. (3) Æskilegt er, að landslag og lífríki fái að haldast í núverandi mynd.

191. **Oddaflóð,** Rangárvallahr., Rang. (1) Oddaflóð norður undir Selalæk, Hólmaflóð, Eyrartjörn og nálægar mýrar, Bakkar og Oddaeyrar. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari og miklu og fjölbreyttu fuglalífi. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

192. **Safamýri,** Ásahr., Djúpárhr., Rang. (1) Frakkavatn, Kringlutjörn, Kálfslækur og nálæg votlendi. (2) Gróðurmikil vötn, mýrlendi. Mikilvægur viðkomustaður farfugla. (3) Landslagsvernd og alfriðun fugla æskileg.

193. **Veiðivötn,** Rang. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra, milli Vatnaalda og Snjóöldufjallgarðs suður að Tungnaá og norður að Svartakambi. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki á hálendi. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Friðlýsing æskileg.

194. **Kerlingarfjöll,** Árn. (1) Fjallaklasi á afrétti Biskupstungnamanna. (2) Stórbrotið landslag og mikill jarðhiti. Svæðið er vinsælt til skíðaiðkana og gönguferða. (3) Landslagsvernd æskileg.

195. **Fossar í Þjórsárdal,** Gnúpverjahr., Árn. (1) Hjálparfoss, Gjárfoss, Háifoss og Granni, ásamt nánasta umhverfi þeirra. (2) Háifoss með Granna er talinn næsthæsti foss landsins. Hjálparfoss og Gjárfoss eru fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

196. **Helgafell og Eldfell,** Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og „Flakkarinn" við Skans. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands. (3) Landslagsvernd æskileg.

197. **Pollengi,** Biskupstungnahr., Árn. (1) Pollengi allt norður og austur undir Krók og Galtalæk. Tunguey og Hrosshagavík. (2) Margvísleg votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi. (3) Svæðið er svo til ósnortið, og er æskilegt að svo verði áfram.

198. **Brúarhlöð,** Hrunamannahr., og Biskupstungnahr., Árn. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá — Fossá), ásamt um 200 m belti beggja vegna árinnar. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógi vöxnum bökkum. (3) Forðast ber röskun á gróðri og jarðmyndunum.

199. **Austurbakki Hvítárgljúfurs,** Biskupstungnahr., Árn. (1) Austurbakki Hvítárgljúfurs, ásamt um 1 km breiðri spildu austur af því, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag með skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins. (3) Æskilegt að svæðið verði hluti af friðlandinu við Gullfoss.

200. **Þjófadalir og Jökulkrókur,** Biskupstungnahr., Árn. (1) Þjófadalir, ásamt jökulvana landi vestur að Langjökli. Að norðanverðu liggja mörkin um Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austanverðu og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnanverðu. (2) Grösug dalverpi í yfir 600 m y. s. Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

201. **Laugarvatn,** Laugardalshr., Árn. (1) Vatnið, bakkar þess, mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við vatnið. (2) Stöðuvatn og votlendi umhverfis það, að einhverju leyti undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður og fundarstaður sjaldgæfra jurta. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

202. **Tintron,** Laugardalshr., Árn. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóra-Dímon. (2) Um 20 m djúpur hraunketill. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

203. **Kerið,** Grímsneshr., Árn. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur sprengigígur í gjallgígaþyrpingu, við þjóðbraut. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

204. **Bæjarvatn,** Gaulverjabæjarhr., Árn. (1) Bæjarvatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa, ásamt bökkum. (2) Grunnt stöðuvatn. Fundarstaður fágætrar vatnajurtar. (3) Vernd lífríkis æskileg.

205. **Hraunbollar,** Selfossi, Árn. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir hraunbollar, sem vakið hafa athygli jarðfræðinga. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

206. **Fjörur við Eyrarbakka og Stokkseyri,** Eyrarbakkahr., Stokkseyrarhr., Árn. (1) Strandlengjan frá Ölfusárósi austur að Baugsstaðasíki. Fjörur og 100 m breið landspilda ofan flóðmarka. (2) Mikið líf og fjölskrúðugt. Svæðið er vinsælt til útivistar og náttúruskoðunar. (3) Landslagsvernd æskileg.

207. **Hraun,** Eyrarbakkahr., Árn. (1) Spilda austan Gamla-Hrauns milli vegar og stórstraumsfjörumarka austur að Skerflóðsósi. (2) Helsti varpstaður þórshana hér á landi, fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi. Fundarstaður fágætrar plöntutegundar. (3) Friðlýsing í undirbúningi.

208. **Grýla (Grýta),** Ölfusi, Árn. (1) Hverinn Grýla í Hveragerði og nánasta umhverfi hans. (2) Einn af fáum goshverum á landinu. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

209. **Ölfusforir,** Ölfushr., Árn. (1) Ölfusforir, austan flotgröfuskurðar og vestan vestustu kvíslar Ölfusár og Gljúfurár, suður að Hrauni og norður að Vatnatjörn og Opnum. Þorleifslækur og Varmá. (2) Víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.

210. **Fjörumörk við Hjalla,** Ölfushr., Árn. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnullungafjara í um 55 m y. s. (3) Svæðið hefur látið á sjá vegna efnistöku, forðast ber frekari röskun.

211. **Raufarhólshellir,** Ölfushr., Árn. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Langur hraunhellir. (3) Nokkur hætta steðjar að hellinum, þar sem þjóðvegurinn er ofan á honum á kafla. Friðlýsist sem náttúruvætti.

212. **Eldborg undir Meitlum,** Ölfushr., Árn. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur í hinu svokallaða Kristnitökuhrauni. Að heita má ósnortinn, en rask hefur átt sér stað í næsta nágrenni. (3) Forðast ber hverskonar spjöll.

213. **Hengilssvæðið,** Ölfushr., Grafningshr., Árn. (1) Grænsdalur, Reykjadalur, Hengladalir og aðliggjandi svæði norðan Hveragerðis, sunnan og austan í Hengli. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð. (3) Stofnun fólkvangs (Dalafólkvangs) er í undirbúningi.

214. **Eldborgir við Lambafell,** Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðir frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagrar eldstöðvar og tvær hrauntraðir. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.

215. **Herdísarvík og Stakkavík,** Selvogshr., Árn. (1) Jarðirnar Herdísarvík og Stakkavík. (2) Á svæðinu er að finna öll helstu lífsamfélög Reykjanesskaga. (3) Friðun æskileg.

Auglýsing þessi er hér með birt þeim, sem hlut eiga að máli, og er þar með felld úr gildi náttúruminjaskrá, dags. 21. apríl 1978.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

Nr. 59. 22. febrúar 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulagslögum hefur ráðuneytið hinn 18. febrúar 1982 staðfest skipulagsuppdrátt af bæjarhverfinu milli Hraunhamars, Búhamars, Áshamars og Foldahrauns í Vestmannaeyjum.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 60. 24. febrúar 1982.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum skulu hækka um 7.51% frá og með 1. mars 1982 frá því sem þær voru 1. desember 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1982

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu á Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Vatnsveita Hafnarhrepps er eign Hafnarhrepps og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í hreppnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Hafnarhrepps, með sérstöku reikningshaldi og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur. Reikningar Vatnsveitu Hafnarhrepps skulu jafnan fylgja reikningum Hafnarhrepps til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Stjórn vatnsveitu skipa 3 aðalmenn og 3 til vara, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps til fjögurra ára. Tæknimaður eða yfirmaður verklegra framkvæmda sveitarfélagsins skal vera einn aðalmanna. Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar og umsjón eigna, undir yfirstjórn og í samráði við hreppsnefnd.

3. gr.

Vatnsveita Hafnarhrepps hefur einkarétt á sölu vatns, á svæði því er vatnsveitan nær yfir.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum vatnsveitunnar með jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt, að grunnvatn spillist ekki af völdum olíu eða afrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Hreppsnefnd er heimilt að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum við vatnslindir, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum veitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Óski atvinnufyrirtæki eða annar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis og sýnt þykir að götuæðar þær, sem fyrir eru anni ekki eftirspurninni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði hreppsnefndar.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra. Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum án leyfis vatnsveitustjóra.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðarmörkum. Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðarmörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðar, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðar og vatnsveitu.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð sem fást hjá vatnsveitustjóra.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókninni fylgi uppdráttur í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdráttur skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu hreppsnefndar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Álíti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

10. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af hreppsnefnd hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningarmeistari brýtur lög í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

11. gr.

Eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa skal vera í höndum byggingarfulltrúa sbr. byggingarsamþykkt.

12. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Stjórn vatnsveitu getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissa tíma í senn.

Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

14. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m^3.

15. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

16 gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 14. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu á Höfn í Hornafirði nr. 47 frá 18. febrúar 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Iðnaðarbanki Íslands hf. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og hlutafé hans að minnsta kosti 10 milljónir króna. Heimilt er lögmætum aðalfundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31 frá 27. apríl 1963, samkvæmt ákvæðum 4. gr. A og gefa út jöfnunarhlutabréf samkvæmt ákv. 4. gr. D samþykkta bankans.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, bankaráð sem kosið er á aðalfundi bankans og bankastjórn, sem bankaráð ræður.

II. KAFLI

Starfsemi bankans.

2. gr.

Iðnaðarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands er veitt í 18., 19. og 21.—23. gr. laga nr. 11 1961.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka hvers konar bankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu. Þetta hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

a. Að taka við spariinnlánum og veltiinnlánum til ávöxtunar og varðveislu.
b. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
c. Að kaupa og selja verðbréf.
d. Að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.
e. Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti, sbr. þó ákvæði 29. gr.
f. Að hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna.
g. Að geyma verðmæti gegn gjaldi.
h. Að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

A. Innlán.

1. Spariinnlán.

4. gr.

Bankinn tekur við spariinnlánum til ávöxtunar, minnst kr. 1,00 í senn. Bankinn er eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórn telur það óhagkvæmt.

5. gr.

Þegar stofnað er til spariinnlánsviðskipta, er viðskiptamanni fengin sérstök sparisjóðsbók, sem í eru færðar allar færslur á viðkomandi innlánsreikningi. Þegar ný sparisjóðsbók er afhent, greiðir viðskiptamaður fyrir hana gjald skv. ákvörðun bankastjórnar.

Sá, sem leggur inn eða tekur út fé af spariinnlánsreikningi, skal afhenda útfyllt eyðublað skv. nánari ákvörðun bankastjórnar. Sparisjóðsbækur skulu að jafnaði bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða þær séu nafnlausar án auðkenna. Vanti einhverjar þær upplýsingar, sem eyðublaðið krefst, getur bankinn neitað um afgreiðslu.

Þegar fé er lagt inn eða tekið út af spariinnlánsreikningi, skal það fært í sparisjóðsbókina. Heimilt er þó að taka við innborgun gegn kvittun, án þess að sparisjóðsbók sé týnd, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgun hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í bankanum.

Eigendur spariinnlánsreikninga geta mælt svo fyrir, að aðrir en þeir sjálfir megi ekki leggja inn eða taka út fé af reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn sitt um leið. Að öðrum kosti ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt eða innborgun.

6. gr.

Vextir af spariinnlánum reiknast í krónum og aurum af hverju innleggi frá og með næsta degi eftir að fé er lagt inn. Við úttekt reiknast vextir frá og með úttektardegi.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól innstæðna minnst einu sinni á ári. Vexti skal færa í sparisjóðsbækur þegar þær eru í fyrsta sinn sýndar í bankanum eftir að þeir voru lagðir við innstæður.

7. gr.

Spariinnlánum má skipta í flokka eftir því, hvort krafist sé uppsagnarfrests á innstæðum eða ekki. Af fé, sem stendur inni á almennum spariinnlánsreikningi, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests. Þó er bankastjórn heimilt að áskilja, að upphæðum frá kr. 5 þús. til kr. 10 þús. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með eins mánaðar fyrirvara. Án eins mánaðar uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að greiða meira en kr. 10 þús. á mánuði hverjum úr sömu sparisjóðsbók.

Um þær tegundir spariinnlána, þar sem uppsagnarfrests er krafist, fer eftir reglum sem settar eru af bankastjórn. Heimilt er að greiða hærri vexti af bundnum innstæðum en af fé með venjulegum sparisjóðskjörum.

8. gr.

Bankastjórn er heimilt að segja lausu fé á spariinnlánsreikningum með þriggja mánaða fyrirvara, annað hvort með áritun í bókina eða auglýsingu í Lögbirtingablaði. Eftir að sá fyrirvari er liðinn, greiðast engir vextir af því fé, sem sagt er upp.

9. gr.

Glatist sparisjóðsbók ber eiganda að snúa sér til bankans, er annast um að handhafa hennar verði stefnt, skv. 19. gr. laga nr. 11 1961, sbr. 10. gr. laga um Iðnaðarbanka Íslands hf. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

10. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því og er þá heimilt með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt sem segir í 9. gr., að skora á eiganda að vitja fjárins. Gefi hann sig eigi fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtum rennur til bankans sbr. 2. gr. laga nr. 14 1905.

2. Veltiinnlán.

11. gr.

Bankinn tekur við fé til ávöxtunar á veltiinnlánum (ávísanareikningar og hlaupareikningar), sem stofnaðir eru með að minnsta kosti kr. 200,00 innborgun. Viðskiptamaður, sem óskar að opna veltiinnlánsreikning skal leggja fram skriflega umsókn, þar sem tilgreint er nafnnúmer umsækjanda, fæðingardagur og ár, atvinna og heimilisfang. Sé umsækjandi ekki þekktur í bankanum, skulu fylgja meðmæli tveggja manna, sem bankinn viðurkennir. Að jafnaði skulu veltiinnlánsreikningar ekki opnaðir fyrr en að vel athuguðu máli.

Sá sem leggur inn fé á veltiinnlánsreikning, skal afhenda útfyllt eyðublað, skv. nánari ákvörðun bankastjórnar. Bankinn greiðir út fé af veltiinnlánsreikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á sérstök eyðublöð bankans og útgefin af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð. Sá, sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning, skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt. Þegar viðskiptamaður fær tékkhefti, skal hann greiða fyrir það gjald, skv. ákvörðun bankastjórnar.

Bankinn getur neitað að greiða tékka, sem eigi eru rétt útfylltir skv. formi sínu.

Greiði bankinn falsaðan tékka, eða tékka, sem gefinn hefur verið út í heimildarleysi og tékkinn útgefinn á eyðublað úr tékkhefti, sem reikningseigandi hefur sjálfur fengið, skal hann bera skaðann, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé að kenna.

12. gr.

Enginn má gefa út tékka á meira fé en hann á innstæðu fyrir, nema sérstaklega sé um samið við bankastjórn sbr. 18. og 22. gr. Sé um misnotkun tékkareikninga að ræða, skal fara með það mál eftir reglum, sem bankastjórn setur. Bankanum er jafnframt heimilt að eiga aðild að samkomulagi banka og sparisjóða um tékkaviðskipti. Sé um ítrekað eða alvarlegt tékkamisferli að ræða, er bankanum heimilt að loka viðkomandi reikningum tafarlaust og innkalla um leið óútgefin tékkaeyðublöð, sem reikningseigendur kunna að hafa undir höndum.

13. gr.

Bankinn sendir eigendum veltiinnlánsreikninga útskriftir af reikningum þeirra, þar sem sýndar eru allar færslur á viðkomandi reikningi. Þessar útskriftir skulu sendar eigendum eins oft og bankastjórn telur fært en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er bankanum heimilt að greiða út fé af veltiinnlánsreikningi skv. skriflegum fyrirmælum reikningseiganda eða símskeyti hans, staðfest á venjulegan hátt, enda gangi greiðslan inn á annan reikning við bankann eða til annars banka eða sparisjóðs. Þá er bankanum heimilt að ráðstafa fé af veltiinnlánsreikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Allar slíkar skuldbindingar skulu tilkynntar reikningseiganda tafarlaust.

15. gr.

Í tékkaávísun sem gefin er út á innstæðu á veltiinnlánsreikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að greiða ávísanaupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

16 gr.

Um fyrningar innstæðu á veltiinnlánsreikningum gilda ákvæði 10. gr.

3. Önnur innlán.

17. gr.

Bankanum er heimilt að taka til ávöxtunar fé með öðrum hætti en að framan greinir, svo sem gegn viðtökuskírteini, og skulu þá um slík viðskipti gilda sérstakar reglur, sem bankastjórn setur.

B. Útlán.

18. gr.

Útlánastarfsemi bankans skal hagað svo, að sem best samrýmist því hlutverki hans, að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

19. gr.

Bankinn leysir útlánastarfsemi sína af hendi með:

a. Kaupum á víxlum.
b. Yfirdráttarlánum á hlaupareikningum.
c. Kaupum á skuldabréfum og öðrum verðbréfum.
d. Framleiðslulánum.
e. Samkeppnislánum.
f. Fasteignaveðslánum veðdeildar.
g. Öðrum lánum, sem samrýmast háttum viðskiptabanka.

20. gr.

Synjun bankans á lánsbeiðnum þarf ekki að vera skrifleg, og ekki verður bankinn krafinn um ástæðu til synjunar.

21. gr.

Bankastjórn skal að jafnaði krefjast þess að settar séu tryggingar fyrir útlánum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörsluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar, sem bankastjórn telur fullnægjandi.

22. gr.

Um yfirdráttarlán skal að jafnaði gerður sérstakur lánssamningur. Skal í honum greint hámark lánsins og gjalddagi. Um útborgun yfirdráttarlána gilda reglur 11, 12. og 14. gr. reglugerðar þessarar.

23. gr.

Um framleiðslulán og samkeppnislán gilda reglur, sem settar eru af bankastjórn í samræmi við reglur um framleiðslulán sem Seðlabankinn ákveður, og ákvarðanir Útflutningslánasjóðs um samkeppnislán.

24. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja verðbréf ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg verðbréf.

25. gr.

Um fasteignaveðslán veðdeildar bankans gilda ákvæði III. kafla þessarar reglugerðar.

26. gr.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti, en að framan greinir, enda sé þess gætt að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

C. Ábyrgðir.

27. gr.

Bankanum er heimilt að ábyrgjast greiðslur til innlendra eða erlendra aðila fyrir viðskiptamenn sína, gegn skilyrðum þeim, sem bankastjórn ákveður hverju sinni. Ábyrgð er einföld, nema annað sé tekið fram. Sá sem óskar ábyrgðar bankans, skal sækja um hana skriflega.

D. Innheimtur.

28. gr.

Bankinn annast innheimtur fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa hérlendis og erlendis.

E. Gjaldeyrisverslun.

29. gr.

Bankanum er heimilt að annast kaup og sölu á erlendum gjaldeyri skv. gildandi lögum og reglum um gjaldeyrisverslun. Ákvæði þessarar greinar öðlast ekki gildi fyrr en bankinn fær leyfi til gjaldeyrisverslunar.

F. Önnur starfsemi.

30. gr.

Bankinn hefur með höndum umsjón og varðveislu eigna, skv. nánari ákvörðun bankastjórnar og bankaráðs.

31. gr.

Bankinn annast öll önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

III. KAFLI

Veðdeild.

32. gr.

Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf. starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Iðnaðarbankinn. Eignum og skuldum veðdeildarinnar svo og reikningshaldi öllu skal haldið aðskildu frá öðrum deildum bankans. Endurskoðendur bankans annast endurskoðun veðdeildarinnar.

33. gr.

Úr veðdeildinni er heimilt að veita lán með veði í fasteign og má lánstími vera allt að 10 árum. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í, að viðbættum áhvílandi veðböndum.

34. gr.

Til fjáröflunar fyrir veðdeildina er Iðnaðarbankanum heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða á handhafa. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjórnar.

35. gr.

Að öðru leyti gilda um veðdeildina sömu ákvæði reglugerðar þessarar og um aðrar deildir og starfsemi bankans.

36. gr.

Iðnaðarbankinn ber fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum veðdeildarinnar.

IV. KAFLI

Stjórn bankans

37. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, bankaráð og bankastjórn svo sem segir í samþykktum bankans. Bankaráð hefur æðstu forstöðu bankans utan hluthafafunda og ræður það bankastjóra.

38. gr.

Bankastjórn Iðnaðarbankans er skipuð bankastjórum hans og hefur hún með höndum daglega stjórn starfsemi bankans í samræmi við lög um bankann, samþykktir bankans, reglugerð þessa og ákvörðun bankaráðs.

39. gr.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og ber henni að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum bankans, samþykktum hans og reglugerð þessari. Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða og segir þeim upp. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

40. gr.

Bankastjórn skal undirrita, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Undirskrift bankastjórnar og eigi annarra þarf til þess, svo að gilt sé, að leigja eignir eða taka á leigu, undirrita skuldabréf eða gera aðrar meiri háttar ráðstafanir í nafni bankans.

Bankaráð getur veitt tilteknum öðrum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann skv. 1. málsgrein með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Bankaráð getur enn fremur veitt tilteknum starfsmönnum umboð til að skuldbinda bankann ásamt starfsmönnum þeim, er umboð hafa samkvæmt framangreindu, er gefa skal út innlenda og erlenda tékka, ábyrgðarskuldbindingar, framselja víxla til innheimtu og undirrita sparisjóðsbækur.

41. gr.

Bankastjórn skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hlut eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem greiðast eiga á skömmum tíma. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum, öðrum auðseldum verðbréfum og innstæðum í öðrum bönkum vera að minnsta kosti 15% af innstæðum af spariinnlánum sbr. 9. gr. laga um bankann nr. 113/1951 og sbr. lög nr. 31/1963.

42. gr.

Við ákvörðun um heildar fyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal bankastjórn gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið og fjárhag viðskiptaaðilans.

43. gr.

Iðnaðarbankanum er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði að fengnum tillögum bankastjórnar. Umfram það sem hér er heimilað, má Iðnaðarbankinn ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, samanber þó 44. gr.

44. gr.

Bankanum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar.

45. gr.

Bankastjórum er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema rætt sé um mál, er snerta þá sjálfa. Að minnsta kosti einu sinni í mánuði skal bankastjórn á fundi bankaráðs leggja fram skýrslu um innlán og útlán bankans og um annað það, sem bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft eftirlit með starfsemi bankans.

46. gr.

Útibú bankans annast þau bankastörf, sem bankaráð og bankastjórn ákveða, og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Útibússtjórar hafa á hendi stjórn daglegrar starfsemi útibúanna samkvæmt fyrirmælum bankastjórnar og í umboði hennar. Bankastjórn getur með samþykki bankaráðs veitt tilteknum starfsmönnum útibúsins umboð til að skuldbinda útibúin ásamt útibússtjóra.

V. KAFLI

Bókhald, reikningsskil og endurskoðun.

47. gr.

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlok og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

48. gr.

Aðalbókari bankans hefur yfirumsjón með öllu bókhaldi aðalbankans og útibúa. Bókhaldið og þar með talin öll fylgiskjöl og önnur færslugögn skulu vera í skipulegu og öruggu kerfi. Allt innra eftirlit í bókhaldskerfinu skal vera sem öruggast. Bókhald bankans skal gert upp og afstemmt daglega en sérstakt reikningsyfirlit skal gert um hver mánaðamót. Allar breytingar eða leiðréttingar í bókhaldi bankans skulu þannig gerðar að glöggt sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega. Um gerð bókhaldsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um bókhald. Bankaráð setur aðalbókara sérstakt erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um starfssvið hans og verkefni.

49. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal fundurinn kjósa löggiltan endurskoðanda. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá begar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

50. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi Iðnaðarbankans.

51. gr

Bankanum er heimilt að taka bátt í Reiknistofu bankanna og að bókhald bankans verði fært þar. Þá er bankaráðinu heimilt að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um geymslu og eyðingu skjala.

VI. KAFLI

Starfsmenn bankans.

52. gr.

Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir. Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst, þótt láti þeir af starfi.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samviskusemi skulu gegna störfum þeim sem þeim eru falin og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né viðskipti einstakra aðila við hann.

53. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki, án leyfis bankastjórnar, taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

54. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

55. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

56. gr.

Aðalgjaldkeri bankans hefur umsjón með öllu lausu fé aðalbankans og útibúa. Fyllsta öryggis skal gætt við geymslu seðla og myntar svo og alla gjaldkeraafgreiðslu. Bankaráð setur aðalgjaldkera erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um skyldur hans og verkefni.

57. gr.

Svo fljótt sem verða má skulu allar kvittanir frá bankanum vera vélstimplaðar og undirritaðar af gjaldkera. Slíkar kvittanir eru fullgild staðfesting á greiðslum.

VIII. KAFLI

Iðnlánasjóður.

58. gr.

Samkvæmt sérstökum samningi annast Iðnaðarbankinn umsjá og rekstur Iðnlánasjóðs. Um Iðnlánasjóð fer að öðru leyti eftir sérstökum lögum, sem um hann gilda og reglugerðum og fyrirmælum sem sett kunna að vera af ráðherra eða stjórn sjóðsins.

59. gr.

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi Iðnaðarbankans, enda staðfesti ráðherra þær.

Reglugerð þessi, sem þannig var samþykkt á aðalfundi bankans 28. mars 1981, er sett samkvæmt lögum nr. 113/1951 sbr. lög nr. 31/1963 um Iðnaðarbanka Íslands hf. og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf. nr. 435 frá 22. september 1975 og reglugerð um breytingu á þeirri reglugerð nr. 616 frá 5. desember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 21. janúar 1982 um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist:

Tollskrárnr.	Vöruheiti
36.05.00	Neyðarblys til staðsetningar í flugvélum
37.05.01	Varahlutalistar á örfilmum (Microfilm Cartridges).

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

Nr. 64. 9. febrúar 1982.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 6,00.
2. taxti kr. 35,00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svara til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga, auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur, skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxta, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxta ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn þar að lútandi berst ráðinu og aðstæður krefja.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar, en staðfestar af bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. nóvember 1981, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

17. febrúar 1982. Nr. 65.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur.

Skipulagsstjórn staðfesti þann 23. september 1981 þá breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur að svæðið við Vesturbraut, sem takmarkast af Gróf að norðan, Vesturbraut að sunnan og iðnaðarsvæði (Slippnum o.fl.) að austan, sem ætlað er fyrir iðnað og tengibraut í framhaldi af Hafnargötu út á Berg og inn á Sandgerðisbraut, stækki í átt að Grófinni og tengibrautin verði færð yfir á Vesturbraut. Ennfremur er gert ráð fyrir að ein verslun geti verið á svæðinu.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

17. febrúar 1982. Nr. 66.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Skipulagsstjórn ríkisins staðfesti þann 27. janúar 1982 þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spildan sem er austan nýju sjúkrahúsbyggingarinnar við Árveg og ætluð er fyrir stofnanir er stækkuð.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 18. febrúar 1982 staðfesti skipulagsstjórn þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að Sölvhólsgata milli Ingólfsstrætis og Kalkofnsvegar falli niður og götustæðið verði ætlað undir opinbera byggingu.

Ennfremur að landnotkun lóðarinnar Kalkofnsvegar nr. 1 verði breytt úr iðnaði í opinbera byggingu.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 68. 4. febrúar 1982.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Andakílsár.

Grjóteyri	73
Árdalur	51
Ytri-Skeljabrekka	107
Innri-Skeljabrekka	81
Neðri-Hreppur	135
Efri-Hreppur	130
Óskipt land Mið- og Syðstu-Fossa	128
Syðstu-Fossar	62
Mið-Fossar	11
Vatnshamrar	18
Ausa	81
Hvanneyri	123
Samtals	1 000

Arðskrá þessi gildir frá byrjun veiðitíma 1980.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hörgár og vatnasvæði hennar.

		Einingar:
1.	Hvammur	1
2.	Skipalón	10
3.	Glæsibæjarhreppur	2
4.	Gásir	1
5.	Hlaðir	4,5
6.	Tréstaðir	1
7.	Djúpárbakki	4
8.	Grjótgarður	1
9.	Laugaland	5,5
10.	Krossastaðir	3
11.	Vaglir	3,5
12.	Skógar og Steðji	3,5
13.	Neðri-Vindheimar og Ás	2,5
14.	Efri-Rauðalækur	0,5
15.	Neðri-Rauðalækur	0,5
16.	Hamar	0,5
17.	Ytri-Bægisá I, II	3,5
18.	Ós	7
19.	Áslaksstaðir	3
20.	Hof	2,5
21.	Möðruvellir I, II	5
22.	Spónsgerði	1,5
23.	Björg	1,5
24.	Litli-Dunhagi	2
25.	Stóri-Dunhagi	1
26.	Þríhyrningur	0,5
27.	Auðbrekka og Hólkot	3
28.	Brakandi og hálfur Bláteigur	1,5
29.	Fornhagi	1,5
30.	Dagverðartunga og hálfur Bláteigur	2,5
31.	Skriða	7,5
32.	Langahlíð og Hallfríðarstaðakot	6
33.	Hallfríðarstaðir	3
34.	Öxnhóll	3
35.	Barká	2
36.	Þúfnavellir I, II, Gerði, Sörlatunga	8
37.	Myrká	2,5
38.	Myrkárbakki og Myrkárdalur	2,5
39.	Flaga	2,5
40.	Búðarnes, Bás, Skjaldarstaðir, hálfur Hraunshöfði	10,5
41.	Staðartunga	11
42.	Miðhálsstaðir	3
43.	Bakki og hálfur Hraunshöfði	6
44.	Auðnir	3
45.	Hvamm og Varmavatnshólar	8
46.	Háls og Þverbrekka	9
47.	Bakkasel og Bessahlaðir	11,5

Endurprentað blað.

		Einingar:
48.	Gloppa	9
49.	Engimýri, Garðar og Fagranes	14
50.	Hólar	4,5
51.	Þverá	2
52.	Steinsstaðir	3
53.	Steinsstaðir II og Efstalandskot	2
54.	Efstaland	3
55.	Miðland	2
56.	Syðri-Bægisá og Neðstaland	9
	Samtals	227,5

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

Nr. 70. 1. mars 1982.

REGLUR

um ferðakostnað sjúklinga innanlands.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Þurfi sjúklingur ítrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmilegrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi (með eða án innlagningar), tekur sjúkrasamlag þátt í ferðakostnaði eins og fram kemur í reglum þessum.

2. gr.

Endurgreiðslur eiga sér stað sé um að ræða:

1) Geislameðferð æxla,
2) lyfjameðferð æxla,
3) nýrnabilun (dialysis),
4) gláku (aðgerðir eða eftirlit),
5) starfræna blindu (augnþjálfun),
6) sjónhimnulos af völdum sykursýki (photocoagulatio),
7) lýtalækningar í brýnum tilfellum,
8) dreyrasýki,
9) polycytomia,
10) bæklunarlækningar, þegar um barn er að ræða,
11) hvítblæði.

Ennfremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra tilfella.

II. KAFLI
LANGAR FERÐIR

3. gr.
Skilyrði um lágmarkstíðni ferða.

Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. þrisvar á 12 mánaða tímabili, en tvisvar á næstu 12 mánuðum, ef þörf verður á framhaldsmeðferð.

4. gr.
Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 200 krónum en síðari ferðir að frádregnum 100 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

III. KAFLI
STUTTAR OG TÍÐAR FERÐIR

5. gr.
Skilyrði um lágmarkstíðni ferða.

Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. 8 sinnum á 4 vikna tímabili.

6. gr.
Endurgreiðsla sjúkrasamlags.

Eftir fyrsta mánuðinn endurgreiðir sjúkrasamlag ⅔ hluta kostnaðar við farnar ferðir enda sé fyrir hendi vottorð læknis með staðfestum komudögum. Síðan endurgreiðir samlag á sama hátt kostnaðinn hálfsmánaðarlega gegn framvísun læknisvottorðs. Til endurgreiðslu reiknast:

a) Fargjald eins og það er með áætlunarbíl eða skipi á hverjum tíma, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Ef ætla má, að sannanlegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.
b) Ferðakostnaður innanbæjar með leigubíl milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar skv. framlögðum skýrum kvittunum, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili né bifreið í eigu venslamanns hins sjúka.

IV. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

7. gr.
Skýrsla sérfræðings.

Eftir að ferðir eru hafnar leggur sjúklingur inn hjá sjúkrasamlagi sínu skýrslu frá sérfræðingi (við þá stofnun), sem meðferðina veitir, þar sem gerð sé grein fyrir sjúkdómnum og nauðsynlegri meðferð, hversu títt sjúklingurinn þurfi að koma og, ef unnt er, hversu oft. Skýrsluna má, ef henta þykir, senda Tryggingastofnuninni, sjúkratryggingadeild beint, en annars sendir samlagið stofnuninni skýrsluna til greiðsluákvörðunar. Tryggingastofnunin sendir því næst samlaginu skýrsluna með ákvörðun um greiðsluheimild, en samlagið geymir hana og annast síðan greiðslur til sjúklings skv. reglum þessum þaðan í frá.

8. gr.
Sérstakt fargjald fylgdarmanns.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns telst því aðeins ferðakostnaður, að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri eða ósjálfbjarga.

V. KAFLI
GILDISTAKA

9. gr.

Reglur þessar, sem samdar eru af tryggingaráði, staðfestast hér með, skv. 8. gr. j. stl. laga nr. 59/1978, um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1982.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 71. 14. febrúar 1982.

REGLUR
um starfsmannaráð í ríkisstofnunum.

1. gr.
Stofnun starfsmannaráða.

Í stofnun þar sem vinna að staðaldri 15 manns eða fleiri í þjónustu ríkisins verði komið á fót starfsmannaráði.

Beiðni um stofnun starfsmannaráðs sendist samstarfsnefnd sem skipuð sé tveimur fulltrúum frá BSRB, tveimur fulltrúum frá BHM og tveimur fulltrúum tilnefndum af ríkinu.

Samstarfsnefndin staðfestir starfsvettvang og fjölda starfsmanna í ráðinu svo og tilnefningarreglur hvors aðila að ráðinu.

2. gr.
Kjör starfsmannaráðs.

Starfsmannaráð er skipað 4—8 aðalmönnum og 2—4 varamönnum sem valdir eru til tveggja ára í senn. Varamenn hafa rétt til fundasetu með málfrelsi og skylt er að boða varamann í forföllum aðalmanns.

Helmingur fulltrúa í starfsmannaráði er tilnefndur af yfirstjórn stofnunarinnar (þ.e. viðkomandi ráðuneyti eða þeim aðila sem það tilnefnir) úr hópi forstöðumanna eða verkstjóra. Helmingur skal kosinn af starfsfólki í einu lagi, eða eftir ákveðinni deildarskiptingu þar sem svo hagar til. Fulltrúar yfirstjórnar í starfsmannaráði hafa ekki kosningarrétt.

Í starfsmannaráði stærri stofnana (yfir 100 manns) skal tryggt að hver eftirtalinna fjögurra starfshópa eigi a.m.k. einn af fulltrúum starfsmanna í starfsmannaráði, enda tilheyri honum yfir 15% starfsmanna:

a) skrifstofu- og afgreiðslustörf
b) tækni- og rannsóknastörf
c) heilbrigðisþjónusta
d) kennslu- og uppeldisstörf.

Þar sem þetta ákvæði á við verði kjörlista skipt eftir starfsgreinum.

Kosning í starfsmannaráð skal fara fram í okt./nóv. annað hvert ár á kjörfundi sem stendur a.m.k. 10 klst. og boðað skal til af fráfarandi starfsmannaráði með viku fyrirvara.

Kosið skal af lista sem á eru nöfn allra sem starfsmenn hafa stungið upp á þremur dögum fyrir kjörfund.

Starfsmannaráð kýs sér sjálft formann, varaformann og ritara og heldur gerðarbók um fundi sína.

3. gr.
Almennt um tilgang og stöðu starfsmannaráða.

Starfsmannaráð er samstarfsvettvangur allra starfsmanna stofnunarinnar. Hlutverk þess er að fjalla um félagsleg, tæknileg og rekstrarleg málefni í þeim tilgangi að auka velferð starfsmanna og leita á hverjum tíma leiða til úrbóta í rekstri stofnunarinnar.

Í tilteknum málum hefur starfsmannaráðið ákvörðunarvald og og ber ábyrgð á þeim gagnvart ráðuneyti því sem stofnunin heyrir undir, en í öðrum er það ráðgjafa- og upplýsingaaðili.

Starfsmannaráðið skal einbeita sér að þeim málefnum sem brýnust eru hverju sinni fyrir starfsemi stofnunarinnar í heild. Starfsmannaráðinu ber því að forðast að láta fundi sína og starfsemi snúast um ýmis smærri mál sem auðvelt er að útkljá á öðrum vettvangi.

Rétti þeim sem stjórnendur hafa til að stjórna vinnunni ákveða verkaskiptingu og fjölda manna við einstök störf skal beita í samræmi við kjarasamninga og skv. reglum þessum.

Stjórnun í stofnuninni ber að haga þannig að hún stuðli jöfnum höndum að góðri verkskipulagningu og vinnuafköstum og sem nánustu samstarfi og samhug milli starfsmanna og starfshópa í stofnuninni. Heimilt er í þessu sambandi að kveðja einstaka starfshópa (eða starfsmenn) til ráðuneytis um málefni sem snerta starfsemi stofnunarinnar, eða einstakar deildir hennar almennt, og tímabundin úrlausnarefni, þannig að starfsmennn verði sem virkastir þátttakendur í ákvörðunum og mótun eigin vinnuskilyrða í víðtækri merkingu.

4. gr.
Starfssvið og starfshættir.

Meginverkefni starfsmannaráðsins eru tvíþætt:

1. *Félagsleg velferðarmál*, þ.e. mál sem snerta vinnuumhverfi, starfsöryggi og starfsþjálfun þeirra sem vinna í stofnuninni.
2. *Rekstrarleg málefni*, þ.e. mál sem tengd eru rekstri stofnunarinnar og hæfni hennar til að gegna hlutverki sínu í þágu viðskiptavina og almennings. Starfsmannaráðið getur ekki tekið mál til meðferðar er snerta gerð, framlengingu, uppsögn, túlkun eða samræmingu almennra eða staðbundinna kjarasamninga og venjulega ákvarðast eftir löglegum samningaleiðum hlutaðeigandi aðila.

Starfsmannaráð fer með ákvörðunarvald í þeim málum sem tilgreind eru hér á eftir í liðum a—d, en það er ráðgjafar- og upplýsingaaðili í þeim málum sem talin eru upp í liðum e—i. Í þessu sambandi skal láta starfsmannaráðinu í té ársreikninga.

Með hliðsjón af þessari skilgreiningu á hlutverki og stöðu starfsmannaráðsins fjallar það m.a. um eftirtalin mál:

a) Tillögur og hugmyndir starfsmanna og öryggistrúnaðarmanna um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Sér starfsmannaráðið um að lagaákvæði um þessi atriði séu virt af öllum aðilum.
b) Starfsþjálfun og endurmenntun sem tengd er starfsemi stofnunarinnar. Starfsmannaráðið getur haft frumkvæði um námskeiðahald í þessu skyni, t.d. í samstarfi við aðrar stofnanir.
c) Stjórnendur skulu leita samþykkis starfsmannaráðsins við öllum aðgerðum sem kunna að fela í sér almenna röskun á atvinnuöryggi og högum starfsmanna, s.s. ef fyrirhuguð er fækkun eða fjölgun starfsliðs vegna meiri háttar breytinga á starfsemi stofnunarinnar eða einstakra deilda hennar. Ákvæði þessa liðar breyta þó ekki valdi Alþingis eða ríkisstjórnar til að endurskipuleggja stofnanir eða leggja þær niður. Starfsmannaráðið hefur ekki afskipti af ráðningum eða uppsögnum einstakra starfsmanna. Hins vegar ber starfsmannaráðinu, ef mikil breyting verður í starfsmannahaldi stofnunarinnar, að kanna orsakir slíks og leita leiða til úrbóta.
d) Starfsmannaráðinu ber að tryggja að allir starfsmenn fái vitneskju um starfið í starfsmannaráðinu með því að koma upplýsingum á framfæri í formi fjölritaðra bréfa og með starfsmannafundum.
Síðast en ekki síst skal starfsmannaráðið leita leiða til að örva frumkvæði af hálfu starfsmanna sjálfra, t.d. með því að fela starfsmönnum einstakra deilda að móta tillögur í málum milli funda eða áður en þau koma til kasta starfsmannaráðsins.

Starfsmannaráðið skal vera stjórnendum til ráðuneytis um málefni sem miða að því að bæta rekstur og þjónustu stofnunarinnar á öllum sviðum. Eftirfarandi atriði eru mikilvæg í þessu sambandi:

e) Áætlanir til lengri eða skemmri tíma um breytingar og eflingu starfseminnar.
f) Val á verkefnum, þróun starfseminnar og nýjungar.
g) Hagræðingaratriði og starfsþjálfun í því skyni að bæta vinnutilhögun, vinnuaðstöðu og vinnugæði svo og nýtingu vinnutímans, tækjabúnaðar og húsnæðis.
h) Samskipti stjórnenda og starfsmanna með það að markmiði að skapa sem besta samvinnu.
i) Kynna nýjum starfsmönnum stofnunina svo og réttindi þeirra og skyldur.

Samþykktir starfsmannaráðsins varðandi liði a—d, sem hafa í för með sér útgjöld eða koma í veg fyrir sparnað fyrir stofnunina, eru því aðeins bindandi fyrir stjórnendur að þær hafi verið samþykktar mótatkvæðalaust.

Samþykktir starfsmannaráðsins varðandi liði e—i eru ráðgefandi fyrir stjórnendur.

Verði meiriháttar ágreiningur í starfsmannaráðinu eða töf á framkvæmdum geta ráðsmenn lagt málið fyrir viðkomandi ráðuneyti.

5. gr.
Fundir.

Fundi skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári. Aukafundi skal halda ef fjórðungur ráðsmanna óskar þess, enda tilgreini þeir þau mál sem óskast tekin fyrir.

Fundur telst því aðeins lögmætur að full tala nefndarmanna sitji fundinn og til hans hafi verið boðað með a.m.k. eins dags fyrirvara.

Formaður sér um boðun funda.

Í fundarboði skal geta þeirra meginmála sem fyrir fundinum liggja.

Í öllum málum gildir einfaldur meirihluti með þeirri undantekningu sem getið er í niðurlagi 4. gr. varðandi liði a—d.

Stofnunin skal greiða fyrir því að starfsmenn geti gegnt störfum í starfsmannaráðinu.

Stofnunin veitir nauðsynlega skrifstofuaðstoð í sambandi við störf starfsmannaráðsins, svo og húsnæði til fundarhalda.

Starfsmannaráðið ákveður hverju sinni hvaða menn innan eða utan stofnunarinnar það kveður til funda í því skyni að veita upplýsingar eða aðstoð við úrlausn mála.

Fundir skulu bókfærðir og skal þar geta dagskrár fundarins, rekja stuttlega tildrög mála og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Fundir sem haldnir eru í vinnutíma mega ekki leiða til launaskerðingar hjá nefndarmönnum.

Fyrir formlega fundi sem haldnir eru utan vinnutíma skal greiða þóknun samkvæmt ákvörðun Þóknananefndar að fenginni tillögu samstarfsnefndar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Stofnunin ber kostnað af störfum starfsmannaráðsins.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. gr. samkomulags Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnarinnar frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980 taka þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Þorsteinn Geirsson.

2. mars 1982. Nr. 72.

AUGLÝSING

um tilnefningu Arnarflugs hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34. 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 12. ágúst 1959, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Arnarflug hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Þá hefur ráðuneytið í dag ennfremur heimilað sama félagi áætlunarflug með farþega, vörur og póst milli Íslands og Sviss þótt formlegur loftferðasamningur liggi ekki fyrir.

Samgönguráðuneytið, 2. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Sauðárkrókskaupstað nr. 55 25. febrúar 1976.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

A-gjöld samkvæmt 4. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

B-gjöld samkvæmt 4. gr. skal miða við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða. Þegar veitt er byggingarleyfi við götu sem lögð er bundnu slitlagi, skal miða B-gjald við þá vísitölu sem í gildi er þegar byggingaleyfi er veitt.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkvæmt 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags. Af álögðu gjaldi skal hver greiða 20% á framkvæmdaárinu. Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki. Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Þau skulu vera á sömu kjörum og lán þau er Byggðasjóður veitir til varanlegrar gatnagerðar og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það. Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við. Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á gjöldum álögðum samkvæmt 13. grein.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1982

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 321 5. júlí 1979 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Upphæð gjaldsins skal vera krónur 125,00 — eitt hundrað tuttugu og fimm krónur — á ári fyrir hvert sæti þeirra bifreiða, er hópferðaréttindin eru veitt fyrir.

2. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 74. Útgáfudagur 12. mars 1982.

B 19

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1982

Nr. 75. 146 15. mars 1982.

REGLUGERÐ

um skipulagsmál á varnarsvæðum.

1. gr.

Utanríkisráðherra skipar fimm manna nefnd, er fer með skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna, í samráði við varnarmáladeild.

Nefndin er skipuð þessum mönnum: Húsameistara ríkisins, skipulagsstjóra ríkisins, flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, manni tilnefndum af varnarmáladeild, og manni skipuðum af utanríkisráðherra, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

2. gr.

Nefnd sú, er að framan greinir, og hér á eftir er nefnd byggingnefnd, skal fjalla um og gefa álit um öll skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila.

Varnarmáladeild skal afla upplýsinga um fyrirhugaðar byggingar og mannvirkjagerð varnarliðsins, svo og fyrirhugaða staðsetningu slíkra bygginga og mannvirkja, og leggja fyrir byggingnefnd. Aðrir aðilar skulu senda beiðnir sínar um leyfi til bygginga eða mannvirkjagerðar á varnarsvæðunum beint til byggingnefndar.

3. gr.

Byggingnefnd skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Mánaðarlega skal byggingnefnd halda sameiginlega fundi með yfirstjórn byggingamála varnarliðsins.

4. gr.

Álitsgerðir sínar skal byggingnefnd senda utanríkisráðherra sem hefur endanlegt ákvörðunarvald í þessum málum.

Byggingnefnd skal gæta þess, að ákvæðum íslenskrar bygginga- og skipulagslöggjafar sé fylgt eftir því sem við á.

Áður en byggingnefnd afgreiðir mál skal hún, ef um er að ræða mál, sem varða skipulagsskyld svæði, er liggja að varnarsvæðunum, ætíð hafa samráð við skipulagsstjórn ríkisins, og fyrirsvarsmenn sveitarfélaga þeirra, sem hlut geta átt að.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um stjórnarráð Íslands nr. 96 31. desember 1969, sbr. og I. kafla skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 15. mars 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 75. Útgáfudagur 15. mars 1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1982

18. mars 1982. 147 Nr. 76.

REGLUGERÐ

um vegabréf á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Öllum mönnum 12 ára og eldri er óheimil umferð eða dvöl á svæði Keflavíkurflugvallar, nema þeir beri gild vegabréf, er lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gefur út. Börn innan 12 ára aldurs mega því aðeins fara inn á eða um svæðið, að þau séu í fylgd með fullorðnum.

Þó skulu þeir, er teljast til „liðs Bandaríkjanna" samkvæmt 1. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, og eignir þeirra, sem fylgir sem fylgiskjal með lögum nr. 110 19. desember 1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, bera vegabréf gefin út af varnarliðinu.

2. gr.

Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli er heimilt að gefa út vegabréf svo sem hér segir:

a. Til opinberra starfsmanna vegna starfa þeirra á varnarsvæðunum;
b. Starfsmanna fyrirtækja og stofnana, er starfa við almenna loftferðastarfsemi og þjónustu;
c. Til þeirra, er hafa aðra fullgilda ástæðu til þess að fara inn á eða dvelja á varnarsvæðunum að staðaldri.

3. gr.

Vegabréf skulu vera prentuð og auðkennd með orðinu: Keflavíkurflugvöllur, með mynd og eiginhandarundirskrift vegabréfshafa. Þau skulu tölusett og tilfærður gildistími, nafn vegabréfshafa, nafnnúmer, fæðingardagur og ár, lögheimili, dvalarstaður, svo og nafn atvinnuveitanda.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem lögreglumenn krefjast.

4. gr.

Um vegabréf gilda þessar reglur:

1. Vegabréfsskylda gildir ekki í eftirfarandi tilvikum: a) Fyrir íbúa Grænáshúsa og gesti þeirra og aðra, sem eiga þangað nauðsynlegt erindi; b) Fyrir þá sem eiga erindi í lögreglustöð; c) Fyrir flugfarþega og fylgdarlið þeirra við komu eða brottför loftfara; d) Fyrir viðskiptamenn og starfsmenn fyrirtækja og stofnana í flugstöðvarbyggingu, og Veðurstofu Íslands á þjónustutíma.

2. Erlendir sendiráðsmenn, sem bera diplómatavegabréf, útgefin af utanríkisráðuneytinu, þurfa ekki vegabréf vegna ferða sinna inn á Keflavíkurflugvöll.

3. Farþegar með loftfari þurfa ekki vegabréf á leið sinni milli loftfars og flugvallarhliðs, enda hafi þeir gildar ferðaheimildir útgefnar af eiganda eða umráðamanni loftfars og umboðsmönnum þeirra.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma upplýsingar um öll þau atriði sem tilgreind eru í vegabréfi, sbr. 3. gr., svo og hverjar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli til þess að fá vegabréfið afhent. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins.

6. gr.

Hver sá, sem brýtur reglur þær um vegabréf, sem settar eru með reglugerð þessari, skal við fyrsta brot sæta skriflegri áminningu, enda sé ekki um stórfellt brot að ræða.

Ef brot er stórfellt eða ítrekað, varðar það missi vegabréfs, sektum eða varðhaldi allt að sex mánuði, enda varði brot eigi þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 77. gr. laga um loftferðir nr. 34 frá 21. maí 1964, sbr. lög nr. 106 frá 17. desember 1954, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 128 frá 19. október 1954 og nr. 193 frá 21. desember 1959.

Utanríkisráðuneytið, 18. mars 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Helgi Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1982

26. febrúar 1982. 149 Nr. 77.

REGLUR

um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

I. KAFLI

Skipulag heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

1. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 1—9 starfsmenn skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það sem um ræðir í 2. gr. gildi einnig fyrir starfshópa sem getið er í þessari grein þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga nr. 46/1980.

2. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu kjósa úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann.

3. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa.

Báðir fulltrúar atvinnurekenda í öryggisnefnd teljast öryggisverðir og báðir fulltrúar starfsmanna öryggistrúnaðarmenn.

Sé starfsmannafjöldi sveiflukenndur skal miðað við meðalfjölda næsta árs á undan en tillit þó tekið til aukningar eða minnkunar á umsvifum fyrirtækisins.

Kosning og tilnefning fulltrúa í öryggisnefnd skal, eftir því sem kostur er, vera með þeim hætti að fulltrúarnir hafi í sínum daglegu störfum yfirsýn yfir sem mestan hluta starfseminnar og/eða að þeir séu til staðar svo mikinn hluta starfstímans sem kostur er.

4. gr.

Fari starfsemi fyrirtækisins fram í sjálfstæðum starfseiningum eða útibúum þannig að ætla megi að öryggisnefnd fyrirtækisins hafi ekki nægilega yfirsýn yfir starfsemina, geta atvinnurekandi og þeir aðilar sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna, sbr. 7. gr., gert með sér samkomulag um að fyrirkomulag samkvæmt 1.—3. gr. reglna þessara skuli viðhaft í einstökum starfseiningum eða útibúum.

5. gr.

Á vinnusvæði þar sem meiriháttar verklegar framkvæmdir með aðild fleiri en eins verktaka standa yfir, svo sem virkjanaframkvæmdir og bygging stóriðjuvera,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

skal skipuð sérstök öryggisnefnd svæðisins með aðild öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna hinna einstöku verktaka og annarra aðila eftir því sem ástæður þykja til. Aðilar sem undirbúa kosningar meðal starfsmanna, sbr. 7. gr., og hlutaðeigandi atvinnurekendur skulu gera með sér samkomulag um skipan öryggisnefndarinnar.

II. KAFLI

Tilnefning fulltrúa atvinnurekenda. Kjör fulltrúa starfsmanna.

6. gr.

Atvinnurekandi tilnefnir fulltrúa sína úr hópi stjórnenda fyrirtækisins. Tilnefningin skal að jafnaði vera til tveggja ára í senn, sbr. 4. mgr. 8. gr.

7. gr.

Félagslegir trúnaðarmenn starfsmanna eða trúnaðarmenn viðkomandi stéttarfélaga skulu sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga fulltrúa starfsmanna. Sá framangreindra aðila sem frumkvæði hefur skal tilkynna hinum aðilanum um fyrirætlanir sínar.

8. gr.

Kosning öryggistrúnaðarmanna og fulltrúa starfsmanna í öryggisnefnd skal fara fram með skriflegri atkvæðagreiðslu sem stendur a.m.k. einn vinnudag þar sem öllum starfsmönnum, sem kosningarétt hafa, er gefinn kostur á þátttöku eða með skriflegri kosningu á starfsmannafundi er boðaður hefur verið með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Kjörgengir eru allir starfsmenn fyrirtækisins nema stjórnendur en æskilegt er að viðkomandi hafi starfað a.m.k. 1 ár við fyrirtækið.

Kosningarétt hafa allir starfsmenn fyrirtækisins nema stjórnendur án tillits til ráðningarforms, ráðningartíma og starfshlutfalls.

Kosning fulltrúa starfsmanna skal að jafnaði vera til tveggja ára í senn.

9. gr.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um þá aðila sem tilnefndir eru öryggisverðir og kosnir eru öryggistrúnaðarmenn. Þeir sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna sbr. 7. gr. skulu tilkynna viðkomandi stéttarfélögum um sömu aðila.

III KAFLI

Starfshættir öryggisnefnda.

10. gr.

Öryggisnefnd kýs sér sjálf formann og ritara til eins árs í senn og skulu þeir til skiptis vera úr röðum fulltrúa atvinnurekanda og starfsmanna.

11. gr.

Öryggisnefnd heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á, en þó eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Nefndinni er skylt að halda fund ef tveir eða fleiri fulltrúar krefjast þess.

Nefndin tekur mál til umfjöllunar að frumkvæði nefndarmanna eða samkvæmt ósk atvinnurekanda eða einhvers starfsmanna fyrirtækisins. Nefndin skal í störfum sínum leitast við að finna lausn á þeim málum sem til umfjöllunar eru og gera tillögur um úrbætur ef hún telur þörf á.

Náist ekki samstaða í nefndinni um afgreiðslu mála skal færa sjónarmið allra aðila til bókar og er þá hverjum nefndarmanni heimilt að vísa málinu til umfjöllunar Vinnueftirlits ríkisins.

12. gr.

Öryggisnefnd skal halda gerðarbók. Til bókar skal færa þau atriði sem tekin eru upp í nefndinni svo og allar ákvarðanir.

Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal heimill aðgangur að gerðarbókum öryggisnefnda enda séu þeir háðir þagnarskyldu, sbr. 83. gr. laga nr. 46/1980.

IV. KAFLI

Verkefni.

13. gr.

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður fylgjast í samvinnu með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög nr. 46/1980, reglugerðir og reglur samkvæmt þeim og að fylgt sé fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins sem gefin eru á grundvelli laganna.

Þeir skulu fara eftirlitsferðir um vinnusvæði fyrirtækisins svo oft sem þurfa þykir og sérstaklega aðgæta eftirfarandi:

a) Að vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
b) Að öryggisbúnaður og persónuhlífar séu til staðar í góðu ástandi eins og til er ætlast og séu notaðar af starfsmönnum.
c) Að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun með tilliti til aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis.
d) Að tilkynningaskyldu um vinnuslys og atvinnusjúkdóma sé sinnt, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980.
e) Að umsagnar Vinnueftirlits ríkisins sé leitað um umtalsverðar breytingar á fyrirtækinu, sbr. 93. gr. laga nr. 46/1980.
f) Að eftirlitsbók sé færð eins og reglur segja til um.
g) Að farið sé að ákvæðum laga nr. 46/1980 og gildandi samninga aðila vinnumarkaðarins sem gerðir eru á grundvelli þeirra um hvíldartíma og frídaga og vinnu barna og unglinga.

14. gr.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir skulu auk almennra eftirlitsstarfa samkvæmt ákvæðum þessara reglna vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum fyrirtækisins og skulu fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði komi að tilætluðum notum.

Skal þeim í þessu skyni skýrt frá öllum vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og óhöppum sem eiga sér stað í fyrirtækinu. Þá skal og kynna þeim mælingar og rannsóknir á hollustuháttum og öryggi og skýra þeim frá bilunum eða aðstæðum sem upp koma og þýðingu geta haft fyrir öryggi eða hollustuhætti á vinnustað. Á sama hátt skal þeim einnig gerð grein fyrir áformum um meiriháttar framkvæmdir eða aðrar þær breytingar á rekstri fyrirtækisins sem áhrif geta haft á starfsumhverfi og starfsaðstæður á vinnustað. Loks skal kynna þeim ábendingar og fyrirmæli er berast frá Vinnueftirliti ríkisins.

Skal áðurnefndum aðilum sérstaklega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um öll þau atriði sem nefnd eru í 13. og 14. gr. Sama gildir um heilsuvernd starfsmanna, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980.

15. gr.

Öryggisnefndir skulu taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 13. og 14. gr. Nefndin skal sérstaklega taka til umfjöllunar slys, óhöpp og atvinnusjúkdómstilfelli með það fyrir augum að komast að niðurstöðu um orsakir og hindra endurtekningu.

Leggja skal fyrir öryggisnefnd til umfjöllunar áætlanir og áform um meiriháttar framkvæmdir eða aðrar þær breytingar á rekstri fyrirtækisins sem áhrif geta haft á starfsumhverfi og starfsaðstæður á vinnustað.

16. gr.

Telji starfsmaður að á vinnustað sé tiltekin slysa- eða sjúkdómshætta skal hann þegar í stað koma ábendingum þar að lútandi á framfæri við öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann og skulu þeir í sameiningu gera ráðstafanir til að bægja hættunni frá. Telji starfsmaður að viðhlítandi ráðstafanir séu ekki gerðar skal hann vísa málinu til umfjöllunar öryggisnefndar fyrirtækis, sé hún fyrir hendi, en ella til Vinnueftirlits ríkisins.

17. gr.

Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsfólk hverfi strax frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir og/eða starfsemin verði stöðvuð.

Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila sem að ofan greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja eða stöðvunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram og um nauðsynlegar úrbætur sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

V. KAFLI

Réttindi og skyldur aðila. Greiðsla kostnaðar.

18. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti samkvæmt reglum þessum geti orðið sem best og tekur þátt í samstarfi um þessi mál. Er honum skylt, ef hann er ekki í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

Starfsmönnum er skylt að taka þátt í samstarfi samkvæmt reglum þessum.

19. gr.

Atvinnurekandi skal sjá um að þeir sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið til þess að gegna skyldum sínum. Hann skal ennfremur sjá um að þessir aðilar fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því að sækja námskeið Vinnueftirlits ríkisins og viðurkennd námskeið annarra aðila.

Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga nr. 46/1980.

20. gr.

Öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og fulltrúum í öryggisnefnd er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir fá vegna trúnaðarstarfa sinna ef upplýsingarnar varða:

a) persónulega hagi einstakra starfsmanna eða stjórnenda.
b) tæknibúnað, framleiðsluhætti eða viðskiptahagsmuni.

Óheimilt er ennfremur að láta þriðja aðila í té afrit af eða upplýsingar um innihald skýrslna um vinnuslys eða atvinnusjúkdóma.

Þó er heimilt að gera frávik frá þagnarskyldu, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, með samþykki hlutaðeigandi aðila þegar slík frávik eru talin nauðsynleg til þess að vara megi starfsmenn eða stjórnendur við slysa- eða sjúkdómshættu.

21. gr.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim sem að því vinna tekjutap sem af kann að hljótast, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1980.

22. gr.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

VI. KAFLI

Lokaorð.

23. gr.

Ágreiningi sem upp kann að rísa vegna framkvæmda á reglum þessum og ekki verður jafnaður innan fyrirtækisins skal vísað til Vinnueftirlits ríkisins sem skal leita samkomulags í málinu.

Náist ekki samkomulag skal vísa málinu til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til úrskurðar. Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar er tilkynnt viðkomandi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning öryggistrúnaðarmanna og öryggisnefnda sem fram hefur farið á grundvelli laga nr. 46/1980 fyrir gildistöku reglna þessara telst lögleg þó staðið hafi verið að kosningu með öðrum hætti en frá greinir í reglum þessum, enda samræmist kosningin lögunum. Ákvæði um kjörtímabil 6. og 8. gr. reglna þessara gilda um slíka fulltrúa.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 7. og 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. nóv. 1981	128 310	384 929
1. des. 1981	141 033	423 100
1. mars 1982	151 625	454 875

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 79. 5. mars 1982.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, en það nær yfir Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 28, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ.e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 28, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. mars 1982. Nr. 80.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 12 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 25 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 297/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

8. mars 1982. Nr. 81.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 50 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ.e.a.s. kr. 25 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 82. 9. mars 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasta setning í 2. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Við rómv. XVI í 4. gr. bætist nýr töluliður, er verði 7. tl. og orðist svo:
Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í kvenlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrðin eru tími í aðalgrein skv. IX og 2 ár í hliðargrein.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80/1969, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 83. 8. mars 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 20 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 50 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ.e. kr. 10 og kr. 25 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1981 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

8. mars 1982. Nr. 84.

REGLUGERÐ

um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

1.1 Með starfsmannabústöðum er í reglugerð þessari átt við varanlegt íbúðarhúsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.

1.2 Með starfsmannabúðum er í reglugerð þessari átt við færanlegt húsnæði til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks vegna atvinnustarfsemi utan þéttbýlis.

II. KAFLI

Leyfisveitingar.

2. gr.

2.1 Þeir sem starfrækja starfsmannabústaði og starfsmannabúðir skulu leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði því eigi komið við skal leita leyfis Hollustuverndar ríkisins.

2.2 Með umsókn til heilbrigðisnefndar skal fylgja afrit Hollustuverndar ríkisins, Brunamálastofnunar ríkisins og viðkomandi byggingarnefndar, sem sérstaklega skulu gefa álit um það hvort uppfyllt séu skilyrði heilbrigðisreglugerðar, brunamálareglugerðar og byggingarreglugerðar.

2.3 Um leyfi til reksturs starfsmannabúða skal hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.

2.4 Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir stað, stærð húsnæðis, hreinlætisaðstöðu o.fl., sbr. nánar ákvæði reglugerðar þessarar. Með umsókn skulu fylgja teikningar af húsnæði svo og uppdráttur af næsta umhverfi.
2.5 Í leyfi skal tekinn fram hámarksfjöldi íbúa og notenda.
2.6 Heilbrigðisnefnd skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar og þessarar reglugerðar og getur krafist hverra þeirra upplýsinga og viðbótargagna frá umsækjanda, sem hún telur þörf.
2.7 Heilbrigðisnefnd tilkynnir Hollustuvernd ríkisins um öll veitt leyfi og Vinnueftirliti ríkisins um öll leyfi til reksturs starfsmannabúða.

III. KAFLI

Stjórnun og eftirlit.

3. gr.

3.1 Heilbrigðismálaráðherra fer með yfirstjórn mála skv. reglugerð þessari.
3.2 Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með starfsmannabústöðum og starfsmannabúðum, skv. reglugerð þessari og skulu hafa sérstakt samráð við Vinnueftirlit ríkisins varðandi eftirlit með starfsmannabúðum.
3.3 Heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við Vinnueftirlit ríkisins um að það taki að sér eftirlit með starfsmannabúðum, þar sem þær geta ekki annast það sjálfar.

IV. KAFLI

Starfsmannabústaðir.

4. gr.

4.1 Eigendum er skylt að halda starfsmannabústöðum vel við, enda skulu þeir fullnægja eftirtöldum lágmarkskröfum:
1. Hæfileg forstofa skal fylgja starfsmannabústöðum og skal vera þar rými fyrir geymslu hlífðarfata og skófatnaðar, sbr. 12. gr.
2. Greiður aðgangur skal vera að salerni og baðklefa með baðtækjum.
3. Gott neysluvatn skal vera tiltækt svo og frárennsli.
4. Aðgangur skal vera að þvottahúsi svo og aðstaða til minniháttar fataviðhalds.
5. Þar sem ekki er mötuneyti skal vera aðstaða til að geyma mat, sjóða mat og matreiða. Ávallt skal vera aðstaða til kaffihitunar.

5. gr.

5.1 Atvinnurekanda er skylt að sjá um:
1. Að haldið sé við skólpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum þar sem slíkt á við.
2. Að allar innanhússlagnir frárennslis séu í góðu lagi.
3. Að hæfileg birta fáist um glugga, sem hægt sé að opna beint út, enda sé stærð rúðuflatar eigi minni en 1/10 af gólfflatarmáli þess, sem þeim er ætlað að lýsa.
4. Að herbergi séu vel rakavarin, hæfilega hlý og laus við hávaða og önnur óþægindi frá nærliggjandi húsnæði eða rekstri.

5.2 Að öðru leyti svo sem um loftræstingu, birtu og frágang á böðum, eldhúsi, stigum og göngum skal fara skv. ákvæðum byggingarreglugerðar, brunamálareglugerðar og heilbrigðisreglugerðar.

6. gr.

6.1 Starfsmannabústaðir, sem byggðir eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá starfsstöð og skal við ákvörðun fjarlægðar tekið tillit til eðli starfseminnar.

7. gr.

7.1 Eins manns herbergi í starfsmannabústöðum skulu vera ekki minni en 8 m^2 að gólfflatarmáli og ekki mjórri en 2,5 m. Hæð undir loft skal talin næg ef hún er 2,4 m. Lágmarksherbergisrými fyrir hvern íbúa starfsmannabústaða skal vera 6 m^2, þegar fleiri en einn eru í herbergi.

7.2 Við gerð starfsmannabústaða sem reistir eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal gert ráð fyrir einsmannsherbergjum ekki minni en greinir í 7.1. Við sérstakar aðstæður skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að vista tvo einstaklinga í slíkum herbergjum um skeið.

8. gr.

8.1 Þar sem mötuneyti eða aðstaða til matargerðar er í tengslum við starfsmannabústaði skal allur frágangur og skilyrði til matargerðar og framleiðslu svo og rýmis og búnaðar vera fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar. Rými og búnaður matsalar skal ennfremur vera í samræmi við IX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

9. gr.

9.1 Utan húss sem innan skal séð fyrir því að ekki safnist fyrir úrgangur eða annað sem til óþrifnaðar kann að verða. Úrgangi skal fargað skv. samþykkt viðkomandi sveitarfélags og að fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar.

9.2 Lóðir í kringum starfsmannabústaði skulu vera frágengnar og þeim haldið hreinum, þannig að ekki berist óþrifnaður inn í starfsmannabústaði eða valdi óþægindum fyrir íbúa að öðru leyti.

10. gr.

10.1 Í hverju rúmi svefnherbergis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 80 cm breið. Bil milli rúma skal ekki vera minna en 1 m. Hverju rúmi skal fylgja borð með borðplötu, sem ekki er minni en 80 cm x 45 cm, skúffu og hillum, stóll með góðum bakstuðningi og læsanlegur klæðaskápur 40 x 60 cm hið minnsta í þverskurð með einni eða fleiri hillum eða skúffum. Spegill skal vera í hverju herbergi og skal stærð hans vera minnst 25 x 40 cm. Almenn lýsing skal vera hæfileg og leslampi við hvert rúm og borð.

11. gr.

11.1 Reykskynjari skal vera í hverju svefnherbergi. Á hverju svefnherbergi skal vera gluggi nægilega stór til þess að hægt sé að komast út um hann ef hættu ber að höndum. Hluti gluggans skal vera opnanlegur til loftræstingar.

11.2 Komið skal fyrir á aðgengilegum stað brunaslöngum, sem ávallt skulu tengdar vatnshana.

11.3 Að öðru leyti fer um eldvarnir í samræmi við kröfur Brunamálastofnunar ríkisins.

12. gr.

12.1 Í eða við forstofu skal vera aðstaða til þess að hengja upp og þurrka vinnufatnað og stæði fyrir skófatnað allra þeirra sem samtímis þurfa að vera inni. Fataherbergi þetta skal vera loftræst þannig að raki og óloft berist ekki þaðan um húsakynnin.

13. gr.

13.1 Vinnufatnað skal vera hægt að þurrka í sérstökum þurrkklefa sem er vel loftræstur svo að raki og óloft berist ekki þaðan um húsakynnin. Skal klefinn vera nægjanlega stór til þess að hengja megi þar allar vinnuflíkur, sem þurrka þarf samtímis.

13.2 Klefinn má ekki þrengja að eðlilegum umgangi til annarra staða skálans.

13.3 Sérstakur skápur skal vera fyrir öll hreinlætisáhöld er nota þarf við ræstingu.

13.4 Allt sameiginlegt starfsmannarými í starfsmannabústöðum skal ræst a.m.k. einu sinni á dag en annað rými a.m.k. tvisvar í viku. Óheimilt er að ganga um starfsmannabústaði í óhreinum vinnufatnaði eða skóm.

14. gr.

14.1 Eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal hönnun starfsmannabúða vera með þeim hætti, að hvergi sé lengra til útgöngudyra en 15 m.

15. gr.

15.1 Í starfsmannabústöðum skal vera aðstaða til tómstunda- og félagsstarfa. Setustofur skulu rúma í sæti alla íbúa. Nota má matsal sem setustofu að hluta til eða að öllu leyti, þegar það hindrar ekki störf þar í sambandi við matarframleiðslu og ræstingar.

15.2 A.m.k. eitt sjónvarpstæki og eitt útvarpstæki skal vera í setustofu til afnota fyrir starfsfólk.

15.3 Eigendur starfsmannabúða setja umgengnisreglur í samráði við trúnaðarmann starfsfólks.

V. KAFLI

Starfsmannabúðir.

16. gr.

16.1 Um starfsmannabúðir gilda ákvæði reglugerðar þessarar um starfsmannabústaði að svo miklu leyti sem við á.

17. gr.

17.1 Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám og vötnum og sjávarströndu að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum, að grjóthrun eða snjóflóðshætta sé augljós.

18. gr.

18.1 Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, sem hægt er að leiða í fljótandi úrgang frá húsi, skal gera rotþró og ganga þannig frá henni að hún valdi ekki óþrifnaði eða óhollustu.

19. gr.

19.1 Eldsneytisgeymar fyrir starfsmannabúðir skulu gerðir úr varanlegu efni og þannig fyrir komið, að ekki valdi hættu eða óþrifnaði og að ekki geti runnið úr þeim í vatnsból fjær og nær. Starfsmannabúðir skulu staðsettar fjarri öðrum eldsneytisgeymum, þannig að hætta stafi ekki af eða hættuleg mengun.

20. gr.

20.1 Í starfsmannabúðum skal hæð undir loft teljast nægjanleg 2.2 m og gólfflötur svefnherbergis telst nægjanlegur sé hann 4 m^2 á íbúa.

21. gr.

21.1 Starfsmannabúðum skal komið tryggilega fyrir. Þær skulu vera traustar, vind- og vatnsþéttar og einangraðar gegn kulda svo sem gerist um íbúðarhús. Að öðru leyti fer um starfsmannabúðir skv. brunamálareglugerð, byggingarreglugerð, heilbrigðisreglugerð og reglum rafmagnseftirlits.

VI. KAFLI

Lokun.

22. gr.

22.1 Heilbrigðisnefnd er heimilt að banna afnot starfsmannabústaða og starfsmannabúða, ef skilyrðum, laga, heilbrigðisreglugerðar, reglugerðar þessarar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar skv. heimildum í þeim ákvæðum, er ekki fullnægt um starfræksluna, enda hafi áður verið fullreynt, án árangurs, að leita samkomulags um úrbætur.

VII. KAFLI

Undanþágur.

23. gr.

23.1 Heilbrigðisnefnd getur í skamman tíma veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, enda sé undanþágan eingöngu miðuð við það að tími gefist til nauðsynlegra lagfæringa í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

VIII. KAFLI

Málsmeðferð og viðurlög.

24. gr.

24.1 Um brot gegn reglugerð þessari, fyrirmælum eftirlitsaðila, dagsektir, þvingunarúrræði og því um líkt fer skv. ákvæðum laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

IX. KAFLI

Gildistaka.

25. gr.

25.1 Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi 1. janúar 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þeir aðilar, sem reka starfsmannabústaði og starfsmannabúðir, sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar skulu í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd, fulltrúa starfsfólks og verkalýðsfélaga gera áætlun um nauðsynlegar breytingar og skal þeim lokið innan tveggja ára frá gildistöku. Skulu þeir á þessum tíma hafa skilyrt leyfi til reksturs starfsmannabúða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

B 21

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 108 31. des. 1973, sbr. læknalög nr. 80 23. júní 1969, verður þar til öðruvísi verður ákveðið gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð hér á landi eða á hinum Norðurlöndunum fulla 4 mánuði að loknu námi í læknadeild Háskóla Íslands eða við annan norrænan læknaháskóla og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 500 10. des. 1979, með sama heiti, er hér með felld niður.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 86. 8. mars 1982.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18. júlí 1978.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Veitingastaðir og almennar knattborðsstofur skulu vera lokaðar frá kl. 23.30 til 07.00 og allir gestir sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er og skal þetta hvoru tveggja gilda nema öðruvísi sé fyrirmælt í samþykkt þessari.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerðir nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lögreglustjóra, og honum er heimilt að skipa svo fyrir að hýbýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra að hafa opið á laugardögum til kl. 2.30.

Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

10. mars 1982. Nr. 87.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. mars 1982 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks að því er varðar eftirfarandi:

Áður ráðgert útivistarsvæði á spildu sem markast af Sauðá að norðan og austan, Spítalavegi að sunnan og Sæmundarhlíð að norðan hefur verið breytt í svæði undir opinberar byggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. mars 1982. Nr. 88.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1—200 g	kr.	3.00
Þyngd ½ kg — 20 kg	—	4.00
Þyngd 50 kg	—	9.00
Þyngd 4—8 oz	—	3.00
Þyngd 1 lb — 7 lb	—	3.00
Þyngd 8 lb — 20 lb	—	4.00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	20.00
3. Jafnarma vogir:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	20.00
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10— 100 kg	kr.	20.00
Burðarþol 101— 500 kg	—	30.00
Burðarþol 501— 2 000 kg	—	45.00
Burðarþol 2 001— 15 000 kg	—	170.00
Burðarþol 15 001— 30 000 kg	—	180.00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	190.00

5.	Vísavogir:			
	Burðarþol	1— 5 kg	kr.	20.00
	Burðarþol	6— 25 kg	—	30.00
	Burðarþol	26— 100 kg	—	35.00
	Burðarþol	101— 500 kg	—	60.00
	Burðarþol	501— 1 000 kg	—	85.00
	Burðarþol	1 001— 5 000 kg	—	120.00
	Burðarþol	5 001— 15 000 kg	—	180.00
	Burðarþol	15 000— 30 000 kg	—	240.00
	Burðarþol	yfir 30 000 kg	—	295.00
6.	Rafmagnsvogir (tölvuvogir):			
	Burðarþol	1— 10 kg	kr.	35.00
	Burðarþol	11— 25 kg	—	45.00
	Burðarþol	26— 100 kg	—	70.00
	Burðarþol	101— 500 kg	—	95.00
	Burðarþol	501— 1 000 kg	—	110.00
	Burðarþol	1 001— 5 000 kg	—	125.00
	Burðarþol	5 001— 15 000 kg	—	205.00
	Burðarþol	15 001— 30 000 kg	—	350.00
	Burðarþol	yfir 30 000 kg	—	385.00
7.	Kvarðar og málbönd:			
	Lengd ½ m — 1 m		kr.	10.00
	Lengd stálmálbönd allt að 50 m		—	20.00
	Lengd mælivélar fyrir lengdarmál		—	25.00
8.	Mæliker:			
	Rúmtak 1 dl — 1 l		kr.	5.00
	Rúmtak 10 dl — 50 l		—	6.00
	Rúmtak vínmælar (veltim. og kúlum.) 3—6 cl		—	25.00
9.	Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:			
	Rennslismælar		kr.	30.00
	Bensínsölumælar		—	20.00
10.	Rennslismælar fyrir mjólk		kr.	30.00

2. gr.

Vottorðagjald	kr.	15.00

3. gr.

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkv. 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 460 30. júlí 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 219 9. maí 1979 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík, skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta þriðja hverju leyfi, er losnar og einu leyfi fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar samkvæmt 1. málslið þessarar málsgreinar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

2. gr.

C-liður 2. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

4. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, einn af launþegum, sem ekki eru sjálfseignarbifreiðastjórar, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarandi 6 mánuði. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera vörslu Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

4. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist þannig:

Þeir bifreiðastjórar sem vinna þau störf, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

C-liður 14. gr. orðist þannig:

Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra.

6. gr.

2. mgr. 16. gr. falli niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 78 30. janúar 1981 og nr. 642 10. nóvember 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 90. 15. mars 1982.

AUGLÝSING

um tilnefningu Arnarflugs hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Arnarflug hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Tilnefning þessi kemur í stað tilnefningar til handa Iscargo hf. til sams konar flugs, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 17. október 1980 og auglýsingar nr. 582 18. október 1980, enda hefur það félag afsalað henni með bréfi, dags. 10. þ.m.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 91. 12. mars 1982.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Austurlands.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Austurlands frá og með 1. apríl 1982, vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 10:00 — 12:00 og 14:00 — 18:00.
Laugardaga kl. 10:00 — 12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1982.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

18. mars 1982. Nr. 92.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í apríl 1982.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18,00 5. apríl 1982 til kl. 12,00 á hádegi 13. apríl 1982, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr., bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 3. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins, samkvæmt 2. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 93. 18. febrúar 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1) Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við norðanverðan Nýbýlaveg, vestan Birkigrundar.
2) Bifreiðastöður við gangstétt vestan Félagsheimilis Kópavogs við Fannborg skulu vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 18. febrúar 1982.

Ásgeir Pétursson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1982

24. febrúar 1982. 169 Nr. 94.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 3,17 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 830,90 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að 3/4″ ..... kr. 27,60
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″ ..... kr. 62,10
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ..... kr. 123,05

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 75,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m^3	Heimæðargjald	
Allt að 400	12 605,00 kr.	
400— 2 000	12 605,00 kr. fyrir	400 m^3 + 10,10 kr/m^3 þar yfir
2 000— 6 000	28 765,00 kr. fyrir	2 000 m^3 + 8,59 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000	63,125,00 kr. fyrir	6 000 m^3 + 7,56 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000	93 365,00 kr. fyrir	10 000 m^3 + 6,65 kr./m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 512,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir á, sem vanskilum veldur kr. 140,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 760 24. nóv. 1981.

Iðnaðarráðuneytið 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. febrúar 1982. Nr. 95.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
a) Fastagjald kr. 22,00 á mánuði fyrir hvern hemil.
b) Vatnsgjald kr. 91,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. febrúar 1982. Nr. 96.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:
a) Fastagjald, kr. 27,40 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 69,30 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils sem skiptist þannig:
Flutningagjald ..... kr. 23,10
Heitt vatn ..... kr. 46,20

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál) m^3			
Allt að 600 m^3	kr. 18 045,00.		
600— 2 000 m^3	kr. 18 045,00 fyrir	600 m^3 + kr.	11,20 pr. m^3 þar yfir.
2 000— 6 000 m^3	kr. 33 725,00 fyrir	2 000 m^3 + kr.	9,70 pr. m^3 þar yfir.
6 000—10 000 m^3	kr. 72 525,00 fyrir	6 000 m^3 + kr.	8,40 pr. m^3 þar yfir.
Meira en 10 000 m^3	kr. 106 125,00 fyrir	10 000 m^3 + kr.	7,40 pr. m^3 þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 510,00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 90,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 97. 24. febrúar 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581 12. nóvember 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar eru margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil kr. 280,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 14,03 fyrir hvern rúmmetra.
c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar eru að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé

skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

Stærð húss	Stofngjald
250 m³	kr. 9 333,00
251— 500 m³	kr. 9 333,00 + 22,40 kr/m³ yfir 250 m³.
501—1 500 m³	kr. 14 933,00 + 13,06 kr/m³ yfir 500 m³.
1 501—6 000 m³	kr. 27 993,00 + 8,41 kr/m³ yfir 1 500 m³.
6 000 m³	kr. 65 838,00 + 6,54 kr/m³ yfir 6 000 m³.

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 6 532,00, sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 280,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1982, 909 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

1.	63	A	1-fasa	kr. 7 817,00
2.	63	A	3-fasa	kr. 8 436,00
3.	200	A	3-fasa	kr. 16 184,00
4.	300	kVA	3-fasa	kr. 47 084,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 × 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur			Stofngjald
63	A	1-fasa	kr. 1 388,00
64	A	3-fasa	kr. 1 946,00
100	A	3-fasa	kr. 2 063,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19%, verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 5—1, 5—2 og 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 803 3. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 4,91 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 2,03 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 21,48 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7,15 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 1,23 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 2,74 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 354,00

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 2,74 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 0,40 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 354,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,40 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 282,00 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3, kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 354,00 kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,40 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 21,50 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 7,15 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 11,79 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,51 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,31 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,31 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 255,85 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,15 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,46 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 2,59.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,44 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,36 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 1,12 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,45 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 7,15 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ..... kr. 8,50 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ..... kr. 21,55 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ..... kr. 32,20 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum ..... kr. 32,20 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

		Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	.....	3 × 60	22	6 163,00
2.	.....	3 × 100	38	8 984,00
3.	.....	3 × 200	75 sp.	17 784,00
4.	.....	3 × 350	132 sp.	29 498,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 1 384,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	kr. 1 384,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	kr. 2 063,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 176,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 176,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 804 3. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 4,88 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 2,01 á hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 21,47 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7,14 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 1,23 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 2,73 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1 354,00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 2,73 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli kr. 0,40 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 354,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,40 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 282,00 kW. Í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 354,00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,40 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 21,47 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 7,14 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 11,78 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,50 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,32 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,32 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 255,73 hvert kW.

b) ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,14 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verður upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,46 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 2,61.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,45 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,36 hver kWst., á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 1,12 hver kWst., frá 8,30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,45 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 7,26
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 8,51
3.	Af þrífasa mælum 50—200 amp.	— 21,48
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 32,19
5.	Af álagsstýringarliðum	— 32,19

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	6 164,00
2.	3×100	38	8 988,00
3.	3×200	75 sp.	17 786,00
4.	3×350	132 sp.	35 516,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	.....	kr. 1 386,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	.....	— 1 946,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	.....	— 2 063,00.

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 173,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 173,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 805 3. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

RAFORKUVERÐ, YFIRLIT.

Gjaldskrárliðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
A.1 Almenn notkun				
Orkugjald	0,74	0,15	0,17	1,06 kr/kWh
Fast gjald F 1	360,00	70,00	84,00	514,00 kr/ári
A.2 Vinnuljósanotkun				
Orkugjald	1,12	0,21	0,26	1,59 kr/kWh
Fast gjald F 1	360,00	70,00	84,00	514,00 kr/ári
A.3 Utanhússlýsing				
Orkugjald	0,65	0,12	0,15	0,92 kr/kWh
Fast gjald F 1	360,00	70,00	84,00	514,00 kr/ári
A.4 Sumarbústaðir				
Orkugjald	0,49	0	0	0,49 kr/kWh
Fast gjald F 3	1 542,00	0	0	1 542,00 kr/ári
Fast gjald F 1	360,00	70,00	84,00	514,00 kr/ári
A.5 Markaflmæling				
Orkugjald	0,24	0	0	0,24 kr/kWh
Afl l.m. 4 kW	4 007,00	762,00	941,00	5 710,00 kr/ári
Afl 5—20 kW	555,00	106,00	130,00	791,00 kr/kW/ári
Orkugj. yfirn.	0,74	0,15	0,17	1,06 kr/kWh
B.1 Aflmæling				
Orkugjald	0,29	0,05	0,07	0,41 kr/kWh
Aflgj. 12 kW	10 668,00	2 040,00	2 496,00	15 204,00 kr/ári
Aflgj./kW	889,00	170,00	208,00	1 267,00 kr/kW/ári
B.2 Súgþurrkun				
Orkugjald	0,17	0,03	0,04	0,24 kr/kWh
Aflgj./kW	295,00	57,00	69,00	421,00 kr/kW/ári
C.1 Hitun — íbúðarhúsnæði				
Orkugjald	0,33	0	0	0,33 kr/kWh
Fast gjald F 3	1 542,00	0	0	1 542,00 kr/ári
C.2 Hitun — íbúðarhúsnæði				
Orkugjald	0,23	0	0	0,23 kr/kWh
D.1. Hitun — annað en íb.húsn.				
Orkugjald	0,49	0	0	0,49 kr/kWh
Fast gjald F 3	1 542,00	0	0	1 542,00 kr/ári
D.2 Hitun — annað en íb.húsn.				
Orkugjald	0,31	0	0	0,31 kr/kWh
Lokunargj.	196,00	0	0	196,00

Ath. Orkugjald er í aurum en annað í krónum.

I. SMÁSALA.

GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimlisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald ..... 1,06 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 ..... 514,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	1,59 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	514,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	0,92 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	514,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	0,49 kr/kWh
Fastagjald 4 × F 1	2 056,00 kr/a

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	5 710,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	791,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	0,24 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	1,06 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW	15 204,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	1 267,00 kr/kW/a
Orkugjald	0,41 kr/kWa

B. 2. Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.

Aflgjald	421,00 kr/kW/a
Orkugjald	0,24 kr/kWh

C. 1. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,33 kr/kWh
Fastagjald 3 × F 1	1 542,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

C. 2. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,23 kr/kWh

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

D. 1. Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,49 kr/kWh
Fastagjald 3 × F 1	1 542,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

D. 2. Hitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,31 kr/kWh

Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 196,00

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A. 4, fylgir orkuverði D. 1.

3. Markmæling.

Liður A. 5, er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði í fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarsaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt B. 1., enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos φ undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár,

svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarandi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	766,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	0,245 kr./kWh.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	0,140 kr./kWh.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	0,710 kr./kWh.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

5. gr.

Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. gr. umræddsmánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

III. HEIMTAUGAGJÖLD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1] Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 einfasa	7 145	182	
63 þriggjafasa	7 902	182	
100 þriggjafasa	12 215	227	
200 þriggjafasa	24 382	265	
315 þriggjafasa	38 392	334	
400 þriggjafasa	48 773	Samkv. kostn.	
710 kVA spst.	86 555	—	
1200 kVA spst.	146 280	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	1 718		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugar-

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

strengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 1 032,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 8 586,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 717 082,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 717 082,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 8 586,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald, kr. 8 586,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 909 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 394 387,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 17/1982 um breytingar á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 806 13. nóvember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygering.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

fyrir póstþjónustu.

1.0. VERKSVIÐ PÓSTÞJÓNUSTUNNAR OG GJALDSKRÁ. EINKARÉTTUR.

1.1. Verksvið.

1.1.1. Verksvið póstþjónustunnar er fyrst og fremst að annast flutning og skil á póstsendingum, en þeim má skipta í eftirtalda þrjá höfuðflokka:

a) Bréfapóstsendingar (bréf, póstkort, prent, smápakkar og innrituð blöð og tímarit, að því er til flutnings þeirra tekur).
b) Bögglapóstsendingar.
c) Fjármunasendingar (póstávísanir, þar með taldar póstkröfuávísanir og símapóstávísanir, gíróinnborganir, -útborganir og -færslur).

1.1.2. Tilgreina má verð á bréfum og bögglum (verðsendingar) og ábyrgð má kaupa á bréfapóstsendingar (ábyrgðarsendingar). Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögglar og fjármunasendingar eru ævinlega bókfærðar og nefnast því einu nafni bókfærðar sendingar.

1.1.3. Auk flutnings og skila á póstsendingum, tekur póstþjónustan að sér ýmis störf, ákvörðuð með lögum, reglugerðum eða samningum, svo sem:

a) Innheimtu tolla af tollskyldum póstsendingum.
b) Inn- og útborgun orlofsfjár.
c) Sölu sparimerkja, viðtöku blaða úr sparimerkjabókum og áframsendingu þeirra og aðra þjónustu í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðar.
d) Útborganir úr erlendum póstsparibankabókum eftir nánara samkomulagi.

1.2. Gjaldskrá.

1.2.1. Gjöld þau, sem tekin eru fyrir flutning póstsendinga og aðra þá þjónustu, sem almenningi stendur til boða, eru birt í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Þar eru einnig birt þau ákvæði, sem hverju sinni gilda um það, hversu stórar um sig sendingar megi vera, hversu þungar og hversu háa upphæð megi senda í póstávísunum o. s. frv.

1.2.2. Til allra landa annarra en Norðurlanda er almenna burðargjaldið, alþjóðaburðargjaldið, eins fyrir allar póstsendingar, aðrar en böggla. Burðargjöld fyrir böggla til útlanda eru birt í sérstakri pósttaxtabók.

1.2.3. Sé óskað eftir flutningi póstsendinga til útlanda flugleiðis, skal að jafnaði greiða sérstakt fluggjald, auk almenna burðargjaldsins. Er það jafnan birt í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

1.3. Einkaréttur.

1.3.1. Póstþjónustan hefur einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

a) Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.

b) Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent.

c) Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum, útfylltum með skrift.

1.3.2. Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram yfir íslenskt póstsvæði eða með póstskipi, skulu þegar í stað afhentar íslensku póstþjónustunni.

1.3.3. Á þeim stöðum, þar sem hefur verið komið á daglegum bréfaútburði á vegum póstþjónustunnar, má enginn reka sem atvinnu að safna saman flytja eða bera út bréfapóstsendingar.

1.3.4. Póstar, fylgdarmenn þeirra eða samferðamenn, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar í sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, flugmenn eða farþegar flugvéla, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis bréfapóstsendingar utan pósttösku.

1.3.5. Fyrrnefndar sendingar má þó flytja utan pósts, ef þær eru frímerktar samkvæmt gildandi póstburðargjöldum og frímerkin síðan gerð ógild, þannig að póstþjónustan verði ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt þær séu sendar utan pósts, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.

1.3.6. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna o. s. frv. mega þó nota þessi flutningatæki sín til að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar milli stjórnenda og starfsmanna og starfsmanna í milli.

2.0. PÓSTSTÖÐVAR. VIÐSKIPTI VIÐ ALMENNING.

2.1. Flokkun póststöðva.

2.1.1. Póststöðvum landsins er skipt í fjóra flokka, póststofur, póstafgreiðslur, póstútibú og bréfhirðingar.

2.1.2. Póststofur og póstafgreiðslur hafa með höndum öll almenn póststörf. Það hafa póstútibú og bréfhirðingar einnig, þó með vissum undantekningum. Þá geta bréfhirðingar ekki sjálfar gefið út póstávísanir, heldur verða þær að senda þær ásamt peningunum til póstafgreiðslu þeirrar, sem þær heyra undir. Símapóstávísanir verða ekki sendar frá bréfhirðingu eða til hennar.

2.1.3. Póststöðvar skal jafnan kenna við staði þá þar sem þær eru. Séu fleiri en ein póststöð á sama stað, skal í dagstimpil hverrar um sig setja tölustaf eða annað auðkenni.

2.2. Afgreiðslutími fyrir almenning.

2.2.1. Póst- og símamálastofnunin ákveður hver vera skuli afgreiðslutími fyrir almenning á hverri póststöð. Á póststofum, póstafgreiðslum og póstútibúum skal birt auglýsing um hann á staðnum.

2.2.2. Póstsendingum er veitt viðtaka allan þann tíma, sem póststöð er opin, en sé óskað eftir því, að sending fari með ákveðinni póstferð, verður að skila henni svo löngu á undan burtfarartíma póstsins sem viðkomandi póststöð krefst.

2.2.3. Á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal almenningurinn vera vandlega aðgreindur frá öðrum hluta húsrýmisins með afgreiðsluborði eða slíku.

2.2.4. Óviðkomandi er stranglega bannaður aðgangur að húsrými því þar sem unnið er við póst.

2.3. **Póstkassar.**

2.3.1. Á öllum póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal vera póstkassi, sem tæma ber stuttu áður en póstur fer. Í kaupstöðum og kauptúnum, skal þar að auki setja upp póstkassa eftir þörfum og skulu þeir tæmdir eigi sjaldnar en tvisvar á dag á virkum dögum. Að jafnaði skal auglýsa á póstkössum, hvenær þeir eru tæmdir.

2.3.2. Einstaklingum og stofnunum er óheimilt að setja upp á almannafæri póstkassa, sem að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir póstkössum póstþjónustunnar.

2.4. **Póstleynd.**

2.4.1. Enginn, sem er í starfi hjá póstþjónustunni má gefa óviðkomandi aðila vísbendingu um það, hverjir nota póstinn eða hvernig, né heldur veita neinum tækifæri til að verða sér úti um slíka vitneskju. Hann má ekki heldur opna né lesa neitt af því, sem látið er í póst til flutnings. Þagnarskyldan er söm, þótt viðkomandi fari úr þjónustunni.

2.4.2. Dómarar og lögreglustjórar geta í vissum tilvikum að undangengnum úrskurði krafist upplýsinga um notkun póstsins.

2.4.3. Það telst ekki brot á þagnarskyldu, þótt upplýsingar séu gefnar um heimilisföng og pósthólf fólks.

2.5. **Viðskipti við almenning. Afgreiðsla.**

2.5.1. Póstmönnum ber að sýna almenningi lipurð og kurteisi og veita fúslega allar upplýsingar um burðargjöld, forboð, hvernig búa skal um póstsendingar, um útfyllingu eyðublaða, póstferðir o. s. frv. eftir því sem þeim er unnt og svo fremi það brjóti ekki í bága við þagarskyldu þeirra.

2.5.2. Póstmönnum ber að sjá um, að í afgreiðslurými sé öllu sem haganlegast fyrir komið.

2.5.3. Hirslum, sem í eru peningar, frímerki eða önnur verðmæti, skal afgreiðslumaðurinn ætíð læsa, ef hann þarf að bregða sér frá.

2.6. **Viðskipti við almenning. Eyðublöð.**

2.6.1. Eyðublöð þau, sem almenningur þarf að nota, skulu jafnan vera fyrirliggjandi á póststöðvunum. Póst- og símamálastofnunin ákveður verð eyðublaðanna, svo og hvort þau skulu látin í té ókeypis.

2.6.2. Á póststofum, póstafgreiðslum og póstútibúum skal að jafnaði liggja frammi, almenningi til afnota, eitt eintak af póstlögum, reglugerð fyrir póstþjónustu, póststöðvaskrá, gjaldskrá, bæjatali, póstnúmeraskrá og póstáætlanabók. Forstöðumönnum þessara póststöðva ber að sjá um, að bækur þessar séu jafnan leiðréttar í samræmi við tilkynningu póst- og símamálastofnunarinnar á hverjum tíma.

3.0. **FLUTNINGUR PÓSTSENDINGA. FORBOÐ.**

3.1. **Flutningur póstsendinga.**

3.1.1. Innanlands eru allar tegundir póstsendinga fluttar með áætlunarbifreiðum, flugvélum, skipum, vöruflutningabifreiðum og landpóstum. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, sé þess krafist, og láta hann ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.

3.1.2. Milli landa eru allar tegundir póstsendinga fluttar með flugvélum og skipum, og skal póstur ætíð ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.

3.1.3. Póstflutning skulu póstflytjendur geyma á öruggum stað, og bera þeir á honum ábyrgð frá því þeir taka við honum og þar til ákvörðunarpóststöð hefur tekið við honum úr þeirra hendi athugasemdalaust.

3.1.4. Póst- og símamálastofnunin gefur út póstáætlanabók, þar sem upplýsingum um reglubundnar póstferðir er safnað saman á einn stað.

3.1.5. Þegar venjulegar leiðir lokast vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem hafísa, snjóa og þess háttar, skal leitast við að koma bréfum áfram einu sinni í viku, en heimilt er að geyma flutning á öðrum sendingum, þar til úr rætist.

3.2. **Forboð.**

3.2.1. Ekki eru leyfðar þær bréfapóstsendingar, sem með umbúnaði sínum geta verið hættulegar fyrir póstmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða búnað póstþjónustunnar. Málmkrækjur til þess að loka sendingum mega ekki vera beittar. Þær mega heldur ekki torvelda póststörfin.

3.2.2. Bréfapóstsendingar aðrar en ábyrgðarbréf í lokuðu umslagi og verðbréf, mega ekki innihalda mótaða peninga, peningaseðla eða nokkurs konar verðskjöl nýtanleg handhafa, ferðatékka, gull eða silfur, unnið eða óunnið, dýra steina, skartgripi eða aðra dýrgripi.

3.2.3. Óheimilt er að láta eftirtalda hluti í póstsendingar:

a) Hluti, sem samkvæmt eðli sínu geta skapað hættu eða valdið skemmdum þeim, sem greinir í 3.2.1.

b) Hluti, sem bannað er að dreifa, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.

c) Hluti, sem hættulegt er að flytja eða geta skemmt aðrar sendingar í póstinum, svo sem sprengihætta hluti, eldfima, eyðandi eða tærandi hluti og efni, t. d. eiturefni (þar með talið ópíum, morfín, kókaín og önnur deyfilyf, nema þau séu send milli viðurkenndra aðila sem læknislyf eða í vísindalegum tilgangi, og þá eingöngu í bögglapósti) brennisteinssýru, saltpétur o. s. frv.

d) Hluti, sem vegna lögunar eða umbúnaðar samlagast ekki öðrum sendingum í póstinum, né heldur daunilla hluti.

e) Lifandi dýr að undanteknum býflugum, blóðsugum og silkiormum, svo og sníkjum og öðrum lífverum til eyðingar skaðvænlegum skordýrum, sem sendar eru á milli opinberlega viðurkenndra stofnana. Innanlands má senda ánamaðka í bögglapósti.

f) Auðskemmd líffræðileg efni, nema þau séu send milli viðurkenndra rannsóknastofnana, og greinilega sé merkt, hvert innihaldið sé.

g) Miða, tilkynningar eða auglýsingar frá útlendum happdrættum.

h) Til útlanda, hluti, sem bönnuð er dreifing á eða innflutningur í viðkomandi landi.

i) Klámfenga og ósæmilega hluti.

Auk ofangreinds er bannað að senda með flugpósti þau efni, sem Alþjóðasamband flugfélaga (I.A.T.A.), leggur bann við og getið er í reglugerð þess.

3.2.4. Leiki grunur á, að sendingu beri að vísa frá póstflutningi má krefjast þess, að sendandi eða viðtakandi opni sendingu í viðurvist póstmanns. Sé kröfunni ekki

sinnt, má neita að taka við sendingunni eða fara með hana sem óskilasendingu, sé hún komin í vörslu póstþjónustunnar. Sé þagað um innihald slíkra sendinga eða rangt frá skýrt, er sendandi bótaskyldur fyrir skaða þeim, er af flutningi sendingarinnar kann að hljótast. Auk þess skal hann sæta sektum.

4.0. UTANÁSKRIFTIR OG UMBÚNAÐUR PÓSTSENDINGA.

4.1. Utanáskrift.

4.1.1. Utanáskrift skal haga sem hér segir:

a) Hægri helming framhliðarinnar skal nota fyrir utanáskriftina, áletranir og miða varðandi þjónustuna og fyrir frímerki og áprentanir um greitt burðargjald (í efra hægra horn).

b) Utanáskriftin skal vera greinilega skrifuð, hægra megin á framhlið sendingarinnar og á langveginn, með latneskum bókstöfum og arabískum tölum.

c) Ákvörðunarstað skal rita með upphafsstöfum, á eftir eða undan póstnúmeri, ef svo ber undir.

d) Utanáskriftin verður að vera svo skýr og nákvæm að flytja megi sendinguna og afhenda hana réttum viðtakanda án eftirgrennslana og tvímæla.

e) Nafn og heimili sendanda, ásamt póstnúmeri og póststöð skal tilgreina annaðhvort aftan á sendingunni eða í efra vinstra horni á framhliðinni þannig, að það hvorki geri utanáskriftina óskýra, né skerði rúm fyrir þjónustuáletranir og merkimiða.

f) Á bréfasendingar, sem vegna stærðar sinnar og lögunar, kynnu að vera taldar til prentsendinga, skal ritað orðið „bréf" („lettre" eigi það að fara til útlanda).

g) Á sama hátt skal rita á prentsendingar orðið „prent" („imprimé" eigi þær að fara til útlanda).

h) Innan í sendingum skal tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda, annaðhvort á innihaldið sjálft eða á merkimiða, sem festa ber tryggilega við það.

i) Á bréfum og bögglum með tilgreindu verði og ábyrgðarbréfum, sem hafa peninga að innihaldi, skal utanáskrift ævinlega sett á sjálfar umbúðirnar, en ekki á miða límdan á sendinguna.

4.1.2. Sendingar með álímdum eða ástimpluðum merkjum er líkjast frímerkjum eða póststimplum, eru ekki leyfðar.

4.1.3. Sendingar, hverrar tegundar sem eru, þar sem utanáskriftarhliðinni hefur verið skipt í reiti fyrir áframhaldandi utanáskriftir, eru ekki leyfðar.

4.1.4. Séu umbúðir eða innihald þess eðlis, að torvelt sé að setja á sendinguna utanáskrift, áletranir, dagstimpil, frímerki o. s. frv. má nota merkimiða, er sé vandlega festur við sendinguna. Hann má þó ekki vera minni en 90×140 mm.

4.1.5. Sendingar í umslagi með gegnsærri rúðu (gluggaumslagi) eru leyfðar með eftirfarandi skilyrðum:

a) Milli glugga og efri jaðars umslagsins verður að vera minnst 40 mm bil, og milli glugga og vinstri, hægri og neðri jaðars minnst 15 mm á hverjum stað, eftir því sem unnt er.

b) Glugginn má ekki vera afmarkaður með lituðu striki eða ramma.

c) Þegar utanáskrift sendanda er á framhlið, skal hún sett í efra vinstra horn.

d) Glugginn verður að vera á heilu hlið umslagsins, sem ekki er með loku.

e) Rúðan verður að vera gerð úr þannig efni og á þann hátt að utanáskriftin sé auðlæs í gegnum hana.

f) Glugginn verður að vera ferhyrndur og lengri hlið hans samsíða lengri hlið umslagsins þannig, að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu, og stimplun með dagstimpli verði ekki torvelduð.
g) Allir jaðrar rúðunnar verða að vera óaðfinnanlega límdir innan á jaðrana á umslaginu, þar sem tekið var úr því fyrir glugganum. Nægilegt rúm verður því að vera milli hliðar- og neðri jaðra umslagsins og gluggans.
h) Aðeins utanáskrift viðtakanda má sjást gegnum gluggann eða þá að minnsta kosti að skera sig greinilega úr öðrum áletrunum, sem hugsanlega kunna að sjást gegnum gluggann.
i) Innihald sendingarinnar skal brotið þannig, að jafnvel þótt það skríði til innan í umslaginu, verði utanáskriftin fullkomlega sýnilega gegnum gluggann.
j) Sendingar í algerlega gegnsæju umslagi, jafnvel þótt með utanáskriftarmiða séu, sendingar í umslagi með opnum glugga og sendingar í umslagi með fleirum en einum glugga eru ekki leyfðar.

4.2. **Umbúnaður.**

4.2.1. Búa skal tryggilega um póstsendingar og á þann hátt, að ekki sé hætta á að aðrar sendingar slæðist inn í þær. Umbúðirnar skulu fara eftir lögun og eðli innihaldsins og flutningsskilyrðum. Sérhver sending verður að vera útbúin á þann hátt, að heilsu póstmanna stafi ekki hætta af og að engin hætta sé af, ef hún hefur að innihaldi muni, þess eðlis, að póstmenn, sem eiga að meðhöndla hana, geti særst, aðrar sendingar og póstbúnaður óhreinkast eða skemmst.

4.2.2. Sendingar með að innihaldi hluti úr gleri, eða öðru brothættu efni, fljótandi efni, fituefni, þurrt duft, með eða án litarefnis, lifandi býflugur, blóðsugur, silkiormaegg, sníkjur og ánamaðka (aðeins leyft innanlands), skulu útbúnar sem hér segir:

a) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir, skulu vera umbúnir í málmöskjum, öskjum úr viði, sterku plastefni eða pappa úr sterku efni, fylltum með pappír, sagi eða sérhverju öðru líku efni til verndar þeim, sem útiloki allan núning eða árekstur milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og umbúðanna meðan á flutningi stendur.
b) Fljótandi efni og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu lokuð í algerlega vökvaheldum ílátum. Skal hvert ílát látið í sérstaka öskju úr málmi, viði, sterku plasti eða bárupappa úr sterku efni, og stoppað með sagi, eða öðru hentugu hlífðarefni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef ílátið skyldi brotna. Lok öskjunnar skal vera þannig fest á, að það geti ekki auðveldlega losnað af.
c) Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburður, blaut sápa, harpiks o. s. frv. svo og silkiormaegg, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn, skulu fyrst látin í ytri umbúðir (öskju, léreftspoka, pergament, plast o. s. frv.), er síðan skal látið í öskju úr tré, málmi eða öðru nægilega sterku efni til þess að hindra leka.
d) Þurr litarefni, svo sem anilínblátt o. s. frv., er ekki leyft að flytja, nema í algerlega vökvaheldum öskjum úr málmi er aftur skulu settar í öskjur úr viði, sterku plastefni eða vönduðum bárupappa með sagi eða öðru heppilegu vökvasogandi hlífandi efni á milli.
e) Þurr duft, sem ekki hafa litarefni í sér, skal láta í ílát (öskju, poka) úr málmi, viði, sterku plastefni eða pappa; þessi ílát skulu sjálf lokuð í sterkri öskju úr einhverju framangreindra efna.

f. Lifandi býflugur, blóðsugur, ánamaðkar og sníkjur, skulu lokaðar í öskjum, er sé þannig frá gengið, að engin hætta stafi af.

4.2.3. Umbúða er ekki krafist um sendingar í einu heilu stykki, svo sem muni úr tré, málmum o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir. Þegar svo er, skal utanáskrift viðtakanda tilgreind á hlutnum sjálfum.

4.3. **Umbúnaður. Líffræðileg auðskemmd smitandi efni.**

4.3.1. Líffræðileg auðskemmd efni, sem bera smit eða rökstuddur grunur leikur á að geti smitað menn eða skepnur skulu lýst „Smitandi efni" (Substances infectieuses)". Um póstsendingar sem hafa efni þessi að innihaldi, gilda sérstakar reglur um umbúnað, tilgreindar nánar í eftirfarandi liðum.

4.3.2. Sendendur smitandi efna skulu fullvissa sig um, að sendingarnar hafi verið útbúnar þannig, að þær nái ákvörðunarstað í góðu ásigkomulagi og séu ekki meðan á flutningi stendur hættulegar mönnum eða skepnum. Umbúðirnar skulu í meginatriðum samanstanda af:

a) vökvaheldu aðalíláti;
b) vökvaheldum aukaumbúðum;
c) vökvasogandi efni, er látið sé milli aðalílátsins og aukaumbúðanna. Séu fleiri en eitt aðalílát látin í einar aukaumbúðir, skal vefja um hvert þeirra fyrir sig til þess að koma í veg fyrir að þau snerti hvert annað. Hið vökvasogandi efni, t. d. vatt, verður að vera nægilegt fyrir allt innihaldið. Bæta má við efni, sem ekki tekur í sig raka, gufar ekki upp í flutningi og er í reynd ekki eiturverkandi fyrir fólk;
d) ytri umbúðum, nægilega sterkum til þess að standast viðnámsprófanir jafngildar þeim, sem reglur alþjóðastofnana þeirra, er þar til eru bærar í þessum efnum mæla fyrir um;

4.3.3. Útheimti óvanalegir hlutir, svo sem heil líffæri, sérstakar umbúðir, má og skal búa um meginhluta hinna smitandi efna samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:

a) þegar um er að ræða efni, flutt við eðlilegt hitastig eða hærra mega aðalílátin vera úr gleri, málmi eða plasti. Til þess að tryggja, að þau séu vökvaheld, skal nota tryggar aðferðir, svo sem að innsigla við hita, umlykjandi hettur eða málmlok. Séu skrúfuð lok notuð, skal styrkja þær með límbandi;
b) þegar um er að ræða efni flutt kæld eða fryst (blautan ís, „frysta stauta", þurrís), skal ekki nota aðalílát lokuð með skrúfuðu loki. Ísinn eða þurrísinn skal látinn utan á aukaumbúðirnar. Gera skal ráð fyrir innri stoðum til þess að halda aukaumbúðunum í upprunalegri stöðu eftir að ísinn eða froðan hafa bráðnað. Sé ís notaður, skulu umbúðirnar vera vökvaheldar og sé froða notuð, skulu þær vera þannig að þær hleypi út kolefnisgasinu.

4.3.4. Á ytri öskju og ytri umbúðum, ef svo ber undir, skal þeim megin sem utanáskriftir viðurkenndrar sendi-rannsóknarstofu og ákvörðunar-rannsóknarstofu eru setja ferningslagaðan merkimiða, 10×10 sm eða 5×5 sm með svörtum stöfum á hvítum grunni. Í efri helmingi skal vera hið viðurkennda tákn fyrir smitandi efni og í neðri helmingi orðin „Substance infectieuse. En cas de dommage ou de fuite, avertir immédiatement les autorités de santé publique" Á sendingum innanlands skal auk þess vera íslensk þýðing eins og hér segir: „Smitandi efni. Verði skemmdir eða leki, skal þegar í stað gera heilbrigðisyfirvöldum viðvart". Merkimiðinn er að útliti sem hér segir:

Hvítur grunnur. Merki og áletranir svartar.



4.4. **Umbúnaður. Líffræðileg auðskemmd smitlaus efni.**

4.4.1. Um póstsendingar sem hafa að innihaldi líffræðileg auðskemmd smitlaus efni gilda eftirfarandi sérreglur um umbúnað: líffræðileg auðskemmd efni, sem hvorki hafa að innihaldi lifandi sjúkdómsvaldandi smáverur né lifandi sjúkdómsvaldandi veirur, skulu látin í vökvahelt innra ílát og það síðan látið í ytra ílát til varnar ásamt vökvasogandi efni, er látið sé, annaðhvort í innra ílátið eða milli innra og ytra íláts; efni þetta verður að vera nægilega mikið til að drekka í sig allan vökvann, sem er í innra ílátinu eða kann að myndast í því, ef það brotnar. Auk þess skal búið þannig um innihald innra og ytra íláts að það geti ekki hreyfst. Gera skal sérstakar ráðstafanir, svo sem viðhafa þurrfrystun og ísumbúnað, til þess að tryggja varðveislu efna, sem viðkvæm eru fyrir háu hitastigi. Flutningur með flugi, þar sem breytingar verða á loftþrýstingi, útheimtir að ílátin séu nægilega sterk til að þola breytingar á loftþrýstingi, ef efnið er í innsigluðum glerhylkjum eða í flöskum með vel festum töppum. Á ytra ílátið og ytri umbúðir sendingarinnar skal þeim megin sem utanáskriftir sendi-rannsóknarstofu og ákvörðunar-rannsóknarstofu eru, festa merkimiða, fjólubláan að lit með eftirfarandi áletrun og tákni:



(Dimensions 62 × 44 mm)

4.5. **Umbúnaður. Geislavirk efni.**

4.5.1. Sendingar með geislavirku efni eru leyfðar til flutnings í pósti að fyrirfram gefinni heimild heilbrigðisyfirvalda, enda sé innihald og útbúnaður í samræmi við meðmæli hinnar alþjóðlegu kjarnorkumálanefndar og ákvæði alþjóðapóstsamningsins.

4.5.2. Sendingar, sem hafa geislavirk efni að innihaldi, skulu af sendanda útbúnar með sérstökum merkimiða, hvítum að lit, er beri þessa áletrun: „Matières radioactives" (geislavirk efni), og er miði þessi yfirstrikaður í embættisnafni, sé um að ræða endursendingu umbúða til upprunalands. Þar að auki skulu þær, auk heimilisfangs sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra, verði þeim ekki komið til skila.

4.5.3. Sendanda ber að tilgreina á innri umbúðum nafn sitt og heimilisfang svo og hvert innihald sendingarinnar sé.

4.6. **Umbúnaður. Athugun á innihaldi.**

4.6.1. Umbúnaður póstsendinga með tilliti til athugunar á innihaldi skal vera sem hér segir:

a) Prent og blindraprent skal útbúið þannig, að innihald þeirra sé nægilega varið án þess það þó hindri fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Þær skulu vera krossbundnar, í sívalning, milli pappaspjalda, í opnum umslögum, eða hylkjum, umslögum eða hylkjum, sem ekki eru innsigluð, en lokuð þannig, að auðvelt sé að opna þau og loka þeim og hafi enga hættu í för með sér eða þá vafðar seglgarni, sem auðvelt sé að leysa. Póst- og símamálastofnunin ákveður hvort lokun þessara sendinga leyfi fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Taka má við prentsendingum, sem hafa bækur og bæklinga að innihaldi, í lokuðum, gagnsæjum frumumbúðum. Póst- og símamálastofnunin getur krafist þess, að sendandi eða viðtakandi auðveldi könnun á innihaldinu, annað hvort með því að opna einhverjar sendingar tilteknar af henni eða á annan fullnægjandi hátt.

b) Póst- og símamálastofnunin getur heimilað lokun prentsendinga, sem póstlagðar eru í miklu magni í einu og gefur þá út leyfi þar að lútandi til þeirra notenda, sem um það sækja. Til þess að verða teknar til flutnings gegn prentburðargjaldi, verða sendingar, sem lokað er á þennan hátt, að bera áletrunina „imprimé" (til útlanda) eða „prent" (innanlands) auk viðeigandi leyfisnúmers. Þessar athugasemdir tákna það, að innihaldið hafi verið athugað á réttan og viðeigandi hátt.

c) Prentsendingar, póstlagðar margar saman á þann hátt, sem segir í 4.6.1. b, má sem undantekningu frá 4.6.1. a, búa um í lokuðu plastefni, gegnsæju eða ógegnsæju. Utanáskrift viðtakanda skal komið fyrir samhliða langhlið, utanáskrift sendanda og frímerkingaráprentun má láta undir plastfilmuna, þannig að það sé vel læsilegt gegnum gegnsæja gluggann eða gegnsæju gluggana, sem til þess eru ætlaðir. Á umbúðunum skal vera rúm utanáskriftarmegin, nægilega stórt til þess að tilgreina eins og á pappír, annað hvort með handskrift eða með merkimiða eða á hvern annan hátt, þjónustuathugasemdir, hugsanlegar ástæður vanskila, eða ef svo ber undir um nýja utanáskrift viðtakanda; nægilega stór hluti umbúðanna við hliðina á utanáskriftinni verður að hafa sömu gæði og pappír. Sendingar í plastumbúðum má líka frímerkja með ástimplunum frímerkingarvéla á sjálflímandi miða eða á óafmáanlegan hátt á umbúðirnar sjálfar.

4.6.2. Sendingar þær, sem frá er greint í 4.6.1. má taka til flutnings, ef þær eru lokaðar með sérstökum límmiða, sem taka má af og láta aftur á. Á miðann skal eftirfarandi

athugasemd prentuð: „Opin sending. Má skoðast af póstþjónustunni. Miðann má taka af og láta á aftur". Sé miði þessi notaður á sendingar til útlanda, þarf auk þess að vera eftirfarandi þýðing á frönsku: „Envoi non clos. Peut être contrôlé par le service postal. Soulever l'étiquette et la replacer".

5.0. **BRÉFAPÓSTSENDINGAR. SÉRÁKVÆÐI UM HVERJA SENDINGARTEGUND.**

5.1. **Bréf og spjaldbréf.**

5.1.1. Að því tilskildu, að hlýtt sé tilmælum um stöðlun, og ákvæðum um umbúnað, þyngd og stærð, er engra sérstakra skilyrða krafist fyrir lögun eða lokun bréfa. Nægilegt rúm verður þó að vera á framhliðinni fyrir utanáskrift, þjónustuáletranir og -miða, frímerki og dagstimplanir.

5.1.2. Bréfapóstsendingar aðrar en bréf (spjaldbréf, loftbréf) og póstkort (þar sem það á við) mega ekki bera utan á sér orðsendingar eða hafa að innihaldi neitt það, er talist geti hreinar persónulegar bréfaskriftir, né heldur innihalda frímerki, hvorki stimpluð né óstimpluð, né nokkurt skjal er vísi til verðs, svo sem happdrættismiða. Spjaldbréf og loftbréf er ekki hægt að senda sem verðsendingar.

5.1.3. Spjaldbréf er pappírsörk, eða pappaörk, brotin saman og límd aftur á jöðrum. Geta þau verið hvort heldur með áprentuðu eða álímdu frímerki.

5.2. **Loftbréf.**

5.2.1. Loftbréf er pappírsörk, þunn, ekki þyngri en 4 grömm, samanbrotin og límd á jöðrum. Geta þau verið með áprentuðu eða álímdu frímerki. Hið álímda eða áprentaða burðargjald skal vera jafnt burðargjaldinu fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Loftbréf eru flutt flugleiðis fyrir þetta gjald hvert á land sem er. Sé eitthvað látið inn í þau, verða þau þó ekki flugflutt. Einkaaðilum er ekki heimilt að búa til loftbréf, nema þeir hafi áður fengið leyfi til þess frá póst- og símamálastofnuninni. Loftbréf, sem póststjórnir hinna Norðurlandanna hafa gefið út eða leyft að nota, má taka til flutnings, ef þau eru frímerkt með íslenskum frímerkjum.

5.3. **Póstkort.**

5.3.1. Póstkort skulu vera ferhyrnd, úr pappa eða stinnum pappír a. m. k. 150 gr./m^2 þannig að þau hamli ekki meðferð póstsins. Engir hlutar þeirra mega vera útstandandi eða upphleyptir.

5.3.2. Póstkort skulu efst á framhliðinni hafa áletrað „Póstkort" og þar fyrir neðan „Carte postale" á frönsku. Póstkort með myndum, þurfa ekki að bera þessa yfirskrift.

5.3.3. Póstkort skulu send opin, þ. e. a. s. án umbúða eða umslags.

5.3.4. Hægri helmingur framhliðar að minnsta kosti skal geymdur utanáskrift viðtakanda, frímerkingu og upplýsingum eða miðum í þarfir póstþjónustunnar. Sendandi hefur ráð yfir bakhliðinni og vinstri helming framhliðar, þó með þeim skilyrðum, er tekin eru fram í 5.3.5. hér á eftir.

5.3.5. Bannað er að sameina eða festa sýnishorn af vöru eða slíkum hlutum við póstkort, sem og prýða þau með vefnaði, útsaumi, glitperlum eða svipuðu efni. Slík kort má aðeins senda í lokuðu umslagi. Þó má festa við þau skrautmyndir, ljósmyndir, alls konar merki, miða og hvers konar úrklippur úr pappír eða öðru mjög þunnu efni, svo og pappírsræmur eða samanbrotin blöð fyrir utanáskrift, með þeim skilyrðum,

að hlutir þessir séu þess eðlis, að þeir breyti ekki eðli póstkortsins og séu algerlega áfastir við það. Að undanteknum utanáskriftarræmunum eða miðunum, sem mega ná út yfir alla framhliðina, má ekki líma hluti þessa annars staðar á póstkortið en á bakhliðina eða vinstri helming framhliðar.

5.3.6. Póstkort, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um þá sendingartegund (stærð og gerð), skal farið með sem bréf.

5.4. **Prentsendingar.**

5.4.1. Senda má sem prent það, sem prentað er eða fjölfaldað í allmörgum samskonar eintökum á pappír, pappa eða annað efni, sem vanalegt er að nota í prentiðn, svo framarlega sem þetta er gert vélrænt eða með ljósmyndunaraðferðum og útheimti notkun myndamóta, prentmóts eða filmu (t. d. blöð, bækur, nafnspjöld, ljósmyndir, alls konar tilkynningar).

5.4.2. Gegn prentburðargjaldi má senda:
Handskrifað eða vélritað mál, sem fjölfaldað hefur verið vélrænt, t. d. fjölritað, ef skilað er við afgreiðsluborð póststöðvar minnst 20 samhljóða eintökum.

5.4.3. Sem prent má ekki senda:

a) Neitt það, sem vélritað er, hver svo sem gerð ritvélarinnar er (ritvélar, bókhaldsvélar, skýrsluvélar).
b) Afrit, fengin með kalkeringu, handskrift, ritvél, hverrar gerðar sem hún kann að vera.
c) Neitt það, sem gert er með stimplum, hvort sem þeir eru með föstu eða lausu letri.
d) Pappírsvörur í venjulegum skilningi, þótt með áprentunum séu, þegar augljóst er, að hinn prentaði hluti þeirra er ekki aðalatriðið, t. d. bréfsefni og eyðublöð, nema þá eitt og eitt til útfyllingar fyrir viðtakendur.
e) Filmur, myndsegulbönd, hljómbönd eða -plötur.
f) Gataðar pappírsræmur og rafreiknispjöld með götum, strikum eða merkjum, sem gætu verið athugasemdir, svo og diska eða segulbönd fyrir tölvur.

5.4.4. Sameina má í einni prentsendingu margs konar fjölfaldanir, gerðar með einhverri þeirri aðferð, sem leyfð er, svo framarlega sem þær bera ekki nöfn og heimili mismunandi sendenda og viðtakenda.

5.4.5. Á allar prentsendingar má með hvaða aðferð sem er:

a) Tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda með eða án titils, atvinnu og stöðu.
b) Tilgreina sendidag og sendistað.
c) Tilgreina raðnúmer eða innritunarrúmer, sem einvörðungu á við um sendinguna sjálfa.
d) Strika út, merkja eða strika undir viss orð eða ákveðinn hluta hins prentaða texta.
e) Leiðrétta prentvillur.

Allar þessar viðbætur verða að vera í beinum tengslum við efni hins prentaða máls. Þær mega ekki vera þess eðlis, að þær myndi persónuleg skilaboð á dulmáli.

5.4.6. Ennfremur er heimilt á eftirtöldum tegundum prentsendinga að tilgreina viss atriði eða bæta þeim við:

a) Á pöntunar-, áskriftar- eða tilboðslista, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög: vörutegund, fjölda umbeðinna eða útboðinna eintaka, verði þeirra, sundurliðun á verðinu, greiðslufyrirkomulagi, útgáfu, nöfnum höfunda og útgefenda, verðlistanúmeri og orðunum heft, pappabundið eða innbundið.

b) Á eyðublöð undir útlánsbeiðnir frá bókasöfnum: heiti bókanna, fjölda umbeðinna eða sendra eintaka, nöfnum höfunda og útefenda, bókaskrárnúmeri, fjölda leyfðra lestrardaga, nafni þess, er óskar að fá bókina.
c) Á prentuð myndaspjöld, prentuð heillaóska- eða samúðarspjöld: almennum kurteisiskveðjum, er séu mest fimm orð eða fimm upphafsstafir.
d) Á prentaðar bækur og listaverk: einfaldri tileinkun í algengum orðum.
e) Á úrklippur úr blöðum og tímaritum: heiti, dagsetningu, tölublaði og utanáskrift blaðsins, sem greinin var klippt úr.
f) Á prófarkir: breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, svo sem „Séð" „Má prenta" o. s. frv., er eingöngu lýtur að tilbúningi verksins. Viðbæturnar má setja á sérstök blöð, ef þörf krefur.
g) Á tilkynningar um bústaðaskipti: hinu gamla og hinu nýja heimilisfangi ásamt flutningsdeginum.
h) Á prentuð boðsbréf og fundarboð: nafni þess sem boðinn er, fundarstað, og fundardegi og -stund.

5.4.7. Ennfremur má fylgja með:
a) Öllu prenti: Spjald, umslag eða pappírsræma með prentaðri utanáskrift sendandans, og má það vera frímerkt fyrir burðargjaldinu til hans aftur.
b) Prentuðum bókum og listaverkum: Opinn vörureikningur, gíró- eða póstávísunareyðublað, útfyllt eða óútfyllt.
c) Tískublöðum: Útklippt snið er myndi eina heild með blaðinu, sem þau eru send með, samkvæmt upplýsingum í því sjálfu.

5.5. **Blindraprent.**

5.5.1. Sem blindraprent má senda bréf með blindraletri og prentmót af blindraletri. Sama gildir um hljómupptökur og sérstakan pappír, sem eingöngu er ætlaður til notkunar fyrir blinda og með því skilyrði, að það sé sent af opinberum, viðurkenndum blindrastofnunum eða til þeirra.

5.6. **Smápakkar.**

5.6.1. Smápakkar skulu á framhliðinni bera greinilega áletrun, „Smápakki", „Petit paquet". Heimilt er að láta í þá opinn reikning, er aðeins innihaldi nauðsynlegustu atriði, svo og afrit af utanáskriftinni og heimilisfangi sendanda.

5.6.2. Nafn og póstfang sendanda, ásamt póstnúmeri ef svo ber undir, skal tilgreina utan á sendingunni. Á sendingum til útlanda skal innihaldið sömuleiðis tilgreint á tollmiða (ebl. C-1) límdum á sendinguna. Sé verðmæti innihaldsins meira en sem svarar 300 gullfrönkum (98 SDR), skal sendingunni fylgja tollskýrsla (ebl. C-2), og efri hluti tollmiðans vera límdur á sendinguna.

5.7. **Fjölda og utanáskriftarlausar sendingar.**

5.7.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfapóstsendinga, sem bera á út innanlands og á Norðurlöndunum, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
a) Sendingarnar séu allar eins í lögun, og ekki stærri en 229×324×10 millimetrar, og ekki þyngri en 200 grömm hver um sig.
b) Sendingar þessar þurfi ekki að bera út þegar í stað, heldur megi gera það á allt að 10 næstu dögum eftir póstlagningu, eftir því sem henta kann hverju sinni, og í desember á allt að 30 næstu dögum eftir póstlagningu.
c) Sendingar séu póstlagðar allar í einu við afgreiðsluborð póststöðvar, flokkaðar og búntaðar eftir póstnúmerum og götum.

5.7.2. Afsláttur fyrir fjöldasendingar má mestar vera sem hér segir:

a) Fjöldasendingar flokkaðar samkvæmt 5.7.1.c.

1001—5000 sendingar í einu 10% afsláttur
5001—10000 sendingar í einu 20% afsláttur
10001—20000 sendingar í einu 25% afsláttur
20001—30000 sendingar í einu 30% afsláttur
30001 og yfir sendingar í einu 35% afsláttur.

b) Auk framangreinds afsláttar er heimilt að veita 10% staðarafslátt fyrir þær sendingar, sem eiga að berast út á póstnúmersvæði þeirrar póststöðvar sem póstlagt er á.

5.7.3. Afsláttur fyrir utanáskriftarlausar sendingar má mestur vera sem hér segir:

a) Fyrir sendingu að þyngd

allt að 20 gr	50% afsláttur
21—50 gr.	40% afsláttur
51—100 gr.	30% afsláttur
101—200 gr	20% afsláttur

b) Utanáskriftarlausar sendingar verða að vera búntaðar og merktar nafni og póstnúmeri þeirrar póststöðvar, er þær eiga að dreifast frá.

5.7.4. Sendingar þær, sem greinir í 5.7.2. og 5.7.3. þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið greiðist í reiðufé gegn kvittun. Þar skal sundurliða sendingarfjölda og burðargjald.

5.7.5. Kvittunin er úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi, og eitt eintak verður eftir í bókinni. Í þessa bók skal einnig skrá burðargjöld fyrir póstsendingar, sem ekki eru frímerktar, skv. sérstakri heimild póst- og símamálastofnunarinnar hverju sinni, sbr. 9.3.3. og 9.9.1.

5.7.6 Þeir sem fá afslátt skv. 5.7.2., skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri. Áletrun þessi skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



Leyfi nr.

5.7.7. Þeir sem óska að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það til póst- og símamálastofnunarinnar.

5.7.8. Leyfi skv. 5.7.6. gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

6.0. ÁBYRGÐARSENDINGAR. VERÐBRÉF. HRAÐBOÐASENDINGAR.

6.1. Ábyrgðarsendingar.

6.1.1. Sendandi bréfapóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi, auk hins almenna burðargjalds, fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Ábyrgðin takmarkast við ákveðna upphæð, skv. gjaldskrá hverju sinni. Ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ á vinstri hlið utanáskriftarmegin.

6.1.2. Skylda er að kaupa ábyrgð á bréf, sem hafa að innihaldi peninga, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, eða yfirleitt hvers konar skjöl, er vísa til verðs, ferðatékka, platínu, gull eða silfur, unnið eða óunnið, dýra steina og skartgripi. Ekki mega aðrar bréfapóstsendingar en bréf innihalda þessa hluti.

6.1.3. Ábyrgð fæst ekki keypt á sendingar, þar sem utanáskriftin er að einhverju leyti ófullkomin, svo sem skrifuð með blýanti eða er með fangamarki viðtakanda eingöngu.

6.1.4. Sendandi ábyrgðarsendingar á rétt á að fá ókeypis kvittun, viðtökukvittun (ebl. 540), fyrir viðtöku hennar í póst. Heimilt er að láta sendanda útfylla hana.

6.1.5. Beri ábyrgðarsending merki þess að hafa verið opnuð og síðan lokuð á ný, áður en hún er látin í póst, verður sendandi eða sendimaður hans að staðfesta þetta með undirskrift sinni. Límbönd, sem kunna að vera notuð til lokunar ábyrgðarsendinga skulu bera nafn, einkenni, stimpil eða undirskrift sendanda.

6.2 **Verðbréf.**


6.2.1. Verðbréf nefnast svo, af því að tilgreina skal verðmæti innihaldsins utan á sendingunni. Auk almenna burðargjaldsins og sérstaks skrásetningargjalds, skal greiða fyrir slíkar sendingar sérstakt tryggingargjald, í hlutfalli við hið tilgreinda verð. Innanlands eru engin takmörk fyrir upphæð hins tilgreinda verðs, en fyrir sendingar til útlanda gilda mismunandi takmörk, sem póststöðvarnar veita upplýsingar um.


6.2.2. Ekki er leyfilegt að tilgreina hærra verð á sendingu en sem svarar til hins raunverulega innihalds. Leiki grunur á, að hið tilgreinda verð sé hærra en vera ber eftir innihaldi, má krefjast þess, að sendandi opni sendinguna. Sé því neitað, má ekki taka við sendingunni til flutnings. Komi í ljós, að innihaldið sé mun minna virði en tilgreint var, má því aðeins taka hana til flutnings, að hið tilgreinda verð sé fært til samræmis. Þegar sending er gerð afturreka af þessum ástæðum, á sendandi rétt á að fá ókeypis skriflega yfirlýsingu póstmanns um, hvers vegna henni hafi verið neitað.

6.2.3. Verðupphæð skal tilgreina í íslenskum krónum, efst utanáskriftarmegin. Krónutalan skal tilfærð bæði í tölum og bókstöfum og aurar sem brot úr 100. Verðupphæð má hvorki breyta né strika út, nema hún sé alveg strikuð út og skrifuð að nýju staðfest með undirskrift sendanda. Ef í verðbréfi er bæði útlend mynt og innlend, skal útlenda myntin talin til verðs eftir lögskráðu bankagengi. Útlenda mynt, sem ekki er lögskráð, er ekki hægt að senda með tilgreindu verði. Eigi verðbréf að fara til útlanda, skal póstmaður breyta hinni tilgreindu upphæð í SDR eða gullfranka eftir atvikum og eftir gildandi gengi hverju sinni og rita þá tölu í tölustöfum.

6.2.4. Allar áritanir á verðbréf skal gera með bleki, ritvél eða á annan varanlegan hátt, en ekki með blýanti eða slíku.

6.2.5. Áður en innihaldið er látið í umslagið, skal það sveipað í pappír á þann hátt að hann haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það leiki ekki laust í umslaginu. Sé krafist talningar eða staðfestingar á innihaldinu, skal viðtökupóststöðin setja innsigli sitt á bréfið, eitt þegar umslagið er þannig gert, að aðeins tvö innsigli þurfi, en tvö ef þau eru fleiri. Séu umslögin stór, verða innsiglin að vera því fleiri, og skulu þau sett með hæfilegu millibili (sbr. mynd). Verðbréf skulu í einu og öllu umbúin þannig, að ókleift sé að komast að innihaldinu án þess að umbúðirnar eða innihaldið beri þess merki.





6.2.6. Til þess að bréf með tilgreindu verði séu tekin til flutnings verða þau að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

a) Þeim skal vera lokað annað hvort með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, með blýinnsiglum eða með öðrum tryggilegum hætti, og sýni sérstakt eins útlítandi merki sendanda.

b) Umslögin eða umbúðirnar skulu vera sterk og efnið þannig, að lakkinnsiglin festist algjörlega við þau. Umslög skulu gerð úr einum og sama hlut, bannað er að nota algerlega gegnsæ umslög eða með gegnsærri rúðu.

c) Ytri frágangur skal vera þannig, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemmdir sjáist á umslaginu, á umbúðunum eða innsiglunum.

d) Innsiglin, frímerkin fyrir burðargjaldinu, og miðar er snerta póstþjónustuna skulu sett á bréfið með bili á milli svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemmdir á umslaginu eða umbúðunum. Ekki má heldur beygja frímerkin eða miðana yfir jaðra umslagsins eða umbúðanna, þannig að þau hylji jaðarinn. Bannað er að líma á bréf með tilgreindu verði aðra miða en þá, sem koma póststjórninni við.

e) Ef um þær er bundið með snæri og lakkað eins og segir í 6.2.6. a. þarf ekki að lakka snærið sjálft.

6.2.7. Bréf með tilgreindu verði, sem að ytra útliti eru eins og öskjur, skulu til viðbótar hlíta þessum skilyrðum:

a) Vera úr málmi, tré eða plastefni og nægilega sterkar.

b) Hliðar á trékössum skulu vera minnst 8 mm. þykkar.

c) Hliðarnar, sem vita upp og niður, skulu klæddar hvítum pappír undir utanáskrift til viðtakanda, tilgreiningu á verðinu og þjónustustimpla. Öskjur þessar skulu innsiglaðar á hinum fjórum hliðarflötum eins og segir í 6.2.6. a, ef nauðsyn krefur. Til þess að tryggja, að ekki verði farið í þær, skal krossbinda utan um öskjurnar með sterku seglgarni óhnýttu og skal yfir báða endana setja lakkinnsigli með sérstöku merki sendanda.

d) Sendingar, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu, eða með blýanti, svo og þær, er hafa eitthvað útskafið eða yfirstrikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings. Hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylda að endursenda þær til upprunapóststöðvar.

6.3. **Hraðaboðasendingar.**

6.3.1. Þar sem daglegum útburði bréfapóstsendinga hefur verið komið á, fást sendingar eða tilkynningar um komu þeirrar bornar út til viðtakanda þegar í stað eftir komu þeirra á ákvörðunarpóststöð. Fyrir slíkan útburð með hraðboða greiðir sendandi sérstakt gjald, hraðboðagjald, auk venjulegs burðargjalds. Innrituð blöð og tímarit og fjöldasendingar fást þó ekki bornar út með hraðboða.

6.3.2. Á hraðboðasendingu skal letra greinilega orðið „Hraðboði" eða „Exprès" vinstra megin við nafn ákvörðunarstaðar. Þegar um er að ræða böggla, skal rita það á fylgibréfin.

7.0. **PÓSTBÖGGLAR.**

7.1. **Þyngd, stærð og innihald böggla.**

7.1.1. Sendingar þær, sem fara að einhverju leyti yfir takmörk þau, sem sett eru um stærð og þyngd bréfapóstsendinga, teljast bögglapóstsendingar. Þyngd þeirra, og stærð skal vera í samræmi við það, sem á hverjum tíma er tilgreint í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

7.1.2. Bögglar, sem eru þyngri eða stærri en leyfilegt er eða þannig í laginu, að þeir samlagist ekki öðrum bögglum í flutningi (komast ekki í poka), nefnast „rúmfrekir bögglar". Fyrir þá skal taka 50% viðbótarburðargjald. Sama viðbótarburðargjald verður að greiða fyrir brothætta böggla og böggla, sem fara verður sérstaklega varlega með.

7.1.3. Í böggla má ekki láta lokuð bréf eða innsigluð, né neina aðra sendingu með áritun til annars en viðtakanda sjálfs. Ekki má heldur tilgreina nema einn einstakling eða fyrirtæki sem viðtakanda böggulsins. Þó má leyfa áritanir eins og hr. A fyrir hr. B o. .s .frv., enda er þá gert ráð fyrir því, að A sé viðtakandinn. Leiki grunur á, að í bögglinum sé lokað bréf eða orðsending í lokuðu umslagi til annars en viðtakanda, skal skorað á sendanda eða viðtakanda að opna böggulinn til rannsóknar. Leiði rannsókn í ljós, að slíkar sendingar séu í bögglinum, skal borga undir þær sérstaklega eftir burðargjaldi því, sem um þær gilda. Fari rannsókn fram við viðtöku, skal burðargjaldið greitt einfalt, en fari hún fram við afhendingu, ber að greiða hið vangreidda gjald samkvæmt ákvæðum í grein 9.2.2. og 9.2.3. Neiti viðtakandi að greiða burðargjaldið, skal fara með sendingarnar sem óskilasendingar.

7.2. **Umbúðir. Almenn ákvæði.**

7.2.1. Sérhver böggull skal vera umbúinn og lokaður þannig, að svari til þyngdar hans, lögunar og eðlis innihaldsins svo og til flutningsaðferðar og leiðarlengdar. Umbúðir og lokun eiga að vernda innihaldið, svo að það geti ekki skemmst hvorki við hristing né handfjatlanir á leiðinni. Þær skulu einnig vera svo úr garði gerðar, að ómögulegt sé að fara í innihaldið án þess að glögg merki sjáist um verknaðinn.

7.2.2. Sérhver böggull skal vera sérstaklega sterklega útbúinn, ef hann á að:
a) Flytjast langa leið.
b) Sæta mörgum umskipunum og mikilli handfjötlun.
c) Vera varinn fyrir miklum breytingum á hitastigi eða ef um flugflutning er að ræða, fyrir breytingu á loftþrýstingi.

7.2.3. Sérhver böggull skal vera þannig umbúinn og lokaður, að hann geti ekki ógnað heilsu póstmanna, né heldur, ef innihald hans er þess eðlis, geti skaðað póstmennina, sem þurfa að handleika hann, svo og, að hann geti hvorki óhreinkað né skemmt aðra böggla, né heldur búnað póstþjónustunnar.

7.2.4. Sérhver böggull skal hafa á umbúðunum eða umslaginu nægilegt rúm til áritunar þjónustuupplýsinga svo og fyrir stimpla og merkimiða.

7.2.5. Án umbúða má taka við:
a) Hlutum sem láta má hvern innan í annan eða hluti, sem halda má saman með sterku bandi, með málminnsigli eða lakki fyrir, þannig að úr verði einn böggull, sem getur ekki dottið í sundur.
b) Bögglum, sem eru úr einu heilu efni, svo sem tré eða málmstykki o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.

7.3. **Umbúðir. Sérstök ákvæði.**

7.3.1. Sérhver böggull, sem hefur að innihaldi einhverja neðangreinda hluti, skal umbúinn eins og hér segir:

a) Dýrir málmar: Umbúðirnar skulu vera öskjur úr sterkum málmi eða viðarkassi að minnsta kosti 1 sentimetri á þykkt séu bögglarnir allt að 10 kg. að þyngd og 1 ½ sentimetri á þykkt séu bögglarnir yfir 10 kg. að þyngd eða þá tveir pokar án sauma sem mynda tvöfaldar umbúðir. Séu notaðir kassar úr krossviði, þarf þykktin ekki að vera nema 5 millimetrar, enda séu þá kassahornin styrkt með spöngum.

b) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir: Um þá skal búið í öskju úr málmi, viði, stinnu plasti eða sterkum pappa fyllt með pappír, hálmi eða hverju öðru heppilegu varnarefni, sem komi í veg fyrir allan núning eða högg meðan á flutningi stendur annaðhvort milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og hliðanna í öskjunni.

c) Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd: Þau skulu lokuð í ílátum, algjörlega þéttum. Hvert ílát um sig skal látið í sérstaka öskju úr málmi, viði, stinnu plasti eða vönduðum bylgjupappa og fyllt með sagi, baðmull eða hverju öðru heppilegu varnarefni, nægjanlega miklu til þess að drekka í sig vökvann ef ílátið brotnar. Lokið á öskjunni skal fest þannig, að það geti ekki auðveldlega losnað.

d) Fituefni, sem ekki er hætt við að verði lagarkennd svo sem húðáburður, blautsápa, trjákvoða o. s. frv., svo og silkiormaegg, þar sem flutningur þeirra er minni erfiðleikum bundinn, skulu lokuð í innri umbúðum (öskju, léreftspoka, plasti o. s. frv.), sem því næst skulu látin í öskju úr málmi, viði eða hverju öðru efni, nægilega haldgóðu til þess að koma í veg fyrir að innihaldið leki út.

e) Hlutir sem lita svo sem anilínblátt o. s. frv: Þessir hlutir eru ekki leyfðir nema í öskjum, algjörlega þéttum sem þvínæst skulu látnar í öskjur úr viði, haldgóðu plasti eða vönduðum bylgjupappa með sagi eða öðru heppilegu efni til varnar, sem drekkur í sig milli hinna tveggja umbúða.

f) Þurrduft, sem lita ekki: Slík efni skulu látin í ílát (öskju, poka) úr málmi, viði, haldgóðu plasti eða pappa og þessi ílát skulu síðan látin í öskju úr einhverju ofangreindra efna.

g) Lifandi dýr: Á umbúðir böggulsins og fylgibréf skal límdur merkimiði með mjög greinilegri áritun: Lifandi dýr (Animaux vivants).

h) Geislavirk efni: Bögglar, sem hafa geislavirk efni að innihaldi, skulu af sendanda útbúnir með sérstökum merkimiða, hvítum að lit, er beri þessa áletrun: Matières radioactives (geislavirk efni) og er miði þessi yfirstrikaður í embættisnafni, sé um að ræða endursendingu umbúða til upprunalands.

Þar að auki skulu þeir, auk heimilisfangs sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra, verði þeim ekki komið til skila. Sendanda ber að tilgreina nafn sitt og heimilisfang innan á umbúðirnar auk innihalds böggulsins.

i) Bögglum, sem hafa að innihaldi efni sem nefnd eru í 7.3.1. h, er ekki veitt viðtaka til útlanda nema umræddir hlutir séu leyfðir til flutnings af öllum póststjórnum, sem taka þátt í flutningi böggulsins.

7.3.2. Áfengissendingar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (aðalverslun og útibúum) skulu, sem undantekning frá 7.3.1. c teknar til flutnings í þeim umbúðum, sem verslunin leggur til, greinilega merktar „Brothætt. Varlega".

7.3.3. Fjárskot má senda í bögglapósti innanlands þar sem flutningurinn fer eingöngu fram með bifreiðum eða skipum og þá með þeim umbúnaði sem hér segir: Fyrst

skal vafið utan um þau 2 mm þykkum pappa, svo þétt, að skothylkin geti ekki runnið til. Þar utanum skal vafið 2 sm þykku lagi af viðarull eða öðru samskonar efni. Þá skal aftur koma þykkt pappalag svo þétt vafið, að innihaldið hristist ekki eða skrölti laust, en yst skulu notaðar sterkar umbúðir úr haldgóðu efni. Á bögglinum skal vera greinileg áritun „Fjárskot. Varlega".

7.4. **Umbúðir. Sérákvæði um verðböggla.**

7.4.1. Sérhver böggull með tilgreindu verði er háður neðangreindum sérstökum reglum, að því er tekur til umbúnaðar:

a) hann á að vera innsiglaður með einu eða fleiri eins gerðum lakkinnsiglum, blýinnsiglum eða á annan tryggilegan hátt, með sérstakri áprentun eða merki sendanda; á einum og sama böggli má aðeins nota eina samskonar áprentun eða eitt samskonar merki; sé um böggul lokaðan með snæri að ræða, má loka honum með einu blýinnsigli eða lakkinnsigli, er sé komið þannig fyrir að hvorki sé unnt að leysa seglgarnið né nema brott án þess að ummerki um spjöllin sjáist;

b) lakkinnsigli eða önnur innsigli, svo og hvers konar merkimiðar, sem límdir eru á bögglana, skulu sett á með millibili innbyrðis, til þess, að ekki sé hægt að nota þau til þess að hylja skemmdir á umbúðunum. Merkimiðarnir mega heldur ekki límast yfir tvær hliðar á bögglinum þannig að þeir þeki brún hans.Miða með utanáskrift má líma á umbúðirnar sjálfar, svo fremi hið tilgreinda verð fari ekki fram úr 1000 gullfrönkum (326,69 SDR) og stærð miðans sé ekki meiri en 15×10,7 cm;

c) Á böggul og fylgibréf skal líma ljósrauðan miða, með áletruðum bókstafnum „V", nafni upprunapóststöðvar, og raðnúmeri böggulsins. Merkimiðinn skal límdur á böggulinn utanáskriftarmegin og í námunda við hana. Heimilt er þó að nota venjulegan merkimiða, ef honum fylgir ljósrauður miði með orðunum „Valeur déclarée" letrað með feitu letri.

d) Verðupphæðin skal tilgreind í íslenskri mynt og skrifuð af sendanda á böggulinn og fylgibréfið, með latnesku letri í bókstöfum og arabískum tölum, án útþurrkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sé. Upphæð hins tilgreinda verðs má ekki rita með blýanti eða blekblýanti.

e) Upphæð hins tilgreinda verðs skal breytt í SDR eða gullfranka af sendanda eða sendipóststöð eigi sendingin að fara til útlanda. Skal breytingin hækkuð upp í heila einingu ef með þarf, skrifuð í tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæðina í íslenskri mynt. Upphæðin í SDR eða gullfrönkum skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýanti.

f) Upprunapóststöð ber að tilgreina þyngdina nákvæmlega í kílógrömmum og grammatugum á bögglinum við hlið utanáskriftarinnar og á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, þannig að brot úr grammatugi sé hækkað upp í næsta tug.

7.5. **Fylgibréf og önnur skilríki með bögglum.**

7.5.1. Böggli, sem skilað er til póstflutnings, skal fylgja eitt fylgibréf (ebl. 506, innanlands, ebl. 510 til útlanda). Þrjá almenna böggla frá sama sendanda til sama viðtakanda má senda með einu fylgibréfi innanlands.

7.5.2. Bögglum til útlanda verður og að fylgja tollskýrsla (ebl. 512), þar sem ber að tilgreina nákvæmlega hvert innihald böggulsins sé á tungumáli, sem skilst í ákvörðunarlandinu eða á frönsku.

7.5.3. Allar áletranir á fylgibréf og tollskýrslur skal gera með bleki eða ritvél. Fylgibréfið er eign póststjórnarinnar.

7.6. **Bögglar, sem ekki verður komið til skila.**

7.6.1. Sendandi er skyldur til að mæla fyrir um, hvernig farið skuli með böggulinn, verði honum ekki komið til skila. Fyrirmæli sín skal hann tilgreina bæði á böggli (ebl. 514) og aftan á fylgibréfi (ebl. 510). Séu engin fyrirmæli gefin, verður böggullinn endursendur á kostnað sendanda.

8.0. PÓSTÁVÍSANIR. PÓSTKRÖFUR.

8.1. **Póstávísanir. Útbúnaður.**

8.1.1. Innanlands má senda póstávísanir póstleiðis (almennar póstávísanir) eða símleiðis (símapóstávísanir). Til útlanda má senda póstávísanir póstleiðis (almennar póstávísanir) eða símleiðis (símskeytispóstávísanir). Hámarksupphæð póstávísana innanlands er tilgreind í gjaldskrá fyrir póstþjónustu, en upplýsingar um hámarksupphæð póstávísana til útlanda og til hvaða landa þær megi senda, mynt, o. s. frv. eru birtar í Pósttaxtabók I.

8.1.2. Undir póstávísanir má eingöngu nota eyðublöð þau, sem póst- og símamálastofnunin gefur út eða hún kann að heimila einstaklingum að útbúa. Fyrir almennar póstávísanir innanlands skal nota ebl. 501 og til útlanda ebl. 502 en fyrir símapóstávísanir skal á innborgunarpóststöð nota ebl. 508. a. og á útborgunarpóststöð ebl. 508.b. Sendandi skal fylla út eyðublaðið með penna eða ritvél eins og hinn prentaði texti segir til um. Útþurrkanir, yfirstrikanir eða aðrar breytingar á hvort heldur hinum prentaða eða hinum skrifaða texta eru óleyfilegar.

8.1.3. Á afklipping mega sendendur rita orðsendingar til viðtakanda. Upphæð innlendra póstávísana ber að rita á íslensku bæði í tölum og bókstöfum, en útlendra á frönsku, nema um ávísanir sé að ræða til landa, sem ávísanaviðskipti fara fram við eftir listum. Þá tekur viðskiptapóststöðin, Póststofan í Reykjavík, ávísunina upp á sérstakan lista sem síðan er sendur til viðkomandi lands. Póstávísanir til Norðurlanda skulu þó ritaðar á dönsku.

8.1.4. Símapóstávísanir má senda öllum póststöðvum innanlands, öðrum en bréfhirðingum. Þær skulu sendar beint milli innborgunar- og útborgunarpóstöðvar.

8.1.5. Símapóstávísanir má senda til útlanda samkvæmt því sem segir í pósttaxtabók I. Þær gefa tilefni til sendingar sérstaks póstávísunarsímskeytis frá innborgunarpóststöð til útborgunarpóststöðvar. Þau skulu rituð á frönsku, nema til norðurlanda á dönsku. Að öðru leyti eru þau útbúin skv. fyrirmælum alþjóðapóstávísanasamningsins.

8.1.6. Á póstávísunum skulu aurar færðir sem brot úr hundraði og með tveim tölustöfum þannig, að núll standi á undan tölum upp að tíu.

8.1.7. Frímerki fyrir burðargjaldi almennra póstávísana skulu sett á póstávísunareyðublaðið, en frímerki fyrir burðargjaldi símapóstávísana á tilkynninguna, nema hún eigi að fara til útlanda, þá á tilkynningarafritið.

8.2. **Póstkröfur.**

8.2.1. Póstkröfur innanlands má senda með tvennu móti; annarsvegar á þann hátt að póstávísun er gefin út við innlausn (ebl. 505 bréfapóstkrafa, ebl. 507 bögglap-

óstkrafa) og hinsvegar þannig, að hin innleysta póstkröfuupphæð er lögð inn á gíróreikning sendanda hjá Póstgíróstofunni (ebl. 503 bréfapóstkrafa og ebl. 504 bögglapóstkrafa).

8.2.2. Hámark póstkröfuupphæðar innanlands má vera hið sama og póstávísunar sé póstávísun gefin út við innlausn, (ebl. 505, 507) en er ótakmörkuð sé hin innleysta upphæð lögð inn á gíróreikning hjá Póstgíróstofunni (ebl. 503 og 504). Póstkröfur mega innanlands fylgja öllum póstsendingum. Þegar póstkrafa fylgir innrituðu blaði eða tímariti, verður sendingin þó að afhendast sérstaklega í póst. Innheimtur á póstkröfum annast allar póststöðvar.

8.2.3. Póstkröfur má senda til útlanda samkvæmt þeim upplýsingum, sem birtar eru hverju sinni í Pósttaxtabók I (bréfataxta), og Pósttaxtabók II (bögglataxta). Póstkröfur til útlanda skal tilgreina í íslenskri mynt. Þegar póstkröfur eru sendar til útlanda skal nota alþjóðaeyðublöðin (ebl. R3 bréfapóstkrafa eða ebl. R4 bögglapóstkrafa).

8.2.4. Efst á framhlið sendingar, sem send er gegn póstkröfu, skal sendandi rita orðin „Póstkrafa kr. og upphæðina", sé um innlenda póstkröfu að ræða, en „Rembourssement kr. og upphæðina", sé um póstkröfu til útlanda að ræða. Síðan skal hann líma á sendinguna sérstakan þríhyrndan miða, appelsínugulan að lit, sem póststöðvarnar láta í té. Útstrikanir eða yfirstrikanir á upphæðinni eru ekki leyfðar.

8.2.5. Sérhverri póstkröfusendingu skal fylgja póstkröfueyðublað (ebl. 505, eða 503 fyrir innlendan bréfapóst ebl. 507 eða 504 fyrir innlendan bögglapóst, ebl. R3 fyrir útlendan bréfapóst, ebl. R4 fyrir útlendan bögglapóst.). Gæta skal þess að póstkröfuupphæðin sé nákvæmlega samhljóða við upphæðina á sendingunni, og engar breytingar má gera á henni né útstrikanir.

8.2.6. Meðan póstkröfusending hefur ekki verið innleyst, er sendanda heimilt að hækka eða lækka póstkröfuupphæðina eða fella hana niður gegn sérstöku gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

8.2.7. Póstkröfur skulu innleystar innan 15 daga frá því þær koma á ákvörðunarpóststöðina. Sendandi getur þó ákveðið lengri innlausnarfrest, allt að 30 dögum, en þá skal þess getið sérstaklega á póstkröfueyðublaðinu og sendingunni.

8.2.8. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, skal aldrei líma frímerki á póstkröfueyðublaðið, heldur á sendinguna eða fylgibréf hennar ef hún er böggull.

8.2.9. Póstkröfusendingar skal afhenda til flutnings á póststöð, en finnist póstkröfusending í póstkassa, löglega útbúin, má taka hana til meðferðar, ef henni er veitt eftirtekt.

8.2.10. Póstkröfur frá útlöndum eru í mynt hlutaðeigandi sendilands og þarf póstmaður því að umreikna þá mynt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi fyrir póstávísanir hverju sinni. Viðtakendur póstkröfusendinga frá útlöndum verða að framvísa leyfi frá gjaldeyrisbanka, eftir nánari ákvörðun hverju sinni.

8.3. **Útgáfa póstávísana.**

8.3.1. Þegar upphæð póstávísunar hefur verið innborguð gefur afgreiðslumaðurinn hana út. Hann tölusetur hana með raðtölu eftir útborgunarpóststöð, t. d. „Nr. 1001 til A", undirritar hana fullu nafni og dagstimplar. Einnig ógildir hann með dagstimpli öll frímerki, sem á henni eru og á póstkröfueyðublað stimplar hann í reitinn „Fararstimpill".

8.3.2. Póstávísanir (póstkröfuávísanir, tilkynningar um útgáfu símapóstávísana) eru sendar útborgunarpóststöð með fyrstu póstferð, og skal nota hin sérstöku umslög sem til þess eru ætluð (ebl. 535). Áður skulu þær færðar á „Lista yfir innborgaðar póstávísanir (ebl. 570)", sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir útlendar.

8.4. **Útborgun póstávísana.**

8.4.1. Áður en póstávísun er borguð út, skal póstmaður aðgæta, hvort hún er útfyllt og útgefin skv. settum reglum. Sé einhvers ábótavant í þeim efnum, skal undantekningarlaust endursenda hana ásamt orðsendingu á sérstöku eyðublaði (MP14) um hvað sé að.

8.4.2. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi til útborgunar, má fresta útborgun þar til það er fengið.

8.4.3. Að útborgun lokinni eru ávísanirnar skráðar á „Lista yfir útborgaðar póstávísanir", sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir erlendar og þær síðan sendar endurskoðuninni ásamt listanum. Skal það gert eigi sjaldnar en á tíu daga fresti. Símapóstávísanir eru þó geymdar þar til útgáfutilkynning hefur borist í pósti, svo samanburður geti farið fram.

8.5. **Útborgunargildi póstávísana.**

8.5.1. Póstávísanir, innlendar jafnt sem erlendar, gilda til loka fyrsta mánaðar, eftir útgáfumánuðinn. Að þessum tíma liðnum má alls ekki borga slíkar ávísanir út, hvorki sendanda né viðtakanda, en sækja má um framlengingu þeirra til endurskoðunar póstávísana.

9.0. PÓSTGJÖLDIN. GREIÐSLUSKYLDA. GREIÐSLUAÐFERÐIR.

9.1. **Greiðsluskylda.**

9.1.1. Að því undanteknu, er segir í 9.7. Gjaldfrjálsar sendingar hér á eftir, skulu burðargjöld og önnur póstgjöld vera að fullu greidd fyrirfram og bera merki þess að svo sé með frímerkjum, stimplum frímerkingarvéla eða öðrum áprentunum, t. d. „Burðargjald greitt". Innrituð blöð og tímarit og utanáskriftarlausar sendingar þurfa þó ekki að bera neitt slíkt merki um, að burðargjald sé greitt.

9.2. **Vanborgaðar og óborgaðar sendingar.**

9.2.1. Sé burðargjald vanborgað eða vanti alveg, skal freista þess, að ná til sendanda og láta hann borga það, sem á vantar. Reynist það ókleift, skal sendingin send áfram og afhent viðtakanda gegn innlausnargjaldi.

9.2.2. Áður en vanborguð sending er send af stað, skal póstmaður árita hana eða stimpla, ofan til á miðri framhlið, með bókstafnum „T" og skrá burðargjaldið sem á vantar sem teljara í broti, þar sem nefnarinn er burðargjald fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa.

9.2.3. Ákvörðunarpóststöðin innheimtir innlausnargjaldið af viðtakanda og límir frímerki fyrir því á sendinguna og dagstimplar þau. Innlausnargjaldið er fundið með því að margfalda brotið með tölu, sem er jöfn burðargjaldi fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa, auk þóknunar er sé jöfn ábyrgðargjaldi eins og það er á hverjum tíma.

9.3. **Burðargjald greitt af viðtakanda. Svarsendingar.**

9.3.1. Innanlands og í viðskiptum við Norðurlöndin er hægt að semja sérstaklega fyrirfram um að fá til sín bréf, póstkort, prent eða smápakka sem ófrímerktar svarsendingar.
Innanlands skulu slíkar sendingar bera þess merki á sama stað og frímerkið væri látið með áprentun eins og hér er sýnd:

Má láta ófrímerkt
í póst.

Burðargjald greiðist
af viðtakanda.

Á svarsendingar frá Norðurlöndunum skal í stað íslenska textans vera áprentun eins og hér segir: "Kan sendes ufrankeret fra (nafn landsins)" eða "Kan sendes ufrankeret í hele Norden" og auk þess "Adressaten betaler portoen".

9.3.2. Sendingar þær sem um getur í 9.3.1. mega ekki vera þyngri en 500 gr. ef um bréf er að ræða og ekki þyngri en 1000 gr. ef um prent eða smápakka er að ræða. Svarsendingar skulu vera með áprentuðu nafni og póstfangi (ásamt póstnúmeri) viðtakanda.

9.3.3. Svarsendingar má ekki afhenda viðtakanda nema gegn greiðslu í reiðufé gegn kvittun úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær viðtakandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi og eitt eintak verður eftir í bókinni.

9.4. **Frímerki.**

9.4.1. Til greiðslu burðargjalda og annarra póstgjalda skal nota frímerki þau sem póst- og símamálastofnunin gefur út eða ástimplanir frímerkingarvéla, sem hún hefur leyft notkun á. Frímerkin geta bæði verið einstök, eða álímd eða áprentuð á loftbréf og póstkort. Söluverð einstakra frímerkja er hið áprentaða verð þeirra, en söluverð loftbréfa o. s. frv. er nokkru hærra. Sé frímerki með yfirverði (líknarfrímerki), er burðargjaldsgildi þess söluverðið að frádregnu yfirverðinu. Frímerki skulu vera fáanleg í öllum póststöðvum. Á bréfhirðingum eru þó aðeins fáanlegar algengustu tegundirnar.

9.4.2. Frímerki, sem þegar hafa verið notuð, má ekki nota til burðargjaldsgreiðslu á ný. Sama gildir um ástimplanir frímerkingarvéla. Ekki má heldur nota ógild frímerki eða frímerki, sem eru rifin, yfirstrikuð eða óhrein. Ekkert endurgjald kemur fyrir frímerki, sem um of kunna að vera límd á sendingu.

9.4.3. Óski einhver eftir því að skila frímerkjum, sem hann hefur keypt, má ekki greiða andvirðið í peningum, heldur má skipta þeim fyrir aðrar frímerkjategundir af sömu verðupphæð, ef merkin er hrein og ósködduð. Um slík skipti gilda eftirfarandi reglur:

a) Frímerki sem auglýst er að falli úr gildi frá tilteknum degi, fæst skipt gegn gildandi frímerkjum að kostnaðarlausu, sé það gert innan þess dags, er þau falla úr gildi.

b) Gildandi frímerkjum geta menn fengið skipt á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, gegn þóknun, einum af hundraði af nafnverði þeirra, ef um minna en 50 frímerki er að ræða. Sé um meira magn að ræða verður að sækja um það

sérstaklega til póst-og símamálastofnunarinnar. Er henni heimilt að taka gjald fyrir slík skipti, ef úr verður, sem nemur tíu af hundraði af samanlögðu nafnverði frímerkjanna.

c) Það sem skakkt hefur stimplast í frímerkingarvél, getur notandi vélarinnar fengið endurgreitt, enda leggi hann fram sjálf umslögin eða annað það, sem stimplað var á, heilt og óskemmt, samanber.

9.5. **Alþjóðasvarmerki.**

9.5.1. Alþjóðasvarmerki fást gegn söluverði því, sem tilgreint er í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Póstafgreiðslumaður, sem selur svarmerki, skal dagstimpla það á þar til gerðum stað, (vinstra megin). Svarmerki fást innleyst í öllum löndum, og fást fyrir hvert svarmerki frímerki, er svara burðargjaldi undir almennt bréf til útlanda í fyrsta þyngdarflokki frá því landi, þar sem merkin eru innleyst.

9.5.2. Alþjóðasvarmerki, sem innleyst eru, skulu dagstimpluð á viðeigandi stað, (hægra megin). Gildistími þeirra er ótakmarkaður. Þau skulu sem fyrr segir innleyst fyrir frímerki, er svari til burðargjalds undir almennt bréf í fyrsta þyngdarflokki til útlanda.

9.6. **Greiðslur til póststöðva.**

9.6.1. Póststöðvarnar taka ekki við greiðslu í frímerkjum öðruvísi en álímdum á sendingar fyrir burðargjald þeirra.

9.6.2. Um kaup póststöðva á tékkum og ávísunum gilda þessar reglur:

a) Tékkar, útgefnir af stofnunum ríkis og bæja, opinberum embættum, bönkum og sparisjóðum, séu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá.

b) Aðrir tékkar, sem afhentir eru til greiðslu á því, sem póststöðvarnar eiga að taka á móti í viðskiptum, skulu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá, ef þeir eru innan við hámarksupphæð þá, sem póst- og símamálastofnunin ákveður hverju sinni. Ef þeir eru hærri, skal spyrjast fyrir um innistæðu í bankanum, áður en þeir eru innleystir, og vísa þeim frá, ef innistæða er ekki fyrir hendi. Tékkarnir skulu stílaðir á viðkomandi póststöð og ekki vera hærri en andvirði viðskiptanna. Alla tékka, sem ekki er hægt að innleysa á staðnum, ber að senda aðalgjaldkera póst- og símamálastofnunarinnar með fyrstu ferð sem fellur.

9.7. **Gjaldfrjálsar sendingar.**

9.7.1. Sendingar, sem sendar eru milli póst- og símstöðva innanlands og milli þeirra og stjórnar stofnunarinnar, eru gjaldfrjálsar. Slíkar sendingar skulu áletraðar „Póst- og símamál", „Póstmál" eða „Símamál". Gjaldfrjálsar milli landa eru sendingar milli póststöðva eða póststjórna sem og skrifstofu og stofnana alþjóðapóstsambandsins. Skulu þær merktar „Service des postes". Þessar sendingar lúta ekki hinum almennu ákvæðum um þyngd og stærð o. s. frv., en þær mega þó ekki vega meira en 30 kg og þær má aðeins senda vegna þarfa sjálfrar þjónustunnar.

9.7.2. Sendingar með upphleyptu blindraletri, „Blindraprent", eru sömuleiðis gjaldfrjálsar innanlands og í skipspósti milli landa.

9.8. **Frímerkingarvélar.**

9.8.1. Til þess að mega selja frímerkingarvél til notkunar hér á landi, verður viðkomandi innflytjandi að hafa fengið leyfi póst- og símamálastofnunarinnar til sölu á þeirri tegund vélar.

9.8.2. Innflytjandi, sem hefur fengið slíkt leyfi, verður að tryggja örugga viðgerða- og varahlutaþjónustu fyrir vélina.

9.8.3. Þeir, sem vilja fá sér frímerkingarvélar, verða að kaupa þær hjá einhverju þeirra fyrirtækja, sem hafa fengið leyfi til að selja slíkar vélar.

9.8.4. Umsóknir um notkunarleyfi fyrir frímerkingarvél, skal senda póst- og símamálastofnuninni á sérstöku eyðublaði, sem liggur frammi hjá söluaðilum.

9.8.5. Sá sem fengið hefur notkunarleyfi fyrir frímerkingarvél, nefnist í reglum þessum leyfishafi.

9.8.6. Frímerkingarvél má ekki taka í notkun fyrr en fulltrúi póst- símamálastofnunarinnar hefur í viðurvist fulltrúa sölufyrirtækisins skoðað vélina, læst henni og innsiglað og fullvissað sig um, að leyfishafi hafi fengið leiðbeiningar um notkun vélarinnar.

9.8.7. Til þess að frímerkingarvél verði notuð verður að kaupa á hana áfyllingu hjá viðkomandi póststöð.

9.8.8. Áfyllingu verður að staðgreiða að fullu. Lágmarksáfylling er 99 krónur.

9.8.9. Sem undantekningu frá 9.8.7. og 9.8.8., getur póst-og símamálastofnunin heimilað gegn fyrirframgreiðslu byggðri á áætlaðri notkun, að vél sé notuð án þess áfylling sé keypt, látin ganga opin. Í slíku tilfelli skal reikningsuppgjör fara fram mánaðarlega.

9.8.10. Sérhverri frímerkingarvél skal fylgja sérstök dagbók í þríriti, sem póst-og símamálastofnunin lætur í té og skal þar dag hvern að notkun vélarinnar lokinni skrá stöðu heildarteljarans.

9.8.11. Síðasta dag hvers mánaðar, sem vélin er í notkun, skal leyfishafi senda viðkomandi póststöð frumrit og fyrsta afrit úr vélardagbókinni.

9.8.12. Mánaðaryfirlit þessi skal póststöðin bera saman við sínar bækur og næsta yfirlit á undan. Frumrit sendast síðan með mánaðarreikningi, en hlutaðeigandi póststöð geymir fyrsta afrit.

9.8.13. Stimpill frímerkingarvélar skal annarsvegar vera frímerkingarstimpill er tilgreini burðargjald, og hinsvegar dagstimpill er tilgreini viðkomandi póststöð, dagsetningu og leyfisnúmer. Afstimplun hans skal vera hárauð. Frímerkingarstimpill skal greina burðargjaldið í heilum tug aura.

9.8.14. Litarefnið skal vera af þeirri gerð, sem framleitt er fyrir viðkomandi vél og ber seljanda að sjá um, að blek af réttum lit sé ávallt fyrir hendi. Leyfishafa er skylt að sjá um, að afstimplanir vélarinnar séu ætíð skýrar og greinilegar.

9.8.15. Stimpilmót frímerkingarstimpils og dagstimpils skoðast eign póst- og símamálastofnunarinnar. Ef stimpilmótið framkallar ekki skýra afstimplun vegna slits eða skemmda ber leyfishafa að kaupa nýtt mót á sinn kostnað. Stimpilmót sem hætt er að nota skal senda til póst-og símamálastofununarinnar. Gildir það einnig um stimpilmót véla sem teknar eru úr notkun.

9.8.16. Breytist nafn póststöðvar, ber leyfishafa að kaupa nýtt stimpilmót með hinu nýja nafni póststöðvarinnar.

9.8.17. Með notkun frímerkingarvélar, má leyfishafi greiða burðargjald undir allar póstsendingar sínar, eins og um frímerki væri að ræða. Einnig er honum heimilt að frímerkja póstsendingar fyrir aðra með vél sinni, svo framarlega sem vélin er ekki flutt brott frá leyfðum notkunarstað. Þessi heimild gildir þó ekki fyrir þá aðila, sem hafa fengið leyfi til að láta vélina ganga opna skv. 9.8.9.

9.8.18. Óskilasendingar með frímerkingarstimpli og á umbúðum, þar sem ekki er tilgreint nafn og póstfang sendanda, skulu endursendast leyfishafa skv. leyfisnúmerinu á stimplinum.

9.8.19. Leyfishafi ber ábyrgð á að dagsetning og burðargjald sé rétt. Póst-og símamálastofnunin ber enga ábyrgð á afleiðingum sem hlotist geta af rangri dagsetningu eða röngu burðargjaldi.

9.8.20. Afstimplun frímerkingarvéla skal ekki vera stærri en svo, að hún komist fyrir í efra hægra horn umslags, mest 40 mm frá efri brún og mest 74 mm frá hægri brún (þolvik 2mm).

9.8.21. Sé sending þannig löguð eða innihald hennar slíkt, að stimplunin verði fyrirsjáanlega óskýr, skal stimpla umbúðirnar án innihalds. Sé það ekki hægt, má stimpla á límmiða, sem síðar er límdur á sendinguna. Á slíkum límmiða verður nafn og póstfang sendanda ætíð að vera. Ofangreinda miða má þó ekki undir nokkrum kringumstæðum nota á bréf með tilgreindu verði.

9.8.22. Afstimplanir sem klipptar hafa verið af umslögum o. s. frv. gilda ekki sem burðargjöld og er tilraun slíkra nota refsiverð. Frímerkingarstimplar, sem ekki hafa verið notaðir eða stimplast hafa um of, eru innleystir með því skilyrði, að stimplarnir séu vel læsilegir og umslögin o. s. frv. séu afhent heil og óskemmd og eigi eldri en mánaðargömul. Stimplanir, sem klipptar hafa verið út, eða stimplanir, sem koma út sem spegilmynd eru ekki innleystar.

9.8.23. Póstsendingar stimplaðar með frímerkingarvél, skulu póstlagðar á viðkomandi póststöð, annaðhvort afhentar við afgreiðsluborð eða látnar í sérstaka póstkassa fyrir slíkar sendingar, séu þeir fyrir hendi. Viðkomandi póststöð getur heimilað, að slíkar sendingar séu póstlagðar í útibúi eða bréfhirðingu, sem heyrir undir hana. Umræddar póstsendingar má aldrei póstleggja í almenna póstkassa.

9.8.24. Sendingum skal raðað eftir póstnúmerum séu þær til viðtakenda innanlands, en annars eftir löndum.

9.8.25. Leyfishafi, sem vill hætta að nota vél sína eða vill selja hana öðrum, skal tilkynna það skriflega til póst- og símamálastofnunarinnar. Hinn nýi eigandi verður að sækja um notkunarleyfi skv. 9.8.4.

9.8.26. Áður en gömul vél er tekin í notkun af nýjum eiganda, skal senda hana til viðkomandi sölufyrirtækis til hreinsunar og yfirlits.

9.8.27. Skipti leyfishafi um nafn, skal hann tilkynna það póst- og símamálastofnuninni. Sömuleiðis skal leyfishafi tilkynna aðsetursskipti.

9.8.28. Póst- og símamálastofnunin hefur rétt til að láta fulltrúa sinn skoða frímerkingarvélina hvenær sem er á daglegum vinnutíma leyfishafa og gera viðeigandi prófstimplanir. Auk þess er leyfishafi skyldugur til að leggja fram vélardagbækur hvenær sem þess er krafist.

9.8.29. Leyfishafi er skyldugur til að láta yfirfara vélina á verkstæði viðkomandi sölufyrirtækis með hæfilegu millibili og endurnýja hluti, sem kunna að vera orðnir slitnir. Komi í ljós að reikningsútbúnaður vélarinnar eða aðrar hlutar, starfi ekki eðlilega, skal umsvifalaust senda vélina til viðgerðar.

9.8.30. Reynist nauðsynlegt, við slíka viðgerð eða eftirlit, að rjúfa innsigli vélarinnar skal slíkt gert í viðurvist póstmanns. Á sama hátt má ekki taka vélina í notkun á ný fyrr en póstmaður hefur skoðað hana, athugað teljarastöðu og innsiglað.

9.8.31. Leyfishafa er skylt að sjá um, að sá í hans þjónustu sem hefur daglega umsjón með vélinni, sé kunnugur reglum þeim, sem settar hafa verið um frímerkingarvélar ásamt notkunarreglum sölufyrirtækisins.

9.8.32. Leyfishafi er skyldugur að bæta póst- og símamálastofnuninni hvern þann skaða, sem hún kann að verða fyrir vegna bilunar í reiknibúnaði eða vegna óleyfilegrar notkunar á vélinni.

9.8.33. Póst- og símamálastofnunin getur afturkallað leyfi til notkunar á vél, ef leyfishafi brýtur reglur þessar eða aðrar reglur varðandi póstþjónustuna.

9.9. **Áprentun um greitt burðargjald.**

9.9.1. Fjöldasendingar og sendingar, aðrar en svarsendingar og utanáskriftarlausar sendingar sem póst- og símamálastofnunin heimilar að tekið sé við ófrímerktum gegn greiðslu í reiðufé, sbr. 5.7. skulu á þeim stað sem ætlaður er fyrir frímerki, bera áletrun, eins og eftirfarandi mynd. Undir áritunina skal prenta leyfisnúmer.



Leyfi nr.

10.0. **SKIL SENDINGA TIL VIÐTAKENDA.**

10.1. **Afhendingarhættir.**

10.1.1. Sendingar má afhenda viðtakendum með eftirfarandi hætti:
a) Á póststöðinni þegar þær eru sóttar.
b) Með útburði af póstsins hálfu á heimili viðtakanda.
c) Með því að láta þær í pósthólf, er viðtakendur leigja á póststöðvum.

10.1.2. Sending, sem á er ritað „Sækist", „Poste restante" eða því umlíkt, afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð. Ef vísað er á sendingu til margra, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal. Almenn bréfapóstsending, sem ber ekki rétt nafn viðtakanda, er afhent þeim, sem spyr um hana og getur skýrt nákvæmlega frá, hvernig utanáskriftinni er hagað. Ef margir gera kröfu til slíkrar sendingar og geta skýrt nákvæmlega frá utanáskriftinni, er sendingin ekki afhent, heldur farið með hana sem óskilasendingu.

10.1.3. Hafi maður orðið gjaldþrota og bú hans tekið til skiptameðferðar, má afhenda skiptaráðendum, eftir beiðni þeirra, allar lokaðar bréfa- og bögglasendingar til hans, svo og póst- og póstkröfuávísanir, nema almenn bréf, sem árituð eru „einkabréf" eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf. Verði hlutafélag, verslunarfélag, kaupfélag eða hver sú félagsstofnun önnur, sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár, gjaldþrota og tekin til skiptameðferðar, skal eftir kröfu skiptaráðenda skila þeim, er skiptin annast, öllum póstsendingum til hennar.

10.1.4. Sendingar til manna, sem sitja í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsins mælir fyrir, eða þá rannsóknardómaranum. Sendingar skal afhenda dómurum, lögreglustjórum eða öðrum yfirvöldum, sem úrskurða, að þær skuli afhentar sér, og öðlast hafa með sérstökum lögum vald til að kveða upp slíkan úrskurð.

10.1.5. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er dánarbúin hafa til meðferðar, nema sending beri það með sér með áritun eða á annan hátt, að hún hafi átt að afhendast viðtakanda persónulega, og er hún þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

10.2. **Útburður póstsendinga með bréfberum í þéttbýli.**

10.2.1. Á þeim stöðum, þar sem póstútburði hefur verið komið á fót, eru almennar bréfapóstsendingar, innrituð blöð og tímarit og tilkynningar um ábyrgðar- og verðsendingar, póstávísanir og böggla bornar út til viðtakenda.

10.2.2. Almennar bréfapóstsendingar teljast löglega afhentar, er bréfberi hefur fengið þær í hendir viðtakanda sjálfum eða einhverjum á heimili hans, eða látið þær í gegnum bréfarifu á íbúðarhurð viðtakanda eða í bréfakassa. Ólögleg telst aftur afhending sendingar, ef bréfberi skilur hana eftir í annarri íbúð, þótt í sama húsi sé, eða biður einhvern fyrir hana, sem býr ekki á sama heimili og viðtakandi.

10.2.3. Bréfberinn skilar póstsendingum af sér í sömu röð og bústaðir viðtakenda liggja í leið hans, nema sérstaklega standi á. Geti bréfberi ekki skilað sendingum, er gerð tilraun til afhendingar í næsta útburði á eftir. Beri sú tilraun ekki árangur heldur, er farið með sendingarnar sem óskilasendingar.

10.3. **Útburður póstsendinga með landpóstum.**

10.3.1. Landpóstar annast skil á og veita viðtöku póstsendingum í dreifbýli eins og hér segir:

a) Bréfapóstsendingum (bréf, póstkort, prentað mál, smápakkar, innrituð blöð og tímarit), almennum og bókfærðum.
b) Bögglapóstsendingum.
c) Innheimtu á póstkröfum, inn- og útborgun póstávísana, gíróinn- og útborganir.
d) Önnur störf sem þeim kunna að vera falin af póst- og símamálastofnuninni og samrýmast starfi þeirra.

10.3.2. Landpóstar leggja til eigin farartæki og verða þau að vera þannig útbúin að nota megi í misjafnri færð og veðrum svo póstdreifing sé sem öruggust og í samræmi við áætlun.

10.3.3. Bifreiðar landpósta skulu vera auðkenndar með skilti á áberandi stað á bifreiðinni með orðinu „PÓSTUR“. Póst- og símamálastofnunin leggur til skilti þessi og festingar, en eigendur bifreiðanna sjá um uppsetningu. Skilti þessi skulu vera þannig útbúin, að hægt sé á auðveldan hátt að taka þau niður.

10.3.4. Póst- og símamálastofnunin leggur landpóstum til áhöld og annan búnað sem þeim ber að hafa með sér og nauðsynleg eru vegna starfsins, svo sem:

a) stimpil með heiti stofnunarinnar og póststöðvarinnar sem þeir starfa hjá.
b) bréfavog.
c) peningakassa.
d) sjóð (sjá 10.3.5.)
e) eyðublöð.
f) tösku, sem rúmar það sem getið er um í liðum 10.3.1. a)—e).

10.3.5. Stærð sjóðs skal ákveðin af hlutaðeigandi stöðvarstjóra eftir þörfum og skal hluti hans vera í eyðublöðum og frímerkjum fyrir algengustu burðargjöldin. Landpóstar gera vikulega sjóðsyfirlit og afhenda það stöðvarstjóra. Uppgjör vegna inn- og útborgana skal fara fram að lokinni hverri ferð, ef því verður við komið, eða í síðasta lagi við upphaf næstu ferðar.

10.3.6. Landpóstar skulu starfa samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, sem tengist póstflutningum til og frá viðkomandi póststöð á sem hentugastan hátt.

10.3.7. Landpóstar eru ábyrgir fyrir póstsendingum frá því að þeir taka við þeim og þar til þeim er skilað til rétts aðila. Einnig eru þeir ábyrgir fyrir þeim fjárreiðum og áhöldum sem þeir hafa undir höndum á vegum póst- og símamálastofnunarinnar.

10.3.8. Landpóstar skulu gæta fyllsta öryggis við meðferð póstsendinga, fjármuna og annars, sem þeim er trúað fyrir og mega þeir t. d. ekki yfirgefa bifreið sína nema hún sé læst. Landpóstar mega ekki í póstferðum taka upp í bifreið og flytja farþega nema starfsmenn póst- og símamálastofnunarinnar.

10.4. **Uppsetning einkapóstkassa.**

10.4.1. Í þéttbýli og annars staðar þar sem bréfaútburður fer fram, er sett það skilyrði fyrir útburði, að kassar eða bréfarifur séu á eða við útihurðir ein- tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en 3 íbúðir hafa sameiginlegan inngang, skulu húseigendur setja upp póstkassasamstæður.

10.4.2. Bréfarifur skulu vera minnst 25 × 260 mm að stærð og staðsettar þannig, að hæð frá jörðu að neðri brún bréfarifu, sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

10.4.3. Póstkassamstæður skulu vera staðsettar á neðstu hæð, sem næst aðalanddyri, sem bréfberi getur óhindrað gengið að og athafnað sig við skil póstsins. Lýsing við kassasamstæðu skal vera góð og a. m. k. sú sama og almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

10.4.4. Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi fyrir nöfn, minnst 26 mm × 100 mm, þar sem tilgreint er með stóru og skýru prentletri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjölbýlishúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Húsverðir eða húsfélög í fjölbýlishúsum skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúalista fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t. d. kassi fyrir íbúð á 1. hæð vera neðstur til vinstri í samstæðunni o. s. frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, þannig að útilokað sé að bréf falli upp fyrir hana og glatist.

10.4.5. Staðsetning kassasamstæða á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri brún efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri brún bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

10.4.6. Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar mega ekki vera rauðir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einkapóstkassa.

10.4.7. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarifu eða póstkassa skal póstmeistari eða stöðvarstjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.

10.4.8. Hlýði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastofnunin ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum skv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. .e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

10.5. **Afhending sendinga í pósthólf.**

10.5.1. Á vissum póststöðvum geta menn fengið leigð sérstök hólf, sem bréfapóstsendingum þess, sem leigir, er raðað í, og teljast sendingarnar þar með afhentar og á ábyrgð viðtakanda.

10.5.2. Póstsendingum eða tilkynningum um þær, ef svo ber undir, er raðað í hólfin svo fljótt sem unnt er eftir aðgreiningu aðkomins pósts. Í pósthólf skal aðeins láta þær sendingar sem hólfnúmer er tilgreint á. Forstöðumönnum póststöðva er þó heimilt að víkja frá þessari reglu þegar um viðskiptavini er að ræða, sem fá að jafnaði mikið magn póstsendinga, enda sé öllum starfsmönnum kunnugt um leigu hans á hólfinu.

10.5.3. Leigutaki pósthólfs getur ekki krafist þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf, og póstmönnum er ekki skylt, nema samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns sé áður fengið, að raða bréfum til annarra en leigutaka sjálfs í hólf hans, enda þótt númer pósthólfsins sé ritað á bréfin. Raðist slíkt bréf samt sem áður í hólf, án þess að eftir sé tekið, ber póststöðin eða póst- og símamálastofnunin enga ábyrgð á afleiðingum, sem það kynni að hafa í för með sér.

10.5.4. Á meðan leigutaki hefur pósthólf á leigu, fær hann til afnota ókeypis einn lykil að hólfinu, sem skila ber á póststöðina, þegar leigu er lokið. Vilji leigutaki fá fleiri lykla, verður hann að greiða fyrir þá. Tapi leigutaki lykli, verður hann að kaupa nýjan og að auki kosta þá breytingu á læsingu, sem nauðsynleg er til þess, að ekki verði komist í hólfið með hinum lyklinum, ef leigutaki óskar eftir slíkri lagfæringu. Pósthólf fást ekki opnuð af póstmönnum til afhendingar á pósti úr þeim, nema alveg sérstakar ástæður liggi til þess. Börnum er alls ekki afhentur póstur úr hólfunum.

10.5.5. Leigutími pósthólfs er eitt ár í senn. Leigugjald er mismunandi eftir stærð hólfa, og ákveður póst- og símamálastofnunin hversu hátt það skal vera. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og fæst ekki endurgreitt, þótt leigutaki hætti að nota hólfið áður en leigutíminn er útrunninn. Leigutaka er óheimilt að framselja pósthólf til annarra, nema með fengnu leyfi hlutaðeigandi forstöðumanns og þá aðeins fyrir þann tíma, sem leiga er greidd fyrir.

10.6. **Afhendingartími póstsendinga.**

10.6.1. Póstur, sem kemur til ákvörðunarpóststöðvar, skal vera tilbúinn til afhendingar viðtakendum eins fljótt og auðið er. Bréf, innrituð blöð og tímarit, ganga alltaf fyrir prenti, smápökkum og bögglum, og mega þessar sendingar jafnvel bíða til næsta dags, ef ekki hefur unnist tími til þess að ganga frá bréfum og innrituðum blöðum.

10.6.2. Sé ekki hægt að koma innrituðum blöðum í fyrsta útburð, án þess að tefja eða seinka útburði bréfa, fer afhending blaða fram í næsta útburði á eftir.

10.6.3. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er afhent viðtakanda eins fljótt og unnt er, og er hún ekki látin bíða hins almenna útburðar póstsendinga úr sömu ferð.

10.6.4. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er aðeins borin út einu sinni, og takist þá ekki að afhenda hana, telst sendingin ekki lengur hraðboðasending, og fer þá um afhendingu hennar eins og annarra póstsendinga. Hraðboðagjald endurgreiðist ekki.

10.6.5. Sendendur póstsendinga geta ekki krafist þess, að sendingum sé komið til skila á tilteknum tíma eða dögum, þótt þeir riti slík fyrirmæli á sendingar sínar.

10.7. **Tilkynningar um komu.**

10.7.1. Viðtakandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögguls, póstkröfu, póstávísunar og innlausnarsendingar fær tilkynningu (ebl. 583a, 580,) um, að sendingin sé komin á póststöðina, nema útburði slíkra sendinga hafi verið komið á fót í viðkomandi umdæmi. Ennfremur er viðtakanda send tilkynning um almenna bréfapóstsendingu, ef hún er þannig á sig komin, að hún samlagast ekki öðrum sendingum í útburði eða ekki er hægt að raða henni í pósthólf vegna stærðar.

10.7.2. Tilkynningar þær, sem hér um ræðir, sendast viðtakendum sem fullgreiddar almennar bréfapóstsendingar. Fyrir tilkynningar er ekkert gjald tekið.

10.8. **Afhending gegn kvittun.**

10.8.1. Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, almennir bögglar, póstkröfusendingar og póstávísanir (þar með taldar póstkröfuávísanir og símapóstávísanir) fást aðeins afhentar eða útborgaðar (ávísanir) gegn löglegri kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi gert athugasemd á sendinguna um, að hún afhendist eingöngu viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni, og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.

10.8.2. Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt gildandi reglum þeirrar stofnunar, sem í hlut á.

10.8.3. Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutafélags, kaupfélags, verslunarfélags, banka, sjúkrasamlags og þvílíkra stofnana, skal kvittað af þeim, sem á hverjum tíma, samkvæmt skriflegri tilkynningu frá forráðamönnum stofananna til hlutaðeigandi póststöðvar, er veitt heimild til þess að taka við sendingum eða fjármunum í nafni þeirrar stofnunar, sem í hlut á. Sendingar til félaga, sem ekki eru tilkynningarskyld, eru afhentar þeim, sem félagsstjórn hefur tilkynnt póststöðinni, að megi kvitta fyrir póstsendingum eða getur á annan hátt sýnt fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann megi taka við þeim.

10.8.4. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.8.1. og fara eiga til manns eða félags, sem orðið er gjaldþrota, afhendist samkvæmt ákvæðum 10.1.3. og 10.1.4. í þessum kafla.

10.8.5. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.8.1. og fara eiga til manns, sem látinn er, skal afhenda forráðamönnum dánarbúsins eða skiptaráðanda, nema sendandi hafi óskað utanáskriftarbreytingar. Skorist forráðamenn dánarbúsins eða skiptaráðandi undan því að taka við sendingunni, telst hún í óskilum og endursendist til upprunastaðar.

10.8.6. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.8.1. og fara eiga til manna, sem liggja á sjúkrahúsum eða í sóttkví, og geta þess vegna ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrahússins eða sóttvarnarstöðvarinnar, sem þá kvittar fyrir þeim í umboði sjúklingsins nema þeir hafi gert aðrar ráðstafanir gagnvart póststöðinni um afhendingu slíkra sendinga til sín.

10.8.7. Samkvæmt áfengislögum má hvorki afhenda áfengissendingar ölvuðu fólki né unglingum undir lögaldri.

10.9. **Skilríki og persónusönnun.**

10.9.1. Sé verðsending, ábyrgðarsending, póstávísun eða almenn bögglasending sótt af viðtakanda sjálfum, er honum skylt að færa sönnur á, að hann sé sá, sem hann segist vera, ef póstmaður sá, er afhendir, ber eigi kennsl á hann, né kannist við undirskrift hans. Þetta má gera með því, að viðtakandi sýni vegabréf eða nafnskírteini, ökuskírteini eða póstskilríkisspjald eða vottorð manns, sem póstmaður þekkir.

10.9.2. Séu sendingar sóttar af sendimanni og póstmaður sá, sem afhendir kannast ekki við undirskriftina, ber viðtakanda að hafa hana vottfesta á kvittunarblaðinu (póstávísun eða fylgibréf) eða láta sendimann sýna vottfasta yfirlýsingu um, að hann megi taka við sendingum og kvitta fyrir þeim í bækur póststöðvarinnar. Slíkri yfirlýsingu heldur póststöðin eftir.

10.9.3. Til undirskriftar á kvittun má ekki nota firmastimpil eingöngu eða einkennisbókstafi.

10.9.4. Þegar maður vottar undirskrift, skal hann auk nafns síns einnig rita nafnnúmer og heimilisfang. Sé sá, sem vottar, leigjandi að pósthólfi, er þó nægilegt að setja númer pósthólfsins í stað heimilisfangsins.

10.10. **Póstskilríkisspjald.**

10.10.1. Skilríkisspjald er fullgild heimild til þess að fá afhentar póstsendingar á póststöð. Skilríkisspjald má sækja um á póstöðvum, öðrum en bréfhirðingum. Sá er æskir skilríkisspjalds, skal afhenda ljósmynd af sér til þess að líma á skilríkisspjaldið, fæðingarvottorð, og rita þar að auki nafn sitt á spjaldið. Gildistími skilríkisspjalds er samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

10.11 **Umboð.**

10.10.1. Umboð til þess að taka við og kvitta fyrir póstsendingum í nafni viðtakanda sjálfs, skal vera skriflegt, hljóða á nafn ákveðins manns, vera dagsett og undirritað af viðtakanda sjálfum. Í hinu skriflega umboði skal taka fram, hvort það nái til allra tegunda bókfærðra sendinga eða aðeins nokkurs hluta þeirra.

10.11.2. Umboð til þess að taka á móti og kvitta fyrir sendingum til opinberrar stofnunar skal gefið af hlutaðeigandi forráðamönnum í embættisnafni, samkvæmt þeim fyrirmælum, er um stofnunina gilda.

10.11.3. Umboð má einnig gefa símleiðis. Í skeytinu skal þá, auk umboðsins sjálfs, standa vottorð hlutaðeigandi símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum eða með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun þess símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum, með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun símamanns, er við því tók, um að það hafi verið samanborið.

10.11.4. Frumrit umboðsins geymist hjá póststöðinni. Vilji viðtakandi póstsendingar afturkalla gefið umboð, skal það gert skriflega til þeirrar póststöðvar, er geymir umboðið. Eftir beiðni gefur póststöðin þá ókeypis viðurkenningu fyrir því, að umboðið sé afturkallað.

10.11.5. Séu vandkvæði á fyrir hlutaðeigandi að láta frumrit umboðsmanns af hendi við aðrar stofnanir, má póststöðin láta sér nægja ljósrit eða staðfest afrit af frumritinu, en skyldur er þá umboðsmaður að sýna frumrit, þegar þess er krafist. Þegar frumrit slíks umboðs er sýnt, ritar póstmaður dagsetningu á afritið, og þegar afriti er skilað til geymslu, skal póstmaður staðfesta það með því að geta þess á frumritinu.

10.12. **Útborgun póstávísana, innlausn á póstkröfum og ýmsar greiðslur.**

10.12.1. Póstávísanir borgast út á ákvörðunarpóststöðinni. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi, má fresta útborgun, þar til það er fengið.

10.12.2. Póstkröfusendingar eru ekki afhentar viðtakendum, nema þeir greiði um leið þá upphæð, sem hvílir á sendingunni. Hafi sendandi póstkröfusendingar gefið fyrirmæli, meðan sendingin er í vörslu póstþjónustunnar, um að afhenda hana án innheimtu póstkröfuupphæðar eða gegn annarri upphæð en á henni stendur, er það þó gert.

10.13. **Geymslutími sendinga.**

10.13.1. Geti ákvörðunarpóststöðin ekki afhent vegna skakkrar eða ófullnægjandi utanáskriftar eða af öðrum ástæðum, t. d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er dáinn eða fluttur burtu án þess að vitað sé hvar hann er niður kominn, skal sendingin ekki geymd á póststöðinni lengri tíma en með þarf til þess að ganga úr skugga um, að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein, skal sending, sem þannig er ástatt um, að jafnaði ekki geymd lengur en mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.

10.13.2 Sending, sem á er ritað, að skuli geymast þangað til hennar verði vitjað (poste restante), skal geyma viðtakanda allt að 2 mánuðum að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.

10.13.3. Póstkröfur eru geymdar viðtakanda til innlausnar í 15 daga að telja frá næsta degi eftir komu þeirra til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Sé póstkröfusending árituð „Poste restante", má hún geymast allt að 30 daga og sömuleiðis, ef sendandi hefur með áritun á sendinguna sett þennan geymslufrest. Hafi sendandi póstkröfusendingar óskað breytingar á póstkröfuupphæðinni, reiknast geymslutími að nýju jafnlangur, að telja frá næsta degi eftir að ákvörðunarpóststöðin hefur fengið beiðnina um breytinguna.

10.13.4. Sendandi póstsendingar getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna en hér er tiltekið, og ber honum þá að rita það á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið, þegar um böggla er að ræða.

10.13.5. Þegar sending er áframsend, telst geymslutími hennar frá þeim degi, er hún kemur til hinnar nýju ákvörðunarpóststöðvar. Sé um að ræða áframsendingu milli póststöðva á sama staðnum, reiknast þó enginn geymslutími að nýju.

10.13.6. Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan hins tiltekna geymslutíma, telst óskilasending.

11.0. ÓSKILASENDINGAR.

11.1. Meðferð óskilsendingar á ákvörðunarpóststöð.

11.1.1. Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:
a) Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni.
b) Þegar viðtakandi finnst ekki.
c) Þegar sending hefur legið á póststöðinni lögboðinn tíma, án þess að vera sótt, þrátt fyrir tilkynningu um komu hennar.

11.1.2. Sending endursendist viðtökupóststöðinni til afhendingar sendanda, ef heimilisfang hans er á sendingunni, annars sendist hún til póststofunnar í Reykjavík. Þegar um er að ræða bókfærða sendingu, að undanteknum póstkröfuávísunum, skal ákvörðunarpóststöðin, áður en hún endursendir hana, láta viðtökupóststöðina spyrja sendanda um, hvort hann geti veitt nánari upplýsingar um viðtakanda. Geti sendandi gert það, og vilji hann láta póstþjónustuna taka upplýsingar sínar til greina, skal hann greiða undir þær sama gjald og undir einfalt almennt bréf, og verða þær þá sendar ákvörðunarpóststöðinni með fyrstu póstferð. Að öðrum kosti skoðast sendingar sem komnar í óskil.

11.1.3. Á sendingar, sem ekki verður komið til skila, skal jafnan rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða (ebl. 675). Viðtakandi, sem neitar að taka við sendingu, getur sjálfur ritað neitunina á sendinguna, en engar aðrar athugsemdir má hann rita á hana, og sé það gert, skal strika yfir þær á póststöðinni, svo þær verði ekki læsilegar. Hafi viðtakandi eigi ritað sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal það gert á póststöðinni sem átti að afhenda sendinguna.

11.1.4. Póstávísun, sem ekki verður komið til skila, sendist endurskoðun póstávísana, Reykjavík. Þangað skal einnig senda póstávísun, sem hægt er að koma til skila, ef gildistími hennar er runninn út.

11.2. **Meðferð vissra óskilaböggla.**

11.2.1. Hafi óskilaböggull eitthvað það innihald, sem liggur undir skemmdum, skal ákvörðunarpóststöðin þegar í stað koma innihaldinu í peninga á sem hagkvæmastan hátt. Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að selja innihaldið skal það eyðilagt. Frá andvirði hins selda dragast gjöld þau, sem kunna að hafa hvílt á bögglinum, svo og kostnaðurinn við að koma honum í peninga. Afgangurinn sendist sendanda böggulsins, að frádregnu burðargjaldi. Að öðru leyti skal í einu og öllu fara eftir fyrirmælum þeim, er sendandi hefur gefið á fylgibréfi.

11.3. **Endursending óskilsendinga til sendanda.**

11.3.1. Óskilasending, sem endursend hefur verið til upprunapóststöðvar til afhendingar sendanda, skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendigu til viðatakanda. Sé endursendur böggull ekki sóttur á póststöðina innan 7 daga að telja frá deginum eftir komu hans þangað, skal sendandi greiða geymslugjald eftir þann tíma.

11.3.2. Þegar póststöð, sem óskilasending hefur verið endursend til, hefur gengið úr skugga um, að sendingunni verði ekki komið til sendanda, sendir hún hana til póststofunnar í Reykjavík. Póstávísun má þó ekki senda seinna en um það bil, að gildi hennar er að renna út. Aðrar sendingar skal senda í síðasta lagi mánuði eftir komu þeirra á póststöð sendanda.

11.4. **Bann gegn póstmeðferð á sendingu að nýju.**

11.4.1. Þegar búið er að afhenda sendanda endursenda póstsendingu eða tilkynningu um að hann eigi slíka sendingu, er ekki hægt að taka hana til póstmeðferðar að nýju, jafnvel þótt burðargjaldið sé greitt, nema sendingin sé sett í nýjar umbúðir.

11.4.2. Sending, sem afhent hefur verið viðtakanda, getur ekki sætt póstmeðferð að nýju, nema áframsending sé leyfð.

11.5. **Lokameðferð óskilasendinga.**

11.5.1. Sending, sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda er opnuð í votta viðurvist af þeim starfsmönnum, sem póst- og símamálastjóri hefur tilnefnt.

11.5.2. Verði hægt að komast að því, hver sendandi sé, með því að opna sendingu, er hún send honum. Fáist engar upplýsingar á þennan hátt um sendanda, eða reynist ógerlegt að ná til hans, eru sendingar, sem geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til verðs, teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar undir umsjá þeirra, er hafa opnað þær.

11.5.3. Þegar almenn innlend póstávísun (ekki póstkröfuávísun) lendir í óskilum, og er send endurskoðuninni vegna þess að gildi hennar er runnið út, endurnýjar skrifstofan gildi hennar, og býður sendanda upphæðina.

11.5.4. Hafi sendinga þeirra, sem getið er í 11.5.2. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan árs frá þeim tíma að þær voru póstlagðar, skal auglýsa þær í Lögbirtingablaðinu. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða frá auglýsingu skal selja þær til hagnaðar fyrir póstsjóð samkvæmt 24. grein póstlaganna.

12.0. ÝMIS AUKAÞJÓNUSTA.

12.1. Móttökukvittun.

12.1.1. Sendandi ábyrgðarsendingar, verðsendingar, bögguls eða póstávísunar getur gegn sérstöku gjaldi fengið kvittun á sérstöku eyðublaði (ebl. 556) fyrir því, að sendingin hafi verið afhent (borguð út). Kvittunin er undirrituð af þeim, sem kvittar fyrir móttöku sendingarinnar, og póstmanni þeim sem afhendir. Eyðublaðið skal fest við sendinguna, en ekki skal telja það með þyngd sendingarinnar. Á sendinguna skal rita stafina AR. Sé um símapóstávísanir að ræða, skal setja stafina AP í skeytið, og annast útborgunarpóststöðin þá um að úbúa eyðublaðið og senda það póstleiðis aftur til sendanda.

12.1.2. Móttökukvittun er endursend án umbúða og viðtakanda að kostnaðarlausu.

12.2. Frankóseðlar.

12.2.1. Sendandi ábyrgðarsendingar eða bögguls til nokkurra landa sem getið er í pósttaxtabókum I og II getur gegn sérstöku gjaldi tekið að sér að greiða sjálfur öll gjöld, bæði póstgjöld og t. d. tolla, sem lögð kunna að verða á sendinguna í ákvörðunarlandinu. Slíkum sendingum skal fylgja frankóseðill (ebl. 513), og á sendinguna skal letra „Franc de taxes et de droits". Heimilt er sendipóststöð að láta sendanda setja tryggingu fyrir greiðslu þessara gjalda.

12.2.2. Seðillinn er í tveimur hlutum, og kemur annar hlutinn aftur með gjöldunum sundurliðuðum. Upphæðinni er breytt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi póstavísana og hún síðan innheimt af sendanda, sem fær afklippinginn.

12.2.3. Sé óskað eftir gjaldfrjálsri sendingu, eftir að sendingin hefur verið póstlögð, skal sendipóststöðin senda seðilinn í frímerktu ábyrgðarbréfi ásamt orðsendingu til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Kostnaðinn greiðir sendandi.

12.3. Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar.

12.3.1. Meðan sending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi gert breytingar á því, sem hann hefur ákveðið um hana áður, látið breyta utanáskriftinni eða afturkalla hana úr póstinum. Beiðni um afturköllun sendingar eða utanáskriftarbreytingu á henni skal senda viðtökupóststöðinni. Skal hún gerð skriflega á eyðublað, sem ætlað er til þessa (ebl. C 7 og MP 4) og fæst á póststöðvunum. Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis á sömu póststöð, frá sama sendanda til sama viðtakanda. Þegar um bréf er að ræða, skal fylgja beiðninni fullkomin líking af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar. Sé sá, sem beiðnina sendir, ekki kunnugur póstmönnum á póststöðinni, skal hann færa sönnur á, hver hann sé, á sama hátt og krafist er við afhendingu verðsendinga.

12.3.2. Þegar beðið er um utanáskriftarbreytingu á sendingu, sem ekki er farin af stað frá póststöðinni, skal breytingin framkvæmd þar og helst af sendanda sjálfum. Beiðni um breytingu utanáskriftar eða afturköllun sendingar, sem farin er af stað frá viðtökupóststöðinni eða ekki er hægt að ná út úr póstflutningnum áður en hann fer af stað, má senda póstleiðis eða símleiðis eftir ósk sendanda. Símleiðis skal jafnan senda beiðnina til ákvörðunarpóststöðvarinnar, þegar fullvíst þykir, að beiðnin nái ekki í tæka tíð að öðrum kosti. Kjósi sendandinn, að slík beiðni sé send póstleiðis, skal hann greiða fyrir hverja beiðni gjald samkvæmt gjaldskrá. Eigi beiði að sendast símleiðis, greiðir sendandi símskeytagjald. Varði beiðni breytingu á utanáskrift bögguls eða afturköllun hans, er sendandi skyldur til að ábyrgjast greiðslu á hinu nýja flutningsgjaldi hans.

12.3.3. Þegar afhenda á sendingu, sem hefur verið afturkölluð, verður sendandi, sem við henni tekur, að sanna heimild sína til hennar, á sama hátt og þegar um er að ræða afhendingu ábyrgðarsendinga, nema nafn sendanda standi á sendingunni eða hann geti sýnt kvittun póststöðvarinnar fyrir því, að hann hafi skilað sendingu til flutnings. Þegar svo ber undir, skal sendandi kvitta fyrir móttöku sendingar á venjulegan hátt.

12.3.4. Þegar innanríkissending er afturkölluð, er sendanda ekki endurgreitt burðargjaldið, nema þegar svo sérstaklega stendur á, að sendingin er ekki farin af stað frá ákvörðunarpóststöðini. Þá skal endurgreiða sendanda burðargjaldið sjálft, en ekki önnur gjöld, sem á sendingunni hafa hvílt. Þegar um einfalda leiðréttingu á utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda), getur sendandi sent beiðni sína beint til ákvörðunarpóststöðvarinnar, og koma þá fyrirmæli þessarar greinar ekki til álita.

12.4. **Breyting póstkröfuupphæðar.**

12.4.1. Meðan póstkröfusending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi beðið um, að sending sé afhent viðtakanda án greiðslu póstkröfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hærri eða lægri) en á sendingunni stendur. Beiðnir um afnám eða breytingu á póstkröfuupphæð má senda bæði póstleiðis og símleiðis, og gilda um þær sömu reglur og nefndar eru í 12.3. um utanáskriftarbreytingar og afturköllun. Þegar slík beiðni er send póstleiðis, skal nýtt póstkröfueyðublað fylgja beiðninni og nýtt fylgibréf, þegar um bögglapóstsendingu er að ræða.

12.5. **Áframsending.**

12.5.1. Hafi viðtakandi skipt um búsetu, má senda sendinguna áfram til hans til annarrar póststöðvar, hafi hún ekki verið afhent á ákvörðunarpóststöðinni. Áframsending póstkröfusendingar er óheimil, ef geymslutími sá, sem ákveðinn er fyrir umrædda sendingu, er liðinn áður en beiðst er áframsendingar. Venjulega almenna bréfapóstsendingu má senda áfram, þótt búið sé að afhenda hana af ákvörðunarpóststöðini, að því tilskildu, að sendingunni sé skilað aftur á póststöðina, sem afhenti hana, óbreyttri að öðru leyti en því, að breytt sé um heimilisfang og ákvörðunarpóststöð. Hafi póststöðin aftur á móti — einkum þegar um prentsendingar er að ræða — grun um, að breyting hafi verið gerð á sendingunni eða um áframsendingu sé beðið í öðrum tilgangi en þeim, sem réttur er, verður ekki tekið við sendingunni aftur, nema undir hana sé greitt að nýju. Áframsending annarra póstsendinga en þeirra, sem að ofan getur, eftir að þær hafa verið afhentar á löglegan hátt, er ekki leyfð.

12.5.2. Nú er sending í flutningi áleiðis til ákvörðunarpóststöðvar, og má þá, eftir beiðni viðtakanda, senda hana áfram til hans frá póststöð á leiðinni, ef hægt er að ná sendingunni úr póstinum án óþæginda eða tafar á póstflutningnum. Beri sending eða fylgibréf, ef svo ber undir, áritun á framhlið um, að hana megi senda áfram, skal það tekið til greina.

12.5.3. Beiðni um áframsendingu skal vera skrifleg og sendast þeirri póststöð, sem á að framkvæma hana. Í beiðninni skal helst ef hægt er, geta þess, hve langan tíma áframsending til viðtakanda eigi að gilda. Sé enginn tími tilgreindur í beiðninni, gildir hún í næstu þrjá mánuði, talið frá þeim mánuði þegar hún var send, nema hún sé felld niður aftur, eftir beiðni viðtakanda. Skriflega beiðni þarf ekki um áframsendingu bréfapóstsendingar, sem þegar hafa verið afhentar.

12.5.4. Sé um aukaburðargjald að ræða undir sendingu vegna áframsendingar, reiknast það á sama hátt og um getur hér að framan um aukaburðargjöld vegna utanáskriftarbreytingar eða afturköllunar. Þegar sending er send áfram, strikar póststöðin, sem það gerir, yfir hið upprunalega heimilsfang og staðarnafn og skrifar hið nýja í staðinn, og þar hjá orðið „Áframsent" undirstrikað.

12.5.5. Póstávísun — almenn eða síma — má senda áfram póstleiðis eða símleiðis. Sé ávísun send áfram símleiðis, er gjald sem er símapóstávísunargjaldið að frádregnu gjaldi fyrir almennum póstávísunum dregið frá hinni upprunalegu ávísun.

12.6. **Áframsending margra bréfapóstsendinga saman.**

12.6.1. Almennar sendingar til sama viðtakanda sem senda skal áfram, má setja í sérstök umslög, sem póst- og símamálastofnunin leggur til, og aðeins má rita á nafn viðtakanda og hina nýju utanáskrift hans. Þá má, þegar fjöldi sendinga er svo mikill, nota poka. Þegar það er gert, skal færa nauðsynlegar upplýsingar á sérstakan merkimiða, sem sé prentaður eins og umslagið.

12.6.2. Í áframsendingarumslög eða poka má ekki láta sendingar, sem fara eiga í tollskoðun, né sendingar, sem vegna lögunar sinnar, ummáls eða þyngdar kunna að valda skemmdum.

12.6.3. Umslagið eða pokann skal afhenda opið á póststöðinni, sem annast áframsendinguna, svo kostur gefist á að taka viðbótargjald, sem kann að hvíla á sendingunum, sem í því eru, eða þá að tilgreina á sendingunum gjald það, sem taka ber við komu, þegar burðargjaldsviðbótin er ekki greidd. Þegar póststöðin hefur lokið rannsókn, er umslaginu eða pokanum lokað og settur á þau T-stimpill, ef svo ber undir, til þess að gefa til kynna að innheimta eigi burðargjald af öllum sendingum eða einhverju í umslaginu eða pokanum.

12.6.4. Við komu til ákvörðunarstaðar má útburðarpóststöðin opna umslagið eða pokann og athuga innihaldið, og innheimtir hún, ef svo ber undir, viðbótargjöld þau, sem ekki hafa verið greidd.

12.6.5. Almennar bréfapóstsendingar til sjómanna og farþega um borð í sama skipi, eða til fólks á sameiginlegur ferðalagi, má fara með samkv. ákvæðum í 12.6.1. til 12.6.4. Í því tilviki skulu safnumslögin eða merkimiðar pokanna útbúnir með utanáskrift skipsins (skipaafgreiðslunnar eða ferðaskrifstofunnar o. s. frv.), sem þau eiga að afhendast til.

12.7. **Fyrirspurn um sendingu.**

12.7.1. Heimilt er sendanda póstsendingar eða viðtakanda að gera fyrirspurn um sendingu til póstþjónustunnar, og skal fyrirspurnin rituð á sérstakt eyðublað (ebl. 547, 548 og MP 4), sem póst- og símamálastofnunin gefur út og póststöðvarnar láta af hendi. Sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis og af sama sendanda til sama viðtakanda á sama ákvörðunarstað. Hafi póstávísun glatast, er hægt að fá eftirrit af henni með því að snúa sér til endurskoðunar póstávísana, Reykjavík. Beiðni um slíkt eftirrit skal rituð á fyrirspurnareyðublað og afhent á útborgunarpóststöðinni, er sendir það áfram til endurskoðunarinnar með áritun um, að ávísunin hafi ekki verið borguð út. Sé spurst fyrir um póstkröfusendingu til útlanda, skal eftirrit af póstkröfuávísuninni fylgja.

12.7.2. Fyrirspurn um sendingu má afhenda hvaða póststöð sem er. Sé sú póststöð ekki viðtökupóststöð sendingarinnar, sendir hún fyrirspurnina til viðtökupóststöðvarinnar. Hafi fyrirspyrjandi fengið kvittun fyrir viðtöku sendingar þeirrar, er hann spyrst fyrir um, skal hún fylgja. Sé spurst fyrir um ábyrgðarsendingu, verðsendingu

eða böggul, skal líking af utanáskrift sendingarinnar fylgja fyrirspurninni. Jafnskjótt og lokið er rannsókn, fær fyrirspyrjandi tilkynningu um niðurstöðuna.

12.7.3. Undir fyrirspurn um sendingu skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Þetta gjald er aðeins tekið einu sinni, þótt sama eyðublaðið sé notað undir margar fyrirspurnir, eins og leyft er samkvæmt 12.7.1. Hafi sendandi greitt móttökukvittun fyrir sendingunni, greiðir hann ekkert gjald.

12.7.4. Komi í ljós, að fyrirspurn hafi verið gerð vegna mistaka, sem póstmenn eru valdir að, á fyrirspyrjandi rétt á að fá fyrirspurnargjaldið endurgreitt.

13.0. SKAÐABÆTUR, ÁBYRGÐ.

13.1. Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta.

13.1.1. Fyrir glataðar almennar bréfapóstsendingar eru engar skaðabætur greiddar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti. Fyrir ábyrgðarsendingu, sem glatast, meðan hún er í vörslu póstþjónustunnar, skal greiða sendanda skaðabætur, eins og þær eru ákveðnar í gjaldskrá fyrir póstþjónustu hverju sinni. Glatist eða eyðileggist innihald ábyrgðarsendingar að nokkru eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá og að því tilskildu, að búið hafi verið um sendinguna á tryggilegan hátt að dómi póst- og símamálastofunarinnar.

13.1.2. Fyrir verðbréf og verðböggla, sem glatast úr vörslu póstþjónustunnar, greiðast sendanda skaðabætur allt að upphæð hins tilgreinda verðs. Glatist eða eyðileggist innihald slíkra sendinga, greiðast skaðabætur, er svara til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en hið tilgreinda verð. Hafi innihaldið verið skjöl, sem hægt er að ógilda, getur póst- og símamálastofnunin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarréttur, er samsvari upphæð verðskjalanna, sé framseldur henni. Komist upp, að verðið hafi í sviksamlegum tilgangi verið tilgreint hærra en það í raun og veru var, skal engar skaðabætur greiða.

13.1.3. Þegar póstávísanir, þar með taldar póstkröfuávísanir, hafa verið réttilega innborgaðar á póststöð, ber póstþjónustan ábyrgð á, að upphæðir þeirra komist í hendur réttum viðtakendum eða sendendum á ný, ef ekki tekst að hafa upp á viðtakendum eða þeir neita móttöku. Komi í ljós, að upphæð er fyrir vangá póstþjónustunnar útborguð öðrum en réttum aðila, ber að bæta tjónið að fullu.

13.1.4. Glatist sending eða innihald sendingar með áhvílandi póstkröfu, fer um skaðabætur eftir því, hverrar tegundar sendingin er, en aldrei eftir upphæð póstkröfunnar. Hafi póstkröfusending verið afhent, án þess að póstkrafan hafi verið innleyst, hefur sendandi rétt til þess að krefjast þess af póst- og símamálastofnunin að hún greiði sér póstkröfuupphæðina.

13.1.5. Almennir bögglar, sem glatast eða eyðileggjast, eru bættir sendendum, sem segir í gjaldskrá fyrir póstþjónustu á hverjum tíma. Glatist innihald þeirra eða eyðileggist, að nokkru leyti eða öllu, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá, og að því tilskildu, að um böggulinn hafi verið tryggilega búð að dómi póst- og símamálastofnunarinnar.

13.1.6. Sé ábyrgðarsending, verðsending eða böggull með öllu glötuð, á sendandi rétt á að fá burðargjaldið sjálft endurgreitt, en önnur gjöld, svo sem tryggingargjald, ábyrgðargjald o. s. frv. eru ekki endurgreidd. Skaðabætur eru ekki greiddar, þegar skaðinn orsakast af eðli innihaldsins eða af slæmum umbúðum né heldur, þegar sendingin hefur eigi skaddast að utan á umbúðum né innsigli. Þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, ef talið hefur verið í sendingunni á viðtökupóststöðinni.

13.1.7. Skaðabætur fyrir póstsendingar, samkvæmt ofansögðu, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans. Bætur greiðast aldrei vegna þess, að póstsendingum seinki, hver svo sem orsökin kann að vera.

13.1.8. Bætur greiðast því aðeins, að þeirra sé krafist innan árs, frá því að sendingunni var skilað til flutnings, en eigi er skylt að greiða þær fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því póst- og símamálastofnuninni var tilkynnt um vanskilin. Nú hafa skaðabætur verið greiddar og sendingin eða innihald hennar kemur í leitirnar, skal þá hlutaðeigandi boðin afhending hennar gegn því, að hann endurgreiði skaðabæturnar og burðargjaldið ef svo ber undir.

14.0. BLÖÐ OG TÍMARIT.

14.1. Almenn skilyrði.

14.1.1. Til þess að njóta sérstakra kjara um burðargjald, umfram það, sem gildir um almennar prentsendingar, verða blöð og tímarit að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Vera prentuð og gefin út á Íslandi.
b) Vera til sölu og áskriftar á almennum markaði.
c) Koma út nokkurn veginn reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
d) Vera prentuð í a. m. k. 1000 eintökum hverju sinni.
e) Hvert eintak vegi eigi meira en 500 grömm.
f) Efni blaðsins eða tímaritsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni, eins og tíðkast í blöðum og tímaritum, þ. e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o. s. frv., en ekki t. d. ein saga, ein grein o. s. frv.
g) Auglýsingar taki eigi meira en helming af rúmi blaðsins eða tímaritsins.
h) Á fyrstu síðu sé prentað áberandi og stóru letri, heiti blaðsins eða tímaritsins, árgangur og tölublað.
i) Í blaðinu eða tímaritinu sé birt nafn og heimili útgefanda, ábyrgðarmanns og ritstjóra, svo og hvar það sé prentað.

14.1.2. Ekkert fylgiblað, sem eigi er beinlínis tilheyrandi blaðinu eða tímaritinu, t. d. sérprentaðar auglýsingar má senda með blaðinu eða tímaritinu, jafnvel þótt á sé prentað eða stimplað nafn þess.

14.1.3. Rit, gefin út í þeim tilgangi eingöngu að auglýsa eða kynna sérstakar vörur, þjónustu eða viðskiptafyrirtæki, svo sem verðlistar, skrár, kynningarrit o. s. frv. varðandi vörur og þjónustu eins eða fleiri fyrirtækja verða ekki send sem blöð og tímarit.

14.1.4. Blaða- og tímaritssendingar til umboðsmanna mega vega allt að 20 kg.

14.1.5. Alþingistíðindi, Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi má taka til póstflutnings skv. þessum reglum þótt þau fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum þeirra.

14.2. Innritun.

14.2.1. Blað eða tímarit, sem óskast flutt í pósti gegn hinum sérstöku kjörum um burðargjald, skal innritað hjá póst- og símamálastofnuninni. Útgefandi skal um það rita umsókn á sérstöku eyðublaði, þar sem tilgreint skal eftirfarandi:

a) Nafn blaðsins eða tímaritsins.
b) Nafn og heimili útgefanda.
c) Nafn og heimili ábyrgðarmanns.
d) Útgáfustaður.

e) Upplag blaðsins eða tímaritsins.
f) Póststöð, þar sem blaðið eða tímaritið óskast póstlagt.
g) Útgáfutíðni blaðsins eða tímaritsins.
h) Áskriftargjald.
i) Lausasöluverð.
j) Þyngd hvers eintaks.
k) Upplýsingar um það hvort blaðið eða tímaritið óskast flutt:
a) beint til áskrifenda eða,
b) til umboðsmanna, og hve mörg eintök til hvors.

Sýnishorn af blaðinu eða tímritinu skal fylgja með.

14.2.2. Innritunargjald skv. gjaldskrá fyrir póstþjónustu skal greiða á viðkomandi póststöð í fyrsta sinn sem blaði eða tímariti er skilað til flutnings.

14.3. **Flutningur og dreifing.**

14.3.1. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en einu sinni í viku eru ekki borin út á útgáfustað.

14.3.2. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en tvisvar í viku skulu flutt á sama hátt og bréfapóstur, þ. e. eftir fljótustu leið. Önnur blöð og tímarit skulu flutt þannig að kostnaður við flutninginn verði í hófi.

14.4. **Burðargjöld.**

14.4.1. Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarfélaga gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungsafslátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

14.5. **Viðtaka. Umbúnaður.**

14.5.1. Blöðum og tímaritum skal skilað á póststöð röðuðum eftir póstnúmerum (póstdreifingarumdæmum), götum í þéttbýli og sveitabæjum eftir nánari ákvörðun.

14.5.2. Burðargjald skal staðgreitt. Sendandi fær kvittun úr póstkvittunarbók fyrir blöð og tímarit. Sendingarnar eru ekki frímerktar og ekki dagstimplaðar.

14.5.3. Blað eða tímarit skal einvörðungu látið í póst á þeirri póststöð, sem tilgreind var í umsókninni. Vilji útgefandi skipta um viðtökupóststöð, skal hann sækja um það sérstaklega.

14.5.4. Blaða og tímaritssendingar skulu útbúnar eftir sömu reglum og gilda um umbúðir prentsendinga. Á umbúðir skal prenta eða stimpla nafn blaðsins eða tímaritsins, árgang, tölublað og útgáfustað ásamt áletruninni, „Innritað til póstflutnings".

14.5.5. Með sérstöku samkomulagi má senda blöð og tímarit án utanáskriftar, ýmist til áskrifenda, skv. sérstakri áskrifendaskrá eða á hvert heimili á tilteknu svæði til kynningar.

15.0. MEÐFERÐ PÓSTS Á VIÐTÖKUPÓSTHÚSI.

15.1. **Tölusetningarmiðar.**

15.1.1. Á ábyrgðarsendingar, skal líma hvítan miða með nafni viðtökupóststöðvar, stafnum „R" og raðtölu. Á verðbréf rauðan miða með stafnum „V" nafni viðtökupóststöðvar og raðtölu.

15.1.2. Á almenna böggla og fylgibréf þeirra skal líma hvítan miða með svörtum stöfum og á verðböggla auk þess merkimiðann „Valeur déclarée".

15.1.3. Miða þessa fá póststöðvar eftir þörfum. Ábyrgðarmiðar eru í rúllum með 2000 miðum hver, en bögglamiðar í rúllum með 1000 miðum hver. Þar sem því verður við komið skal afgreiðslumaður líma tölusetningarmiðana á sendingarnar þegar í stað við viðtöku þeirra.

15.1.4. Á ábyrgðarsendingar og verðsendingar skal miðinn settur á sendinguna utan-áskriftarmegin til vinstri. Miðann má ekki líma yfir frímerki eða aðra álímda miða, og ekki má hann heldur vera beygður yfir brún sendingarinnar.

15.1.5. Bögglamiðinn er í tveimur hlutum, minni hluta, sem líma skal á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, og stærri hluta, sem líma skal á sjálfan böggulinn, vinstra megin út undan nafni ákvörðunarpóststöðvar. Sé utanáskrift á viðbundnum merkiseðli, skal miðinn settur sem næst þeim stað á bögglinum, sem merkiseðillinn er bundinn við. Á merkiseðilinn má ekki líma miðann, nema ekki sé unnt að líma hann tryggilega á sjálfan böggulinn.

15.1.6. Séu fleiri en einn böggull látinn fylgja sama fylgibréfi, skulu miðarnir límdir á fylgibréfið, hver niður undan öðrum í réttri töluröð.

15.1.7. Þess skal gætt, að þeir sendendur, sem tölusetja ábyrgðarsendingar og böggla sjálfir, noti eigi lægra númer en 4000, en númer þar fyrir neðan séu eingöngu til notkunar á póststöðvunum sjálfum. Á tölusetningarmiða, sem bankar eða aðrar stofnanir nota skv. heimild póststöðvar til að tölusetja sjálfir sendingar sínar, má fyrir neðan nafn póststöðvar prenta smáu letri nafn þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem í hlut á.

15.2. **Aðrir miðar.**

15.2.1. Miða sem póststöðvar kunna að líma á fylgibréf eða önnur eyðublöð má ekki líma á afklippinginn. Gæta þarf þess að líma þá ekki yfir áletranir á fylgibréfi eða sendingu.

15.2.2. Á hraðboðasendingar skal líma rauðan miða með áletruninni „Exprés". Sé um böggul að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.

15.2.3. Á flugpóstsendingar skal líma bláan miða með áletruninni „Flugpóstur — Par avion". Sé um böggla að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.

15.2.4. Á póstkröfusendingar skal líma appelsínugulan miða, þríhyrndan. Þá láta póststöðvar einnig í té miða til að líma á brothætta böggla og rúmfreka, sem og sendingar í skipspósti.

15.2.5. Á smápakka til útlanda skal líma grænan tollmiða (ebl. C 1) og á alla smápakka hvítan miða með áletruninni „petit paquet — smápakki".

15.3. **Bókfærsla.**

15.3.1. Í viðtökubók (ebl. 567) skal skrá jafnóðum og í töluröð allar ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla.

15.3.2. Sendendur, sem nota póstkvittunarbækur í tvíriti (ebl. 567 b) og tölusetja sjálfir sendingar sínar, skulu letra raðtölu hverrar sendingar um sig í viðeigandi línu ásamt nafni viðtakanda og póststöð (ákvörðunarstað). Slíkar sendingar eru ekki færðar inn í viðtökubókina, en frumrit viðeigandi blaðsíðu úr póstkvittunarbókinni er síðan geymt, flokkað eftir sendendum.

15.3.3. Bókina skal færa eins og form hennar segir til um, og í hana má einungis skrifa með bleki.

15.3.4. Innborgaðar póstávísanir skal færa á lista yfir innborgaðar póstávísanir (ebl. 570), eins og form hans segir til um. Lista þessa skal senda endurskoðuninni á 10 daga fresti. Sérstök bók er fyrir innlendar póstávísanir og sérstök fyrir útlendar.

15.3.5. Innborgaðar póstávísanir skal senda útborgunarpóststöð með fyrstu ferð sem fellur. Nota skal hin sérstöku umslög, sem til þess eru ætluð (ebl. 535).

15.4. **Notkun dagstimpils.**

15.4.1. Allar póstsendingar, að undanskildum innrituðum blöðum og tímaritum og fjöldasendingum, skal stimpla á viðtökupóststöð með dagstimpli, er sýni nafn póststöðvar og viðtökudag sendingarinnar. Sendingar, frímerktar með frímerkingarvél, þarf þó ekki að dagstimpla, nema hin áprentaða dagsetning sé röng.

15.4.2. Stimpla skal með dagstimpli öll íslensk frímerki, sem á sendingunni kunna að vera, nema ógild séu, hvort sem til þess þarf eina stimplun eða fleiri. Stimpillinn þarf ekki að þekja nema um þriðja hluta hvers frímerkis.

15.4.3. Eftirtaldar aðkomnar póstsendingar skal dagstimpla á bakhlið (póstkort á framhlið hægra megin): Sendingar skakkt sendar og sendar áfram, óskilasendingar, hraðboðasendingar, poste restante sendingar, ábyrgðarsendingar og verðsendingar. Auk þess skal stimpla póstkröfu við komu í viðeigandi reit, (komustimpill).

15.4.4. Gæta skal þess að stimplar séu hreinir og sýni réttan dag.

15.4.5. Skipsbréf, þ. e. bréf, sem póstlögð hafa verið um borð á skipi í rúmsjó, skal dagstimpla á því pósthúsi, sem bréfin fær til áframflutnings. Jafnframt skal letra eða stimpla á bréfin orðið „paquebot".

16.0. **MILLIVIÐSKIPTI PÓSTSTÖÐVA INNANLANDS.**

16.1. **Póstsendingaskrá.**

16.1.1. Sérhverjum póstflutningi (afgreiðslu) skal fylgja póstsendingarskrá (ebl. 517), sem er í heftum þannig að afrit skrárinnar verður eftir í heftinu, en frumritið skal senda með póstflutningnum.

16.1.2. Skrárnar skal tölusetja í áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hverja ákvörðunarpóststöð um sig. Á fyrstu skrá ársins skal að auki tilgreina tölu síðustu skrár ársins á undan, t. d. 150/1.

16.1.3. Áður en færslan hefst, skal dagstimpla skrána og fylla út haus hennar, eins og hinn prentaði texti segir til um.

16.1.4. Á skrána skal færa nöfn viðtakenda og númer á hverju ábyrgðarbréfi og verðbréfi, svo og tilgreint verð. Á sama hátt skal farið með alla böggla. Séu lausir bögglar í afgreiðslu skal þess getið í athugasemdadálki. Í athugasemdadálki skal geta þess, ef póstkrafa hvílir á einhverri sendingunni, eins ef hún á að berast út með hraðboða eða er endursend. Þess skal og getið á skránni, ef almennar hraðboðasendingar eru í flutningnum.

16.2. **Skrárumslag.**

16.2.1. Skráin er, að færslu lokinni, sett á skrárumslög, ásamt ábyrgðarbréfum, verðbréfum, hraðboðasendingum og bögglafylgibréfum. Bera skal saman sendingar og færslur, og skulu tveir starfsmenn annast þann samanburð, sé þess kostur. Undirrita þeir síðan skrána báðir.

16.2.2. Séu sendingar þær, sem um getur í 16.2.1., fleiri en svo, að þær komist í skrárumslagið, skal pakka þeim vandlega inn í sterkan pappír, sem síðan skal krossbinda og

innsigla með málminnsigli. Í skrárumslaginu skulu þá aðeins vera, auk skrárinnar sjálfrar, hugsanlegar hraðboðasendingar.

16.2.3. Skrárumslagið og verðbréfapakkann, ef svo ber undir, skal setja í verðpóstpoka, rauðan að lit. Almennar sendingar skal auk þess setja í verðpokann, ef þær eru einungis fáar. Fyrir pokann skal síðan rammlega bundið og í fyrirbandið fest merkispjald, rautt að lit, sem á skal letrað bæði nafn sendi- og ákvörðunarpóststöðva. Að lokum skal innsigla pokann með málminnsigli.

16.3. **Póstflutningaskrá.**

16.3.1. Áður en póstflutningur er fenginn póstflytjanda, skal vega póstinn og fylla út póstflutningaskrá í jafn mörgun eintökum og ákvörðunarpóststöðvar eru, auk eins fyrir sendipóststöðina og eins fyrir flytjanda, líkt og form hennar segir til um, ebl. 525a fyrir skips- og bílpóst, en ebl. 525b fyrir flugpóst. Jafnframt er pósturinn færður inn í póstabók (ebl. 588). Póstflytjandi skal kvitta fyrir móttöku póstflutnings á eitt eintak skrárinnar, sem sendipóststöð skal geyma vandlega.

16.3.2. Þegar póstflytjandi hefur tekið við póstflutningi, telst hann ábyrgur fyrir honum og er skyldur til að bæta allt tjón og tap, er hljótast kann, meðan á flutningi stendur.

16.3.3. Póstflytjandi afhendir ákvörðunarpóststöð póstflutninginn ásamt tveimur eintökum póstflutningaskrárinnar. Þegar ákvörðunarpóststöðin hefur fullvissað sig um, að móttekinn póstflutningur sé í samræmi við það, sem á skrána er letrað og ásigkomulag hans sé óaðfinnanlegt, fær það póstflytjanda annað eintak skrárinnar undirritað, en heldur hinu, sem geyma skal vandlega.

16.4. **Flokkun og beining pósts.**

16.4.1. Póst skal afgreiða og senda um landið í samræmi við póstáætlun, sem gerð er af póstþjónustudeild og send öllum hlutaðeigandi, nema óviðráðanlegar aðstæður hamli svo sem ef ferðir falla niður vegna ófærðar o. s. frv.

16.4.2. Póstsendingar til staða innanlands skulu flokkaðar eftir póstnúmerum. Póstsendingar til útlanda skulu flokkaðar eftir löndum.

16.4.3. Bréfapóstsendingar skulu að flokkun lokinni bundnar í knippi eftir póstnúmerum (innlendar sendingar) og ákvörðunarlöndum (sendingar til útlanda).

16.4.4. Póstsendingar, sem flytja á um aðra póststöð skulu þó eigi bundnar í knippi eftir póstnúmerum, nema a. m. k. 10 sendingar verði í hverju knippi um sig miðað við 20—50 gramma bréf. Í slíkum tilfellum skulu sendingar bundnar í knippi eftir fyrsta tölustaf póstnúmeranna. Sendingar til útlanda skulu bundnar í knippi og merktar „útlönd".

16.4.5. Á öllum knippum skal vera merkimiði með póstnúmeri og nafni ákvörðunarpóststövar og stimpli afgreiðslupóststöðvar.

16.4.6. Póstur skal afgreiddur (skráður) sem hér segir:

a) Til allra póststöðva í hlutaðeigandi póstleið samkvæmt áætlunum (í pokum eða bréfaumslögum eftir magni).

b) Til annarra póststöðva innanlands í opnum eða lokuðum flutningi eftir magni hverju sinni.

c) Ef fleiri en einn poki 10 kg að þyngd eða minna á að flytjast um aðra póststöð, skal setja þá í sérstakan safnpoka, enda séu þeir skráðir á póstsendingaskrá (ebl. 517).

d) Ef um fleiri en eina ferð er að ræða til að senda póst með, skal ætíð afgreiða með þeirri ferð, sem áætlað er að verði fyrr komin á ákvörðunarstað.

16.5. **Leiðréttingarskýrsla.**

16.4.1. Reynist vanta poka, lausan böggul eða bréfaumslag, skal gera athugasemd þar að lútandi á skrána og taka skýrslu af póstflytjanda. Jafnframt skal síma til sendipóststöðvarinnar og tilkynna um vöntunina. Símtalið skal sömuleiðis staðfest í leiðréttingarskýrslu (ebl. 538), sem senda ber í ábyrgð með fyrstu póstferð.
Bæði sendi- og ákvörðunarpóststöð skulu þegar í stað gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að finna það, sem vantaði, t. d. skal hafa samband við alla viðkomustaði póstflytjandans. Reynist allt þetta árangurslaust, skal leita aðstoðar lögreglu og póstþjónustudeild send skýrsla um málið.

16.6. **Upptaka pósts.**

16.6.1. Tveir starfsmenn skulu standa að því sameiginlega að taka upp póst, svo framarlega sem það er unnt. Fyrst skulu þeir ganga úr skugga um, að fyrirbönd og innsigli sé eins og vera ber, en opna síðan verðpóstpokann og bera innihald hans saman við skrána, eftir því sem við á, og að auki fylgibréf við böggla. Að þessum samanburði loknum, kvitta þeir á skrána og fullvissa sig jafnframt um, að rétt númer sé á henni, miðað við næstu skrá á undan frá sömu sendipóststöð. Reynist svo ekki vera, skal senda leiréttingarskýrslu til sendipóststöðvar.

16.6.2. Komi í ljós, að sendingar vanti, gleymst hafi að færa þær á skrána, þær hafi skaddast eða eyðilagst eða um ónákvæmni í innfærslu sé að ræða, skal útbúa leiðréttingarskýrslu til handa sendipóststöð. Séu skemmdir slíkar, að ætla megi, að innihald vanti að einhverju eða öllu leyti, skal kveðja viðtakanda til að gera skýrslu um málið, sem sendist póst- og símamálastofnuninni.

16.6.3. Við upptöku á pósti skal venda öllum pokum þannig, að tryggt sé að engar sendingar verði eftir í þeim.

16.6.4 Alla tóma póstpoka, sem ekki þarf að nota, skal senda Póststofunni í Reykjavík.

16.7. **Magnskráning.**

16.7.1. Póst- og símamálastofnunin getur ákveðið, sem undantekningu frá 16.1.4., að í viðskiptum tiltekinna póststöðva skuli ábyrgðarsendingar eða bögglar ekki færast hvert fyrir sig á skrána, heldur aðeins fjöldi þeirra. Skal þá rita heildartöluna á skrána og draga hring um hana, t. d. Áb 32. Ábyrgðarsendingar og bögglar, sem fara eiga til annars ákvörðunarstaðar en afgreitt var til skal þó ævinlega færa eina og eina, svo sem í 16.1.4. segir. Sama gildir um endursendar ábyrgðarsendingar og böggla.

17.0. MEÐFERÐ PÓSTS Á ÁKVÖRÐUNARPÓSTSTÖÐ.

17.1. **Bókfærsla.**

17.1.1. Ábyrgðarsendingar, verðbréf og bögglar og almennir bögglar skulu bókfærast í móttökubók (ebl. 568) þegar við komu eða þegar stimplun er lokið, eins og form bókarinnar segir til um. Í bækur þessar skal skrifa með bleki. Viðtakendur sendinga þessara kvitta í móttökubókina fyrir móttöku þeirra, nema um sé að ræða böggla, þá á fylgibréfin.

17.1.2. Hvíli póstkrafa á ofangreindum sendingum, skal að auki færa þær í póstkröfubók (ebl. 572), eins og form hennar segir til um. Jafnóðum og kröfur eru leystar inn (eða endursendar óinnleystar), skal rita dagsetninguna, þegar þær eru innleystar (endursendar).

17.1.3. Allar þessar sendingar skulu tölusetjast með svonefndu komunúmeri, í áframhaldandi röð fyrir hverja tegund sendingar og hvern mánuð.

17.1.4. Póst- og símamálstofnunin getur heimilað, að ábyrgðarsendingar og almennir bögglar séu ekki færðir í móttökubók. Viðtakendur ábyrgðarsendinga kvitta fyrir móttöku sendinganna á tilkynningareyðublöðin (ebl. 580 eða 583), sem svo geymast á sama hátt og kvittuð fylgibréf, eftir afhendingardögum og í stafrófsröð viðtakenda.

17.1.5. Fylgibréf skulu geymd á tryggan hátt í eit ár, en sendast síðan til endurskoðunar póstávísana.

17.1.6. Póstávísanir skulu að útborgun lokinni færast á lista yfir útborgaðar póstávísanir (ebl. 534b), sem sendist endurskoðun póstávísana á 10 daga fresti.

17.2. **Skaddaðar póstsendingar.**

17.2.1. Hafi umbúðir almennrar bréfapóstsendingar eða ábyrgðarsendingar opnast eða skaddast þannig, að ná megi til innihaldsins, skal búa um sendinguna á ný í gegnsætt umslag eða með límræmu, sem á skal letra eða stimpla nafn póststöðvar og að búið hafi verið um sendinguna að nýju.

17.2.2. Séu peningar eða verðmæti í sendingunni og ná megi til þeirra, skal viðkomandi starfsmaður kalla til annan starfsmann til að vera vitni. skulu þeir í sameiningu kanna innihaldið og skrá niðurstöðu þeirrar athugunar utan á umbúðirnar, er þeir hafa búið um hana á ný. Hafi verið um almenna bréfapóstsendingu að ræða, skal hún send áfram í ábyrgð og viðtakandi krafinn um ábyrgðargjald.

17.2.3. Bögglar, sem bera merki þess að innihaldið hafi skemmst í flutningi, skulu teknir til viðeigandi meðferðar og umbúnir á ný, ef þörf krefur. Letra skal á þá athugasemd þar að lútandi.

17.2.4. Beri póstsending ótvíræð merki þess, að frímerki hafi dottið eða verið tekið af henni, skal hún, án tillits til þess, hvort frímerki þau, sem eftir eru, sýni nægjanlegt burðargjald eða ekki, áletruð athugasemd um það.

17.2.5. Komi verðsending eða ábyrgðarsending til ákvörðunarpóststöðvar öðruvísi útbúin en fyrir er mælt, ber að gera viðtakanda, aðvart um það á tilkynningunni um sendinguna. Sama gildir og, ef umbúðir eru skaddaðar til muna, eða innsigli skaddað eða rofið.

17.2.6. Óski viðtakandi þess, að sending sé athuguð, er póstmaður sá, er afhendir sendinguna, skyldur til að vera viðstaddur meðan verið er að rannsaka hinn ytri umbúnað hennar. Séu umbúðir skaddaðar eða beri merki þess, að innihaldið hafi skaddast, getur viðtakandi krafist þess, að póstmaður sé viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gerast á póststöðinni um leið og sendingin er afhent.

17.2.7. Þegar um er að ræða verðsendingu, sem á er ritað, að talið hafi verið í við viðtöku, getur viðtakandi krafist, að póstmaður sá, er afhendir sendinguna, sé viðstaddur meðan talið er í henni, enda sé það gert á póststöðinni samstundis og afhending fer fram. Sjáist engar skemmdir á sendingu eða sé um að ræða verðsendingu, sem ekki hefur verið talið í af póstmanni við viðtöku, mega póstmenn ekki vera viðstaddir, þegar innihaldið er rannsakað.

18.0. **Framkvæmd og gildi reglugerðarinnar.**

18.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. grein póstlaga nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 337/1976 ásamt breytingum á þeirri reglugerð nr. 356/1979 og nr. 528/1980.
Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Samgönguráðuneytið, 19. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1982

25. mars 1982. 301 Nr. 139.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að komið hefur upp gin- og klaufaveiki í Danmörku er samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, bannað, þar til annað verður ákveðið, að flytja til landsins hvers konar fóðurvörur, afurðir af dýrum, jarðávexti og blóm frá Danmörku.

Brot gegn banni þessu varðar sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

25. mars 1982. Nr. 140.

AUGLÝSING

um innflutning á blönduðu kjarnfóðri.

1. gr.

Þeir sem flytja inn til landsins blandað kjarnfóður, þar með talið fóður fyrir gæludýr, skulu sjá til þess að hverri sendingu eða hverjum farmi af blönduðu kjarnfóðri fylgi heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum heilbrigðisyfirvöldum í því landi sem varan er keypt frá, þar sem komi skýrt fram að í mjölinu eða fóðrinu finnist ekki salmonellasýklar, miltisbrunasýklar eða aðrir sýklar er gætu valdið sjúkdómum í búpeningi.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hverskonar fóður sem inniheldur mjólkur- eða sláturafurðir.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins fóður sem að ofan greinir eða skipa því á land hér, nema fyrir liggi þau vottorð sem um getur í 1. gr. Þó má veita undanþágu frá uppskipunarbanni sé fóðrið í tryggum smásöluumbúðum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Með mál út af brotum á þessari auglýsingu skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins sbr. lög nr. 16/1952, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 141. 25. mars 1982.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Bönn þau við togveiðum, sem tilgreind eru í 1.—3. gr., gilda ekki tímabilið frá kl. 18.00 5. apríl til kl. 12.00 á hádegi 13. apríl 1982.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1982

23. mars 1982. 303 Nr. 142.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 527/1980 um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

1. gr.

Síðustu 2 málsgreinar 23. greinar falli niður, en í þeirra stað komi eftirfarandi:

Húsnæðisstofnun ríkisins annast verðlagingu félagslegra íbúða.

Húsnæðismálastjórn skal skipa innan stofnunarinnar þriggja manna starfshóp sem annast framkvæmd matsgerða og samræmda verðlagningu félagslegra íbúða um allt land.

Starfshópurinn skal skipaður lögfræðingi stofnunarinnar sem skal vera formaður hópsins, einum starfsmanni tæknideildar og einum manni frá lánadeild fyrir félagslegar íbúðir.

Við matsgerðir skal starfshópurinn gæta jafnt hagsmuna seljanda og kaupanda íbúðanna og gefa báðum aðilum kost á því að koma athugasemdum á framfæri.

Kostnaður við störf starfshópsins greiðist með sama hætti og annar kostnaður við starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar.

Ráða skal fulltrúa í lánadeild félagslegra íbúða sem hefur það hlutverk sérstaklega að meta íbúðir sem koma til endursölu. Heimilt er, með samþykki húsnæðismálastjórnar, að ráða trúnaðarmenn úti á landi til þess að annast skoðun íbúða í sínu byggðarlagi.

Húsnæðismálastjórn skal eftir tillögum frá starfshópnum setja reglur um framkvæmd matsstarfa og um innkaup og endursölu félagslegra íbúða og annað það sem lýtur að framkvæmd þessara mála. Þær reglur skulu sendar félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Ef málsaðilar sætta sig ekki við niðurstöður starfshópsins, má skjóta ágreiningi til húsnæðismálastjórnar og ef ekki næst samkomulag, til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

Málsaðilar eiga rétt á yfirmati dómkvaddra manna. Matsbeiðandi greiðir kostnað við yfirmat.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 9. júní 1980, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

1. gr.
Tollskrárnúmer 84.19.10 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, öðlast gildi 1. apríl 1982.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 144. 25. mars 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.
Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrárnr.	Vörutegund
	Ökutæki til fólksflutninga eingöngu:
úr 87.02.14	Með alhjóladrifi, notuð
87.02.16	Notuð
úr 87.02.19	Önnur, notuð.

2. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 25. mars 1982.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20—1982

REGLUGERÐ
um launaskatt

I KAFLI
Almenn ákvæði

1. gr.

Greiða skal almennan launaskatt í ríkissjóð eins og nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

Launaskattur nemur 3½% — þremur og hálfum af hundraði — , sbr. þó 3. gr., af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum er síðar greinir.

3. gr.

Af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem starfa að fiskverkun og iðnaði, eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, skal launaskattur nema 2½% — tveimur og hálfum af hundraði —.

Með iðnaði samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjun, verkstæðum og heimilum sem fólgin er í „mekaníkri" eða „kemískri" umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum eða höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi.

4. gr.

Launaskattur greiðist með tvennu móti:

a) Með fimm gjalddögum á ári samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 14. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. sömu greinar.
b) Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 21. gr.

II KAFLI
Um skattskyldu

5. gr.

Skattskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf nema undanþegnir séu skv. 7. gr. Enn fremur hver sá sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

6. gr.

Launagreiðandi telst hver sá aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim endurgjald fyrir starfa sem inntur er af hendi fyrir hann á hans ábyrgð. Einnig aðili sem ber að reikna sér, maka sínum eða börnum innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, endurgjald samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Ef milligöngumaður annast greiðslurnar telst hann launagreiðandi sem skila- og greiðsluaðili samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga nr. 75/1981.

7. gr.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir launaskatti:

1. Forseti Íslands.
2. Erlendir þjóðhöfðingjar.
3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

Þeir sem taldir eru í 2. og 3. tölulið þessarar greinar eru þó ekki undanþegnir skattskyldu af launum sem þeir kunna að greiða vegna atvika sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekju- og eignarskatts.

III KAFLI

Um skattstofn

8. gr.

Stofn til launaskatts er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, þó með þeim undantekningum sem um ræðir í 12. og 13. gr. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá skattstofn hans vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. og 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981. Sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs á tekjuárinu sem færist þeim til tekna skv. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 59. gr., laga nr. 75/1981.

9. gr.

Til launaskattsstofns skv. 8. gr. teljast meðal annars:

1. Hvers konar laun og þóknanir, þ. m. t. ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof.
2. Verkfærapeningar, flutningspeningar, fæðispeningar o. þ. h. greiðslur.
3. Bifreiðastyrkir, dagpeningar og risnufé, að því leyti sem telja má að laun séu þar innifalin.
4. Gjafir sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í launa stað.
5. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem eru heimilisfastir hér á landi.
6. Laun sem greidd eru vegna starfa í íslensku skipi eða loftfari, sbr. þó 2. tl. 12. gr.

10. gr.

Til launaskattsskyldra hlunninda skv. 8. gr. telst meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðarafnot o. þ. h. Hlunnindi þessi skal reikna til launa á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Önnur hlunnindi skulu metin til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

11. gr.

Sá sem greiðir þóknun fyrir vinnu eða þjónustu, sem veitt er af aðila er stundar eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, á ekki að greiða launaskatt af þeirri þóknun ef vinnan eða þjónustan er eðlisþáttur í hinni sjálfstæðu starfsemi aðilans og unnin á hans ábyrgð. Launaskattur greiðist því ekki af þóknun fyrir læknisþjónustu, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræði- og arkitektastörf eða þjónustu svipaðs eðlis ef þessi þjónusta er stunduð sem sjálfstæð starfsemi. Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðastjóra lagður á þá sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

12. gr.

Laun eða þóknanir við neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt.

   Störf við landbúnað tekur hér til venjulegra sveitastarfa, svo sem heyvinnu, skepnuhirðingar, garðræktar, gróðurhúsaræktar, vinnu við að nytja hlunnindi jarðarinnar, fjallskil, fjárréttir og grenjavinnslu. Einnig venjuleg heimilisstörf á sveitabæ. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum. Hér með teljast girðingar um tún og haga jarðarinnar og afréttargirðingar. Viðhald bygginganna og girðinganna fellur einnig hér undir.

   Ofangreindar jarðræktar- og byggingarframkvæmdir verða að vera vegna búrekstrarins sjálfs eða í nánum tengslum við hann til þess að falla undir undanþágu þessarar greinar. Aðrar framkvæmdir í sveitum eru ekki undanþegnar, svo sem bygging eða viðhald skóla, félagsheimila, kirkna, sumarbústaða, verslunar- og sláturhúsa, vega o. s. frv.
2. Tekjur sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með taldar tekjur hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.
3. Laun eða þóknanir fyrir störf, unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem ekki eru heimilisfastir hér á landi.
4. Laun er varnarliðið greiðir til manna hér á landi og ekki eru skattskyld hér, sbr. lög nr. 110/1951.
5. Björgunarlaun samkvæmt tíunda kafla siglingarlaga nr. 66/1963.

13. gr.

Til launaskattsstofns skv. 8. gr. telst ekki:

1. Eftirlaun og lífeyrir, þ. m. t. fæðingarorlof, sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
2. Aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlögum, svo og slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
3. Bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.
4. Atvinnuleysisbætur.
5. Iðgjaldagreiðslur atvinnuveitenda í lífeyrissjóði vegna starfsmanna, svo og í styrktar- og sjúkrasjóði stéttarfélaga. Sá hluti af heildariðgjaldinu sem launþegi greiðir telst hins vegar með launum.

IV KAFLI

Um gjalddaga launaskatts, greinargerðir, ákvörðun launaskatts og dráttarvaxta o. fl.

14.gr.

Gjalddagar launaskatts eru sem hér greinir:

a) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars: 15. apríl.
b) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina apríl og maí: 15. júní.

c) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina júní og júlí: 15. ágúst.
d) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina ágúst, september og október: 15. nóvember.
e) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina nóvember og desember: 15. janúar.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 15 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

15. gr.

Launaskatt skv. 14. gr. ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda sem greiða eiga launaskatt skv. 14. gr. svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Skattstjórar senda eyðublöðin til þeirra gjaldenda sem greiðsluskyldir voru á næstliðnu ári ellegar næstliðnu greiðslutímabili samkvæmt greinargerðum þeirra til innheimtumanna ríkissjóðs. Þeir sem greiðsluskyldir verða í fyrsta sinn, svo og þeir sem áður kunna að hafa vanrækt greiðsluskyldu, skulu sjálfir afla sér eyðublaðanna.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti þó að honum hafi eigi borist eyðublað frá skattstjóra.

Gjaldandi útfyllir eyðublaðið eins og form þess segir og skilar því til innheimtumanns í þríriti. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku þótt eigi fylgi greiðsla.

16. gr.

Sé launaskattur greiddur eftir eindaga, sbr. 14. gr. og 21. gr. skal greiða dráttarvexti til viðbótar því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

17. gr.

Um rannsóknir skattstjóra á skilum launaskatts þeirra aðila sem um ræðir í þessum kafla, svo og ákvörðun launaskatts þeirra af eigin atvinnurekstri og launum sem ekki eru greidd í peningum, fer eftir ákvæðum í V kafla reglugerðar þessarar.

18. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

V KAFLI

Um árleg launaskattsframtöl, álagningu, endurskoðun skattgreiðslna, kærur, innheimtur o. fl.

19. gr.

Allir sem skyldir eru til að greiða launaskatt samkvæmt reglugerð þessari skulu senda skattstjóra sérstaka greinargerð, launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981.

Á launaframtalið skal launagreiðandi færa launagreiðslur næstliðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir sem ríkisskattstjóri þykir við þurfa til ákvörðunar launaskatts og dráttarvaxta samkvæmt því er form eyðublaðsins segir til um.

20. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt af launum fyrir liðið ár sem hér segir:

a) Launaskatt af launum þeirra sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Stofn til launaskatts þessara aðila skal vera reiknað endurgjald sem þeim ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr., laga nr. 75/1981.
b) Launaskatt af launum sem ekki eru greidd í peningum, svo sem fæði, húsnæði, fatnaði, bifreiðaafnotum og sérhverjum öðrum hlunnindum.

21. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts skv. 20. gr. skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem greiða eiga launaskatt samkvæmt þeirri grein og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Gjalddagi launaskatts sem skattstjóri ákvarðar skv. 20. gr. er 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda og eindagi mánuði síðar.

22.gr.

Komi í ljós að aðili, sem greitt hefur laun sem greiða skal launaskatt af samkvæmt reglugerð þessari, hafi vanrækt greiðslu skattsins að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð skv. 15. gr. eða 19. gr. skal skattstjóri ákvarða launaskatt ásamt dráttarvöxtum fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil.

23. gr.

Skattstjórar skulu kanna skattskil þeirra sem greiða áttu launaskatt skv. 14. gr., m. a. með samanburði greinargerða, sem þeim hafa borist frá innheimtumönnum, við launaframtöl, launamiða, skattframtöl og önnur gögn sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það sem áfátt kann að reynast og ákvarða vangreiddan skatt og dráttarvexti og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns. Skattfjárhæð og dráttarvexti skal tilgreina hvort í sínu lagi.

24. gr.

Séu skýrslur gjaldenda ófullnægjandi, í heild eða einstökum atriðum, tortryggilegar eða sýnilega gerðar til málamynda, ellegar ekki er talið fram, skal beita ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsóknir, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu og gilda, eftir því sem við á, ef gjaldanda sem lagt skyldi á hefur verið sleppt af skrá eða honum ekki gert að greiða launaskatt af öllum gjaldstofninum.

25.gr.

Innheimtu launaskatts og dráttarvaxta samkvæmt reglugerð þessari annast innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts og dráttarvaxta. Innheimtumaður ríkissjóðs skal ákvarða dráttarvexti fyrir það tímabil sem líður frá ákvörðun skattstjóra á fjárhæð dráttarvaxta til greiðsludags.

26.gr.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist skal greiða af 3½%, 2½% eða engan launaskatt skv. 2., 3. og 12. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 2. gr. Þó skal einungis greiða 2½%, sbr. 3. gr., af því hlutfalli greiðslna fyrir yfirstjórn o. þ. h. sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 3. gr., áður en greiðslur fyrir yfirstjórn o. þ. h. eru meðtaldar.

Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

27. gr.

Launaskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, sbr. II kafla laga nr. 5 27. febrúar 1982, og öðlast gildi frá og með 1. apríl 1982. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 119 31. maí 1965, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum, eins og þau voru áður en lög nr. 5/1982 tóku gildi.

Vegna launaskattsskyldra launa, sem greidd eru fyrir janúar og febrúar 1982, skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977, eins og þau voru áður en lög nr. 5/1982 tóku gildi.

Vegna launaskattsskyldra launa, sem greidd eru fyrir mars 1982, skal greiða launaskatt samkvæmt reglugerð þessari.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa í 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi greiða dráttarvexti samkvæmt þessari reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Þorsteinn Geirsson.

Fylgiskjal

Úr atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands

Flokkur 2—3. Iðnaður.

Með iðnaði er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum, sem er fólgin í „mekaníska" eða „kemíska" umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum knúðum orku eða í höndunum, og hvort sem afurðirnar eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar, nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetning á byggingarstað).

20 Matvælaiðnaður, annar en drykkjarvöruiðnaður.

Framleiðsla matvæla og skyldra afurða, svo sem sælgætis, krydds og skepnufóðurs (þó ekki mjöls úr sjávarafla, sbr. nr. 312, 314).

201 Slátrun og kjötiðnaður. Slátrun og tilheyrandi störf í sláturhúsum, pökkun sláturafurða, kjötfrysting, geymsla, söltun, reyking og niðursuða kjöts. Pylsugerð, bjúgnagerð og ýmiss konar kjötvinnsla, garnahreinsun o. fl.

Aths.: Heimaslátrun húsdýra fylgir viðkomandi landbúnaðargrein. Sama er að segja um heimavinnslu sláturafurða, og það jafnt þótt þær séu ætlaðar til sölu.

202 Mjólkuriðnaður. Gerilsneyðing og áfylling mjókur og öll framleiðsla úr mjólk, svo sem á smjöri, skyri, osti, mjólkurdufti og kaseíni. Enn fremur mjólkur- og rjómaísgerð. Mjólkur- og rjómaísgerðir, sem selja alla eða mest alla framleiðslu í eigin útsölum, skulu ekki flokkaðar til þessa númers, heldur til nr. 619.

Aths.: Heimavinnsla mjólkur er talin með landbúnaði, og það jafnt þótt afurðirnar séu ætlaðar til sölu. — Mjólkurstöðin í Reykjavík (og önnur mjólkurbú) eru hér í nr. 202, en Mjólkursamsalan ásamt mjólkur- og brauðsölubúðum er í nr. 618, brauðgerð hennar í nr. 206, Mjólkurbarinn í nr. 862, o. s. frv.

203 Hraðfrystihús, aðrar fiskverkunarstöðvar. Frysting, söltun (þar með hrognasöltun, en ekki síldarsöltun), þurrkun og hersla fisks. Enn fremur ísframleiðsla til ísunar á sjávarvöru.

204 Síldarsöltunarstöðvar.

205 Niðursuða, niðurlagning og reyking sjávarvöru. Niðursuða, niðurlagning í loftþéttar umbúðir, og reyking sjávarvöru.

Aths.: Skelfletting rækju til niðursuðu er talin hér, en skelfletting rækju og humars til frystingar er í grein 203.

Aths. við nr. 203—205: Allur fiskiðnaður (þar með vinnsla skelfisks) er hér, nema mjöl- og lýsisvinnsla. Aðgerð og fiskvinnsla um borð í skipum er talin með fiskveiðum, og enn fremur beiting unnin í landi. Vinna við fisklöndun fylgir flokkun þess aðila í fiskveiðum eða fiskverkun, er framkvæmir hana, en sé um að ræða aðila sérhæfðan til þeirrar starfsemi (t. d. Togaraafgreiðslan) þá telst hann til nr. 715.

206 Brauðgerð, kökugerð. Sala brauðgerðar á eigin framleiðsluvörum á **staðnum** fellur undir þetta nr. en brauð- og kökuútsölur án brauðgerðar á staðnum teljast til nr. 618, sjá skýringar þar.

207 Kexgerð. Hrökkbrauðsframleiðsla meðtalin.

208 Sælgætisgerð. Framleiðsla súkkulaðis, konfekts og annars fyllts sælgætis, sykraðra ávaxta, brjóstsykurs, karamella, lakkrísvara, tyggigúms o. fl.

209 Matvælaiðnaður ót. a., þar með smjörlíkisgerð, kaffibrennsla. Smjörlíkisgerð, framleiðsla bökunarfeiti, kaffibrennsla, kaffibætisgerð, kornmölun og framleiðsla úr korni til manneldis, frysting, þurrkun, niðursuða og önnur varðveisla grænmetis og ávaxta, sultu- og saftgerð, framleiðsla súputeninga, bökunardufts, bökunardropa, tómatsósu og kryddvöru ýmiss konar. Enn fremur framleiðsla matarsalts, fóðurblöndu og annars tilbúins skepnufóðurs (nema mjöls í nr. 312, 314). Hvalsúrsun og þangmjölsvinnsla.

Ath.: Bökunardropagerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er talin hér. Kaffibrennsla og -mölun í verslunum skal talin í viðkomandi greinum verslunar, enda ekki um sjálfstæðar rekstrareindir að ræða. — Kornþresking er í grein 020.

21 Drykkjarvöruiðnaður.

211 **Áfengisiðnaður.** Eiming hreins vínanda (ethyl-alkóhóls). Eiming og blöndun áfengra drykkja.
Aths.: Sá hluti af starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem er fólginn í blöndun brennivíns, ákavítis o. fl. og áfyllingu á flöskur, telst til þessa númers.

213 **Ölgerð, gosdrykkjagerð.**

22 Tóbaksiðnaður.

220 **Tóbaksiðnaður.**
Aths.: Af starfsemi í grein 22 er hér á landi aðeins um að ræða neftóbaksgerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

23 Vefjariðnaður.

231 **Ullarþvottur, framleiðsla á garni, dúkum, teppum o. fl.** Undirbúningur ullar eða annarra þráða (baðmull, hampur, hör, júta, silki, gerviþræðir) að spuna, svo sem þvottur, kembing, litun og hreinsun. Spuni, vefnaður og frágangur á garni og ofnum dúkum. Framleiðsla gólfteppa og dregla.
Aths.: Asbestspuni og -vefnaður er í nr. 339.

232 **Prjónavöruframleiðsla.** Framleiðsla prjónavoðar og annar prjónlesiðnaður, prjónafatagerð.
Aths.: Starfsemi prjónlesverksmiðja er ávallt talin í þessari grein, hvort sem þær framleiða sjálfar föt úr prjónavoðinni eða selja hana öðrum til fatagerðar. Fatagerð úr aðkeyptri prjónavoð er hins vegar í nr. 243.

233 **Kaðla-, færa-, línu- og taumagerð, neta- og nótagerð.** Hampiðja, fiskilínu-, færa- og taumagerð. Framleiðsla fiskineta og nóta úr baðmull, nælon o. fl. Veiðarfæraviðgerð er enn fremur í þessu númeri, nema hún sé framkvæmd af áhöfnum veiðiskipa, þá fylgir hún fiskveiðum. — Framleiðsla á svippuböndum, þvottasnúrum o. þ. h.

239 **Spunavöruiðnaður ót. a.** Framleiðsla linóleumdúka og annarra gólfdúka (nema gúmmídúka), framleiðsla á gervileðri, olíubornum dúk og öðrum íbornum eða húðuðum vefnaði, á strá- og kókosmottum (þó ekki ofnum mottum, sem eru í nr. 231), á húsgagnastoppi, filti og flóka, og ýmis framleiðsla úr tuskum.
Aths.: Framleiðsla á húsgagnastoppi úr tré er í nr. 251.

24 Skógerð, fatagerð og framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum.

241 **Skógerð, önnur en gúmskógerð.** Framleiðsla skófatnaðar (legghlífar meðtaldar) af öllum tegundum, úr leðri, plasti, tré, vefnaði og öðrum efnum. Þó er framleiðsla gúmskófatnaðar í nr. 300.

242 **Skóviðgerð.** Skógerð á skóviðgerðarverkstæðum er meðtalin.

243 **Fatagerð önnur en sú, sem er í nr. 232, 241 og 293.** Framleiðsla á fatnaði, sníðing og saumaskapur úr ofnum dúk, leðri, plasti, loðskinni og öðrum efnum, svo sem ytrifata-, millifata- og nærfatagerð, vinnufata- og sjóklæðagerð. Framleiðsla höfuðfata, regnhlífa, leikbúninga, vasaklúta, göngustafa o. fl. Fataviðgerð er einnig talin hér (þ. á m. nælonsokkaviðgerð), nema hún sé í sambandi við hreinsun og pressun, og þá í nr. 864.
Aths.: Hanskagerð úr leðri og gervileðri er í nr. 291. Vinnuvettlingagerð er í nr. 243, en

prjónavettlingagerð í nr 232. Fatagerð úr aðkeyptri prjónavoð er í nr. 243, en prjónlesverksmiðjur í nr. 232 (sjá athugasemd þar).

244 Framleiðsla á öðrum tilbúnum vörum úr spunaefni. Hér er t. d. framleiðsla tjalda, bakpoka, svefnpoka, kerrupoka, segla og yfirbreiðslna, sængurvera, handklæða, gluggatjalda (þó ekki rimlagluggatjalda og rúllugluggatjalda, sem er í nr. 261), dúka, þurrka, rúmteppa og hliðstæðra teppa, fána, púða, útsaumsvöru ýmiss konar, gólfklúta o. fl. Framleiðsla á töskum úr vefnaði er einnig í þessari grein, einnig ýmiss konar viðgerð á vefnaðarvöru.

Aths.: Framleiðsla á stoppuðum dýnum og fjaðradýnum er með húsgagnagerð í nr. 261, en framleiðsla á svampdýnum í nr. 300. Sængurfataviðgerð er í nr. 244, en fiðurhreinsun í nr. 399.

25 Timbur- og korkiðnaður, nema húsgagna- og innréttingasmíði.

252 Trétunnu-, trékassa- og körfugerð.

Aths.: Sjálfstæðir beykjar eru í þessu númeri, en störf beykja, t. d. í þjónustu síldarsöltunarstöðva flokkast með hinum síðar nefndu.

259 Trjávöruiðnaður ót. a. Amboðagerð úr tré, trérammagerð, myndskurður, líkkistusmíði og framleiðsla ýmissa hluta úr tré, sem ekki teljast til húsgagna eða innréttinga. Krossviðargerð, smíði flekahúsa. Enn fremur korkiðja.

Aths.: Jarðarfararumsjón og bálstofur eru í nr. 868, sömuleiðis rekstur kirkjugarða, ef hann verður greindur frá annarri kirkjustarfsemi — ella telst hann til nr. 832, sjá skýringar þar.

261 Smíði **naglfastra** fylgihluta húsa, þar á meðal innréttingar úr trjávið (t. d. glugga, hurða, skápa, eldhúsinnréttinga o. s. frv.). Hér er aðeins um að ræða smíði á hlutum, sem samkvæmt eðli sínu verða naglfastir þar sem þeir eru settir upp. Hlutir, sem venjulega eru fjarlægðir úr húsrúmi við eigendaskipti, teljast ekki naglfastir í þessu sambandi og eru því ekki í þessari grein, heldur í nr. 262.

262 Smíði hvers konar **ónaglfastra** húsgagna úr trjáviði og öðru efni (plasti, stáli, leðri), svo sem borða, stóla, sóffa, skápa, rúma o. m. fl. Smíði á bókahillum til festingar á vegg eru í þessari grein, séu þær þannig, að við eigi, að þær séu fjarlægðar við eigandaskipti, sbr. nr. 261. Sama gildir um gluggatjaldastengur og annan gluggabúnað úr trjáviði, ef eins ástatt er um hann. — Í þessari grein er fóðrun og bólstrun húsgagna.

27 Pappírsiðnaður.

271 Framleiðsla pappírsdeigs, pappírs og pappa. Húðun og íburður pappírs og pappa meðtalin. Þó er framleiðsla tjöru- og asfaltpappa (þ. á m. íslenska þakpappans) í nr. 329, sandpappírs í nr. 339, ljósmyndapappírs í nr. 391 og stensil- og kalkipappírs í nr. 399.

272 Pappa- og pappírsvörugerð. Framleiðsla á vörum úr pappír og pappa, svo sem á pokum, kössum og öðrum umbúðum, diskum, öðrum matarílátum og áhöldum, umslögum og ritföngum, veggfóðri, salernispappír, sniðum, spilum, spjöldum, möppum, pappírsþurrkum o. fl.

Aths.: Bókband er í nr. 283. Prentun á pappírs- og pappaumbúðir, sem framkvæmd er í umbúðaverksmiðjum, er hér í grein 272, en ekki með prentun í nr. 281.

28 Prentun bóka og önnur bókagerð, útgáfustarfsemi.

281 Prentun. Prentun og ljósprentun á bókum, blöðum, tímaritum, landakortum, póstkortum o. s. frv. Prentun á peningaseðlum og frímerkjum er meðtalin. Hefting og annar óbrotinn frágangur prentaðs efnis í prentsmiðjum er meðtalinn.

282 Prentmyndagerð.

283 Bókband. Bókband og tilheyrandi störf framkvæmd á bókbandsverkstæðum, svo sem gylling. Framleiðsla á lausblaðabókum, stílabókum bindum o. s. frv. Bókaskreyting.
Aths.: Sjá skýringar við nr. 281 um heftingu og annan frágang prentaðs máls í prentsmiðjum.

284 Útgáfa bóka, blaða og annarra rita. Útgáfa blaða, bóka og bæklinga og annars prentaðs máls, korta o. fl. Ríkisútgáfa námsbóka og Menningarsjóður falla undir þetta númer.
Aths.: Hér eru bókaforlög og útgáfur blaða og tímarita, en pentsmiðjur, prentmyndagerðir og bókbandsvinnustofur slíkra aðila teljast til sinnar greinar, nema um smávægilega starfsemi sé að ræða. Útgáfustarfsemi stofnana og félagssamtaka flokkast að jafnaði til þeirrar greinar, sem hlutaðeigandi aðili telst til vegna aðalstarfsemi sinnar, nema útgáfustarfsemi sé það umfangsmikil, að ástæða sé til að greina hana frá annarri starfsemi hlutaðeiganda.

29 Skinna- og leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð.

291 Sútun og önnur verkun skinna. Loðsútun, önnur sútun, verkun, litun, rotun og önnur meðferð á skinnum. Framleiðsla á loðskinnsteppum, mottum og öðrum loðskinnsvörum, nema á fatnaði.

293 Leðurvörugerð, þar með hanskagerð, en ekki skó- og fatagerð. Framleiðsla á vörum úr leðri og gervileðri (plasti), svo sem ferðatöskum, kventöskum, möppum, bókakápum, vindlinga-, lykla- og peningaveskjum, buddum, reiðtygjum, svipuólum o. þ. h. Enn fremur framleiðsla hanska úr leðri eða leðurlíki.
Aths.: Framleiðsla hanska úr silki eða öðrum vefnaði er í nr. 243. Framleiðsla á beltum úr leðri og öðrum efnum er einnig í nr. 243, og þar er yfirleitt öll fatagerð úr leðri eða leðurlíki, nema hanskagerð.

30 Gúmvörugerð (ekki gúmfatagerð), hjólbarðaviðgerð.

300 Gúmvörugerð (ekki gúmfatagerð), hjólbarðaviðgerð. Framleiðsla á vörum úr gúmi og gervigúmi, gúttaperka og balata, svo sem skóm, skósólum, vettlingum, reimum, böndum, þéttingum, mottum, svömpum o. fl. Hjólbarðaviðgerð og önnur gúmviðgerð, gúmsteypa. Framleiðsla svampgúms.
Aths.: Gúmfatagerð (önnur en skógerð og vettlingaframleiðsla) er í nr. 243.

31 Kemískur iðnaður.

311 Kemískur undirstöðuiðnaður, þar með framleiðsla tilbúins áburðar. Framleiðsla tilbúins áburðar, ammoníaks, súrefnis, kalks, acetylengass. Flugeldagerð, framleiðsla sprengiefnis. Framleiðsla á plasthráefni, sýrum (t. d. kolsýru), söltum, litunarefnum, harpix o. m. fl.

312 Hvalvinnsla.
Aths.: Hvalsúrsun er í nr. 209, og fullvinnsla hvalkjöts í nr. 201.

313 Lifrarbræðsla, lýsishreinsun, lýsishersla.
Aths.: Framleiðsla smjörlíkis og tilbúinnar matarfeiti er í nr. 209, mör- og tólgarvinnsla í nr. 201.

314 Síldarbræðsla, fisk- og beinamjölsvinnsla, soðkjarnaframleiðsla.

315 Málningar-, lakk- og límgerð o. fl. Framleiðsla á málningu, lökkum, límí, kítti, spartli, fernis, terpentínu, emailleringu, prentsvertu o. fl.
Aths.: Framleiðsla málningardósa í eigin þágu verður að jafnaði ekki greind frá málningargerðinni.

319 **Sápu- og þvottaefnagerð, kemísk framleiðsla ót. a.** Framleiðsla á sápu, þvottaefni, klórvatni, bóni, kertum, júgursmyrsli, hárvötnum, ilmvötnum, andlitsfarða, tannkremi, sólarolíu, bleki, skósvertu, eldspýtum, skordýraeitri. Enn fremur lyfjagerð.
Aths.: Efnagerðir, aðrar en matarefnagerðir, eru taldar hér. Lyfjagerð lyfjabúða er í grein 624, nema um sjálfstæðar rekstrareindir sé að ræða. Lyfjagerð Lyfjaverslunar ríkisins (framleiðsludeildin) er talin hér, en að öðru leyti er fyrirtækið í grein 616 (heildsala). Hárvatnagerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (framleiðsludeildin) er einnig talin hér.

32 Kolanám, kola- og olíuiðnaður.

321 **Kolanám.** Surtarbrandsnám meðtalið, en ekki mótak (sjá skýringu við nr. 336).

322 **Olíuhreinsun.**

329 **Asfalt- og tjörupappagerð o. fl.** Framleiðsla á asfalt- og tjörupappa og öðrum þ. h. byggingarvörum, olíutöflum o. fl.

33 Steinefnaiðnaður (þó ekki málm-, kola- og olíuiðnaður), grjótnám o. þ. h.

Aths.: Grjót-, sand- og malarnám er í þessari grein og enn fremur vinnsla annarra jarðefna, nema málma.

331 **Framleiðsla byggingarvara úr leir.**

332 **Gleriðnaður, þar með speglagerð.** Framleiðsla glers úr kvartssandi eða öðrum hráefnum er í þessu nr. Framleiðsla tvöfalds glers (líming eða önnur samsetning), glerslípun, speglagerð, glerbeyging og sandblástur glers.
Aths.: Glerskurður í glerverslunum telst til verslunar (nr. 614). Gleraugnagerð er í nr. 391.

333 **Leirsmíði, postulínsiðnaður.** Framleiðsla listmuna, búsáhalda og annarra muna úr leir og postulíni (þar með blómapottagerð).

334 **Sementsgerð.** Framleiðsla portlandsements, pozzolansements, hraðsements o. fl.

335 **Grjót-, malar- og sandnám vikurvinnsla.** Grjótmulningsstöðvar, sand og malartaka og -vinnsla. Enn fremur vikurvinnsla.
Aths.: Sand- og malarnám steinsteypustöðvar fylgir henni að jafnaði og er því í nr. 339. Sama er að segja um vikurnám vikursteinagerða. Grjótnám til verklegra framkvæmda (t. d. vegagerð, hafnargerð) flokkast til viðkomandi númers í byggingarstarfsemi (fl. 4), ef hlutaðeigandi framkvæmdaraðili sjálfur nemur grjótið.

336 **Námugröftur ót. a.** Brennisteinsnám, silfurbergs-, hrafntinnu- og kvartsnám, saltvinnsla, mótak.

339 **Steinsteypugerð, steinsteypuvörugerð og annar steinefnaiðnaður.** Framleiðsla á blandaðri steinsteypu (steypustöðvar), fínpússningu, steinull og steinsteypuvörum, svo sem hellum, pípum, hleðslusteinum (þar með vikursteinum, o. fl. og plötum, stólpum, grindverkum, bitum, súlum, gluggapóstum, netateinum o. fl. Legsteinasmíði og önnur steinasmíði. Malbikunastöðvar, gipssteypa.

34 Málmnám og frumvinnsla málma.

341 **Járnnám og frumvinnsla járns og stáls.** Vinnsla járngrýtis úr jörðu, bræðsla þess og framleiðsla á plötum, stöngum, o. fl. Málmblendiverksmiðja.

342 **Annað málmnám og frumvinnsla þeirra málma.** Álframleiðsla, koparvinnsla o. fl.

35 Málmsmíði og málmvörugerð ót. a., þar með vélaviðgerð o. þ. h.

350 **Málmsmíði og málmvörugerð ót. a., þar með vélaviðgerð o. þ. h.** Hér eru vélsmiðjur, járnsmiðjur, blikksmiðjur og dósasmiðjur, ståltunnugerð, málmhúðun, ofna- og vaskasmíði, framleiðsla á vélum, verkfærum, vírkörfum, mottum, köðlum, pípum,

boltum, nöglum og stöngum. Í þessu númeri eru yfirleitt allar viðgerðir á vélum og tækjum (þar með skrifstofuvélum), nema þær, sem eru í nr. 370 (raftæki), 381 (skip), 383 (bifreiðar og búvélar), 385 (reiðhjól), 386 (flugvélar), 391 (vísinda- og mælitæki), 393 (úr- og klukkur).

37 Rafmagnsvöru- og rafmagnstækjagerð, tilheyrandi viðgerðarstarfsemi.

370 **Rafmagnsvöru- og rafmagnstækjagerð, tilheyrandi viðgerðarstarfsemi.** Rafmagns-, raftækja- og rafvélaverkstæði eru í þessari grein. Framleiðsla og viðgerð hverskonar raftækja, svo sem rafmótora, rafmagnsbúsáhalda, raflampa, útvarps- og sjónvarpstækja og hvers konar radíótækja, rafgeyma, rafmagnsvírs.

38 Smíði og viðgerð flutningstækja.

381 **Skipasmíði, skipaviðgerð.** Smíði og viðgerð á skipum og bátum, slippvinna, niðurrif skipa.

382 **Járnbrautaiðnaður.**

383 **Smíði bifreiðayfirbygginga, bifreiðaviðgerð, smurstöðvar, önnur bifreiðaþjónusta.** Smíði bifreiðayfirbygginga, viðgerð bifreiða, þ. á m. réttingar og bílamálun, og enn fremur viðgerð á rafkerfi bifreiða, þegar um er að ræða sérhæfð verkstæði til þeirra starfa, ella falla þau undir nr. 370. — Hér eru og smurstöðvar og bón- og þvottastöðvar bifreiða. Loks eru í þessari grein viðgerðarverkstæði og aðrar þjónustustöðvar búvéla.
Aths.: Viðgerð á hjólbörðum og slöngum er í nr. 300.

385 **Reiðhjólaviðgerð.**

386 **Flugvélaviðgerð.**

389 **Önnur flutningstækjagerð og -viðgerð.** Smíði á hestvögnum og kerrum, barnavögnum o. fl.
Aths.: Smíði sleða og skíðagerð er í nr. 399.

39 Ýmislegur iðnaður.

391 **Smíði og viðgerð á vísinda- og mælitækjum, þar með ljósmynda- og sjóntækjum.** Til þessa númers telst t. d. smíði og viðgerð áttavita og siglingatækja, gleraugnasmíði og -viðgerð, smíði á gervilimum og skóm fyrir fatlaða, og viðgerð ljósmyndavéla, ef slík starfsemi er aðalverkefni hlutaðeiganda.

393 **Ura- og klukkuviðgerð.**
Aths.: Úrviðgerð sem aukastarfsemi með verslun flokkast með hinni síðar nefndu og þá oftast í nr. 626.

394 **Skartvörugerð, góðmálmasmíði, leturgröftur.** Smíði á skartgripum, gull- og silfurvörum (vörur húðaðar með góðmálmum meðtaldar). Góðmálmasmíði og -viðgerðir o. þ. h. sem aukastarfsemi með verslun flokkast með hinni síðar nefndu og þá í nr. 626.

395 **Smíði og viðgerð hljóðfæra.** Stilling hljóðfæra fellur undir þetta númer.

397 **Burstagerð o. þ. h.** Bursta-, kústa- og penslagerð.

398 **Plastvöruiðnaður ót. a.** Dæmi um plastvörugerð í þessari grein: Leikföng, búsáhöld, garðyrkjuáhöld, dúkar, vatnsslöngur o. m. fl.
Aths.: Framleiðsla fatnaðar úr plasti er í nr. 243. Framleiðsla á kventöskum, bókakápum og möppum úr plasti er í nr. 293.

399 **Iðnaður ót. a., þar með leikfangagerð, dúnhreinsun, vörupökkun.** Hér er framleiðsla á ýmsum vörum ót. a., svo sem leikföngum (nema plastleikföngum), íþróttatækjum (svo sem sleðum, skíðum, boltum o. fl.), sportvörum, fataskrauti, gerviblómum, hnöppum,

lampaskermum, skiltum, merkjum, auglýsingaspjöldum, stimplum. Enn fremur er hér dúnhreinsun, fiðurhreinsun, kolsýruhleðsla, og viðgerðir, sem ekki verða flokkaðar annars staðar. Loks eru hér fyrirtæki, sem vélpakka vöru annarra aðila, en vélpökkun eigin söluvöru flokkast til viðkomandi framleiðslugreinar. Og starfsemi aðila, sem kaupir vörur til vélpökkunar og síðan til heildsöludreifingar, er í nr. 616. — Hliðstætt þessu fylgir áfylling eigin framleiðslu viðkomandi grein, en seld áfyllingarþjónusta er hér í nr. 399.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1982

Nr. 146. 318 7. apríl 1982.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.
Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 1 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema meiru en 350 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 350 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 1 050 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 1 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 350 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað, þ. á m. matvæli og aðrar vistir, að því tilskildu að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

2. gr.
Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
1. Ferðamenn	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	Ekkert öl en 1,0 l af víni undir 21%.
	eða		
	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli en ekkert vín undir 21%
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	1,5 l af áfengi.	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.	48 fl. af öli eða 3,0 l af víni undir 21%

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	0,75 l	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	24 fl. af öli eða 1,5 l af víni undir 21%.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir) á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útivist en 20 daga	1,0 l	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 0,75 l af víni undir 21%.
5. Flugáhafnir aðrar (þar með taldar aukaáhafnir)	0,375 l	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 0,75 l af víni undir 21%.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0,5 l.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hérlendis samfleytt í 7 daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskírteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.
Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. og geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Lifandi dýr.
5. Hrátt kjötmeti.
6. Egg og smjör.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhringnum.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollívilnunar hvers ferðamanns samkvæmt 1. mgr. 1. gr. Tollívilnun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, áthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

6. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til

viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A.	Áfengi:	1,0 l
1.	Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 55
2.	Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	— 70
3.	Íslenskar áfengistegundir	— 220
4.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 270

B. Tóbak:

1.	Reyktóbak	kr. 120 pr. tylft eða lb.
2.	Vindlingar	— 155 pr. 200 stk.
3.	Smávindlar	— 18 pr. 10 stk.
	Meðalstærð	— 81 pr. 25 stk.
	Vindlar, aðrir	— 108 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 6. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Enn fremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

8. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 6. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

9. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 335 13. júlí 1981 og reglugerð nr. 444 28. júlí 1981.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1982

Nr. 147. 322 18. mars 1982.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu Siglufjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Siglufjarðar er eign Siglufjarðarkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveita Siglufjarðar er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Siglufjarðarkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Siglufjarðar skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Siglufjarðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Veitunefnd Siglufjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar í umboði bæjarstjórnar. Forstöðumaður tæknideildar annast daglegan rekstur vatnsveitunnar. Þegar þörf þykir á, að dómi bæjarstjórnar, skal ráðinn sérstakur veitustjóri, er jafnframt annast daglegan rekstur Hitaveitu og Rafveitu Siglufjarðar.

3. gr.

Vatnsveita Siglufjarðar hefur einkarétt á sölu vatns í Siglufjarðarkaupstað og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu, og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til veitunefndar þar að lútandi. Veitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsöflun og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með hvers konar jarðraski eða mannvirkjagerð og skal þess gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu, afrennslisefna eða annarra óhreininda, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni tjón, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði veitunefndar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotum, getur vatnsveitan sett skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annaðhvort með beinni þátttöku notenda eða með því að gjöld fyrir vatnsnot verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi eða fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðarmörkum.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðarmörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur

vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð eða gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu ritaðar á eyðublöð sem fást hjá tæknideild kaupstaðarins.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókn fylgi uppdráttur í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Álíti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari, sá er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

10. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða reglna, settra samkvæmt henni, eða ef brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

11. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af byggingafulltrúa.

Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn veitunnar við prófunina.

Álíti byggingafulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

12. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

13. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað af þessu greiðir eigandi.

14. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Veitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn, og til þess að tryggja neytendum vatns, sem annars kynnu að verða útundan, vatnsnot vissan tíma í senn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi eigi krafist lækkunar á gjaldi sínu.

Vatnsveitan getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans til hreinsunar eða viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum.

Framangreindar aðgerðir skulu ætíð auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

15. gr.

Þeir, sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er vatnsveitunni að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru gerðar, að hætta geti verið á, að í þeim frjósi vatn.

16. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi ekki óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

17. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni, vatnsveituæð eða heimæð.

18. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eigu vatnsveitunnar.

19. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta árlega vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ.e. mat mannvirkja og lóðar. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamatsverði lóðarinnar.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður bæjarstjórn, að fengnum tillögum veitunefndar, gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 4. mgr. segir, og skal þá bæjarstjórn, að fengnum tillögum veitunefndar, ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun bæjarstjórnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

20. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

21. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 19. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður, að fengnum tillögum veitunefndar.

Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

22. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vatnsveitu Siglufjarðar nr. 162 13. júní 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

18. mars 1982. Nr. 148.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar skal greiða árlegan vatnsskatt, og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður veitunefnd skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk hins almenna vatnsskatts greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því ekki við komið, ákveður veitunefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,40% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 170,00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr., skal vera 0,50 á hvern m^3 vatns, eða sem hér segir samkvæmt áætlaðri notkun:

a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t.d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 1 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 0,50.
c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 0,30 fyrir hverja slátraða sauðkind.

d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 1,30 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar skal greiða kr. 0,70 fyrir hverja útskipaða tunnu.

e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 2,00 fyrir hvert landað tonn.

f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 2,50 á hverja smálest af innvegnum fiski.

g) Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 3,00 fyrir hverja smálest af vatni eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa er kr. 50,00 og annarra skipa kr. 100,00. Vatn til skipa skal staðgreiða, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

h) Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimilisvéla, s.s. kælikerfa, þvottavéla o.s.frv., skal greiða með kr. 0,50 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er veitunefnd að semja um þessi not við hlutaðeigendur.

i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun veitunefndar. Jafnan skal stuðst við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg, stór notkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur veitunefnd sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld í Siglufirði.

5. gr.

Veitunefnd getur ákveðið, að notkun vatns skuli mæld samkvæmt vatnsmæli. Skal vatnsveitan þá láta notendum í té löggilta vatnsmæla og er árleigan fyrir hvern mæli sem hér segir:

Ø 20—32 mm	.....	kr. 100,00
Ø 40 mm	.....	— 140,00
Ø 50 mm	.....	— 345,00
Ø 80 mm	.....	— 700,00
Ø 100 mm	.....	— 850,00

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Gjald fyrir almenn vatnsnot samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar miðast við fasteignamat 31. desember 1981, og skal breytast í samræmi við breytingar á því hverju sinni.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu fasteign, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. mars 1982. Nr. 149.

REGLUGERÐ

um B-gatnagerðargjöld í Borgarfjarðarhreppi.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á B-gatnagerðargjald á hús, nýbyggingar og stækkun eldri húsa sem standa á lóð sem skráð er við götu sem lögð hefur verið bundnu slitlagi.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2%
Raðhús og tvíbýlishús	1,4%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2%
Opinberar byggingar	2%
Önnur hús og byggingar	1%

Lágmarksgjald af húseign skal miða við 200 m^3 þó hús sé minna.

3. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 2. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en lagningu gangstéttar, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Heimilt er gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með skuldabréfi sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum, enda séu lánskjör skuldabréfsins hin sömu þ.e., vextir og verðtrygging, og eru á lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum skv. vísitölu enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, verðtryggingu og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. mars 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 150. 16. mars 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti er tekur til Austursvæða í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest skipulag Austursvæða í Reykjavík en þau takmarkast á þessa leið:

Mynni Elliðaáa (Elliðaárós), vestari kvísl þeirra að mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Síðan Reykjanesbraut og mörk Reykjavíkur og Kópavogs um Selhrygg og Vatnsendahæð að Elliðaám og þaðan áfram austur fyrir Skyggni. Þá tekur við strönd Elliðavatns að mörkum Rauðhólafólkvangs við Bugðu. Síðan fylgja mörkin Bugðu uns hún kemur að Suðurlandsvegi, en þá ræður vegurinn þar til kemur að mörkum Mosfellshrepps vestan við Geithála. Eftir það ráða mörk Reykjavíkur og Mosfellshrepps allt að ósum Korpúlfsstaðaár (Úlfarsár). Þá tekur við strandlengjan allt að Elliðaárósum og er Geldinganes þar innifalið.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur Reykjavíkur 1962—1983 sem staðfestur var af ráðuneytinu 3. júlí 1967 að því er tekur til ofangreinds svæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Siglufjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Siglufjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Siglufjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur Siglufjarðar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 7. maí 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

24. mars 1982. Nr. 152.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. mars 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu.

Neðanskráð sveitarfélög, söfnuðir og félög í Austur-Barðastrandarsýslu **stofna** hér með

sjálfseignarstofnun,

sem heitir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu,

Geiradalshreppur
Reykhólahreppur
Söfnuður Garpsdalssóknar
Söfnuður Reykhólasóknar
Búnaðarfélag Geiradalshrepps
Búnaðarfélag Reykhólahrepps
Kaupfélag Króksfjarðar
Kvenfélag Geiradalshrepps
Kvenfélagið Liljan, Reykhólahreppi
Ungmennafélagið Afturelding, Reykhólahreppi
Ungmennafélagið Unglingur, Geiradalshreppi
Verkalýðsfélagið Brandur, Austur-Barðastrandarsýslu.

Eignir stofnunarinnar er fé, er þegar hefur safnast til öldrunarmála í Austur-Barðastrandarsýslu, ennfremur framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum, svo og stofnframlög almennings, sbr. 9. gr. skipulagsskrár þessarar. Eignir stofnunarinnar eru nú í peningum samtals kr. 58 722,77, auk stofnfjárloforða.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu. Þó mega sveitarfélög þau, er gerast stofnaðilar að stofnuninni ganga í ábyrgð fyrir fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar ef þurfa þykir.

Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur stofnun þessari eftirfarandi **skipulagsskrá:**

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum heimilisvist og aðhlynningu og svo góða umönnun sem frekast er unnt. Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé öldruðum til aðhlynningar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar, nema andvirðið renni beinlínis til þess að halda dvalarheimili eða sinna umönnun aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu, sbr. 8. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hver stofnandi kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Kosning fer fram á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur, enda er þess getið í fundarboði, að kjósa eigi fulltrúa þessa. Kosning gildir í 4 ár, eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar þess að láta af störfum eða hættir sannanlega að sinna þeim. Helmingur fulltrúa skal ganga úr fulltrúaráðinu eftir 2 ár samkvæmt hlutkesti. Þau félög er ekki auglýsa fundi, kjósa fulltrúa sína eða skipa á sama hátt og kosið er til eða skipað er í fastanefndir. Fulltrúar safnaðanna skulu kosnir á almennum safnaðarfundi, sem má boða til sérstaklega í þeim tilgangi að kjósa fulltrúa í fulltrúaráðið, enda sé það auglýst sérstaklega.

Fulltrúaráðið skal hvatt saman minnst tvisvar á ári. Það kýs stjórn samkvæmt 4. gr., er tengiliður stjórnar og stofnenda og fær skýrslu um rekstur liðins árs. Fundi skal boða á tryggilegan hátt með nægum fyrirvara. Sérhver löglega boðaður fundur er lögmætur.

4. gr.

Stjórn dvalarheimilisins skipa 5 — fimm — menn og þrír til vara, búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu. Skulu þeir allir boðaðir á stjórnarfundi. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt, heldur málfrelsi og tillögurétt.

Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár. Sóknarprestur Reykhólaprestakalls skal eiga sæti í stjórn á hverjum tíma.

Kjósa skal stjórnarmenn saman og varamenn saman. Kjósa skal þá hlutbundinni kosningu, ef 2 fulltrúaráðsmenn óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman

Stjórnin skal skipta með sér störfum. Hún fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka er þörf krefur og aðstæður leyfa.

5. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum. Þó skal hún sjálf hafa yfirstjórn fjármála og starfsfólk bundna prókúru (sjá nánar í reglugerð).

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag dvalarheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, báðum tilnefndum af sýslunefnd

Austur-Barðastrandarsýslu. Stjórnin leggur síðan reikninginn endurskoðaðan fyrir fulltrúaráðið til afgreiðslu. Reikninginn skal síðan senda samþykktan til sýslunefndar til kynningar, en reikningurinn skal síðan birtur í sýslufundargerð Austur-Barðastrandarsýslu.

6. gr.

Peningar þeir, sem dvalarheimilið kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráðið setur reglur fyrir dvalarheimilið.

8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin, sbr. 10. gr., sjái sér ekki fært að reka dvalarheimilið áfram, gefi hún hreppsnefndum Austur-Barðastrandarsýslu kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess og yrði það rekið með svipuðu sniði og áður, en hafni hreppsnefndir því boði, fellur dvalarheimilið með öllum eignum þess til þess opinbera aðila, er sinnt getur þjónustu við aldraða í Austur-Barðastrandarsýslu.

9. gr.

Gefa skal almenningi kost á að gerast stofnfélagar í Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu.

Í þeim tilgangi skulu gefin út stofnskírteini er hljóða á nafn stofnmeðlims og upphæð stofnframlags hans.

Stofnskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur til fulltrúaráðs eða stjórnar.

10. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef ⅔ fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur.

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að 4 stjórnarmenn velja fimmta mann í stjórn með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt, nema með ⅔ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráðið hefur lagst niður samkvæmt ákvæðum 10. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni, sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1982, er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir: 100 sandreyðar, 194 langreyðar, 87 búrhvali og 200 hrefnur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 154. 25. mars 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur verið ákveðið að eftirtaldar götur verði aðalbrautir:

1. **Stjörnugróf,** þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um **Bústaðaveg.**
2. Sá hluti **Hraunbæjar,** sem er á milli Bæjarháls og Rofabæjar, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um síðarnefndu göturnar.
3. **Dverghöfði,** þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um **Breiðhöfða** og **Höfðabakka.**

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. apríl 1982.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. mars 1982.

Sigurjón Sigurðsson

Nr. 155. 1. mars 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Rangárvallahreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Rangárvallahrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Rangárvallahreppi:

1. Umferð um Suðurlandsveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Þrúðvang, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Þrúðvang skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Þingskálum, Útskálum, Laufskálum, Leikskálum og Hrafnskálum, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Umferð um Þingskála skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Heiðvangi, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí 1982.

Sýslumaður Rangárvallasýslu, 1. mars 1982.

Böðvar Bragason.

26. mars 1982. Nr. 156.

AUGLÝSING

um vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 3 800 000,00 fyrir hvert ökutæki. Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu skal vátryggingarfjárhæðin þó vera kr. 7 600 000,00.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 1982 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 281 9. júní 1981 um vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

31. mars 1982. Nr. 157.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað, nr. 165 16. maí 1974.

1. gr.

Við 51. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi bæjarstjórnar, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn ákveður gjaldið fyrir leyfið, sem skal veitt til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 9.00 til kl. 23.30. Ákvæði 47. og 48. greinar taka til þeirra eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 158. 31. mars 1982.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað, nr. 178 15. september 1965.

1. gr.

1. mgr. 75. gr. orðist svo:
Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.
Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 159. 1. apríl 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Við grein 2.10.1.3.1 bætist nýr stafliður svohljóðandi:
c) 15 klst. flugtíma við ýmsar aðstæður hér á landi undir leiðsögn flugmanns með reynslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

fyrir heilsugæslustöðvar.

I. KAFLI

Starfssvæði.

1. gr.

1.1. Reglugerð þessi tekur til heilsugæslustöðva H 2 og H 1, hvort heldur þær eru í tengslum við sjúkrahús (stofnun) eða ekki, svo og til H stöðva.

2. gr.

2.1. Starfssvæði heilsugæslustöðvar er samkvæmt 14. gr. laga nr. 57/1978.

2.2. Íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga eiga þó rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Ef um samfellda þjónustu er að ræða við einstaklinga eða hópa utan upptökusvæðis heilsugæslustöðva, skal sérstaklega um það samið milli hlutaðeigandi heilsugæslustöðva.

II. KAFLI

Stjórnir og starfsfólk heilsugæslustöðva.

A. Heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús (stofnun).

3. gr.

3.1. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórnar. Stjórnin skal skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Sýsla (sýslur) eða sveitarfélag (sveitarfélög) koma sér saman um skipun þriggja fulltrúa, en starfsmannaráð tilnefnir tvo. Skal annar þeirra vera úr hópi starfsfólks heilsugæslustöðvar, en hinn úr hópi starfsfólks sjúkrahússins. Í Reykjavík fer heilbrigðisráð með stjórn heilsugæslustöðva.

3.2. Ef í stjórn sjúkrahúss eiga sæti fulltrúar sýslu- eða sveitarfélaga utan heilsugæsluumdæmis, taka þeir ekki þátt í meðferð mála, er varða heilsugæslustöðina eina.

3.3. Um kosningatilhögun á fulltrúum sýslu- og sveitarfélaga fer samkv. sveitarstjórnarlögum. Um kosningatilhögun á fulltrúum starfsfólks fer skv. reglug. nr. 413/1973, um starfsmannaráð sjúkrahúsa. Um vanhæfi stjórnarmanna til afgreiðslu mála fer skv. sveitarstjórnarlögum.

4. gr.

4.1. Stofnunin öll hefur sameiginlega framkvæmdastjórn en aðskilinn rekstrarreikning. Skipta skal föstum kostnaði hlutfallslega eftir nánara samkomulagi rekstraraðila í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 57/1978.

5. gr.

5.1. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, og skal hann sjá um daglegan rekstur, annast öll fjármál stofnunarinnar og skipuleggja starfið að öðru leyti, nema þann þátt, sem fellur undir verksvið yfirlækna og hjúkrunarforstjóra.

5.2. Framkvæmdastjóri skal gera rekstraráætlun fyrir komandi ár að höfðu samráði við yfirlækna og hjúkrunarforstjóra og leggja áætlun þessa fyrir stjórn stofnunarinnar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

6. gr.

6.1. Stjórnin ræður yfirlækni sjúkrahúss að fengnu áliti stöðunefndar skv. 31. gr. laga nr. 57/1978, svo og aðra lækna í samræmi við stöðuheimildir.

6.2. Stjórnin ræður hjúkrunarforstjóra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. 31. gr. laga nr. 57/1978.

6.3. Annað starfslið sjúkrahúss skal stjórnin ráða í samráði við yfirlækna og hjúkrunarforstjóra.

7. gr.

7.1. Ráðherra skipar heilsugæslulækna að fenginni umsögn stöðunefndar. Skipun tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við heilsugæslustöð stofnunarinnar annast heilbrigðisráðuneytið.

8. gr.

8.1. Stjórnin ræður að heilsugæslustöð stofnunarinnar allt annað starfslið en lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður, að höfðu samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

9. gr.

9.1. Læknar heilsugæslustöðvarinnar velja sér yfirlækni til tveggja ára í senn.

10. gr.

10.1. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöð stofnunarinnar, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil, að heilbrigðismálaráð telji þess þörf.

10.2. Hjúkrunarforstjórar skipuleggja og hafa faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu stofnunar. Þeir stjórna daglegri starfsemi með yfirlæknum og bera með þeim ábyrgð á henni gagnvart stjórn stofnunarinnar.

10.3. Þar sem ekki er starfandi hjúkrunarforstjóri annast hjúkrunarfræðingar störf skv. 10.2. Séu starfandi tveir eða fleiri hjúkrunarfræðingar velja þeir sér einn til þessara starfa til tveggja ára í senn.

11. gr.

11.1. Yfirlæknar hafa umsjón með færslu dagála og með öðrum heilsufarsskrám stofnunarinnar. Þeir sjá um að skráning og tilkynning um smitsjúkdóma fari fram.

11.2. Yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar (hjúkrunarfræðingar þar sem það á við) sjá um að gerðar séu þær skýrslur, sem kveðið er á um í erindisbréfum þeirra, svo og aðrar skýrslur, sem heilbrigðisyfirvöld óska eftir, þegar sérstaklega stendur á.

11.3. Læknar stofnunarinnar starfa hver á sínu sviði sjálfstætt, og er hlutverk yfirlækna að samræma störf og skipuleggja vinnu í samráði við þá. Læknar stofnunarinnar eru ábyrgir gagnvart heilbrigðisráðherra.

12. gr.

12.1. Yfirlæknar, hjúkrunarforstjórar (hjúkrunarfræðingur þar sem það á við) og framkvæmdastjóri stofnunar eiga rétt til fundarsetu á fundum stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Sama rétt hafa aðrir starfsmenn stofnunarinnar, ef á dagskrá eru málefni, sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

13. gr.

13.1. Yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar (hjúkrunarfræðingur þar sem það á við) stofnunarinnar eru ráðgefandi varðandi viðhald og kaup á tækjum og búnaði, sem snerta þeirra starfsgrein.

13.2. Um störf yfirlækna og hjúkrunarforstjóra fer að öðru leyti eftir lögum og reglum eða erindisbréfum viðkomandi.

14. gr.

14.1. Ráða má heilsugæslulækna í hlutastarf við sjúkrahús, með samþykki ráðherra, enda gegni þeir þá vaktþjónustu við það, þegar við á.

15. gr.

15.1. Samræma skal eftir því sem við verður komið alla vaktþjónustu fyrir stofnunina. Yfirlæknar stofnunarinnar skulu skipuleggja vaktir, svo og bakvaktir.

16. gr.

16.1. Læknar stofnunarinnar mynda læknaráð, sem velur sér formann til tveggja ára í senn og setur sér starfsreglur, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1978.

16.2. Formaður læknaráðs kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar sem læknisfróður forsvarsmaður. Yfirlæknar sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar koma þó fram fyrir starfsemi, sem varðar þá eingöngu. Hið sama gildir um lækna, sem fengnir eru til þess að veita forstöðu stoðdeildum eða sérstökum þáttum heilsugæslu og lækninga á stofnuninni.

17. gr.

17.1. Stofna skal eitt sameiginlegt starfsmannaráð fyrir stofnunina, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1978.

B. Heilsugæslustöðvar H 2.

18. gr.

18.1. Stjórn heilsugæslustöðvar H 2 skal skipuð þremur mönnum. Sýsla (sýslur) eða sveitarfélag (sveitarfélög) skipa tvo fulltrúa í stjórnina, en starfslið stöðvarinnar kýs einn fulltrúa úr sínum hópi.

18.2. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

18.3. Um kosningatilhögun fulltrúa og vanhæfi þeirra til afgreiðslu mála fer skv. 3. tl. 3. gr. þessarar reglugerðar.

19. gr.

19.1. Í sveitarfélagi, þar sem reknar eru fleiri en ein heilsugæslustöð H 2 eða H 1, skulu stöðvarnar lúta sameiginlegri þriggja manna stjórn. Skal þá sveitarstjórn kjósa tvo menn í stjórnina, en starfsmenn heilsugæslustöðvanna skulu koma sér saman um einn.

19.2. Í Reykjavík skulu heilsugæslustöðvar vera undir stjórn heilbrigðisráðs, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1978. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri hverrar heilsugæslustöðvar eiga rétt til fundarsetu á fundum heilbrigðisráðsins, þegar fjallað er um málefni viðkomandi heilsugæslustöðvar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Stjórn heilsugæslustöðvar H 2 er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri sér um allan daglegan rekstur annan en faglegan. Hann annast öll fjármál stöðvarinnar og skipuleggur starfið að öðru leyti, nema þann þátt þess, sem fellur undir verksvið yfirlæknis eða hjúkrunarforstjóra.

20.2. Framkvæmdastjóri skal gera rekstraráætlun fyrir komandi ár, að höfðu samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra. Skal áætlunin lögð fyrir stjórn stöðvarinnar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

21. gr.

21.1. Heimilt er að fela skrifstofu sveitarfélags, sem er eignaraðili að stöðinni, að annast bókhald og aðrar fjárreiður heilsugæslustöðvarinnar og að fela hjúkrunarforstjóra annan daglegan rekstur stöðvarinnar, sé ekki talin ástæða til að ráða sérstakan framkvæmdastjóra.

22. gr.

22.1. Á heilsugæslustöðvum H 2 skulu starfa sem fastráðnir starfsmenn læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður, eftir því sem þörf er á og heilbrigðisráðuneyti ákveður.

23. gr.

23.1. Ráðherra skipar heilsugæslulækna, að fenginni umsögn stöðunefndar. Heilbrigðisráðuneytið skipar tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil, að heilbrigðismálaráð telji þess þörf. Annað starfslið ræður stjórn stöðvarinnar í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

24. gr.

24.1. Læknar heilsugæslustöðvar H 2 velja sér yfirlækni til tveggja ára í senn.

25. gr.

25.1. Á stöðvum þar sem enginn framkvæmdastjóri er, skulu yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri/hjúkrunarfræðingur vera stjórninni til ráðgjafar um almenn málefni stöðvarinnar, einnig þau sem ekki tilheyra þeirra faglega verksviði.

25.2. Hjúkrunarforstjóri skipuleggur og hefur faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu stöðvarinnar. Hann stjórnar daglegri starfsemi ásamt yfirlækni og ber ábyrgð á henni gagnvart stjórn stöðvarinnar.

25.3. Þar sem ekki er starfandi hjúkrunarforstjóri annast hjúkrunarfræðingur störf skv. 10.2. Séu starfandi tveir eða fleiri hjúkrunarfræðingar velja þeir sér einn til þessara starfa til tveggja ára í senn.

26. gr.

26.1. Yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri/hjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar eiga rétt til fundarsetu á fundum stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Sama rétt hafa aðrir starfsmenn stöðvarinnar, ef á dagskrá eru málefni, sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

27. gr.

27.1. Yfirlæknir hefur umsjón með færslu dagála og með öðrum heilsufarsskrám stöðvarinnar. Hann annast um að skráning og tilkynning um smitsjúkdóma sé framkvæmd. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri/hjúkrunarfræðingur sjá um að gerðar séu skýrslur svo sem kveðið er á um í erindisbréfi þeirra, svo og aðrar þær skýrslur sem heilbrigðisyfirvöld óska eftir, þegar sérstaklega stendur á.

27.2. Einstakir heilsugæslulæknar stöðvarinnar starfa sjálfstætt, og er hlutverk yfirlæknis að samræma störf og skipuleggja vinnu í samráði við þá. Læknar heilsugæslustöðvarinnar eru ábyrgir gagnvart heilbrigðismálaráðherra.

28. gr.

28.1. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri/hjúkrunarfræðingur heilsugæslustöðvarinnar eru ráðgefandi varðandi viðhald og kaup á tækjum og búnaði, sem snerta þeirra starfsgrein.

29. gr.

29.1. Nemendur í heilbrigðisgreinum geta átt kost á starfsþjálfun í námi sínu á heilsugæslustöð H 2 í samráði við starfslið stöðvarinnar og viðkomandi skóla.

30 gr.

30.1. Læknar er starfa á heilsugæslustöð H 2, skulu mynda með sér læknaráð.

30.2. Formaður ráðsins er valinn til tveggja ára í senn og er hann jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar. Formaður læknaráðsins kemur fram fyrir hönd stöðvarinnar sem læknisfróður forsvarsmaður. Aðrir læknar heilsugæslustöðvarinnar bera þó ábyrgð á starfsemi, sem varðar þá eingöngu.

31. gr.

31.1. Þegar starfsmenn heilsugæslustöðvar H 2 eru þrír eða fleiri, skulu þeir mynda starfsmannaráð, sem gæti hagsmuna starfsmannanna. Fer um kjör og kosningu skv. reglug. nr. 413/1973.

C. Heilsugæslustöðvar H 1.

32. gr.

32.1. Stjórn heilsugæslustöðvar H 1 skal skipuð þremur mönnum. Sýsla (sýslur) eða sveitarfélag (sveitarfélög) skipa tvo fulltrúa í stjórnina, en starfslið stöðvarinnar kýs einn fulltrúa úr sínum hópi.

32.2. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

32.3. Um kosningatilhögun fulltrúa og vanhæfi til afgreiðslu mála fer skv. 3. tl. 3. gr. þessarar reglugerðar.

32.4. Um rekstur fleiri en einnar stöðvar í sama sveitarfélagi fer skv. 1. tl. 19. gr. þessarar reglugerðar.

33. gr.

33.1. Stjórn heilsugæslustöðvar H 1 er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri sér um allan daglegan rekstur annan en faglegan. Hann annast öll fjármál stöðvarinnar og skipuleggur starfið að öðru leyti, nema þann þátt þess, sem fellur undir verksvið heilsugæslulæknis eða hjúkrunarfræðings.

33.2. Framkvæmdastjóri skal gera rekstraráætlun fyrir komandi ár að höfðu samráði við heilsugæslulækni og hjúkrunarfræðing. Skal áætlunin lögð fyrir stjórn stöðvarinnar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

34. gr.

34.1. Heimilt er að fela skrifstofu sveitarfélags, sem er eignaraðili að stöðinni, að annast bókhald og aðrar fjárreiður heilsugæslustöðvar og að fela hjúkrunarfræðingi að annast daglegan rekstur stöðvarinnar, sé ekki talin ástæða til þess að ráða sérstakan framkvæmdastjóra.

35. gr.

35.1. Á heilsugæslustöð H 1 skulu starfa sem fastráðnir starfsmenn, læknir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, eftir því sem þörf er á og heilbrigðisráðuneytið ákveður.

36. gr.

36.1. Ráðherra skipar heilsugæslulækni að fenginni umsögn stöðunefndar. Heilbrigðisráðuneytið skipar tannlækni, hjúkrunarfræðing og ljósmóður. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra ef starfsemi stöðvarinnar er svo umfangsmikil,

að heilbrigðismálaráð telji þess þörf. Annað starfslið ræður stjórn stöðvarinnar í samráði við heilsugæslulækni og hjúkrunarfræðinga.

37. gr.

37.1. Á stöðvum þar sem enginn framkvæmdastjóri er, skulu heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur vera stjórninni til ráðgjafar um almenn málefni stöðvarinnar, einnig þau sem ekki tilheyra þeirra faglega verksviði.

37.2. Hjúkrunarforstjóri/hjúkrunarfræðingur skipuleggur og hefur faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu stöðvarinnar. Hann stjórnar daglegri starfsemi ásamt heilsugæslulækni og ber ábyrgð á henni gagnvart stjórn stöðvarinnar.

38. gr.

38.1. Heilsugæslulæknir, hjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar H 1 eiga rétt til fundarsetu á fundum stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Sama rétt hafa aðrir starfsmenn stöðvarinnar, ef á dagskrá eru málefni sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

39. gr.

39.1. Heilsugæslulæknir hefur umsjón með færslu heilsufarsskráa stöðvarinnar, annast skráningu og tilkynningu um smitsjúkdóma. Heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur sjá um að gerðar séu þær skýrslur, sem kveðið er á um í erindisbréfi þeirra svo og aðrar þær skýrslur, sem heilbrigðisyfirvöld óska eftir, þegar sérstaklega stendur á. Heilsugæslulæknir er ábyrgur gagnvart heilbrigðisráðherra.

40. gr.

40.1. Heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur heilsugæslustöðvarinnar eru ráðgefandi varðandi viðhald og kaup á tækjum og búnaði, sem snerta þeirra starfsgrein.

41. gr.

41.1. Þegar starfsmenn heilsugæslustöðvar H 1 eru þrír eða fleiri, skulu þeir mynda starfsmannaráð, sem gæti hagsmuna starfsmanna.

D. Heilsugæslustöðvar H.

42. gr.

42.1. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu stofnun, heilsugæslustöð H 2 eða heilsugæslustöð H 1.

42.2. Læknar þeirrar heilsugæslustöðvar skulu reglubundið hafa móttöku á stöðinni.

43. gr.

43.1. Á hverri heilsugæslustöð H skal starfa hjúkrunarfræðingur og/eða ljósmóðir eftir því sem þörf er á og heilbrigðisráðuneytið ákveður.

44. gr.

44.1. Heilbrigðisráðuneytið skipar hjúkrunarfræðing eða ljósmóður að heilsugæslustöð H. Stjórn þeirrar stofnunar eða heilsugæslustöðvar H 2 eða H 1, sem fer með málefni stöðvarinnar, ræður annað starfslið, sem þarf til reksturs þeirrar stöðvar.

III. KAFLI

Starfsemi og þjónusta.

45. gr.

45.1. Í stofnun samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar skulu stoðdeildir vera hluti sjúkrahúss, en veita heilsugæslustöðvum þjónustu, þannig að þær geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt 46. gr.

46. gr.

46.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veitt eftirfarandi þjónusta eftir því sem við á:

1. Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
4. Hjúkrun.
5. Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
   - 5.1. Mæðravernd.
   - 5.2. Ungbarna- og smábarnavernd.
   - 5.3. Heilsugæsla í skólum.
   - 5.4. Berklavarnir.
   - 5.5. Kynsjúkdómavarnir.
   - 5.6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
   - 5.7. Sjónvernd.
   - 5.8. Heyrnarvernd.
   - 5.9. Heilsuvernd aldraðra.
   - 5.10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
   - 5.11. Félagsráðgjöf.
   - 5.12. Umhverfisheilsuvernd.
   - 5.13. Atvinnusjúkdómavarnir.

47. gr.

Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.

47.1. Heilsugæslulæknar veita þjónustu öllum einstaklingum og fjölskyldum, sem til þeirra leita og þeim, sem leitað er eftir þjónustu fyrir. Þessa þjónustu veita þeir allan sólarhringinn, árið um kring. Þar sem fleiri en einn læknir starfa skipta þeir með sér vöktum, eftir því sem við verður komið og haga samstarfi þannig, að tryggð sé samfelld þjónusta.

47.2. Heilsugæslulæknar sinna hverju því vandamáli, sem leitað er með til þeirra, svo sem bráðum og langvinnum sjúkdómum, meiðslum, eitrunum og slysum. Læknir skal meta hverju sinni, hvar best sé að athugun og meðferð fari fram, á heimili, í heilsugæslustöð eða annars staðar, með hliðsjón af velferð sjúklings.

47.3. Heilsugæslulæknar skulu veita ráðgjöf og fræðslu um heilsuvernd.

48. gr.

Lækningarannsóknir.

48.1. Á heilsugæslustöð skulu gerðar algengar rannsóknir, svo sem blóðrannsóknir, rannsóknir á þvagi og saur, sýklarannsóknir, svo sem ræktun og næmispróf, hjartarafrit og aðrar þær rannsóknir, sem hentugt þykir.

49. gr.

Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.

49.1. Heilsugæslulæknum er heimilt, ef ástæða þykir til, að fela öðrum stofnunum eða sérfræðingum að annast tiltekna þætti starfs síns um lengri eða skemmri tíma í samráði við heilbrigðisráðuneytið, en þeir eru engu að síður ábyrgir fyrir framkvæmd þjónustunnar.

49.2. Á heilsugæslustöð skal veita tannlæknisþjónustu, eftir því sem við verður komið.

Tannlæknar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu veita fræðslu um tannhirðu og tannvernd í tengslum við almenna heilsugæslu, mæðraeftirlit, ungbarna- og smábarnaeftirlit og heilsugæslu í skólum.

49.3. Á heilsugæslustöð skal vera aðstaða til endurhæfingar eftir því sem við verður komið.

50. gr.

Hjúkrun og heimilishjúkrun.

50.1. Hjúkrunarfræðingar skulu veita hjúkrun í heilsugæslustöð eða á vegum hennar. Þeir skulu meta hjúkrunarþarfir einstaklinga, fjölskyldna og hópa, bæði þeirra, er leita til stöðvarinnar, og með kerfisbundnu eftirliti. Þeir skulu veita ráðgjöf og fræðslu um heilsuvernd og hjúkrun sjúkra.

50.2. Heimilishjúkrun skal starfrækt fyrir þá íbúa heilsugæslusvæðisins, sem hennar þarfnast og ekki eru vistaðir í sjúkrahúsi. Þar sem fleiri en ein heilsugæslustöð eru starfandi í sama umdæmi má sameina heimilishjúkrun.

51. gr.

Mæðravernd.

51.1. Allar verðandi mæður skulu eiga kost á eftirliti um meðgöngutímann. Að jafnaði skal fyrsta skoðun fara fram á 12. viku meðgöngutímans. Frá 12. viku til 32. viku meðgöngutímans skal verðandi móður gefinn kostur á að koma til skoðunar á 4 vikna fresti. Á 32. viku til 36. viku meðgöngutímans skal verðandi móður gefinn kostur á að koma tvisvar sinnum til skoðunar, en eftir það vikulega þar til barnið er fætt.

51.2. Heilsugæslulæknir, ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur annast hið reglubundna mæðraeftirlit.

51.3. Kappkosta skal að búa verðandi foreldra undir hlutverk sitt með fræðslu um meðgöngu, fæðingu og meðferð ungbarna, svo og um getnaðarvarnir og fjölskylduáætlanir Skal sú fræðsla veitt með sérstökum námskeiðum eða í einkaviðtölum, eftir því sem hentar á hverjum stað og tíma.

51.4. Ef fæðing fer fram í heimahúsum á heilsugæslusvæðinu, ber heilsugæslulækni og ljósmóðir að annast hana. Ljósmóðir gengur reglulega til móður og barns fyrstu 8 dagana eftir fæðinguna.

52. gr.

Ungbarna- og smábarnavernd.

52.1. Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir við heilsugæslustöð fylgjast með þrifum og heilbrigði ungbarna fyrstu 3 ævimánuði, og veita mæðrum ráð um mataræði og hirðingu ungbarnsins.

52.2. Á heilsugæslustöð skulu framkvæmdar lögbundnar og viðurkenndar ónæmisaðgerðir á ungbörnum og smábörnum, sbr. lög um ónæmisaðgerðir nr. 38/1978.

52.3. Ungbörn skulu skoðuð af lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður, a.m.k. 5 sinnum á aldrinum 3—14 mánaða, þar sem fylgst er með andlegri og líkamlegri heilbrigði þeirra.

Smábörn (1—6 ára) komi síðan á 2.—6. aldursári til læknisskoðunar, en þá taki við skólaskoðun. Öll börn skulu sjónprófuð og heyrnarmæld fyrir fjögurra ára aldur. Fyrir þann aldur skal og greindar- og þroskaprófa öll þau börn, sem grunur leikur á að hafi óeðlilega litinn greindarþroska.

53. gr.
Heilsugæsla í skólum.

53.1. Heilsugæslustöðvar annast heilsugæslu í skólum, sbr. reglugerð nr. 214/1958 um heilsuvernd í skólum, nema annað sé ákveðið í samráði við skólayfirlækni.
53.2. Starfsfólki heilsugæslustöðva ber að gefa sérstakan gaum börnum á skólaskyldualdri með seinkaðan greindarþroska, hegðunarvandkvæði, aðlögunarerfiðleika og taugaveiklunareinkenni og leiðbeina þeim og fjölskyldum þeirra. samráð skal hafa við kennara þessara barna og sálfræðiþjónustu skóla heilsugæslusvæðisins.
53.3. Fylgst skal með, að fötluð börn fái sérstaka þjálfun við sitt hæfi í tengslum við skólaleikfimi eða með öðrum hætti.
53.4. Tannlæknir við heilsugæslustöð annast tannvernd skólanemenda á heilsugæslusvæðinu.
53.5. Haft skal eftirlit með vinnuaðstöðu nemenda og vinnutíma í skólum. Stundaskrá skal gerð í samráði við skólalækni.

54. gr.
Berklavarnir.

54.1. Heilsugæslustöðvar annast framkvæmd berklavarnarlaga, nr. 66/1939, á hverju heilsugæslusvæði.

55. gr.
Kynsjúkdómavarnir og ráðgjöf varðandi kynlíf og barneignir.

55.1. Læknir á heilsugæslustöð annast rannsókn allra þeirra, er þangað leita vegna gruns um kynsjúkdóma, svo og lækningu og skrásetningu þeirra, ef um kynsjúkdóma er að ræða, sbr. lög nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

56. gr.

56.1. Ráðgjafarþjónusta skv. lögum nr. 25/1975 varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir skal veitt á heilsugæslustöðvum. Þjónusta má vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómalækningar, kynfræðsludeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu.
56.2. Aðstoð skal veitt, eftir því sem við á, svo sem hér segir:
1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra. Allar viðurkennar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðslu, ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð, sem foreldrum stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.
5. Ráðgjöf og meðferð varðandi ófrjósemi og barnleysi.

57. gr.
Geðvernd, áfengis- og fíkniefnavarnir.

57.1. Starfsfólk við heilsugæslustöðvar starfar að verndun geðheilsu íbúa heilsugæslusvæðisins. Áhersla skal lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðslu og baráttu

gegn fordómum varðandi geðræn vandamál og geðsjúkdóma. Stuðla skal að því, að fólk leiti aðstoðar á byrjunarstigi vandamála og að veitt verði bæði einstaklingsbundin meðferð og fjölskyldumeðferð, eftir því sem við á hverju sinni. Við meðferð skal taka tillit til allra þátta í senn, jafnt geðrænna, líkamlegra og félagslegra. Jafnframt þessu skal leggja áherslu á að draga úr skaðsemi geðsjúkdóma með góðri eftirmeðferð og endurhæfingu.

57.2. Heilsugæslustöðvar annast dreifingu og kynningu á fræðsluefni frá heilbrigðisyfirvöldum um hættu af neyslu áfengis, tóbaks-, ávana- og fíkniefna til ungmenna á hverju heilsugæslusvæði.

57.3. Á heilsugæslustöðvum skal sinnt ofnotendum áfengis, tóbaks, fíknilyfja og fíkniefna, og skulu þeir og aðstandendur þeirra eiga kost aðstoðar og meðferðar.

58. gr.
Sjón- og heyrnarvernd.

58.1. Á heilsugæslustöðvum skal veita sjón- og heyrnarvernd.

58.2. Stefnt verði að því að heyrnarmæla öll börn við upphaf og lok skólagöngu. Fylgst verði með áhættuhópum á heilsugæslustöðvum og vísað til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands eftir þörfum, sbr. lög nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

59. gr.
Heilsuvernd aldraðra.

59.1. Í tengslum við heilsugæslustöðvar skal rekin sérstök heilsuverndarþjónusta fyrir aldraða. Þjónusta þessi skal veitt í náinni samvinnu við félagsmálastofnanir viðkomandi sveitarfélaga og hjúkrunarheimili þar sem þau eru starfrækt.

60. gr.
Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.

60.1. Á heilsugæslustöðvum skulu skipulagðar og framkvæmdar þær hópskoðanir, sem heilbrigðisráðherra ákveður svo sem á tilteknum starfsstéttum, aldurshópum eða áhættuhópum.

60.2. Læknir á heilsugæslustöð hefur með höndum opinberar farsóttavarnir á hverju heilsugæslusvæði samkvæmt farsóttarlögum nr. 10/1958 undir stjórn landlæknis. Starfsfólki heilsugæslustöðva ber að vekja athygli á sýkingarhættu af farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum á hverju svæði og gefa almenningi ráð og leiðbeiningar þar að lútandi.

60.3. Læknar á heilsugæslustöð annast störf sóttvarnarlæknis á heilsugæslusvæðinu samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 33/1954.

60.4. Á heilsugæslustöð skulu gerðar ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum um ónæmisaðgerðir nr. 38/1978. Skal almenningur eiga þar kost á ónæmisaðgerðum gegn sóttum samkvæmt þeim lögum, svo og öðrum sóttum, þegar heilbrigðisyfirvöld ákveða að beita beri virkum ónæmisaðgerðum gegn þeim.

61. gr.
Félagsráðgjöf.

61.1. Félagsráðgjöf skal veitt í heilsugæsluumdæminu eftir því sem þörf er talin á og kostur er, íbúum heilsugæslusvæðisins til aðstoðar við úrlausn félagslegra vandamála.

62. gr.
Atvinnusjúkdómavarnir.

62.1. Heilsugæslustöð annast atvinnusjúkdómavarnir í þeim fyrirtækjum á heilsugæslusvæðinu, sem hafa með höndum atvinnurekstur, er getur verið skaðlegur heilsu starfsfólks, að mati Vinnueftirlits ríkisins. Starfsfólk þessara fyrirtækja skal skoðað reglulega eftir samningi um slíkt milli heilsugæslustöðvar og viðkomandi fyrirtækja. Að öðru leyti fer um atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um samvinnu heilbrigðisyfirvalda, Vinnueftirlitsins og fyrirtækja um heilsuvernd starfsfólks fyrirtækja og eftir ákvæðum laga nr. 57/1978.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

63. gr.

63.1. Stjórnendur og starfsmenn heilsugæslustöðvar stuðla að sem nánustum tengslum milli stöðvarinnar og almennings á starfssvæðinu. Í því skyni skulu upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar og þjónustu hennar vera aðgengilegar almenningi á venjulegum dagvinnutíma. Þá skal almenningi auðveldað að koma á framfæri fyrirspurnum, athugasemdum og gagnrýni á starfsemi stöðvarinnar.

64. gr.

64.1. Á hverri heilsugæslustöð skal færð heilsufarsskrá fyrir hvern íbúa heilsugæslusvæðisins. Skrá þessi er varðveitt í heilsugæslustöðinni og skal flutt þaðan, ef sjúklingur flytur á annað heilsugæslusvæði.

64.2. Skrá þessi er algjört trúnaðarmál og upplýsingar úr henni skulu eingöngu notaðar í þágu sjúklingsins. Skráin skal færð á stöðluð eyðublöð, sem landlæknir samræmir og ráðuneytið samþykkir og geymd eru í þar til gerðri möppu í skjalageymslu heilsugæslustöðvanna. Skýrslugerð og skjalavistun verði samræmdar í öllum heilsugæslustöðvum landsins. Ritari hefur umsjón með skjalavörslu á heilsugæslustöðvum.

65. gr.

65.1. Tækjabúnaður heilsugæslustöðva skal ætíð við það miðaður, að þær geti annast þá þjónustu, sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

65.2. Heilbrigðisráðuneytið setur að fengnum tillögum landlæknis reglur um tækjabúnað heilsugæslustöðva. Reglur þær skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir og færa til samræmis við tæknilega þróun á hverjum tíma.

65.3. Þar sem heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir, skal lögð áhersla á að samnýta tækjabúnað svo sem kostur er.

66. gr.

66.1. Landlæknir hefur faglegt eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta á heilsugæslustöðvum.

67. gr.

67.1. Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 57/1978 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar falla úr gildi reglugerð nr. 505/1979 um sjúkrahús Suðurlands og heilsugæslustöð Selfoss, og reglugerð nr. 338/1980 um heilsugæslustöð Kópavogs.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. apríl 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. Gildissvið.
   1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli.
2. Lendingargjald.
   2.1 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars skal greiða gjald samsvarandi US$ 4.80 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi US$ 60.00, þó með þeim fyrirvara, að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför, sem eru 5.700 kg að þyngd eða þyngri.
3. Stæðisgjald.
   3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
   3.2 Fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af skal greitt stæðisgjald samsvarandi US$ 0.30 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins.
4. Undanþágur.
   Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:
   4.1 Loftför í sjúkraflugi, eða leitar- og björgunarflugi.
   4.2 Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
   4.3 Loftför í áætlunarflugi, sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
   4.4 Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
   4.5 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
   4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
5. Þjónustugjald.
   5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneytinu.
   5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.
6. Almenn ákvæði.
   6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess, eins og hann er skráður í lofthæfnisskírteinið.
   6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallastjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga, er flugvallastjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.
7. Gildistaka.
   7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964, og tekur gildi 1. maí 1982. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 449, 23. desember 1977.

Utanríkisráðuneytið, 20. apríl 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 530,00
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.

2. flokkur: Gjald kr. 1 060,00
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarblásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.

3. flokkur: Gjald kr. 1 600,00
áburðardreifarar, talíur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsblásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.

4. flokkur: Gjald kr. 2 100,00
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.

5. flokkur: Gjald kr. 2 600,00
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfelli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1982.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

20. apríl 1982. Nr. 163.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1.—7. maí 1982.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1982 til og með 7. maí 1982, eru togskipum, öðrum en þeim, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982, bannaðar allar þorskveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, er togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutfall þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi togbátur að landi með afla á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 7. maí 1982, og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal litið svo á að hér sé

um ólöglegan afla að ræða og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi togbátur að landi eftir lok tímabilsins, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þem, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Nr. 164. 15. apríl 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 6.10.4.3. orðist svo:

Um byggingaleyfisgjöld sumarhúsa gilda ákvæði 9.2.1. þessarar reglugerðar.

Liður 9.2.1. orðist svo:

Fyrir leyfi til að reisa hús eða annað mannvirki skal greiða fast gjald í sveitarsjóð kr. 210,00, að auki skal fyrir nýbyggingar greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúmmálinu sbr. IST 60.

Fyrir sumarhús sbr. 6.10.4.3. skal auk fasta gjaldsins sem er kr. 210,00 greiða allt að kr. 10,50 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Fyrir orlofsheimili verkalýðsfélaga skal þó auk fastagjaldsins sem er kr. 210,00 greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjöld fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té samkvæmt 4. kafla, lið 4.11. þessarar reglugerðar. Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að taka eftirlitsgjald af sumarbústöðum, enda sé um raunverulegt eftirlit að ræða af hálfu sveitarstjórnar.

2. gr.

Liður 9.2.2. orðist svo:

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins sbr. 3.1.1. skal greiða í sveitarsjóð kr. 210,00.

3. gr.

Liður 9.2.3. orðist svo:

Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 350,00 í sveitarsjóð.

4. gr.

Liður 9.2.4. orðist svo:

Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan eins árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 210,00.

5. gr.

Liður 9.2.5. orðist svo:

Gjöld skv. þessum kafla skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar er reglugerð þessi öðlast gildi og skulu breytast eftir henni. Ber í því efni að miða við meðalvísitölu ársins á undan.

6. gr.

Liður 9.2.6. orðist svo:

Byggingarfulltrúi innheimtir öll gjöld samkvæmt þessum kafla.
Skulu leyfi eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd.
Öll gjöld skv. þessum kafla má innheimta með lögtaki.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt VII. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

15. apríl 1982. Nr. 165.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. október 1982 er framleiðsla eftirtalinna forskriftarlyfja og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Capsulae indometacini 25 mg
Tablettae folicae 5 mg NORD
Tablettae natrii bicarbonatis 500 mg NORD
Tablettae prednisoloni 5 mg NORD
Tablettae theophyllamini 100 mg DAK

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. mars 1983.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur nr. 108 4. mars 1975, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 61 25. janúar 1977, sbr. og reglugerð nr. 336 21. september 1977.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.54 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.28 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0.54 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 35.65 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.28 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 28.75 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.18 af hverri brúttórúmlest skipsins en þó aldrei minna en kr. 46.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 105.80 fyrir hvert skip, auk kr. 0.28 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 23.00 í hafnsögusjóð.

5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 9.80 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 20.70 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 57.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 5.60 fyrir hvern rúmmetra.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febrúar 1982, sbr. auglýsingu nr. 11 1. febrúar 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 701 27. nóvember 1981.

Samgönguráðuneytið, 30. mars 1982.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

30. mars 1982. Nr. 167.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 388 26. nóvember 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.54 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.28 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0.54 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 35.65 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.28 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 28.75 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 105.80 fyrir hvert skip, auk kr. 0.28 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 23.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 9.80 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 20.70 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 57.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 5.60 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febrúar 1982, sbr. auglýsingu nr. 11 1. febrúar 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 702 27. nóvember 1981.

Samgönguráðuneytið, 30. mars 1982.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 168. 30. mars 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.54 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.28 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0.54 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 35.65 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.28 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 28.75 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 9.80 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 20.70 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 57.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 5.60 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febrúar 1982, sbr. auglýsingu nr. 11 1. febrúar 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 703 27. nóvember 1981.

Samgönguráðuneytið, 30. mars 1982.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

30. mars 1982. Nr. 169.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi nr. 195 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.54 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.28 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0.54 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 35.65 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.28 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 28.75 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

10. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 105.80 fyrir hvert skip, auk kr. 0.28 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 23.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 9.80 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 20.70 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 57.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 5.60 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4.70.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 105, 24. febrúar 1982, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 106, 24. febrúar 1982, hækki um	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 107, 24. febrúar 1982, hækki um	40%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 108, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 109, 24. febrúar 1982, hækki um ..	23%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 110, 24. febrúar 1982, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 112, 24. febrúar 1982, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 114, 24. febrúar 1982, hækki um	17%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 115, 24. febrúar 1982, hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 116, 24. febrúar 1982, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 117, 24. febrúar 1982, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Egilsstaðahr. og Fella, nr. 369, 2. júní 1981 með síðari breytingum.	
Öll gjöld samkv. gjaldskránni hækki um	23%
nema heimæðagjöld, sem hækki um	14%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 763, 24. nóv. 1981, hækki um	11,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 765, 24. nóv. 1981, hækki um ..	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 773, 24. nóv. 1981, hækki um	25%

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

B 56

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna er gildi frá og með 1. maí 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 118, 15. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 119, 24. febrúar 1982, hækki um ..	23%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 120, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 121, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 123, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 124, 24. febrúar 1982.	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	23%
nema taxtar A-1 og A-2 sem hækki um	14,7%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 125, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 126, 24. febrúar 1982, hækki um	18%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 127, 24. febrúar 1982.	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	23%
nema liður A-1, orka til almennrar lýsingar, sem hækkar um	14%
Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 128, 1. mars 1982.	
Allir gjaldskrárliðir hækki um	17,4%
nema taxti C-2 sem hækkar um	22%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 129, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 130, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 131, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 132, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 133, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 134, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 135, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 136, 24. febrúar 1982, hækki um	23%

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 223. 28. apríl 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. maí 1982:

A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 137, 24. febrúar 1982.
I Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 23%
II Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 22%
III Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 23%
B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 99, 24. febrúar 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 122, 24. febrúar 1982, hækki um 23%

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

27. apríl 1982. Nr. 224.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1982.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 8. maí 1982 til og með 20. maí 1982, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar fyrir Vestur- og Suðurlandi á svæði, sem markast af línum dregnum réttvísandi norður frá Hornbjargi og réttvísandi suðaustur um Papey.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1982 til og með 15. ágúst 1982, eru allar þorskveiðar í net bannaðar.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net samkvæmt 1. mgr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildarafla einstakrar veiðiferðar verður andvirði þorskafla yfir 15% gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 23, nr. 221—224. Útgáfudagur 29. apríl 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1982

Nr. 225. 444 30. apríl 1982.

REGLUGERÐ

um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum

I. KAFLI
Almenn ákvæði

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, nema annað sé ákveðið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gjald af bifreiðum skal lagt á í sjö eftirfarandi flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd í kg	Sprengirými í cm^3	Gjald í %
I	0— 700	0—1000	0
II	701— 800	1001—1300	5
III	801— 900	1301—1600	10
IV	901—1100	1601—2000	15
V	1101—1300	2001—2300	20
VI	1301—1500	2301—3000	25
VII	$\geq$1501	$\geq$ 3001	30

Við flokkun til gjaldskyldu í lægri gjaldflokk, komi fleiri en einn til álita skv. 1. mgr., nægir að annað skilyrðið, eigin þyngd eða sprengirými, sé uppfyllt. Með „eigin þyngd" er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles — Weights — Vocabulary (töluliður 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m. a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

3. gr.

Af öllum bifhjólum og beltabifhjólum skal greiða 10% gjald.

4. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskrárnúmerum skulu undanþegin sérstöku gjaldi af bifreiðum:

87.01.20	Dráttarbifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna.
87.02.12	Ökutæki á beltum, yfir 400 kg að eigin þyngd.
87.02.17	Ökutæki með burðarþol 6 tonn og þar yfir, til flutnings bæði á mönnum og vörum.
87.02.29	Almenningsbifreiðar.
87.02.31—32	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

87.02.35	Flutningstæki fyrir grjót o. þ. h.
87.02.37—38	Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
87.02.43	Sjúkrabifreiðar.
87.03.01—09	Bifreiðar til sérstakrar notkunar.
	Bifreiðar sem eru knúnar rafhreyfli.

II. KAFLI
Innfluttar bifreiðar og bifhjól

5. gr.

Við innflutning gjaldskyldra bifreiða, bifhjóla, og beltabifhjóla skal gjald skv. 2. og 3. gr. lagt á tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum. Gjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum gjaldskyldum vörum ásamt aðflutningsgjöldum.

6. gr.

Innflytjandi bifreiðar, bifhjóls eða beltabifhjóls skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi, ásamt aðflutningsskýrslu, umsókn á þar til gerðu eyðublaði um skráningu ökutækis þar sem m. a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. og 3. gr.

Eyðublöð vegna umsóknar um skráningu ökutækis fást hjá tollyfirvöldum.

III. KAFLI
Innlend samsetning

7. gr.

Bifreiðar sem settar eru saman hér á landi eru gjaldskyldar skv. 2. gr., sbr. þó 4. gr., og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en sérstakt gjald af bifreiðum hefur verið greitt.

8. gr.

Gjald af bifreiðum sem settar eru saman hér á landi skal lagt á matsverð sem fundið skal samkvæmt sömu reglum og gilda um ákvörðun tollverðs sams konar eða hliðstæðra innfluttra bifreiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. m. a. bifreiðaverðskrá sem gefin er árlega út af fjármálaráðuneytinu skv. 2. mgr. 13. gr. tollskrárlaga.

9. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru allir þeir sem setja saman bifreiðar hér á landi, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari grein skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir gjald það sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu, sem innt skal af hendi áður en skráning bifreiðar fer fram, skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu bifreið ásamt umsókn um skráningu, sbr. 6. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eða lækka sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari af fólksbifreiðum til öryrkja sem njóta tollaívilnana. Um niðurfellingu eða lækkun gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ákveðið er í tilkynningu ráðuneytisins um eftirgjöf hverju sinni.

Við tollafgreiðslu fólksbifreiða til leigubifreiðastjóra og ökukennara sam hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga eða kennslubifreiða skal einungis innheimta, miðað við flokkun viðkomandi bifreiðar, hálft það gjald sem um ræðir í 2. gr., en að þremur fjórðu hlutum ef um aukastarf er að ræða. Af sendibifreiðum sem bera 1450 kg hlass eða meira skal heimilt að fella gjaldið niður við tollafgreiðslu til sendibifreiðastjóra sem hafa akstur að aðalstarfi, en sama regla og um ræðir í 1. málslið skal gilda um aðrar sendibifreiðar til sendibifreiðastjóra. Um eftirgjöf sérstaks gjalds af bifreiðum þessara aðila skal farið eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga eftir því sem við á. Þó skal fyrning samkvæmt reglum settum samkvæmt 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga vegna eftirgjafar af sendibifreiðum sem bera 1450 kg hlass eða meira vera fjögur ár í stað þriggja.

Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem settar eru saman hér á landi.

Tollstjóranum í Reykjavík er falin framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

11. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 163/1978 um sama efni svo og reglugerð nr. 453/1981 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um eigin áhættu ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 1. málsgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skulu vera kr. 1.000.00.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1982

Nr. 227. 448 30. apríl 1982.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 11.68% hækkun á gildandi gjaldskrám eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 166/1982.
2. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 169/1982.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 170/1982.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 171/1982.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 174/1982.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 175/1982.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 177/1982.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 180/1982.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 184/1982.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 188/1982.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 189/1982.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 191/1982.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 194/1982.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 196/1982.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 197/1982.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 199/1982.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 210/1982.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 202/1982.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 203/1982.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 204/1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 207/1982.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og nr. 209/1982.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 210/1982.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðnesbrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 211/1982.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 212/1982.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 213/1982.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 214/1982.

Gjaldskrár eftirtalinna hafnarsjóða hækka til samræmis við ofangreindar hafnir:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 711/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 723/1981.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 738/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1982.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

30. apríl 1982. Nr. 228.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 19 10. febrúar 1982 og reglugerð nr 143 24. mars 1982 um breyting á henni.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Skipum, er veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

   a) 66°34′7 N, 22°00′0 V
   b) 66°37′3 N, 21°21′5 V
   c) 66°58′6 N, 20°54′0 V
   d) 66°59′0 N, 20°40′0 V
   að austan markast svæðið af 20°40′0 V.

2. Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 360° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Langanesi og að austan af línu, sem dregin er 81° réttvísandi frá Langanesi. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 30 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

   Á tímabilinu frá og með 15. september til og með 31. janúar ár hvert eru ennfremur bannaðar veiðar með botn- og flotvörpu á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

3. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

   a) 65°25′0 N, 27°00′0 V
   b) 65°26′0 N, 26°54′0 V
   c) 65°08′0 N, 26°48′0 V
   d) 64°39′0 N, 26°54′0 V
   e) 64°39′0 N, 27°02′0 V
   f) 65°03′0 N, 27°09′0 V.

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum og tíma eru skipum bannaðar allar veiðar:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

   a) 63°32′0 N, 22°00′0 V
   b) 63°32′0 N, 21°10′0 V
   c) 63°00′0 N, 21°10′0 V
   d) 63°00′0 N, 22°00′0 V.

2. Norður af Kögri allt árið á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 67°17'0 N, 23°51'0 V
b) 67°20'0 N, 22°32'5 V
c) 67°01'0 N, 22°12'3 V
d) 66°57'0 N, 23°21'0 V.

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar, þegar slíkar veiðar eru leyfðar og ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða norður af Kögri.

3. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða viðurlög refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 8. maí 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 174 11. mars 1980, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt breytingu á henni nr. 487/1981.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1982

Nr. 230. 452 3. maí 1982.

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Gjaldið skal fyrir hverja tollafgreiðslu annað hvort vera

1. hlutfall af tollverði innfluttrar vöru skv. 2. gr. eða
2. tillekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu skv. 3. gr.

Vörur sem tilgreindar eru í 4. gr. eru undanþegnar tollafgreiðslugjaldi og skal tollverð þeirra dregið frá heildartollverði vörusendingar áður en tollafgreiðslugjald er ákveðið skv. 2. eða 3. gr.

Hafi vörusending verið sett í tollvörugeymslu skal 1% tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 2. gr., eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvörugeymslu, en ekkert tollafgreiðslugjald skal innheimt af þeim vörum úr sömu vörusendingu sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. Hafi tollafgreiðslugjald af vörusendingu sem sett er í tollvörugeymslu hins vegar verið ákveðið skv. 3. gr. skal það greitt við tollafgreiðslu úttektar hverju sinni í hlutfalli við verðmæti úttektar af gjaldskyldri vöru úr sendingunni en þó skal innflytjanda heimilt að greiða það í einu lagi við fyrstu úttekt.

2. gr.

Af öllum innfluttum vörum, öðrum en þeim sem um ræðir í 3. gr. eða undanþegnar eru tollafgreiðslugjaldi skv. 4. gr., skal greiða 1% tollafgreiðslugjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttrar vöru og gilda um ákvörðun tollverðs ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 1. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 3. gr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af vörum sem tilgreindar eru í aðflutningsskýrslu samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Séu vörur sem tollafgreiða skal samkvæmt aðflutningsskýrslu ýmist gjaldskyldar skv. 2. eða 3. gr. skal 1% tollafgreiðslugjald skv. 1. mgr. þessarar greinar greitt af tollverði þeirra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt þessari grein, enda nái tollafgreiðslugjald þannig ákveðið lágmarksfjárhæð tollafgreiðslugjalds eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 3. gr. Að öðrum kosti skal tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 3. gr.

3. gr.

Af eftirtöldum vörum skal við tollafgreiðslu greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð þeirra samtals innan við 5 000 kr. skal greiða af þeim 50 kr., sbr. þó 3. mgr. 1. gr. að því er varðar vörusendingar sem settar hafa verið í tollvörugeymslu:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, þó skal undanþiggja hráefni til brauð-, sælgætis- og kexgerðar gjaldi samkvæmt þessari grein og skulu um niðurfellingu tollafgreiðslugjaldsins gilda ákvæði 2. gr. auglýsingar nr. 577/1980.
2. Skipum, sbr. þó 5. tl. 4. gr., og flugvélum.
3. Flugvélaeldsneyti, gasolíu og brennsluolíu.

4. gr.

Undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar eru eftirtaldar vörur:

1. Vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr., 1.—5. tl., 42. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og bifreiðar sem tollmeðferð hljóta skv. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga og endursendar eru úr landi.
2. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna og ekki eru vörugjaldsskyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, þó ekki vörur sem um ræðir í 1. tl. 3. gr. að undanskildum aðföngum til iðnaðar sem þar um ræðir.
3. Vörur sem við innflutning eru undanþegnar tolli og/eða sérstöku tímabundnu vörugjaldi skv. 11., 12., 17. og 21. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1980 um breyting á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.
4. Vörur til álbræðslunnar í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Áburðarverksmiðju ríkisins sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt ráðuneytisbréfum, dags. 6. júní 1967, 7. nóvember 1978 og 15. nóvember 1978.
5. Vörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalagi Evrópu og við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt E-dálki 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum eða undanþegnar eru tolli skv. 13. tl. 3. gr. sömu laga, enda séu við tollafgreiðslu vara þessara uppfyllt skilyrði auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni. Sama skal gilda um vörur sem undanþegnar voru tolli fyrir 1. janúar 1980 skv. 6. tl. 3. gr. tollskrárlaga að uppfylltum öðrum skilyrðum þessa töluliðar.
6. Vörur sem tollmeðferð hljóta samkvæmt ákvæðum II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. svo og vörur sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum við innflutning skv. 8. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.
7. Sendingar sem heimilt er að afhenda viðtakendum án útgáfu aðflutningsskýrslu svo og sendingar sem eru að tollverðmæti 250 kr. eða minna og fluttar eru inn af viðkomandi til eigin nota en ekki í atvinnuskyni.

Af öðrum vörum skal greiða tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr.

5. gr.

Tollafgreiðslugjald samkvæmt reglugerð þessari skal ekki teljast gjaldstofn við útreikning á sérstöku vörugjaldi sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, en það myndar hins vegar stofn til söluskatts.

6. gr.

Innflytjendum, sem heimild hafa til að greiða aðflutningsgjöld af efni til skipasmíða og viðgerða með skuldarviðurkenningu, sbr. ráðuneytisbréf, dags. 14. jan. 1980, skal jafnframt heimilt að greiða tollafgreiðslugjald af sömu vörum með skuldarviðurkenningu ásamt aðflutningsgjöldum.

Reglur um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu tollafgreiðslugjalds, eftir því sem við getur átt, m. a. lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluhlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslugjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

7. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess, ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 56/1982 um sama efni svo og reglugerð nr. 57/1982 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 231. 30. apríl 1982.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	880,00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	310,00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	310,00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	310,00
5.	Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	65,00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	400,00
7.	Fyrir fjármark	—	78,00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	—	45,00

9.	Fyrir innköllun	kr. 400,00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 160,00
11.	Fyrir ógildingarstefnu	— 400,00
12.	Fyrir dómsbirtingu	— 400,00
13.	Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 230,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 37,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 17. maí 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 18 22. janúar 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1982

Nr. 232. 456 7. maí 1982.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Fylkis í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 27, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Fylkis í Rangárvallasýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélagið Fylkir viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 27, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 163 19. júlí 1966.

Samgönguráðuneytið, 7. maí 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 27. apríl 1982, um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1982.

1. gr.

Í stað orðanna: „20. maí 1982", í 1. gr. reglugerðarinnar, komi: 15. maí 1982.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

11. maí 1982. Nr. 234.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

1. gr.

2. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1982, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a.m.k. 25 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1982.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 35 daga.
2. 15% í 50 daga.
3. 30% í 50 daga.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 235. 5. maí 1982.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá 8. maí 1982 er felld úr gildi reglugerð nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 232—235. Útgáfudagur 13. maí 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1982

14. maí 1982. 459 Nr. 236.

GJALDSKRÁ fyrir póstþjónustu.

Gildir frá 1. júní 1982.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innan-lands Burðar-gj. aur.	Norðurlönd Alm. burðar-gj. aur.	Norðurlönd [1] Flug-burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.
Bréf.	20	300	300	[2]	350	[2]	350	600
Hámarksstærð:	100	600	600		850		850	1700
Lengd + breidd	250	1200	1200		1650		1650	4600
+ þykkt 900 mm.	500	2400	2400		3200		3200	8600
Mesta lengd 600 mm.	1000	3600	4500		5550		5550	16600
Í strongum:	2000	9000	9000		9000		9000	31750
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í strongum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm.		250	250		250		250	300
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	250	250	250	250	250	250	300
(Prentkort, sama stærð	100	350	350	450	400	450	400	800
og póstkort).	250	600	600	800	700	800	700	1650
Hámarksþyngd 2 kg.	500	1050	1050	1800	1250	1800	1250	3300
Bækur þó 5 kg.	1000	1650	1650	3250	2100	3250	2100	6300
Burðargjald fyrir prent	2000	2350	2900	5750	2900	5750	2900	12750
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	3650	4350	9150	4350	9150	4350	16300
er sama og fyrir	4000	4750	5800	12550	5800	12550	5800	19850
„Önnur lönd."	5000	5900	7250	15950	7250	15950	7250	23400
Smápakkar.	100	350	350	450	350	450	350	800
Stærð sama og bréfa.	250	600	600	800	700	800	700	1650
Hámarksþyngd 1 kg.	500	1000	1000	1800	1250	1800	1250	3300
	1000	1650	1650	3250	2100	3250	2100	6300
Innrituð blöð og tímarit.								
Innritunargjald 1660.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	150						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald:								
200 eint.								
Hámarksþyngd	100	59						
500 g hvert eintak.	200	117						
	300	170						
	400	294						
	500	384						

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.

[1]) Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.

[2]) Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	400
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands: 15 000 nýkr.	
Burðargjald a). almenn póstávísun	700
b). símapóstávísun	3100
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	900
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (15 000 kr.) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Með póstávísun	1250
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	900
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	1400

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg	Burðargjald aurar: Alm. bögglar aurar	Rúmfr. broth. aurar
Almennir bögglar (innanlands):			
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	1400	2100
	3	1700	2500
	5	2600	3900
	10	4100	6100
	15	5900	8800
	20	6600	9900

	aurar
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald	650
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 500 kr. eða minna	650

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (350 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	650 aurar
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	600 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	1400 aurar
Móttökukvittun	350 aurar

Talning í verðbréfi innanlands: 650 aurar hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 650 aurar. Skiptiverð í frímerkjum 350 aurar.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 600 aurar.

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 600 aurar.

Tollmeðferð böggla: 800 aurar.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 350 aurar.

Geymslugjald böggla: 800 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 350 aurar.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 157 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 790 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 34, 55, 66, 85, 101 kr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. júní 1982. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 51 frá 15. febrúar 1982.

Samgönguráðuneytið, 14. maí 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1982

19. maí 1982. 461 Nr. 237.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

C-liður 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 4/1982, orðist svo:

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,52	15,0—15,9	1,11
5,0— 5,9	0,56	16,0—16,9	1,20
6,0— 6,9	0,60	17,0—17,9	1,29
7,0— 7,9	0,63	18,0—18,9	1,37
8,0— 8,9	0,66	19,0—19,9	1,47
9,0— 9,9	0,69	20,0—20,9	1,55
10,0—10,9	0,73	21,0—21,9	1,64
11,0—11,9	0,76	22,0—22,9	1,74
12,0—12,9	0,85	23,0—23,9	1,82
13,0—13,9	0,93	24,0—24,9	1,91
14,0—14,9	1,03	25,0—25,9	2,00

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

Af fólksflutningabifreiðum er taka 17 farþega eða fleiri, er rétt hafa til hópferðaaksturs skal greiða 10% lægri þungaskatt en greinir í 1. mgr. þessa stafliðs.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 78/1974 um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum öðlast gildi hinn 10. júní 1982 og tekur til aksturs sem á sér stað eftir lok 2. álesturstímabils 1982, en því lýkur á tímabilinu 20. maí til 10. júní 1982.

Fjármálaráðuneytið, 19. maí 1982.

Ragnar Arnalds.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 238. 30. apríl 1982.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	188	6000— 6199	423
2000— 2199	198	6200— 6399	434
2200— 2399	209	6400— 6599	446
2400— 2599	219	6600— 6799	457
2600— 2799	229	6800— 6999	469
2800— 2999	241	7000— 7199	481
3000— 3199	251	7200— 7399	492
3200— 3399	261	7400— 7599	503
3400— 3599	273	7600— 7799	515
3600— 3799	283	7800— 7999	527
3800— 3999	295	8000— 8199	539
4000— 4199	306	8200— 8399	550
4200— 4399	318	8400— 8599	562
4400— 4599	330	8600— 8799	574
4600— 4799	241	8800— 8999	585
4800— 4999	353	9000— 9199	597
5000— 5199	364	9200— 9399	608
5200— 5399	376	9400— 9599	620
5400— 5599	388	9600— 9799	632
5600— 5799	399	9800— 9999	643
5800— 5999	410	10000—10199	654

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
10200—10399	667	13600—13799	954
10400—10599	678	13800—13999	967
10600—10799	690	14000—14199	1 032
10800—10999	701	14200—14399	1 045
11000—11199	713	14400—14599	1 059
11200—11399	725	14600—14799	1 072
11400—11599	736	14800—14999	1 086
11600—11799	748	15000—15199	1 129
11800—11999	759	15200—15399	1 143
12000—12199	810	15400—15599	1 156
12200—12399	833	15600—15799	1 170
12400—12599	845	15800—15999	1 185
12600—12799	857	16000—16199	1 219
12800—12999	870	16200—16399	1 234
13000—13199	916	16400—16599	1 248
13200—13399	928	16600—16799	1 262
13400—13599	941	16800—16999	1 276

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 15 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., sbr. reglugerð nr. 4/1982. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma, sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti, sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., til landsins skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt, sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Endurprentað blað.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur, sem gerðar eru til slíks búnaðar, skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal tollur eða löggæslumaður lesa af ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkv. b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr., skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f.h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 230 30. apríl 1981 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1982

26. apríl 1982. 465 Nr. 239.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilmála.

1. gr.

Sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínum hreppi, eða í samlögum, ef svo hagar til.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir hreppsnefndar eigi í bága við reglugerð þessa.

II. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, eða brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa plötu með skýru brennimarki í eyru á kollóttu fé.

4. gr.

Draga skal fé eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist að annar eigi. Hornamark ræður fremur en eyrnamark og brennimark fremur en eyrnamark og/eða hornamark. Þó er þeim, sem kindin er dregin, skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, sé þess krafist. Nú er kind eða gripur með óglöggu marki eða skemmdu, en maður vill helga sér eftir líkum og telst hann réttur eigandi komi hreppstjóri og réttarstjóri sér saman um það.

5. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar, svo sem landslög mæla fyrir, ekki sjaldnar en áttunda hvert ár og skal útgáfu og útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem skráin kemur út.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Sýslunefnd ræður markavörð, er sér um söfnun marka og útgáfu markaskrár. Hver markeigandi skal greiða gjald það, er sýslunefnd ákveður, fyrir innfærslu marksins í skrána, og skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við skráningu, prentun og útsendingu. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi gjaldið eigi til fyrir kostnaðinum greiðist það er á vantar úr sýslusjóði. Hvert heimili, sé þar markeigandi, fær eitt eintak af markaskránni ókeypis.

Í markaskrá skal vera:

1. Skrá um eyrnamörk og brennimörk, sem heimilt er að nota í sýslunni.
2. Nafnaskrá markeigenda.
3. Skrá um ben þau, sem heimilt er að nota í sýslunni, ásamt skýringamyndum.
4. Útdráttur úr reglugerðum um mörk og markaskrár og litamerkingu sauðfjár.

6. gr.

Eyrnamörk, sem leyfilegt er að nota innan sýslunnar eru þessi: Biti, blaðstíft, fjöður, gagnbitað, hamrað, hálft af, heilrifað, hólfur, hvatt, hvatrifað, lögg, sneiðrifað, sneitt, stig, stífrifað, stýft, sýlt, tvíbitað, tvífjaðrað, tvístýft.

7. gr.

B.1.	Heimilisnotkun	1,14	0,26	94,90/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn	2,32		
	C-VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	1,51	0,87	317,55
C.2.	Með rofi 1½ klst. á dag	1,14		
C.3.	Stórnotkun (Afltaxti)	0,37	3,64	1 329,00
	D-HÚSHITUN			
D.1.	Án rofs	0,69		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0,37		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0,34		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,27		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,20		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,26		
	E-ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		195,00	

	MÆLA-OG ROFALEIGA		
10	Einfasa	0,21	76,65
11	Einfasa með rofa	1,11	405,15
20	Þrífasa	0,82	299,30
21	Þrífasa með rofa	1,72	628,00
24	Þrífasa með 2 rofum	2,14	781,00
30	Þrífasa með aflmæli	1,32	481,80

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólffletar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m^2 reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

C. Vélar.

C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.

C. 2 Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín.

D. Hitun.

D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselolíu á hverjum tíma.
d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur aðalvara 220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
2.01	2×35	1×35	7	3 122,00
2.02	2×60	1×60	13	3 747,00
2.03	3×60		22	4 681,00
2.04	3×100	3×60	38	6 342,00
2.05		3×100	66	9 251,00
2.06	2×200		76	10 287,00
2.07	3×350	3×200	132	16 103,00
2.08		3×350	231	26 385,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			1 159,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			2 317,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			3 973,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			149,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	21 465,00
3.02	300	40 162,00
3.03	500	65 025,00
3.04	600	77 456,00
3.05	800	102 327,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: Yj=(141,45+0,17×kVA) kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj=(94,70+0,12×kVA) kr/m að viðbættum kr. 1 679,00 á hvern stólpa í umframlínu.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 120 24. febr. 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 1. maí 1981 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 1,06 kr.

Skammstafanir:
kw = kílówatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílówattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárliður	Orkuverð g/kwh	Orkuverð kr/kwh	Aflverð og fastagjöld Ársgreiðslur g/a	Aflverð og fastagjöld Ársgreiðslur kr/a
A1 (Lýsing)	1	1,06	30	31,80 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	2,12		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	3,18		
B1 (Heimili)	1	1,06	180	190,80 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	1,06	600	636,00 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,32	1600	1 696,00 á árskílówatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	0,64		Án rofs , 0,91 til annarra nota
D2 —	0,336	0,36	Rof	1,5 h/d , 0,51 til annarra nota
D3 —	0,316	0,33	Rof	2,5 h/d , 0,47 til annarra nota
D4 —	0,257	0,27	Rof	4,5 h/d , 0,38 til annarra nota
D5 —	0,178	0,19	Rof	14,6 h/d , 0,27 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxta D1—5, samtals 42.5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxta A3.

F. Mæla- og rofagjöld.

		Árgjöld g/a	Árgjöld kr/a	Daggjöld kr/d
F10	Einfasa mælir	300	318,00	0,87
F11	Einfasa mælir m. rofa	900	954,00	2,61
F20	Þrífasa mælir	600	636,00	1,74
F21	Þrífasa mælir m. rofa	1200	1 272,00	3,48
F30	Aflmælir	2800	2 968,00	8,13

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á töxtum:

A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólffletar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.

A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.

A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.

B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m^2 reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrýmis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxta A1.

C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafl, samanlagt reiknað í heilum kw.

C2: Mesta ársálag mælt um mestafl-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.

A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvarar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjald-skrár-liður	Málstraumur stofnvara í 220 V kerfi A	380 V kerfi A		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu g = 3600 + 130 × kVA Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T1	2 × 60	1 × 60	0,22 × 60	= 13	5 360	5 682,00
T2	3 × 60		0,38 × 60	= 22	6 570	6 964,00
T3	3 × 100	3 × 60	0,38 × 100	= 38	8 730	9 254,00
T4		3 × 100	0,66 × 100	= 66	12 510	13 261,00
T5	3 × 200		0,38 × 200	= 76	13 860	14 692,00
T6	3 × 350	3 × 200	0,66 × 200	= 132	21 420	22 705,00
T7		3 × 350	0,66 × 350	= 231	34 780	36 867,00
T8				= 300	44 100	46 746,00
T9				= 500	71 100	75 366,00
T10				= 800	111 600	118 296,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) **Um heimtaugar:**

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: **Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra,** að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) **Um spennistöðvar:**

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **Almennt:**

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á rekstrurskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
	Orkugjald	—	5,17 á kWh
1.2.	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	2,79 á kWh
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Orkugjald	—	1,39 á kWh
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Fast gjald á ljósker	—	20,30 á mán.
	Orkugjald	—	0,66 á kWh
1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Orkugjald	—	2,15 á kwh

B. Heimili.

2.1.	Fast gjald	kr.	63,22 á mán.
	Orkugjald	—	1,18 á kWh
2.2.	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald lágmark 4 kW (Fastagjald)	—	7 085,00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	962,00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	0,30 á kWh
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	1,18 á kWh

C. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	2,79 á kWh
3.2.	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	1 734,00 á kW á ári
	Orkugjald	—	0,54 á kWh
3.3.	Súgþurrkun 1. júní—31. október:		
	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Aflgjald	—	540,00 á kW á ári
	Orkugjald	—	0,22 á kWh

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	105,17 á kW á ári
	Orkugjald	—	1,11 á kWh
	Enginn roftími.		
4.2.	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	105,17 á kW á ári
	Orkugjald	—	0,87 á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3.	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	105,17 á kW á ári
	Orkugjald	—	0,41 á kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4.	Markmæling:		
	Fast gjald	—	40,59 á mán.
	Aflgjald lágmark 5 kW hámark 20 kW	—	872,00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	0,18 á kWh
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	1,18 á kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhitun.

4.5.	Sumarhitun:		
	Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
	Orkugjald	—	0,23 á kWh

4.6. Næturhitun:

Fast gjald	kr.	40,59 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW	—	105,17 á kW á ári
Orkugjald	—	0,23 á kWh

Roftími 14 klst. á dag.

F. Annað.

5.1. Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti ..... kr. 248,46

5.2. Sérsamningar.

1. Flatarmálsgjöld.

Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	1,59 á m^2 á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	0,79 á m^2 á mán.

2. Mestaaflsmæling.

2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.

2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

2.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálag.

3.1. Ef fastviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fastviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fastviksstuðullinn er undir 0.8.

3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

4. Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt óskum notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafl er takmarkað, áskilur Orkubú Vestfjarða sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 23,5% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWh-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar, sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Sérsamningar o. fl.

7.1. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.

7.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

8. Heimtaugagjöld í þéttbýli.

8.1. Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, svo sem hér segir:

8.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

8.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald Kr.	Gjald af yfirlengd jarðstrengur Kr./m
63	9 545,00	268,14
100	15 129,00	334,56
200	31 488,00	389,91
300	39 606,00	490,77

Bráðabirgðaheimtaug greiðist samkvæmt kostnaði.

8.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.

8.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.

8.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim þörfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

8.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugagjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

9.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 8 586,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 717 082,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 717 082,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 8 586,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 8 586,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 909 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 394 387,00 kr.

Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu nr. 223/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 122 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	1,88 kWh
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	3 956,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	1,35 kWh
	Lágmarksgjald ..... Leiga af mælum ekki tekin.	—	20,15 á mán.
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	2,50 kWh
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu	—	0,44 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	—	1 787,00 árskW
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	0,32 kWh
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag Mælaleiga samkv. kafla II.	—	0,44 kWh
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	0,34 kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 30 amp. og minna	kr.	6,65 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minna	—	11,05 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	15,50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	6 708,00	214,00
63 A 3-fasa	7 945,00	214,00
100 A 3-fasa	10 353,00	294,00
125 A 3-fasa	12 945,00	328,00
200 A 3-fasa	20 242,00	445,00
300 A 3-fasa	29 256,00	806,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 90,00
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 90,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 127 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1981.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 312. 24. maí 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	kr. 1,62 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr. 1,23 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr. 1,62 á kwh
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kw	kr. 0,46 á kwh
	Aflgjald með lýsingu	kr. 1 893,00 kw/á ári.
3.3	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:	
	Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun	kr. 1,54 hverja kwh
	Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun	kr. 0,98 hverja kwh
	Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun	kr. 0,90 hverja kwh

4. Hitun.

4.1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr. 0,41 á kwh
4.2	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 ×1,5 klst. á dag	kr. 0,58 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld			Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A	1-fasa	kr.	5 318,00	303,00
63 A	3-fasa	kr.	5 318,00	303,00
100 A	3-fasa	kr.	7 170,00	344,00
125 A	3-fasa	kr.	8 825,00	389,00
200 A	3-fasa	kr.	11 629,00	526,00
300 A	3-fasa	kr.	20 154,00	620,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 51,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 51,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 1,70 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 1,09 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 560,00 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 16,65 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Kr. 1,26 hver kWh til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 1,51 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 569/kW/ár og kr. 0,36 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 1,51 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,20/0,17 hver kWh og kr. 1 603,00 hvert kW.

C—5 Kr. 2,26 hver kWh til nýbygginga.

D. Hitun.

D—1 Kr. 0,31 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,22 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 0,69 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0,47 hver kWh til iðnaðar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.

2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 79,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 315,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 531,00
Aflmælir	kr. 513,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 808,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 354,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 513,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur			Heimtaugargjald
63	A	1-fasa	kr. 6 600,00
63	A	3-fasa	kr. 7 220,00
100	A	3-fasa	kr. 11 415,00
160	A	3-fasa	kr. 18 280,00
200	A	3-fasa	kr. 22 850,00
315	A	3-fasa	kr. 35 990,00
400	A	3-fasa	kr. 45 680,00
715	A	3-fasa	kr. 81 100,00
1 200	A	3-fasa	kr. 137 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur			Stofngjald	Lengdargjald	
				Jarðstrengur	Loftlína
			kr.	kr/m	kr/stólpi
63	A	1-fasa	1 290,00	192,00	2 430,00
63	A	3-fasa	1 810,00	192,00	2 820,00
100	A	3-fasa	1 920,00	250,00	3 235,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 170,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 170,00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 124 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 314. 24. maí 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1 Um kWh-mæli á kr. 5,36.
1.2 Um kWh-mæli á kr. 2,25 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 1,80 á ferm., á mánuði.
b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0,95 á ferm., á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWh-mæli kr. 1,33 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 9,80 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 3,65 á hverja kWh.
3.2 Kr. 1,13 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
3.3 Kr. 1,46 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.
3.4 Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 1 381,00 kW/ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0,49 hver kWh.
3.5 Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWh-mæli á kr. 0,49 á hverja kWh, auk fastagjalds kr. 1 079,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,59 hver kWh.
4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,31 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 2,25. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.
5.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 0,92. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum ..... kr. 9,80 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp. ..... kr. 12,70 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. ..... kr. 31,20 á mán.
4. Af mestaaflsmælum ..... kr. 57,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1. 60 A 1-fasa ..... kr. 9 100,00 innif. allt að 40 m.
2. 60 A 3-fasa ..... kr. 13 650,00 innif. allt að 40 m.
3. 100 A 3-fasa ..... kr. 17 600,00 innif. allt að 40 m.
4. 2000 A 3-fasa ..... kr. 24 200,00 innif. allt að 40 m.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 135,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 135,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 125 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	3,54 kr. á kWh
1.2	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	1,65 kr. á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	1,06 kr. á kWh

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	2,04 kr. á kWh
	Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	4 420,00 kr. á ári.
	Aflgjald frá 3—5 kW	1 497,00 kr. á kW
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	0,51 kr. á kWh
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	1 325,00 kr. á kW á ári.
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	0,42 kr. á kWh
3.4	Til súgþurrkunar	
	Fast gjald	F1
	Orkugjald	0,47 kr. á kWh

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	0,80 kr. á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	0,34 kr. á kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.	
4.3	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	0,18 kr. á kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.	

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	1,06 kr. á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.
Föst gjöld.

F1		25,06 kr. á mán.
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	0,79 kr. á m^2 mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	0,46 kr. á m^2 mán.
F3		8,00 kr. á gj.e. mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m^2 mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... 104,43 kr. kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusöku til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 212,40.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 112,10 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug	kr. 43,96
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að	kr. 3 158,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982, um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 126 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.
Orkugjald 1,29 kr/kWh.
Fastagjald 470,00 kr/a.
Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrám, og getur verið skráður þannig á reikningum.

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.
Aflgjald 1 864,00 kr/kW/a.
Orkugjald:
0—2500 kWh/kW 0,60 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW 0,34 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW 0,17 kr/kWh
Mælaleiga samkvæmt dagskrá.
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.
Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölugjald af þeirri orku.
Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umræddsmánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Orkugjald 0,35 kr/kWh (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).
Fastagjald 470,00 kr/a
D3 Orkugjald 0,50 kr/kWh
Fastagjald 470,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2 Orkugjald 1,88 kr/kWh.
Fastagjald 470,00 kr/a
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald 3 738,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 3 738,00 kr/kW/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir	90,00	kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	350,00	kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum	590,00	kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	590,00	kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	940,00	kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1]) kr/m
63 A einfasa	7 750,00	235,00
63 A þrífasa	8 450,00	235,00
100 A þrífasa	13 500,00	295,00
200 A þrífasa	27 900,00	350,00
315 A þrífasa	42 300,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	52 800,00	—
710 A þrífasa	96 300,00	—
1200 A þrífasa	164 000,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald [1][2] Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	1 530,00	235,00
63 A þrífasa	2 110,00	235,00
100 A þrífasa	2 230,00	295,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 190,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 190,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 190,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.

---

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 23,5% sölugjald, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 128 1. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 317. 24. maí 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 1,90 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 1,38 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 0,48 kr/kWh.
Aflgjald 1 328,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:
Orkugjald 0,70 kr/kWh.

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald 0,27 kr/kWh.

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 1,00 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 0,30 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 111,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 264,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 450,00
Aflmælir	kr. 432,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 684,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal árleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Gjald af yfirlengd	
Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	6 860,00	225,00	1 830,00
3 × 63	7 440,00	225,00	3 150,00
3 × 100	11 780,00	340,00	4 010,00
3 × 200	23 260,00	565,00	
3 × 315	37 070,00	660,00	
3 × 400	47 110,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	83 580,00	—	
3 × 1200	141 250,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A ..... kr. 1 520,00 3 × 63A ..... kr. 2 045,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 100,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 129 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 318. 24. maí 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1	Til almennrar lýsingar.	
	Orkugjald	4,90 kr/kWh
1.2	Til almennrar lýsingar.	
	Orkugjald	1,50 kr/kWh
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.	
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	25,50 kr/m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	9,50 kr/m² á ári
1.3	Til götulýsingar.	
	Orkugjald	1,50 kr/kWh
1.4	Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
	Orkugjald	2,45 kr/kWh

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1	Til heimilisnotkunar.	
	Orkugjald	1,14 kr/kWh
	Fastagjald af hverju herbergi	102,70 kr. á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.	
2.2	Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu tæki fasttengd.	
	Orkugjald	1,14 kr/kWh

3. Vélanotkun o. fl.

3.1	Til véla o. fl.	
	Orkugjald	2,45 kr/kWh
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, en þriðjungi lægra.	
3.2	Til véla o. fl.	
	Orkugjald	0,39 kr/kWh
	Aflgjald, lágmark 2 kW	3 951,00 kr. á ári
	Aflgjald, umfram 2 kW	1 317,00 kr/kW á ári
	Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
	Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.	
3.3	Til véla.	

Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

Orkugjald	0,39 kr/kWh
Aflgjald, lágmark	3 679,00 kr. á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	1 046,00 kr. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur viðkomandi rafveita krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra tiltekinn tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	0,93 kr/kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst á dag. Orkugjald	0,40 kr/kWh
4.3 Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til. Orkugjald	0,24 kr/kWh
4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til. Orkugjald	0,45 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum viðkomandi rafveitu.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem viðkomandi rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum viðkomandi rafveitu, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Viðkomandi rafveita ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 84,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 186,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 456,00
Aflmælir	kr. 432,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 684,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Gjald af yfirlengd	
Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	6 020,00	197,00	1 860,00
3 × 63	6 490,00	197,00	2 550,00
3 × 100	7 740,00	221,00	3 280,00
3 × 200	12 320,00	300,00	
3 × 315	25 970,00	410,00	
3 × 400	36 280,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	60 230,00	—	
3 × 1200	96 400,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt, að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum viðkomandi rafveitu um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 1 335,00 3 × 63 A kr. 1 800,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 680,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 112,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 130 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWh-mæli á kr. 6,00 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWh-mæli á kr. 2,47 á hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 26,41 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8,78 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 1,51 hverja kWh.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWh-mæli á kr. 3,36 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1 665,00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 3,36 hverja kWh.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWh-mæli kr. 0,49 hverja kWh auk fastagjalds kr. 1 665,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,49 hverja kWh auk fastagjalds kr. 1 577,00 kW. Í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 665,00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,49 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 26,41 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 8,74 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 14,49 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWh-mæli á kr. 0,62 hverja kWh án rofs.

D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,39 hverja kWh.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,39 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 314,55 hvert kW.

b) ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,17 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verður upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,80 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 3,21.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,55 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,44 hver kWh, á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 1,38 hver kWh, frá 8,30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,78 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 8,93
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 10,47
3.	Af þrífasa mælum 50—200 amp.	— 26,42
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 39,59
5.	Af álagsstýringarliðum	— 39,59

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	7 582,00
2.	3×100	38	11 055,00
3.	3×200	75 sp.	21 876,00
4.	3×350	132 sp.	43 685,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	.....	kr. 1 705,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	.....	— 2 393,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	.....	— 2 537,00.

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 212,79.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 212,79 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 136 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWh-mæli á kr. 6,04 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWh-mæli á kr. 2,50 hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 26,42 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8,79 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 1,51 hverja kWh.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWh-mæli á kr. 3,37 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 665,00

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 3,37 hverja kWh.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWh-mæli á kr. 0,49 hverja kWh auk fastagjalds kr. 1 665,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,49 hverja kWh auk fastagjalds kr. 1 577,00 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3, kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 665,00 kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,49 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 26,45 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 8,79 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 14,50 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWh-mæli á kr. 0,63 hverja kWh án rofs.

D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,38 hverja kWh.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,38 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 314,70 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,18 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,80 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 3,19.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,54 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,44 hver kWh á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 1,38 hver kWh frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,78 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 8,79 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ..... kr. 10,46 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ..... kr. 26,51 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ..... kr. 39,61 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum ..... kr. 39,61 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	7 580,00
2.	3 × 100	38	11 050,00
3.	3 × 200	75 sp.	21 874,00
4.	3 × 350	132 sp.	36 283,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 1 703,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	kr. 1 703,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	kr. 2 537,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 216,48.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 216,48 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 135 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1 Um kWh-mæli á 6,06 kr. hver kWh.

1.2 Um kWh-mæli á 2,50 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 25,83 á ári af hverri einingu gólffflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWh-mæli á 1,53 kr. hver kWh.

C. Vélanotkun.

3.1 Um kWh-mæli á 3,37 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 604,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.

3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 1,38 kr. hver kWh.

3.3 Ef uppsett rafvélaverð fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:

a. Um kWh-mæli á 0,97 kr. hver kWh., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1 1/2 klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

b. Um tvígjaldsmæli á 5,76 kr. hver kWh í 1 1/2 klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 1,07 kr. hver kWh utan þess tíma.

3.4 Um mæli á 1 242,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 0,66 kr. á notaða kWh.

3.5 Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á 814,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 0,66 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

D. Hitun.

4.1 Um kWh-mæli á 0,63 kr. hver kWh, án rofs.

4.2 Um kWh-mæli á 0,36 kr. hver kWh enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 1/2 klst. í senn.

4.3 Um kWh-mæli á 0,17 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1,81 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

5.2 Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 3,08 kr. hver kWh.

5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 0,44 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1,38 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til 22.

5.4 Til gatnalýsingar á 1,38 kr. hver kWh.

5.5 Um kWh-mæli 2,72 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 8,61 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 11,07 —
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	kr. 25,83 —
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	kr. 39,36 —
5.	Af álagsstýringarliðum	kr. 39,36 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 194,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 154,00

II. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgða-heimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	9 615,00	231,00	3 037,00
63 A	3-fasa	10 378,00	278,00	3 812,00
100 A	3-fasa	12 336,00	315,00	4 798,00
200 A	3-fasa	19 901,00	Samkv. kostn.	
315 A	3-fasa	41 713,00	—	
300 kVA	3-fasa	57 915,00	—	
500 kVA	3-fasa	97 875,00	—	
800 kVA	3-fasa	154 585,00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63 A 1-fasa	1 705,00	Sama og aðalheimtaugar	
63 A 3-fasa	2 394,00	Sama og aðalheimtaugar	
100 A 3-fasa	2 539,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 132 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1 Um kWh-mæli á 6,06 kr. hver kWh.

1.2 Um kWh-mæli á 2,50 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 25,83 á ári af hverri einingu gólffflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWh-mæli á 1,53 kr. hver kWh.

C. Vélanotkun.

3.1 Um kWh-mæli á 3,37 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 604,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.

3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 1,38 kr. hver kWh.

3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:

a. Um kWh-mæli á 0,97 kr. hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

b. Um tvígjaldsmæli á 5,76 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 1,07 kr. hver kWh utan þess tíma.

3.4 Um mæli á í 242,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 0,66 kr. á notaða kWh.

3.5 Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á 814,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 0,66 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

D. Hitun.

4.1 Um kWh-mæli á 0,63 kr. hver kWh, án rofs.

4.2 Um kWh-mæli á 0,36 kr hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

4.3 Um kWh-mæli á 0,17 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1,81 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

5.2 Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 3,08 kr. hver kWh.

5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 0,44 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1,38 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til kl. 22.

5.4 Til gatnalýsingar á 1,38 kr. hver kWh.

5.5 Um kWh-mæli 2,72 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds vélanotkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 8,61	pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 11,07	—
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	kr. 25,83	—
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	kr. 39,36	—
5. Af álagsstýringarliðum	kr. 39,36	—

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 194,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 154,00.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	9 615,00	231,00	3 037,00
63 A 3-fasa	10 378,00	278,00	3 812,00
100 A 3-fasa	12 336,00	315,00	4 798,00
200 A 3-fasa	19 902,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa	41 713,00	—	
300 kVA 3-fasa	57 915,00	—	
500 kVA 3-fasa	97 875,00	—	
800 kVA 3-fasa	154 585,00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63 A 1-fasa	1 705,00	Sama og aðalheimtaugar	
63 A 3-fasa	2 394,00	Sama og aðalheimtaugar	
100 A 3-fasa	2 539,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 131 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Njarðvíkur.

Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 6,03 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 2,49 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 26,46 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8,85 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 1,52 hver kWh.

3. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 3,37 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1 665,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 2,70 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 1 665,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 0,49 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 24,67 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 8,78 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 14,50 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,38 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,17 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 0,62 hver kWh án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:

a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,79 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar meðan á framkvæmdum stendur, um kWh-mæli á kr. 3,07 hver kWh.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 13,40 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
2.6. Boðsending: kr. 8,65 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 8,65 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:
4.1. Línugjald kr. 7,20 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 2,40 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar yfir. fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 15,15 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 20,70 fyrstu 3 mín. og kr. 5,05 eða kr. 6,90 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 13,40 og kr. 0,85 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 7,50 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 7,50 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 13,40. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 8,65 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt

sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 13,40.
b. Línugjald kr. 0,85 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 1,00 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.

Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 7,50 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 5,00.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI
Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1. 1.	Númer í telexstöð	kr.	7 757,00
1. 2.	Bæjarlína	—	1 928,00
1. 3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	—	11 504,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.		
1. 4.	Innbyggður endurgati	kr.	2 047,00
1. 5.	Innbyggður vélsendir	—	2 047,00
1. 6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	—	4 719,00
1. 7.	Afriðill	—	1 016,00
1. 8.	Tengipúlt	—	1 509,00
1. 9.	Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.		
1.10.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	—	1 016,00
1.11.	Breyting á telexheiti	—	538,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	— 2 794,00
2.2.	Bæjarlína	— 538,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	— 4 512,00
2.4.	Innbyggður endurgati	— 662,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	662,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 2 419,00
2.7.	Afriðill	— 538,00
2.8.	Tengipúlt	— 682,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	— 1 923,00
3.2.	Innanhúss	— 972,00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 2 898,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,67 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 1,68 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI
Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, 1/3 þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI
Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 8 340,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.

2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.

2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.

2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum, en þó þannig að rásin beri aðeins eina sendingu í einu, gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:

2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.

2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.

2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu — og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:

2.2.1.	Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi	kr. 121,00
	Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi	kr. 193,60
2.2.2.	Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi	kr. 153,20
	Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi	kr. 245,00
2.2.3.	Fyrir 2 víra tallínu í langlínukerfi	kr. 170,70
	Fyrir 4 víra tallínu í langlínukerfi	kr. 273,20
2.2.4.	Fyrir 2 víra datalínu í langlínukerfi	kr. 216,20
	Fyrir 4 víra datalínu í langlínukerfi	kr. 345,80
2.2.5.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	kr. 64,20

2.2.6. Skemmstur leigutími fyrir framangreindar línur er 6 mánuðir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnunni hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ. e. a. s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í ársgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heila tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 160,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 32,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 41,35. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 78,65. fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 77,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 74,45
3.2.	Aukanafn í skrá	— 78,65
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 41,35
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 74,45 + 78,65	— 153,10

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 78,65 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamál-

astofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 41,35. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 74,45. Auglýsingalína kostar kr. 41,35.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 192,50
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 423,80
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 91,20
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 279,50
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 91,20
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 115,80
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 211,20
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 169,60
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 142,70
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 99,30
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 142,70
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 180,00
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörsstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 91,20
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 76,40
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 41,30
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 149,00
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 74,40
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 99,30
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 198,60

1.4.9. Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins ..... — 148,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt ..... kr. 1 430,00
2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna ..... — 715,00
2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta ..... kr. 41,35
Fyrir 6—15 báta ..... — 76,45
Fyrir 16—30 báta ..... — 107,60
Fyrir 31 bát og fleiri ..... — 142,70

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 74,45 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 142,70.
3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 20,70.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 76,45
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 113,80
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 153,20
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 204,80

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki		2 021,00	409,70
5.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki		2 021,00	591,90
5.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki		1 585,00	409,70
5.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki		1 463,00	409,70
5.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki		1 585,00	434,50
5.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki		2 487,00	653,90
5.7.	FT	Talsendir		2 328,00	653,90
5.8.	VFT	Viðtæki	5 463,00	747,00	326,80
5.9.	VKT	Viðtæki	3 415,00	467,00	202,70
5.10.	VKT—74	Viðtæki	2 162,00	295,00	130,20
5.11.	VTS—12	.....	5 919,00	809,00	403,50

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nýverði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nýverði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radíótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.

6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.

6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.

6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu á undangenginnar innsiglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé

þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

7.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

7.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

7.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

8.2. Ekki er heimiilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

8.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist 1/5 venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI.

1. Almennir skilmálar.

1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.

a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áðurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í sambandi við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.7. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsíma nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi

fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.

1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef símí þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 100,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 42,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símtæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. ágúst 1982. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1982 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 220 28. apríl 1982.

Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 000,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	345,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	345,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	345,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	75,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	450,00
7. Fyrir fjármark	87,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	50,00
9. Fyrir innköllun	450,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	180,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	450,00
12. Fyrir dómsbirtingu	450,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	260,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 41,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við pentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 16. ágúst 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 23 30. apríl 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júlí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

Nr. 437. 29. júlí 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna

Samkvæmt 29 gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám hitaveitna frá og með 1. ágúst 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 281, 24. maí 1982, hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr 282, 24. maí 1982, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 283, 24. maí 1982, hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 284, 24. maí 1982, hækki um	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 285, 24. maí 1982, hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 288, 24. maí 1982, hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 290, 24. maí 1982, hækki um	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 289, 24. maí 1982, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 291, 24. maí 1982, hækki um	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 292, 24. maí 1982, hækki um	12,5%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar, nr. 772, 24. nóv. 1982, hækki um	60%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 294, 24. maí 1982, hækki um	20%

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 295, 24. maí 1982, hækki um 12%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 296, 24. maí 1982, hækki um 20%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 297, 24. maí 1982, hækki um . 20%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 298, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 299, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 300, 24. maí 1982, hækki um 12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 111, 24. febrúar 1982,
Varnsgjöld hækki um 15%
Stofngjöld hækki um 25%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 301, 24. maí 1982, hækki um 12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 302, 24. maí 1982, hækki um 20%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 303, 24. maí 1982, hækki um 12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 304, 24. maí 1982, hækki um 12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 305, 24. maí 1982, hækki um 12,3%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

29. júlí 1982. Nr. 438.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. ágúst 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 306, 15. maí 1982.

Allir taxtar, að undanskildum hitatöxtum hækki um 23%
Í stað 5. gr., hitun, koma eftirtaldir hitunartaxtar:
C-1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:
Fast gjald: 1550,00 kr/ár
Orkugjald: 0,85 kr/kWh.
C-2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:
Orkugjald: 0,36 kr/kWh.
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.
C-3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:
Orkugjald: 0,21 kr/kWh.
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu 9:00 til 21:00.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 307, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 308, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 309, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 311, 24. maí 1982. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 23%
nema taxtar A-1 og C-1 sem hækka um 14%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 312, 24. maí 1982 hækki um 23%

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 313, 24. maí 1982.
Gjaldskrárliðir hækki um 23%
að undanskildum lýsingartöxtum A-1 og A-2 og
byggingartaxta C-5 sem hækka um 15%
Heimilistaxti hækki um 21%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 314, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 316, 24. maí 1982.
Allir gjaldskrárliðir hækki um 19%
nema taxtar C-2 og F-5 sem hækka um 22%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 317, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 318, 24.
maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 319, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 320, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 321, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 322, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 323, 24. maí 1982, hækki um 23%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 324, 24. maí 1982, hækki um 23%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1982

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 439. 29. júlí 1982.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. ágúst 1982:

A: Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 325, 24. maí 1982.
I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 23%
II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 22%
III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um 23%
B: Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitu, nr. 287, 24. maí 1982,
hækki um 23%
Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 310, 24. maí 1982,
hækki um 23%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1982

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.